

BIRTA BJÖRNSDÓTTIR

*Saumar nánast öll sín föt*

Tíska Heimili Heilsa Jólin koma

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



ÍSLENSK JÓL

*Þjóðlegt og flott jólaskraut*

Sérblað um íslenskt jólahald

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. desember 2006 — 328. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


**FIMMTUDAGUR**

### Skáldsagan og skopskynið



Guðbergur Bergsson rithöfundur ræðir um nýjasta verk sitt, Eina og hálfa bók – hryllilega sögu.

BÆKUR 56

### West Ham-lagið tilbúið



Hlynur Áskelsson hefur samið lag um West Ham-ævintýri Eggerts Magnússonar og Björgólfs Guðmundssonar.

FÓLK 68

### Með nærri tóman tank

Góð og gætileg hagstjórn útheimtir, að gjaldeyrisforði Seðlabankans aukist í góðæri, svo að stjórnvöld hafi þá svigrúm til að ganga á forðann í hallæri, segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 38

### Laumar sér í sóknina



Dóra Stefánsdóttir framlengir á næstu dögum samning sinn við Malmö. Hún er í ítarlegu viðtali við Fréttablaðið í dag.

ÍÞRÓTTIR 82

**VEÐRIÐ Í DAG**




**KEIMLÍKT VEÐUR -** Í dag verður norðaustan 5-13 m/s, stífast suðaustan til. Snjókoma eða slydda á landinu norðan og austanverðu en bjartviðri á Suður- og Suðvesturlandi. Hiti um eða rétt yfir frostmarki með ströndum.

VEÐUR 4






# Ráðherra ætlar að flýta gerð jarðganga

**Flýta á gerð jarðganga á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur sem mest, segir Sturla Böðvarsson samgönguráðherra. Skýrsla um samgönguúrbætur vegna ástands vegarins um Óshlíð verður kynnt fyrir ráðherra á næstu dögum.**

**SAMGÖNGUR** Flýta á gerð jarðganga milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur sem allra mest og verður skýrsla starfshóps, sem unnið hefur að hugmyndum um samgönguúrbætur á Vestfjörðum, kynnt fyrir samgönguráðherra á næstu dögum. Þetta staðfesti Sturla Böðvarsson samgönguráðherra við Fréttablaðið í gærkvöld.

Sturla segist vonast til þess að hægt verði að taka málið til umræðu innan ríkisstjórnarinnar fyrir áramót. „Skýrslan um samgönguúrbætur milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur verður kynnt fyrir mér á næstu dögum en samkvæmt því sem þar kemur fram verður eindregið mælt með því að ráðist verði í gerð jarðganga sem fyrst, enda öryggisaðstæður við veginn um Óshlíð óviðunandi,“ segir Sturla en í skýrslunni verða lagðar til útfærslur sem metnar verða í samvinnu við heimamenn.

„Hingað til hefur verið rætt sérstaklega um svokallaða tveggja leggja lausn sem kallar á viðbótaraðgerðir á vegaköflunum inn fyrir Hnífsdal og eins við Bolungarvík. Aðrar lausnir koma einnig til greina en ég mun kynna hugmyndirnar fyrst fyrir heimamönnum og vonandi verður hægt að koma málinu á rekspöl fyrir áramót.“

Önundur Jónsson, varðstjóri lögreglunnar á Ísafirði, segir mikla hættu hafa skapast á veginum við Óshlíð í ár.

„Það hefur verið nokkur vætutíð á þessu ári og þá skapast mikil hætta. Við höfum ítrekað þurft að hafa afskipti af því þegar hrunið hefur niður á veginn. Hinn 17. nóvember þurftu lögreglumenn á Bolungarvík að taka til fótanna vegna skriðufalla en þeir voru þá nýbúnir að stoppa okkur af er við vorum á leið til Bolungarvíkur. Staðreyndin er sú að fólk er óttaslegið þegar það keyrir um þennan veg, enda þarf ekki að spyrja að því hvað gerist ef skriða fellur á þann sem á leið um Óshlíð.“ **- mh**



**EKKI VERA FYRIR** Krakkarnir í Ísaksskóla í Reykjavík kunna að nýta sér aðstæður, en klakinn á skólaplaninu reyndist þeim hin besta rennibraut í gær. Hvort þessi skemmtilega skólabraut hefur áhrif á hvað þau taka sér fyrir hendur í framtíðinni skal ósagt látið, en greinilegt er að þau eru óhrædd við það sem fram undan er. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ágreiningur milli lykilmanna innan Frjálslynda flokksins:

# Þingflokkurinn hyggst boða til sáttafundar með Margréti

**STJÓRNMÁL** Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, og Magnús Þór Hafsteinsson varaformaður réðu saman ráðum sínum í gærkvöldi ásamt fleiri flokksmönnum til að ræða stefnumál sín á komandi miðstjórnarfundi Frjálslynda flokksins, sem verður haldinn miðvikudaginn 13. desember.

Niðurstaða fundarins var sú að ráðlegast væri að boða til sáttafundar með Margréti Sverrisdóttur, framkvæmdastjóra flokksins, áður en að miðstjórnarfundi kæmi, eða eins fljótt og mögulegt væri. „Við verðum að leysa þetta mál. Við getum ekki dinglað með þetta svona endalaust,“ sagði Magnús Þór Hafsteinsson. Hann sagði að erfitt væri að bakka með þá sannfæringu sína að Margrét ætti að láta af embætti framkvæmdastjóra, færi hún í þingframboð. „Hins vegar þarf að skoða málið frá öllum hliðum og reyna að finna lendingu í þessu máli. Ég er alls ekki svartsýnn á að það takist,“ sagði Magnús eftir fundinn í gær.

Þeir miðstjórnarmenn Frjálslynda flokksins sem Fréttablaðið náði tali af í gær vissu ekki hvaða mál yrðu tekin upp á miðstjórnarfundinum. Ljóst má þó vera að ef ekki nást sættir með þingflokki og Margréti fyrir fundinn verði framtíðarstaða Margrétar innan flokksins gerð að aðalatriði þar.

Ekki náðist í Margréti Sverrisdóttur vegna þessa útspils þingflokksins í gærkvöldi. **- kóþ** /sjá síðu 26



**UMMERKI VATNS** Á þessari mynd telja vísindamenn sig greina merki þess að vatn hafi runnið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsóknir á ljósmyndum:

# Ummerki vatns greinast á Mars

**BANDARÍKIN, AP** Nýjar rannsóknir á ljósmyndum, sem teknar voru af yfirborði reikistjörnunnar Mars, þykja benda til þess að vatn hafi runnið þar fyrir fáeinum árum. Þessar niðurstöður renna jafnframt stoðum undir þá kenningu að lifandi verur geti þrifist á Mars.

Myndirnar voru teknar úr geimfari á braut um reikistjörnuna. Ekkert vatn sést beinlínis á myndunum, en þar sjást nýlegar breytingar á yfirborði plánetunnar. Frekari rannsókna er þörf til að skera úr um hvort rákirnar á yfirborðinu hafa myndast vegna rennandi vatns eða hvort einungis sandur eða duft hefur runnið þar. **- gb**

Íslensku tónlistarverðlaunin:

# Lay Low er tilnefnd til fernra verðlauna

**MENNING Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, Lay Low, fær fjórar tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna þetta árið. Annar nýliði, Pétur Ben, fær þrjár tilnefningar. Bubbi, Björgvin Halldórsson og Baggalútur eru auk þess áberandi.**

**Í flokki djasstónlistar fær Jóel Pálsson tvær tilnefningar. Í flokki sígildrar og samtímatónlistar eru Áskell Másson, Hugi Guðmundsson og Karólína Eiríksdóttir tilnefnd fyrir tónverk ársins. Íslensku tónlistarverðlaunin verða afhent 31. janúar næstkomandi.** **- hdm /** sjá síðu 72




**SPURNING DAGSINS**



*Eiríkur, er Eminem bestur í baði?*

Það er gott að baða sig með Eminem.

Eiríkur Örn Norðdahl rithöfundur þýddi nýverið bók um bandaríska rapparann Eminem. Hann sagði frá því í Fréttablaðinu í gær að hann hefði fallið fyrir tónlist hans þar sem hann lá í baði foreldra sinna.

Fyrsti dómur héraðsdóms vegna samráðs olíufélaganna var kveðinn upp í gær:

# Ker sýknað af skaðabótakröfu

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær Ker, áður Olíufélagið, af kröfu Sigurðar Hreinssonar, trésmiðs frá Húsavík, um greiðslu 180 þúsund króna skaðabóta vegna verðsamráðs olíufélaganna á árunum 1995 til 2001. Forsvarsmenn olíufélaganna hafa játað verðsamráð á árunum 1993 til 2001.

Steinar Þór Guðgeirsson, sem sótti málið fyrir hönd Sigurðar, segir niðurstöðuna vera vonbrigði. „Dómarar í málinu gera að mínu mati miklar kröfur. Í dómnum er á það minnst að nauðsynlegt hefði verið, af okkar hálfu, að sýna fram á það hvert verðið hefði verið ef samráðið hefði ekki verið fyrir hendi heldur fákeppni á markaðnum. Við höfum ekki tök á því, frekar en dómskvaddir matsmenn, að meta það nákvæmlega hvert verðið hefði verið ef fákeppnismarkaður hefði verið fyrir hendi. Ég reikna með því að við áfrýjum þessari niðurstöðu til Hæstaréttar.“



**TANKAR OLÍUFÉLAGANNA** Dómi héraðsdóms verður áfrýjað til Hæstaréttar.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að skort hafi á að sýnt væri fram á tjón með tiltækum gögnum auk þess sem gagnrýnt er að ekki hafi verið kallaðir fyrir dóminn matsmenn. Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir niðurstöðuna vera vonbrigði fyrir neytendur. „Mér sýnist þessi dómur vera í ósamræmi við dóm Hæstaréttar í kirkjugarðamáli svokölluðu, sem er að nokkru leyti sambærilegt, þar sem ekki var talin þörf á að leita til dómskvaddra matsmanna líkt og dómarar gera ráð fyrir í þessu máli. Aðalmálið er að samkeppnisbrot, eins og samráð, hafi afleiðingar svo að fyrirtæki forðist slíkt athæfi.“ **- mh**

Grunuðum sleppt úr haldi:

# Neituðu aðild að líkamsárás

**LÖGREGLUMÁL Tveir menn á þrítugsaldri hafa verið yfirheyrðir vegna hrottalegrar líkamsárásar í Keflavík í fyrrinótt. Ráðist var inn á heimili manns, táragasi úðað í augu hans og hann stunginn með eggvopni. Sauma þurfti sjö spor í bak mannsins.**

**Mennirnir voru handteknir síðar um nóttina í bíl sem fórnarlambið hafði bent á. Lögreglan í Keflavík þekkir mennina af misjöfnu en þeir neituðu sök og var sleppt að yfirheyrslum loknum. Að sögn lögreglu er málið í rannsókn og liggja mennirnir enn undir grun.** **- sh**

Blair forðast viðurkenningu:

# Hefur ekki enn þegið orðuna

**LONDON, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, ætlar ekki að taka á móti orðu frá Bandaríkjaþingi þegar hann fer til Washington nú í vikunni.



**TONY BLAIR**

„Ég er hræddur um að ég hafi annað við tíma minn að gera í Washington,“ sagði Blair á breska þinginu í gær.“

Bandaríkjaþing veitti honum orðuna í júní árið 2003, stuttu eftir að Íraksstríðið hófst, fyrir að hafa „greinilega sýnt, á mjög erfiðum og sögulegum tímum fyrir bæði löndin, að hann er dyggur og staðfastur bandamaður Bandaríkjanna“.

Auk Blairs er Winston Churchill eini forsætisráðherra Breta sem hlotnast hefur þessi heiður, en honum var veitt orðan að honum látnum árið 1969. **- gb**

Dagur rauða nefsins gekk vel:

# Alls söfnuðust 88 milljónir

**SÖFNUN Alls söfnuðust 88 milljónir króna í söfnunarátakinu Dagur rauða nefsins sem Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, stóð fyrir 1. desember.**

**Um er að ræða ágóða af sölu rauðra trúðanefja, geisladiski Baggalúts með laginu Brostu, söfnunarátaki Bylgjunnar og framlög þeirra heimsforeldra á ársgrundvelli sem skráðu sig meðan á átakinu stóð, auk 30 milljóna króna framlags frá utanríkisráðuneytinu.**

**Tæplega fjögur þúsund heimsforeldrar skráðu sig meðan á söfnunarátakinu stóð og eru nú orðnir 11.600 talsins.** **- sdg**

# Stórfelld framleiðsla á kannabis á Íslandi

**Tæplega sextugur maður hefur verið ákærður fyrir stórfellda kannabisræktun á Suðurlandi. Framleiðsla á kannabisefnum hefur aukist gífurlega á Íslandi á síðustu árum. Haldlagt magn efna hjá tollgæslunni hefur minnkað verulega.**

**DÓMSMÁL** Tæplega sextugur maður hefur verið ákærður fyrir að standa að stórfelldri kannabisræktun í gömlu sláturhúsi við Laugarás í Bláskógabyggð. Lögreglan á Selfossi hafði fylgst með manninum um nokkurt skeið og lét loks til skarar skríða gegn honum hinn 13. desember í fyrra.

Við húsleit hjá manninum fundust 163 kannabisplöntur sem vógu alls yfir 22 kíló, 1,35 kíló af maríjúana og rúm 3,3 kíló af kannabislaufum.

Manninum er gefið að sök að hafa ætlað sér að selja efnin. Hann neitaði því fyrir dómi en játaði vörslu efnanna og ræktun plantnanna. Málið er eitt það stærsta sinnar tegundar sem upp hefur komið hér á landi.

Þau kannabisefni sem eru í umferð á Íslandi eru í síauknum mæli framleidd hér á landi, enda er umtalsvert meira af kannabislaufum og kannabisstönglum gert upptækt nú en áður. Mest hefur aukningin orðið á allra síðustu árum.

Lögregla og tollgæsla lögðu samanlagt hald á um 45 kíló af kannabisefnum árið 2004. Þar af fundust um 14,5 kíló við landamæraeftirlit á Keflavíkurflugvelli. Það ár var lagt hald á um 3,6 kíló af kannabislaufum og kannabisstönglum á landinu öllu.

Í bráðabirgðatölum frá dómsmálaráðuneytinu fyrir árið 2006 sem ná fram í september á þessu ári kemur fram að magn kannabislaufa og kannabisstöngla sem hefur verið haldlagt á þessu ári er rúm 27 kíló. Síðan þá hafa að auki komið upp tvö stór kannabisræktunarmál þar sem samanlagt um 220 plöntur hafa verið gerðar upptækar auk nokkurra kílóa af niðurskornu maríjúana. Því hefur haldlagt magn efnis sem er ræktað hér á landi nánast tífaldast á tveimur árum.

Á sama tíma hefur orðið mikill samdráttur í innflutningi á kannabisefnum ef tekið er mið af því sem haldlagt er. Það sem af er ári hefur tollgæslan lagt hald á um 850 grömm af kannabisefnum. Það er mikill lækkun frá því í fyrra þegar 5,6 kíló fundust.

Ef leitað er lengra aftur í tímann sést þróunin enn betur, því á tímabilinu 1985-2005 lagði tollgæslan hald á alls 192 kíló af kannabisefnum, sem gera um 9,6 kíló að meðaltali á ári.

thordur@frettabladid.is



**KANNABISRÆKTUN** Mikil aukning hefur orðið á framleiðslu kannabisefna hér á landi á undanförnum árum.

## Nóg til af kannabis

Guðmundur Týr Þórarinsson, forstöðumaður Götusmiðjunnar, segir framboð og neyslu á kannabisefnum að aukast. „Það er alltaf nóg til af þessum efnum. Það eru ekki bara unglingar sem nota kannabis. Það er mýta að halda þetta skaðlaust. Ég er alltaf að furða mig á hvað krakkarnir sem koma til mín eru fullir af ranghugmyndum um þessi efni. Þetta er eitt af mest ræktuðu efnunum í umferð. Fólk á erfitt með að vinna karakter sinn til baka eftir langvarandi kannabisneyslu og ég held að þunglyndið sem fylgir neyslunni drepi fleiri en nokkurt annað efni.“



**GUÐMUNDUR TÝR ÞÓRARINSSON**

Að sögn Guðmundar fer stórneytendum í yngstu aldurshópum fjölgandi. „Börn byrja að reykja kannabis allt niður í tólf ára gömul. Svo eru 14 til 15 ára gamlir krakkar að koma í meðferð til mín sem hafa verið að reykja kannabis daglega í meira en ár.“ **- þsj**



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR OG TARO ASO** Utanríkisráðherrarnir ræddu meðal annars sameiginlega hagsmuni ríkjanna af hvalveiðum.

Utanríkisráðherra á ferð:

# Opinber heimsókn til Japans

**UTANRÍKISMÁL** Opinber heimsókn Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra til Japans hófst í gær. Tilefni heimsóknarinnar er fimmtíu ára afmæli stjórnmálasambands ríkjanna.

Valgerður fundaði með Taro Aso, utanríkisráðherra Japans, þar sem rædd voru samskipti ríkjanna og möguleikar á gerð tvíhliða viðskiptasamninga.

Valgerður fundaði einnig með Yoshio Mochizuki, aðstoðarsamgöngumálaráðherra Japans, þar sem rætt var hvernig fjölga mætti japönskum ferðamönnum til Íslands og um gerð tvíhliða loftferðasamnings milli ríkjanna. **- sdg**

**CHILE**

### Pinochet býsna hress

Augusto Pinochet, fyrrverandi einræðisherra í Chile, er óðum að ná sér eftir hjartaáfall sem hann fékk á sunnudaginn. Hann þarf að vera viku í viðbót á sjúkrahúsi.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Tveir teknir með fíkniefni

Tvö fíkniefnamál komu inn á borð til lögreglunnar í Reykjavík á þriðjudag. Í fyrra málinu var um að ræða fíkniefnamisferli karlmanns á fimmtugsaldri sem var stöðvaður á bíl sínum. Í seinna málinu fundust fíkniefni í heimahúsi karlmanns á fertugsaldri.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Fjórir danskir múslimar ákærðir fyrir hryðjuverkaplön:

# Neita að hafa skipulagt ódæði

**DANMÖRK, AP** Fjórir ungir danskir múslimar lýstu sig saklausa fyrir dönskum dómstólum í gær af ákærum um að hafa ætlað að fremja hryðjuverk í Danmörku eða Evrópu. Mennirnir, sem eru á aldrinum 17 til 21 árs, voru allir handteknir í október í fyrra og tengist þetta mál ekki hryðjuverkamálinu í Óðinsvéum.

Fyrir dómi kom fram að Glostrup-málið svokallaða tengist öðru í Bosníu, þar sem tveir menn hafa verið ákærðir fyrir að skipuleggja árás þar eða í öðru Evrópulandi. Málið leiddi jafnframt til handtaka í Bretlandi.

Ríkissaksóknari Dana segir að mennirnir fjórir, Abdul Basit Abu-Lifa, Elias Ibn Hsain, Imad Ali Jaloud og Ado Avdic, hafi hjálpað mönnunum í Sarajevo í fyrra við að verða sér úti um vopn og sprengiefni, en bosnísk yfirvöld fundu tuttugu kíló af slíkum efnum við handtöku mannanna þar á síðasta ári. Annar þeirra er sænskur múslimi en hinn er tyrkneskur múslimi, sem búsettur var í Danmörku. Þeir hafa jafnframt lýst yfir sakleysi sínu.

Bosnísk yfirvöld segja félagana hafa verið að undirbúa hryðjuverkaárás á evrópskt land í þeim tilgangi að neyða erlent herafl frá Afganistan og Írak, og segjast danskir saksóknarar hafa bæði internetsamskipti og símtöl sem hleruð voru, sem sanni sekt þeirra.



**ÁKÆRÐUR** Þessi ungi maður er ákærður í Bosníu fyrir að hafa skipulagt hryðjuverk ásamt félögum sínum í Danmörku.
NORDICPHOTOS/AFP

Gert er ráð fyrir að réttarhöldunum í Kaupmannahöfn ljúki í febrúar. Eiga mennirnir lífstíðardóm yfir höfði sér, verði þeir fundnir sekir. **- smk**



Opið til kl. 22 í kvöld
í Húsasmiðjunni og Blómavali Skútuvogi

# 30% afsláttur af öllum jólaljósum







HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## GENGIÐ 06.12.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,87 | 69,19 |
| Sterlingspund | 68,87 | 69,19 |
| Evra | 91,37 | 91,89 |
| Dönsk króna | 12,252 | 12,324 |
| Norsk króna | 11,239 | 11,305 |
| Sænsk króna | 10,082 | 10,142 |
| Japanskt jen | 0,5985 | 0,6021 |
| SDR | 104,17 | 104,79 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
125,0401

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Grunnskólar án mötuneyta bjóða upp á aðkeyptan og dýrari hádegismat:

# Niðurgreiðsla máltíða hækkar

**REYKJAVÍK** Niðurgreiðslur hækka vegna skólamáltíða til grunnskóla sem sökum aðstöðuleysis hafa þurft að bjóða nemendum upp á aðkeyptan heitan mat. Menntaráð Reykjavíkur tók ákvörðun um þetta á fundi sínum á mánudag. Niðurgreiðslan hækkar úr 20 krónum í 70 krónur og tekur gildi um áramótin.

Þessir skólar hafa tekið hærra gjald fyrir skólamáltíðir en aðrir skólar sem eru með skólamötuneyti enda aðkeyptur matur dýrari.

Það er stefna skólayfirvalda í Reykjavík að í öllum grunnskólum séu mötuneyti og að öllum



**HÁDEGISVERÐUR** Börn í Fossvogsskóla gæða sér á skólamáltíð úr mötuneytinu í hádeginu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

börnum í Reykjavík standi til boða hádegisverður meðan á skóladegi stendur að sögn Júlíusar Vífils Ingvarssonar, formanns menntaráðs.

„Við erum að bregðast við því að foreldrar og skólastjórnendur hafa bent á að mismunur sé talsverður á kostnaði, sérstaklega fyrir foreldra sem eru með nokkur börn á grunnskólaaldri. Því var ákveðið að auka niðurgreiðslur til þeirra sem eru að greiða meira en aðrir.“

Búið er að taka alla skóla út hvað þetta varðar og áætlun liggur fyrir um þá flesta að sögn Júlíusar Vífils. Gert er ráð fyrir að kostnaður við þessa hækkun geti nálgast tíu milljónir á ári. - sdg

Á þreföldum hámarkshraða:

# Ölvaður endaði bílferð í garði

**LÖGREGLUMÁL** Drukkinn ökumaður ók á allt að þreföldum hámarkshraða þegar hann reyndi að stinga lögregluna af í miðbæ Reykjavíkur klukkan tæplega fjögur í fyrrinótt. Maðurinn mældist á 95 kílómetra hraða en leyfilegur hraði á þessu svæði er 30 kílómetrar á klukkustund.

Á gatnamótum Barónsstígs og Laufásvegar náði maðurinn ekki beygju, ók niður tröppur og inn í almenningsgarð við Landspítalann. Þaðan ók hann inn Smáragötu þar sem hann lagði bílnum og tók til fótanna. Maðurinn náðist skömmu síðar og var enn í haldi lögreglu í gær. - ifv

Utanríkisráðherra Frakklands:

# Írönum verður án efa refsað

**PARÍS, AP** Utanríkisráðherra Frakklands sagði í gær að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna myndi samþykkja refsiaðgerðir á hendur Íran vegna meintra kjarnorku-áforma, en enn eru þó miklar deilur meðal fastafulltrúa í ráðinu um slíkar aðgerðir.

„Spurningin er hversu víðtækar refsiaðgerðirnar verða, en það verða refsiaðgerðir,“ sagði Philippe Douste-Blazy, utanríkisráðherra Frakklands, í útvarpsviðtali.

Á þriðjudaginn lauk fundi fulltrúa fastaríkjanna fimm og Þýskalands án þess að niðurstaða fengist um refsiaðgerðir. - gb



**VIÐ ALÞINGI** Sniglarnir færðu ráðherra undirskriftirnar í gær.

Sniglar afhenda undirskriftir:

# Víravegrið eru stórhættuleg

**VÉLHJÓL** Forsvarsmenn vélhjólaklúbbsins Sniglanna afhentu í gær Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra undirskriftalista með 2.000 nöfnum þar sem víravegriðum á Hellisheiði er mótmælt. Með listanum fylgdu niðurstöður ítarlegra erlendra rannsókna á sams konar vegriðum.

„Samkvæmt dönskum rannsóknum látast tveir af hverjum tíu vélhjólamönnum sem lenda á svona vegriði, fyrir utan þá sem slasast alvarlega,“ segir Edda Þórey Guðnadóttir, gjaldkeri Sniglanna. - sh



**Á FUNDI MEÐ ÍRAKSNEFNDINNI** Bandaríkjaforseti situr þarna á milli formanna nefndarinnar, demókratans Lee Hamilton og repúblikanans James A. Baker. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Nefndin hefur enga töfralausn að bjóða

**Bandaríska Íraksnefndin segir að stefna Bush forseta í Írak hafi engan veginn gengið upp og hefur 79 tillögur fram að færa í skýrslu sinni, sem birt var í gær. Nefndin segir þó enga tryggingu fyrir því að tillögur hennar beri árangur.**

**WASHINGTON, AP** Ástandið í Írak er ennþá „alvarlegt og hættulegt“ eftir þriggja ára hernað Bandaríkjamanna í Írak, segir í skýrslu bandarísku Íraksnefndarinnar. Jafnframt er þar tekið fram að „engin töfraformúla“ sé til sem Bush forseti gæti notað til að leysa vandann.

Fyrstu viðbrögð George W. Bush Bandaríkjaforseta voru þau að segjast taka tillögur nefndarinnar „mjög alvarlega“ og að hann myndi grípa „í tæka tíð“ til viðeigandi ráðstafana.

„Þetta er skýrsla sem kemur með nokkrar virkilega áhugaverðar tillögur,“ sagði Bush í gær eftir að hafa rætt við nefndina.

Nefndin hefur rannsakað ástandið í Írak, rætt við fjölmarga bandaríska og erlenda sérfræðinga og ráðamenn og leitað lausna á ástandinu allt frá því í mars á þessu ári. Nefndin er skipuð fulltrúum beggja bandarísku þingflokkanna og formenn hennar eru tveir: repúblikaninn James A. Baker og demókratinn Lee Hamilton.

„Bandaríkin geta ekki náð fram markmiðum sínum í Mið-Austurlöndum án þess að taka á deilum Ísraela og araba og því óstöðuga ástandi sem ríkir í þeim heimshluta,“ er meðal fjölmargra ráða sem nefndin gefur bandarískum ráðamönnum í skýrslu sinni.

Helsta áherslubreytingin sem lagt er til að gerð verði á hernaði Bandaríkjamanna í Írak er hins vegar sú að hermennirnir þar hætti að berjast í fremstu víglínu en sinni í staðinn þjálfun íraskra hermanna og veiti aðstoð við uppbyggingu á her og lögreglu heimamanna.

Bandaríska dagblaðið New York Times skýrði frá því um síðustu helgi að nú þegar væri byrjað að hrinda þessum breytta áætlunum í framkvæmd. Blaðið hafði heimildir fyrir því að á síðustu þremur vikum hefðu þúsund bandarískir hermenn í Bagdad skipt um hlutverk; þeir væru hættir að sinna bardögum en væru þess í stað tekrir til við að þjálfa og veita Írökum ráðgjöf.

Í skýrslunni frá Íraksnefndinni er lagt til að snemma árs 2008 verði allar bandarískar bardagasveitir annað hvort farnar frá Írak eða farnar að snúa sér að öðrum verkefnum. gudsteinn@frettabladid.is

Aðalmeðferð í Baugsmálinu:

# Styrmir og Kjartan vitni

**BAUGSMÁL** Verjendur í Baugsmálinu ætla að kalla Styrmi Gunnarsson, ritstjóra Morgunblaðsins, og Kjartan Gunnarsson, fráfarandi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, fyrir dóm við aðalmeðferð í Baugsmálinu sem hefst 12. febrúar á næsta ári.



**KJARTAN GUNNARSSON**

Fréttablaðið greindi frá því í lok september í fyrra að Styrmir, Kjartan og Jón Steinar Gunnlaugsson, núverandi hæstaréttardómari, hefðu fundað um Baugsmálið tveimur mánuðum áður en ákært var í því.

Styrmir hefur haldið því fram að hann hafi verið að aðstoða Jón Gerald Sullenberger, sem nú er einn af ákærðu í Baugsmálinu, við að fá lögfræðiaðstoð. - mh

## NOREGUR

### Hermanna leitað

Tveir íraskir hermenn, sem voru á námskeiði í höfuðstöðvum NATO í Jåttå í Noregi ásamt 22 öðrum íröskum hermönnum, hurfu sporlaust frá hóteli sínu á þriðjudagsmorgun. Þeir höfðu ekki skráð sig út af hótelinu, og hefur lögreglunni verið gert viðvart um hvarf þeirra.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Rifist yfir tölvunotkun

Á þriðjudag var óskað eftir aðstoðar lögreglunnar í Reykjavík þar sem meðlimir fjölskyldu áttu í rifrildi vegna tölvunotkunar unglings. Soðið hafði upp úr á milli heimilisfólksins. Lögreglan hefur áður sinnt svipuðum útköllum.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**AÐFARANÓTT SUNNUDAGS**

Veðurkerfin hafa verið að hnoða saman mjög hraðfara en um leið djúpri lægð. Gangi allt eftir má búast við mjög vondu veðri strax á laugardagskvöld á landinu sunnan- og vestanverðu, jafnvel ofsaveðri, en um nóttina, þ.e. aðfaranótt sunnudagsins verður suðaustan stormur eða ofsaveður víða um land. Ég myndi ráðleggja þeim sem hyggja á ferðalög um helgina að fylgjast með þróun þessarar lægðar.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Norðan 5-8 m/s. Léttskýjað. Hiti nálægt frostmarki.

*um hádegi »*






*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C hálfskýjað | London | 12°C rigning | Alicante | 18°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 6°C skúrir | París | 11°C skúrir | Mallorca | 16°C hálfskýjað |
| Osló | 2°C hálfskýjað | Frankfurt | 9°C hálfskýjað | Algarve | 18°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 8°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 9°C hálfskýjað | Krít | 18°C heiðskírt |
| Gautaborg | 9°C skúrir | Berlín | 10°C hálfskýjað | Las Palmas | 22°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Fiton/SÍA

# Opið til 22
# í kvöld



## Nýtt kortatímabil

Í Kringlunni er endalaust úrval af jólavörum og fram á næsta laugardag er opið til 22 á kvöldin. Það er upplagt að nýta sér lengri afgreiðslutíma á kvöldin til að kaupa jólagjafirnar í rólegheitunum. Klukkan 20 er svo hægt að líta inn á **upplestrarkvöld í Borgarleikhúsinu** þar sem rithöfundar lesa upp úr bókum sínum.

**Opið til 22 fimmtudag, föstudag og laugardag**

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

## KJÖRKASSINN



### KJÖRKASSINN

*Þurfa Íslendingar að hafa áhyggjur af offitu barna?*

| | |
|---|---|
| Já | 92% |
| Nei | 8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er eðlilegt að listamenn hljóti heiðurslaun?*

Segðu þína skoðun á visir.is vísir

Kveðið upp úr um hvort yfirmenn hjá ríkislögreglustjóra ættu að bera vitni:

# Kærðu úrskurðinn til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Lögmenn fimm einstaklinga sem tengdir eru Baugi Group kærðu í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að Jóni H.B. Snorrasyni, yfirmanni efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, og Haraldi Johannessen ríkislögreglustjóra bæri ekki að gefa skýrslu fyrir dómi, vegna meints vanhæfis þeirra.

Fimmmenningarnir, Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, Kristín Jóhannesdóttir, systir Jóns Ásgeirs, Stefán Hilmarsson endurskoðandi, Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, og Jóhannes Jónsson, faðir Jóns Ásgeirs og Kristínar, kærðu yfirmenn efnahagsbrotadeildar vegna meints vanhæfis. Í kæruorðum er meðal annars vitnað til yfirlýsinga sem yfirmenn hjá ríkislögreglustjóra hafa látið frá sér í fjölmiðlum frá upphafi Baugsmálsins sem fimmmenningunum finnst benda til vanhæfis.



**ÚR DÓMSAL** Lögmenn fimmmenninganna kærðu úrskurð Héraðsdóms. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í greinargerð sem Jón H.B. skilaði til Héraðsdóms á þriðjudag segir að hann telji ekki eðlilegt að handhafar ákæruvaldsins beri vitni á meðan málið er enn rekið fyrir dómi. Á þetta sjónarmið féllst dómari í kærumálinu, Eggert Óskarsson. Í úrskurðarorðum hans segir að enga heimild sé að finna fyrir því í lögum „að rannsóknara sé skylt að gefa skýrslu fyrir dómi sem vitni um rekstur máls og stöðu rannsóknar meðan hún stendur yfir," og segir hann það „engan veginn" samræmast „lögbundnu hlutverki hans".

Ákveðið var í gær að Jón Finnbjörnsson og Garðar Valdimarsson yrðu meðdómendur Arngríms Ísberg í málinu, sem tekið verður til aðalmeðferðar 12. febrúar á næsta ári. Milliþinghald fer fram 29. janúar en gert er ráð fyrir því að aðalmeðferð getið tekið á annan mánuð. - mh

Suðurlandsvegur:

## Byrja að undirbúa tvöföldun

**VEGAMÁL** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hefur falið Vegagerðinni að hefja undirbúning að tvöföldun á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi á sviði skipulagsmála og umhverfismats.



**STURLA BÖÐVARSSON**

Markmið og stefna samgönguráðherra er að vegirnir báðir verði tvöfaldaðir og að verkefnið verði sett í samgönguáætlun, sem kemur til meðferðar Alþingis í byrjun næsta árs, að því er kemur fram á heimasíðu ráðuneytisins.

Alþingi hefur samþykkt sérstaka fjárveitingu á fjáraukalögum til umferðaröryggisaðgerða á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi. - sdg



**FJÖLMENNI** Að sögn lögreglu voru um 80 manns saman komnir við mótmælin.

Fjölmenni við lögreglustöð:

## 80 mótmæltu lögregluofbeldi

**MÓTMÆLI** Um áttatíu manns komu saman fyrir utan lögreglustöðina við Hverfisgötu í gærkvöldi með logandi kerti og mótmælti meintu ofbeldi lögreglumanna. Tilefnið var að ungur maður lést um helgina eftir að hafa fengið hjartastopp í lögreglubíl helgina áður. Málinu hefur verið vísað til ríkissaksóknara.

Að sögn lögreglu fóru mótmælin friðsamlega fram. - sh

# Brenndu ungling og sýndu það á netinu

**Fjórir unglingsstrákar sýna á myndbandi á netinu hvernig þeir skvettu bensíni á buxnaskálmina hjá einum þeirra og kveiktu í. Þeir segja að það hafi tekið þá 33 sekúndur að slökkva eldinn. Læknir hafi trúað skýringum.**

**NETIÐ** Fjórir íslenskir unglingspiltar koma fram á myndbandi á netsíðunni Youtube þar sem þeir skvetta bensíni á buxnaskálm eins þeirra og kveikja í. Piltarnir kalla sig Nóra, Aron, Danna og Ödda. Piltarnir segja að það hafi tekið þá 33 sekúndur að slökkva eldinn. Á meðan heyrist æstur hlátur og kallað til Nóra að leggjast í jörðina og láta sandinn kæfa eldinn.

Í upphafi myndbandsins „Nóri að brenna" segir að atriðin séu gerð undir leiðsögn atvinnumanna og áhorfendur hvattir til að leika það ekki eftir. Ungur maður sést kveikja sér í sígarettu og stuttu síðar kemur hvatning um að kveikja í einum þeirra. Talað er um að skvetta bensíni á hann og unglingur heyrist segja: „Ekki bensín. Ekki bensín" og svarið er: „Það verður að vera smá bensín. Þetta er ekki það eldfimt."

Í myndinni sést hvernig logar í buxnaskálm og heyrist hvernig Nóri er hvattur til að leggjast í sandinn til að slökkva eldinn. Síðan er sýnt frá heimsókn á heilsugæslustöðina Sólvang í Hafnarfirði og læknir sagður hafa trúað sögunni: Þeir hafi sett bensín á mótorhjólið hans Óttars og skvest hafi á buxnaskálm. Einn þeirra hafi misst sígarettu á buxurnar og þannig kviknað í. „Já, já, fáránleg útskýring en læknirinn trúði þessu sem betur fer," segir rödd í myndbandinu.

Fótleggurinn á Nóra sést brenndur á Sólvangi og í lokin segir að Nóra líði vel í dag.



**FIKT GETUR VALDIÐ SKAÐA** Fikt með eld getur valdið varanlegum skaða, að sögn Jóns Viðars Matthíassonar slökkviliðsstjóra.



**NÓRI AÐ BRENNA** „Ekki bensín. Ekki bensín," heyrist unglingur hrópa í myndbandinu Nóri að brenna og svarið er: „Það verður að vera smá bensín. Þetta er ekki það eldfimt." Nóri er svo sýndur með brunninn fótlegg á heilsugæslunni á Sólvangi og læknirinn sagður trúa skýringunni sem strákarnir gáfu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR MYNDBANDINU

Emil Sigurðsson, yfirlæknir á Sólvangi, kannast ekki við málið og vill ekkert um það segja. Kristján Oddsson aðstoðarlandlæknir segir að það sé stórhættulegt að fikta með eld og „gríðarlega varasamt því að maður veit aldrei hvernig það getur endað".

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir að fikt með eld geti valdið varanlegum skaða en það sé óvitaskapur að fikta með eld með þessum hætti.

„Menn eiga ekki að leika sér með öryggi hvers annars, það er mjög alvarlegt mál. Eldurinn getur auðveldlega rokið upp af buxnaskálminni í úlpu úr gerviefni og þaðan í andlitið og þá eru augu og önnur skynfæri í hættu."

Jón Viðar bendir á að í áhættuatriðum í bíómyndum séu sjúkrateymi, slökkvibílar og sjúkrabílar á staðnum. Áhættuleikarar viti að það eigi ekki að setja svona myndband inn á netið til að örva óharðnaða unglinga til að gera eins. ghs@frettabladid.is









**GLORHUNGRAÐUR** Ungur fálki fékk óskipta athygli vegfarenda í miðbænum í gær þar sem hann gæddi sér á máfi fyrir utan Héraðsdóm Reykjavíkur. Fálkinn lét það sig engu skipta þótt hópur fólks stæði yfir honum, heldur reif í sig bráðina af mikilli áfergju. Það mun vera afar sjaldgæft að hægt sé að komast í slíkt návígi við fálka á meðan þeir éta og þykir það benda til þess að þessi fugl hafi verið orðinn svo sársvangur að hann væri tilbúinn að hætta lífi sínu fyrir eitthvað gott í gogginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bakteríusýking á Landspítala:

## 30 sjúklingar eru í einangrun

**HEILBRIGÐISMÁL** Þrjátíu sjúklingar eru í einangrun á Landspítalanum eftir að fjölónæm baktería greindist í sjúklingi í fyrradag. Um er að ræða MÓSA-bakteríuna sem er ónæm fyrir flestum sýklalyfjum.

Bakterían hefur aðeins greinst í einum sjúklingi. Ekki er vitað hvort einhver hinna 29 sé með bakteríuna en tvo til þrjá daga tekur að skera úr um það, að sögn Ólafs Guðlaugssonar, yfirlæknis sýkingavarnadeildar Landspítalans, sem segir bakteríuna hafa nokkrum sinnum komið upp á þar áður. „Bakterían finnst oftast við skimun þegar fólk kemur inn en það er meira mál þegar þetta greinist hjá inniliggjandi einstaklingi."

Sjúklingurinn var einkennalaus þegar bakterían greindist og var líðan hans óbreytt í gærkvöldi, að sögn Ólafs. - sdg



# Allir uppáhalds molarnir mínir!

Þeir eru unnir úr Callebaut súkkulaði,
sem er það besta að mínu mati!

**Prófaðu alvöru konfekt!**




**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



**1** *Hver er nýr yfirmaður Atlantshafsbandalagsins?*

**2** *Hvaða leikarapar leikstýrir nýju verki Verslunarskólans?*

**3** *Hvaða körfuknattleiksmaður er íþróttamaður ársins að mati Bandaríska tímaritsins Sports Illustrated?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 86

Fjárlög 2007 samþykkt með 34 atkvæðum stjórnarliða. Stjórnarandstaðan sat hjá:

# Níu milljarðar króna í afgang

**STJÓRNMÁL** Fjárlög næsta árs voru samþykkt á fundi Alþingis í gær með 34 atkvæðum þingmanna stjórnarliðsins. Stjórnarandstæðingar sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Frumvarpið breyttist talsvert í meðförum þingsins en í stað fimmtán milljarða króna afgangs sem gert var ráð fyrir þegar Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra lagði frumvarpið fram í byrjun október verður afgangurinn rúmir níu milljarðar, gangi forsendur eftir.

Tekjur ríkissjóðs á næsta ári eru áætlaðar rúmir 376 milljarðar króna og gjöldin rúmir 367 milljarðar.

**- bþs**



**FRÁ ALÞINGI** Tekjur ríkissjóðs á næsta ári eru áætlaðar rúmir 376 milljarðar króna.

**HELSTU TEKJUR**

**Tölur eru í milljörðum króna**

| | |
|---|---|
| Skattar á tekjur einstaklinga | 94,6 |
| Skattar á tekjur lögaðila | 39,0 |
| Tryggingagjöld | 34,8 |
| Eignarskattar | 7,8 |
| Virðisaukaskattur | 107,0 |
| Aðrir skattar á vöru og þjónustu | 55,3 |
| Vaxtatekjur og eignatekjur | 20,4 |

Félag eldri borgara í Reykjavík:

# Eldri borgarar ekki í framboð

**STJÓRNMÁL** Félag eldri borgara í Reykjavík mun ekki bjóða fram lista í Alþingiskosningunum í vor. Þetta var staðfest á stjórnarfundi þeirra í fyrrakvöld.

Í lögum félagsins eru ákvæði um að það sé skipulagslega óháð stjórnmálaflokkum og hlutlaust í afstöðu til trúmála. Í tilkynningu frá félaginu segir: „Innan félagsins er fólk úr öllum stjórnmálaflokkum og framboð til Alþingis myndi ganga á svig við framangreinda lagagrein, en að sjálfsögðu tekur félagið afstöðu til þess hvernig ríkisvaldið sinnir hagsmunum eldri borgara hverju sinni.“

**- sh**








**BREYTINGARNAR KYNNTAR** Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra kynntu breytingar á almannatryggingakerfinu í Kringlu alþingishússins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hvati til vinnu

**Skerðingar elli- og örorkubóta minnka samkvæmt breytingum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera á almannatryggingakerfinu. Heilbrigðisráðherra telur ólíklegt að annað eins verði gert í þessum málaflokki á næstu árum.**

**STJÓRNMÁL** Dreifing fjármagnstekna og tekna af séreignarlífeyrissparnaði, 300 þúsund króna frítekjumark atvinnutekna eða skerðing 60 prósenta teknanna og flýting gildistöku frítekjumarka eru kjarninn í breytingum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera á almannatryggingakerfinu.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingaráðherra, kynntu breytingarnar í gær.

Siv segir breytingarnar réttarbót. „Við erum að draga enn frekar úr áhrifum tekna á bætur. Þessar breytingar verða því mikill hvati fyrir elli- og örorkulífeyrisþega til að fara út á vinnumarkaðinn. Þetta er hvati til vinnu.“

Siv bætti við að hún teldi að breytingunum yrði vel tekið meðal elli- og örorkulífeyrisþega en ekki var haft sérstakt samráð við hagsmunafélög þeirra við ákvörðunina nú.

Breytt fyrirkomulag kostar ríkissjóð 1,2 milljarða króna á næstu þremur árum en að sögn Árna M. Mathiesen þarf ekki að gera sérstakar ráðstafanir vegna aukinna útgjalda – séð er fyrir þeim í fjárlagafrumvarpinu sem samþykkt var í gærmorgun. „Þetta er umtalsverð viðbót við þann pakka sem þegar var búið að semja um,“ segir Árni og vitnar þar til nýlegs samkomulags við Landssamband eldri borgara sem einnig nær að hluta til örorkulífeyrisþega. Að sögn ráðherranna bætist þessi rúmi milljarður nú við þá 27 milljarða sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að verja til elli- og örorkulífeyrisþega á næstu fjórum árum.

Frumvarp um breytingar á almannatryggingakerfinu er til meðferðar í þinginu og verður ákvörðun ríkisstjórnarinnar nú bætt inn í það.

Siv Friðleifsdóttir er stolt af verkum stjórnarinnar í málaflokknum og býst ekki við að þau verði leikin eftir. „Það er mín skoðun að það muni líklega engin ríkisstjórn hafa burði til að gera þvílíkt og annað eins í þessum málaflokki á næstum árum,“ sagði Siv í gær.

**bjorn@frettabladid.is**

**HELSTU BREYTINGAR**

- Elli- og örorkulífeyrisþegar geta dreift, á allt að tíu ár, fjármagnstekjum og tekjum af séreignarlífeyrissparnaði sem greiddur er út í einu lagi til þess að draga úr skerðingu bóta frá Tryggingastofnun.
- Elli- og örorkulífeyrisþegar geta valið á milli 300 þúsund króna frítekjumarks atvinnutekna og þess að láta 60 prósent atvinnutekna koma til skerðingar við útreikning tekjutryggingar.
- Gildistöku 300 þúsund króna frítekjumarks atvinnutekna lífeyrisþega verður flýtt til 1. janúar 2007. Gildistöku ákvæða um aðgreiningu á tekjum maka og lífeyrisþega verður einnig flýtt og koma þau til framkvæmda í áföngum 1. janúar 2007 og 1. janúar 2008.

# 25-90% afsláttur!




Almennt verð: 4.790 kr.
Tilboðsverð: **3.190 kr.**




Almennt verð: 4.480 kr.
Tilboðsverð: **3.130 kr.**



Almennt verð: 2.980 kr.
Tilboðsverð: **2.080 kr.**




Almennt verð: 3.280 kr.
Tilboðsverð: **2.290 kr.**




Almennt verð: 4.680 kr.
Tilboðsverð: **3.270 kr.**



Almennt verð: 4.480 kr.
Tilboðsverð: **3.130 kr.**




Almennt verð: 2.880 kr.
Tilboðsverð: **1.880 kr.**




Almennt verð: 4.690 kr.
Tilboðsverð: **3.490 kr.**



Almennt verð: 4.690 kr.
Tilboðsverð: **3.490 kr.**




Almennt verð: 2.690 kr.
Tilboðsverð: **1.990 kr.**




Almennt verð: 3.980 kr.
Tilboðsverð: **398 kr.**




Almennt verð: 2.690 kr.
Tilboðsverð: **1.990 kr.**

Skiptimiðinn
Eymundsson

*Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 15. janúar 2007.*

**Tilboðið gildir til 11. desember 2006**

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Til stendur að reisa olíu- og lýsistanka á Sælalóð í Vestmannaeyjum:

# Sælahús í Eyjum rifið niður

**VESTMANNAEYJAR** Niðurrif stendur nú yfir á Sælahúsinu í Vestmannaeyjum. Í sumar stendur til að reisa olíu- og lýsistanka á lóðinni, sem er í eigu Vinnslustöðvarinnar.

Sælahús er kennt við Ársæl Sveinsson, útgerðarmann og bæjarfulltrúa í Vestmannaeyjum, sem keypti lóðina í byrjun fimmta áratugarins og var þar með gríðarlega umfangsmikla starfsemi að sögn Þórólfs Vilhjálmssonar skipasmiðs sem hefur verið þarna viðloðandi síðan árið 1958. „Þarna voru gerðir út fjórir bátar og auk þess keyptur afli af bátum austan að fjörðum. Einnig var þarna timbursala, glersala, tvö smíðaverkstæði og eflaust eitthvað fleira.“



**NIÐURRIF SÆLAHÚSS** Smíðaverkstæði var í kjallaranum. Á fyrstu hæð voru verbúðir og mötuneyti og á annarri hæð voru verbúðir og skrifstofur. Í risinu voru útgerðarvörur geymdar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Þórólfur er síðasti skipasmiðurinn sem var í Sælahúsi og hóf hann sína starfsemi þar í ársbyrjun 1977.

Eftir blómlegan tíma byrjaði að fjara undan starfseminni í kringum árið 1978 með kvótasetningu og skuttogaravæðingunni að sögn Þórólfs. „Þegar að ég kem hingað fyrst á vertíð unglingur árið 1958 voru 40 starfandi menn í slippnum. En undir lokin vorum við aðeins tveir að störfum. Seinustu árin var þetta orðið mjög lítið í slippnum og ég hef verið að þjónusta litla báta sem eru eftir hérna og hægt var að taka upp í slippinn.“ **- sdg**

Bátur svaraði ekki kalli:

# Ekkert amaði að skipverjum

**LANDHELGISGÆSLAN** Vaktstöð siglinga og Landhelgisgæslan leituðu í gær að fimmtán tonna fiskibáti sem dottið hafði úr sjálfvirkri tilkynningarskyldu um 20 sjómílur norðvestur af Garðskaga á fjórða tímanum í gærdag. Reynt var að hafa samband við bátinn með öllum leiðum án árangurs og að því loknu upphófst eftirgrennslan.

Lynx björgunarþyrla af danska varðskipinu Triton, sem statt var skammt frá, var sent til leitar en þegar hún kom að bátnum kom í ljós að ekkert amaði að skipverjum. Þeir höfðu bara ekki heyrt í fjarskiptatækjum. **- sh**

# Útbjó sér sundlaug á sjávarlóð í annarra eigu

**Eigandi sjávarlóðar á Álftanesi segir Kristján Sveinbjörnsson, forseta bæjarstjórnar, nánast hafa slegið eign sinni á lóðina, meðal annars með því að útbúa þar sundlaug og misnota vald sitt til að hindra að byggt verði á lóðinni.**

**STJÓRNSÝSLA** „Þegar við keyptum lóðina var ekkert málefnalegt sem benti til þess að ekki mætti byggja á henni,“ segir Henrik Thorarensen sem keypti sjávarlóðina að Miðskógum 8 á Álftanesi seint á síðasta ári.

Hart er deilt í bæjarstjórn Álftaness um það hvort byggingarlóð sé á Miðskógum 8. Samkvæmt deiliskipulagi frá 1980 er gert ráð fyrir íbúðarhúsi á þessari sjávarlóð og henni afmarkaður byggingarreitur.

Kristján Sveinbjörnsson, sem er forseti bæjarstjórnar frá því í vor, býr fyrir ofan Miðskóga 8. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í síðustu viku segir hann mistök hafa verið gerð í gildandi deiliskipulagi því lóðin fyrir framan hús hans sé ekki byggingarhæf. Hún sé of lítil og of nálægt fjörunni.

Sjálfur segist Kristján ekki hafa beitt sér í málinu eftir að hann varð forseti bæjarstjórnar en andstæðingar Kristjáns í bæjarstjórn saka hann um valdníðslu og eiginhagsmunapot. Undir það tekur Henrik Thorarensen sem ekkert gengur að fá byggingarleyfi.

„Þetta er auðvitað ekkert annað en frekja og yfirgangur og misnotkun á valdi. Lóðin er alls ekki lítil og húsið verður nákvæmlega innan byggingarreits. Og áður voru reyndar þarna á sama stað útihús sem voru fyrir útsýninu hjá Kristjáni þar til þau brunnu í óupplýstum eldsvoða,“ segir Henrik.

Að sögn Henriks hefur Kristján beitt öllum tiltækum ráðum til að hindra að hús verði byggt á Miðskógum 8 og taki burt sjávarsýn úr húsi Kristjáns og hafi einnig af honum útivistarsvæði þar sem hann hafi bæði látið gera litla vaðlaug og haldi garðveislur. Þá hafi Kristján einnig notað veg að lóð hans sem bílastæði og geymslu fyrir svifflugvél.

Henrik segir að allar viðbárur Kristjáns og félaga hans í meirihluta bæjarstjórnarinnar hafi verið hraktar en þeir hunsi öll sérfræðiálit. Nýjasta útspil Kristjáns sé að koma því til leiðar að allt hverfið í kringum Miðskóga verði endurskipulagt. Það sé afar sérkennilegt í hverfi þar sem búið sé að byggja meira en 95 prósent af húsunum.

„Þetta er eingöngu gert til að geta kippt minni lóð út af deiliskipulaginu. Það er það eina sem þeir geta gert núna og þeir víla það ekki fyrir sér. Þetta er fyrir neðan allar hellur,“ segir Henrik.

**gar@frettabladid.is**



**MIÐSKÓGAR 8** Hlédís Sveinsdóttir arkitekt hefur hannað hús fyrir Miðskóga 8. Hús forseta bæjarstjórnar yrði þar fyrir aftan. TÖLVUMYND/EON ARKITEKTAR



**HENRIK THORARENSEN** Eigandi lóðarinnar að Miðskógum 8 í miðri frosinni vaðlaug sem forseti bæjarstjórnar gróf á lóð hans og huldi með plastdúk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Segist hafa gert sundlaug í góðri trú og hafnar óeðlilegum afskiptum af lóðamáli:

# Taldi lóðina í eigu ættarinnar

„Það er ekki hægt að sýna fram á að ég hafi komið neitt óeðlilega að málinu, segir Kristján Sveinbjörnsson, forseti bæjarstjórnar á Álftanesi, um deiluna um sjávarlóð neðan við hús hans sjálfs.

Kristján segir rétt að hann hafi útbúið laug á lóðinni fyrir neðan hús sitt fyrir tveimur eða þremur árum. „Þá stóð ég í þeirri meiningu að lóðin væri í eigu ættar minnar,“ útskýrir hann. Lóðin var á þessum tíma þinglýst eign nokkurra ættingja Kristjáns sem hann deildi við um eignarhald á lóðinni.

Minnihluti Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn segist óttast að bærinn verði skaðabótaskyldur fáist ekki byggingarleyfi á lóðinni. Kristján segir það vera afleiðingu þess að sjálfstæðismenn sjálfir í stjórnartíð sinni hafi leitað eftir nýju áliti frá Skipulagsstofnun sem þá hafi snúið við blaðinu og talið heimild fyrir byggingu á lóðinni.

„Fyrrum formaður skipulagsnefndar og fyrrum skipulagsfulltrúi, sem jafnframt var bæjarstjóri, töldu báðir rangt að byggja á þessari lóð,“ segir Kristján og fullyrðir að bæjaryfirvöld reki málið eingöngu á skipulagslegum forsendum. Persónulegir hagsmunir ráði engu. Hann hafnar því að fyrirhuguð endurskoðun á deiliskipulagi sé stefnt gegn Miðskógum 8. „Deilskipulag snýst ekki aðeins um lóðir heldur líka gangstíga og opin svæði. En það er ekki hægt að fullyrða að þessi lóð verði inn á nýju deiliskipulagi.“ **- gar**



**KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON** Forseti bæjarstjórnar á Álftanesi vísar enn á bug ásökunum um að láta persónulega hagsmuni stýra gjörðum sínum í bæjarstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kvöldkirkjan opnar í kvöld:

# Hægt að láta lesa upp bænir

**KIRKJUSTARF** Dómkirkjan býður upp á nýja þjónustu í formi svonefndrar Kvöldkirkju. Fólk getur þá komið að opinni kirkjunni á kvöldin þar sem kyrrðin verður í fyrirrúmi. Bæna- og fyrirbænastundir verða á heila tímanum og af og til leikin tónlist. Meðal annars er hægt að rita niður bænir sínar og leggja þær fram til upplestrar fyrir alla að njóta. Kirkjunni verður þá skipt í eins konar stöðvar. Hægt er að rita bænarefni, deila lífsmottóum með öðrum, vera einn með Guði sínum eða ræða við prest.



**DÓMKIRKJAN** Í Kvöldkirkjunni mun kyrrðin vera í fyrirrúmi.

Kvöldkirkjan opnar klukkan 20 alla fimmtudaga frá og með deginum í dag. **- sh**



**SAMNINGURINN** Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, og Haraldur Þórarinsson, formaður LH, undirrituðu samstarfssamninginn.

# Glitnir styrkir hestamenn

**FÉLAGSMÁL Glitnir og Landssamband hestamannafélaga, LH, hafa gert með sér samning til næstu tveggja ára sem kveður á um að Glitnir verði aðalsamstarfsaðili LH. Glitnir mun styrkja LH um fimm milljónir króna á ári og leggja til verðlaun og styrkja einstaka viðburði á vegum sambandsins.**

**Meðal stórviðburða á vegum LH á næsta ári eru Íslandsmót fullorðinna, svo og barna. Einnig Ístölt Glitnis og Heimsmeistaramótið í Hollandi. Þá verður mótaröð haldin næsta sumar undir merkjum Glitnis. Í undirbúningi er Æskulýðsdagur Glitnis í samstarfi við æskulýðsnefnd LH sem tengdur verður viðburðinum „Æskan og hesturinn“.**

**SVÍÞJÓÐ**

## Íðilfagrar konur

Tveir sænskir tollverðir geta átt von á áminningu fyrir að hafa tekið ljósrit af vegabréfum „íðilfagurra kvenna“ sem leið áttu í gegnum landamærin og geymt, ásamt fæðingarári kvennanna, í sérstakri möppu á vinnustað sínum. Málið var tilkynnt til lögreglu, en ljósritunin af vegabréfum kvennanna var ekki talin saknæm, samkvæmt sænskum lögum.





OROBLU

KYNNINGAR á jólavörunum frá OROBLU í Lyfju

- Fimmtudag, kl. 14-18 í Spönginni
- Fimmtudag, kl. 13-17 á Smáratorgi
- Föstudag, kl. 14-18 í Lágmúla
- Laugardag, kl. 13-18 í Smáralind
- Sunnudag, kl. 12-16 í Smáralind

Kaupauki fylgir hverri OROBLU vöru




LYFJA - Lifið heil www.lyfja.is

# Afmælisgleði á skautum

Í ár fagnar Tryggingamiðstöðin hf. hálfrar aldar afmæli sínu.
Til hátíðarbrigða höfum við hjá TM, í góðri samvinnu við Reykjavíkurborg, látið leggja skautasvell á Ingólfstorg sem ætlað er Reykvíkingum og landsmönnum öllum til afnota í jólamánuðinum.

**Formleg opnun verður fimmtudaginn 7. desember, kl. 16:30.**
**Svellið verður opið til 29. desember, eins og veður leyfir.**
Nánari upplýsingar á tryggingamidstodin.is

Aðgangur að svellinu er ókeypis.
Hægt verður að fá leigða skauta á staðnum og til öryggis lánar TM öllum hjálma.

Við hvetjum fólk til að gera sér dagamun á aðventunni, rifja upp gamla takta og eiga ljúfar stundir á skautasvellinu.

**Góða skemmtun.**

**TM - sterkir á svellinu!**




Svellið er lokað aðfangadag og jóladag.

ÍSLENSKA/SIA.IS/TMI 35601 12/06



**BAÐAR SIG Í ÁNNI** Þessi piltur í Malí var í gær að þvo sér í ánni Níger. Á bak við hann sést í háhýsi BCEAO-bankans, sem prentar gjaldmiðla Vestur-Afríkuríkja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Helgi Bernódusson segir rótfasta reglu að íslenska skuli töluð á Alþingi:

# Nikolov ætlar að tala íslensku

**ALÞINGI** Paul F. Nikolov, frambjóðandi á lista VG í alþingiskosningunum, talar íslensku og segist munu tala íslensku ef hann tekur sæti á Alþingi. „Ég bý á Íslandi og þetta er tungumálið. Móðurmál mitt er enska en það er nauðsynlegt að tala íslensku og ég held að það sé góð hugmynd ef maður er þingmaður á íslenska þinginu,“ segir hann.

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir að það séu ekki ákvæði í þingsköpum um það hvaða mál beri að tala á Alþingi og því ekkert sem beinlínis banni annað tungumál á Alþingi. Hann líti svo á að þetta sé svo rótföst regla að það sé ekki hægt að brjóta hana.

„Það hefur verið litið svo á að það væri ófært að setja skýra lagareglu um svo sjálfsagt mál. Hins vegar hefur sótt að okkur upp á síðkastið að það væri ef til vill ástæða til að setja einhverja reglu,“ segir hann.

Helgi segir að setjist útlendingur, sem ekki tali íslensku, á Alþingi þá verði gerðar viðhlítandi ráðstafanir. Það sé augljóst mál að túlkur verði ráðinn. „Ef slíkur maður er réttkjörinn þá er það okkar mál að gera starfsaðstöðu hans á þingi eins góða og hægt er. Það er sjálfsagt mál.“ - ghs



**TALAR ÍSLENSKU** Paul F. Nikolov, frambjóðandi Vinstri grænna, talar fína íslensku og ætlar að tala hana á Alþingi fái hann þingsæti.

Bíræfinn raðþjófur ákærður:

# Konan stal nærbuxum tvisvar

**DÓMSMÁL Lögreglustjórinn í Kópavogi hefur ákært konu fyrir átta þjófnaði sem hún framdi í júní fram í september á þessu ári. Konan stal hinum ýmsu vörum á tímabilinu, meðal annars nærbuxum í tvígang, ilmvatni, geli, matvörum, bolum, DVD-diskum og derum.**

**Andvirði hlutanna sem hún stal var allt að tæpum sextíu þúsund krónum.**

**Flest brotin framdi konan í verslunarmiðstöðinni Smáralind í Kópavogi.**

**Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness.** - ifv



**DRÁP RANNSAKAÐ** Vinir og fjölskylda myndatökumannsins Jose Couso hafa barist ötullega fyrir því að lát hans verði rannsakað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarískir hermenn í Írak:

# Dauði Spánverja kannaður

**SPÁNN, AP Hæstiréttur Spánar hefur fyrirskipað að lát spænsks myndatökumanns í Írak verði rannsakað, en bandarískir hermenn á skriðdrekum skutu hann til bana í skotárás sem þeir gerðu á hótel í Írak árið 2003 þar sem aðallega erlendir fréttamenn bjuggu.**

**Atvikið varð í Bagdad árið 2003. Talsmenn hersins hafa viðurkennt að hermennirnir vissu að á hótelinu væru aðallega erlent fjölmiðlafólk, en sögðu að þeir hefðu talið að skotið væri á sig.**

**Jose Couso var myndatökumaður fyrir spænsku sjónvarpsstöðina Telecinco. Myndatökumaður Reuters, Taras Portsyuk frá Úkraínu, var einnig drepinn í árásinni. Nú er unnið að samþykkt innan Sameinuðu þjóðanna, sem ætlað er að vernda fjölmiðlafólk á átakasvæðum.** - smk

# Tvö af fjórum krabbameinslyfjum komin í notkun

**Krabbameinslyf sem beðið hafa samþykkis á Landspítalanum hafa verið tekin í notkun. Notkun þeirra kostar yfir 300 milljónir á ári. Beðið hefur verið um sérstaka fjárveitingu yfirvalda vegna notkunar þeirra.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Tvö af fjórum nýjum lyfjum sem beðið hafa samþykkis á Landspítalanum voru tekin í notkun í síðustu viku. Krabbameinslæknar á LSH höfðu beðið um að þau yrðu tekin í notkun þar sem þau eru meðal annars talin bæta meðferð sjúklinga með nýrna- og brjóstakrabbamein. Um er að ræða lyf sem kosta rúmar 300 milljónir á ári og fjallað var um í Fréttablaðinu í gær. Lyfin eru greidd úr sjóðum spítalans og farið hefur verið fram á við heilbrigðisyfirvöld að til komi aukafjárveiting vegna þessa aukakostnaðar og einnig annarra svokallaðra sjúkrahúsmerktra lyfja.

Jóhannes M. Gunnarsson, lækningaforstjóri LSH, segir að ákveðið hafi verið að auk þess verði heimiluð notkun þriðja lyfsins um tíma þrátt fyrir að ekki hafi verið tilbúnar klínískar leiðbeiningar, en þær eru yfirleitt forsenda þess að slík lyf séu tekin til notkunar. „Þar hliðruðum við til okkar eigin reglum svo að engir af okkar skjólstæðingum myndu líða fyrir biðina.“ Jóhannes telur einnig að lyfin sem bíða samþykkis verði tekin í notkun áður en langt um líður. „Við tökum þarna til okkar yfir 300 milljóna króna kostnað og er þá ekki allt talið. Við höfum að sjálfsögðu farið fram á að okkur sé bætt þetta. Þessi kostnaður tekur beint frá öðrum liðum í starfseminni og ef ekki verður tekið tillit til þeirra stökkbreytinga sem eru að verða vegna lyfja þá verður reksturinn allur erfiðari í heild sinni í framhaldinu.“

> „Við hliðruðum til okkar eigin reglum svo að engir af okkar skjólstæðingum myndu líða fyrir biðina.
>
> JÓHANNES GUNNARSSON
> LÆKNINGAFORSTJÓRI LANDSPÍTALANS

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra minnir á að sjúkrahúsið hafi fengið verulega styrkingu á sínum fjárhag með afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2007. „Við erum að setja inn í fjáraukalög 2006 einn milljarð króna og á næsta ári setjum við inn í grunninn einn milljarð til viðbótar. Sjúkrahúsið stendur sig mjög vel í að taka ný lyf í notkun og gerir það í eðlilegu ferli sem yfirvöld koma að.“

Siv er þeirrar skoðunar að ekki megi eingöngu nálgast umræðu um lyf og þjónustu heilbrigðiskerfisins út frá fjármagni. „Gleymum því ekki að við þjóðum upp á mikil gæði og svokölluð fimm ára lifun krabbameinssjúklinga er með því besta í Evrópu. Lyfjameðferð gerir fólki með krabbamein kleift að taka þátt í þjóðfélaginu, sem og mörgum öðrum sem glíma við erfiða sjúkdóma. Við viljum viðhalda þessari þjónustu sem er sú besta sem gengur og gerist.“

svavar@frettabladid.is / sjá síðu 28



**LANDSPÍTALINN** Tvö ný krabbameinslyf hafa verið tekin til notkunar á Landspítalanum. Því fylgir mikill kostnaður en reglum var hliðrað til svo flýta mætti notkun þeirra.






Stofnun fræðaseturs Garðarshólma á Húsavík:

# Þjóðhöfðingjarnir verða verndarar

**FRÆÐASTARF** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Karl Gústaf sextándi Svíakonungur verða verndarar fræðaseturs Garðarshólma á Húsavík en frá þessu var greint á fundi á veitingastaðnum Gamla bauk á Húsavík í gær.

Í máli Ólafs Ragnars á fundinum kom fram að líklega væri það einsdæmi að tveir þjóðhöfðingjar væru sameiginlega verndarar sama verkefnisins hérlendis. Auk þess greindi Madeleine Ströje Wilkens, sendiherra Svíþjóðar á Íslandi, frá því að afar sjaldgæft væri, og hugsanlega einstakt, að Svíakonungur væri verndari verkefnis utan Svíþjóðar.

Fjárlaganefnd Alþingis hefur ákveðið að verja fimm milljónum til verkefnisins en því er ætlað að styrkja tengsl Íslands og Svíþjóðar, með sérstaka áherslu á sænska landkönnuðinn Garðar Svavarsson sem nam land á Húsavík í kringum 870.

Stefnt er að uppbyggingu safns í framtíðinni, þar sem fræðasetrið verður til húsa, en þar verður leitast við að draga upp mynd af vistfræðilegum breytingum sem orðið hafa síðan Garðar nam land á Húsavík. Verður áhersla lögð á að tengja verkefnið við alþjóðlegt menningar-, lista- og fræðastarf sem verður stór hluti af starfseminni í Garðarshólma í framtíðinni, nái markmið fram að ganga en sveitarfélagið Norðurþing og ferðaþjónustufyrirtækið Norðursigling höfðu frumkvæði að upphafi verkefnisins. - mh



**VIÐ GAMLA BAUK** Madeleine Ströje Wilken, sendiherra Svíþjóðar, Ólafur Ragnar og Þórunn Harðardóttir, ræðismaður Svíþjóðar á Húsavík, sjást hér fyrir utan Gamla bauk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIMIR

*Íslenska ánægjuvogin 2006*



# Ánægðustu viðskiptavinir landsins eru hjá SPRON!

Samkvæmt mælingu Íslensku ánægjuvogarinnar 2006 eru viðskiptavinir **SPRON** ánægðastir allra viðskiptavina banka og sparisjóða – ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur á landinu öllu!

Við erum stolt og þakklát fyrir þessa viðurkenningu viðskiptavina okkar og er hún okkur mikil hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Komdu í hóp landsins ánægðustu viðskiptavina!




**Ánægjuvog banka og sparisjóða**
– landið allt 2006

spron





Bríet Sunna



Guðrún og Friðrik



Regína Ósk



Friðrik Ómar



Toggi



Í svörtum fötum



# LITLU JÓLIN UM HELGINA

**OPIÐ TIL KL. 22 Á LAUGARDAGINN**

Við bjóðum upp á dúndrandi jólastemningu í Smáralind um helgina með frábærri dagskrá fyrir alla fjölskylduna í Vetrargarðinum. Auk þess eru allar búðir troðfullar af jólavörum og opnar lengur á laugardag. Komdu og upplifðu jólin í Smáralind!

## Laugadagur 9. desember – opið til 22

### Jólaævintýri í Vetrargarðinum kl. 14

Leikur, dans , tónlist og sögur, jólaleiksýning. Ókeypis aðgangur.

Söngur: Sigga Beinteins

Tónlist: Grétar Örvarsson

Leikarar: Björgvin Franz Gíslason, Örn Árnason, Vignir Þór Rafnsson, Hallgrímur Ólafsson

Danshöfundur: Halla B. Ólafsdóttir

Dansarar: Erna Ósk Arnardóttir, Tinna Ómarsdóttir

Búningahönnuður: Ingibjörg Jónsdóttir

Leikmunir: Trygve Eliasen

Ljósameistari: Alli

### Jólaball í Vetrargarðinum kl. 16

### Jólalest Coca-Cola kemur við í Smáralind kl. 18

### Risatónleikar Senu í Vetrargarðinum kl. 18

Regína Ósk, Selma og Hansa, Toggi, Bríet Sunna, Friðrik Ómar og Guðrún Gunnars, Í svörtum fötum, Gunni og Felix, Friðrik Ómar

## Sunnudagur 10. desember – opið frá 13-18

Jólaævintýri í Vetrargarðinum kl. 14

Bogomil Font og Stórsveit Reykjavíkur í Vetrargarðinum kl. 16






Selma og Hansa

**OPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD**
**NÝTT KORTATÍMABIL**






Kartöflubóndi dæmdur í tveggja mánaða fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands:

# Kartöflum dælt yfir lögreglumann

**DÓMSMÁL** Kartöflubóndi í Rangárvallasýslu hefur verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hindra lögreglumann í starfi. Í aðgerðum á kartöfluakri bóndans var meðal annars hleypt úr kartöfluupptökuvél með stórum færibandsrana er ekið var fram hjá lögreglumanni, sem stóð við lögreglubifreið, með þeim afleiðingum að kartöflum rigndi yfir manninn og bifreiðina.

Málið hófst þegar lögreglan á Selfossi vildi ná tali af ökumanni bifreiðar vegna umferðarlagabrots hans. Ökumaðurinn ók inn á kartöfluakur. Lögreglumaðurinn kallaði eftir liðsauka, en þá var kartöflubóndinn mættur á staðinn. Hann lokaði hliði að akrinum með vír, þannig að nýkomni lögreglumaðurinn gat ekki ekið inn á hann. Barst nú báðum hópum frekari liðsauki. Kartöflubóndinn taldi lögreglumennina vera inni á akrinum í heimildarleysi og vísaði þeim burt. Þeir vildu hins vegar ræða við ökumanninn vegna umferðarlagabrotsins, en hann var starfsmaður kartöflubóndans.

Þegar kartöflunum var hleypt á lögreglumanninn, ætlaði annar lögreglumaður á svæðinu að stöðva dráttarvélina sem dró upptökuvélina. Kartöflubóndinn ýtti þá við honum og þvingaði hann upp að vélinni. Lögreglumenn handsömuðu þá bóndann, lögðu hann á jörðina og settu í járn. - jss



**KARTÖFLUR** Málið hófst með umferðarlagabroti, en endaði inni á kartöfluakri.

# Grannar unglingsstelpur vilja létta sig

**Næstum helmingi færri stúlkur en drengir í 10. bekk eru yfir kjörþyngd eða eiga við offituvandamál að stríða. Tæp níutíu prósent stúlkna í 10. bekk eru við kjörþyngd. 60 prósent stúlkna í tíunda bekk vilja létta sig.**

**HEILBRIGÐISMÁL** 23,7 prósent stúlkna í tíunda bekk í íslenskum grunnskólum, af þeim tuttugu prósentum sem eru hvað léttastar, eru annaðhvort að reyna að létta sig eða telja að þær þurfi þess. Þessi tala er fimm prósent hjá jafngömlum drengjum.

Þetta kemur meðal annars fram í rannsókn sem Stefán Hrafn Jónsson félagsfræðingur gerði á tengslum þyngdar og sjálfsmyndar hjá tæplega tólf þúsund börnum og unglingum í 166 bekkjum í 6. 8. og 10. bekk í landinu fyrr á árinu. Svarhlutfall í rannsókninni var 86 prósent. „Það er mjög áhugavert að stór hluti léttustu stúlknanna í 10. bekk telja sig þurfa að léttast enn meira,“ segir Stefán en rannsóknin var framkvæmd með spurningalistum. Stefán kynnti niðurstöðurnar á haustþingi Miðstöðvar heilsuverndar barna sem var haldin í nóvember.

Tæp níutíu prósent stúlkna í tíunda bekk eru í kjörþyngd en tæp sextíu prósent þeirra vilja samt létta sig. Samanborið við drengi í 10. bekk er þessi tala há því tæp áttatíu prósent drengja eru í kjörþyngd en einungis 26 prósent þeirra vilja létta sig. Prósentuhlutfall drengja í 10. bekk sem eiga við yfirþyngd eða offituvandamál að stríða er einnig hærra en hjá stúlkum: 22,9 prósent drengja eru of feitir eða þungir en 12,6 prósent stúlkna. Samt sem áður eru 33,7 prósent stúlkna að reyna að létta sig en 14,3 prósent drengja.

Stefán segir enga einhlíta skýringu vera á þessum kynbundna mun en að nokkrar ástæður kunni að liggja á bakvið hann. „Til dæmis áherslan á tággrannar fyrirsætur í módelbransanum sem og ofurgrannar söngkonur í tónlistarmyndböndum. Það merkilegasta í niðurstöðunum er að sambandið á milli hugmyndar barnanna um hvort þau þurfi að létta sig og lífsgæða þeirra er miklu sterkara en sambandið á milli líkamsþyngdar þeirra og lífsgæða. Með öðrum orðum þá virðist það skipta meira máli fyrir börn hvernig þau upplifa sig en hvernig þau eru. Þess vegna þarf að fara varlega í umræðuna um holdafar barna og unglinga svo þau fái ekki ranga mynd af sjálfum sér. Þetta á sérstaklega við um stúlkur því miklu stærri hluti þeirra telur sig þurfa að létta sig,“ segir Stefán.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin stendur á bakvið rannsóknina sem er alþjóðleg: 40 þjóðir tóku þátt í henni. Á næsta ári verður greint frá niðurstöðunum.

ingifreyr@frettabladid.is



**STEFÁN HRAFN JÓNSSON** Félagsfræðingurinn segir mikinn kynbundinn mun vera á hugmyndum barna- og unglinga um útlit og líkamsþyngd.

Samfylkingin vildi ekki bæjarstjóra í kosningabaráttu:

# Kristján vildi vera bæjarstjóri áfram

**STJÓRNMÁL** Fulltrúar Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Akureyrar settu það sem skilyrði fyrir meirihlutasamstarfi sínu og Sjálfstæðisflokks að Kristján Þór Júlíusson viki úr starfi bæjarstjóra fyrr en samstarfssamningur þeirra gefur til kynna, eftir að ljóst varð að Kristján mun leiða kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins fyrir Alþingiskosningarnar í vor. Þetta segir Kristján á vefsíðu sinni í fyrradag. „Annars hefði ég líklega setið eitthvað frameftir,“ segir Kristján.

Hermann Jón Tómasson, oddviti Samfylkingarinnar, segir ekki beint rétt að þeir hefðu krafist afsagnar hans, heldur hafi það verið sameiginlegur skilningur beggja aðila að ekki gengi að bæjarstjórinn stæði í kosningabaráttu. „Vitaskuld hefðum við þó ekki sætt okkur við það ef hann hefði viljað sitja áfram.“

Kristján víkur einnig að umtöluðum biðlaunum í pistli sínum. „Ég hef uppfyllt öll ákvæði ráðningarsamnings míns og veit að vinnuveitandi minn, Akureyrarbær, mun gera slíkt hið sama gagnvart mér, eins og hann hefur undantekningalaust gert gagnvart forverum mínum í starfi svo og öllum öðrum starfsmönnum sínum sem rétt hafa átt til biðlauna,“ segir í pistlinum. Kristján á rétt á sex mánaða biðlaunum og hefur rúma milljón í mánaðarlaun. - sh



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON**



**ÍSLANDSKLUKKUNNI HRINGT** Um hundrað manns voru viðstaddir hringinguna.

Hátíðleg stund á Akureyri:

# Íslandsklukkunni hringt

**AKUREYRI Íslandsklukkuni, listaverki Kristins E. Hrafnssonar, sem stendur við Háskólann á Akureyri var hringt sex sinnum á föstudag, einu sinni fyrir hvert ár frá árinu 2000 þegar klukkan var reist.**

**Baldvin Jóhann Bjarnason, fyrrverandi kennari og skólastjóri á Akureyri, hringdi klukkunni með aðstoð Gunnars Aðalgeirs Arasonar, fimm ára leikskólanema. Um hundrað manns voru viðstaddir hringinguna sem fer fram 1. desember ár hvert.**

\- hs


Heimilið
Snyrtivörur
Börn
Herrar
Skálasett
3.990 kr.
Náttsloppur
9.990 kr.
Jólin: Til þín frá mér
Úrvalið af fallegri gjafa- og merkjavöru, fyrir konuna, karlinn, börnin og búið, hefur aldrei verið meira. Og verðið kemur öllum í ekta jólaskap.
Brjóstahaldarar
frá 2.990 kr.
Nærbuxur
frá 1.190 kr
Galli með húfu
1.990 kr.
Skór 1.190 kr.
Jólasmekkir
2 í pakka 899 kr.
Alltaf
Nýtt kortatímabil
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!
ÍSLENSKA/SIA.IS/DEB 35221 12/06



**DANSARI** Þessi Maya-dansari var að undirbúa dans sinn sem jagúarveiðimaður í Xcaret-garðinum í Mexíkó á þriðjudag. Margir Maya-indíánar búa við afar kröpp kjör. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FFSÍ telur að engir íslenskir skipstjórar verði á kaupskipum eftir nokkur ár:

# Farmannastéttinni blæðir út

**ATVINNUMÁL** Þeir íslensku farmenn sem sigla flutningaskipum sem eru í föstum áætlunarsiglingum til og frá Íslandi eru allir erlendir launþegar, flestir ráðnir til færeyskra útgerða. Það er mat Farmanna- og Fiskimannasambands Íslands að innan fimmtán ára, eða þann tíma sem tekur núverandi stétt skipstjórnarmanna á kaupskipum að ná eftirlaunaaldri, muni íslenskir skipstjórnarmenn heyra sögunni til.

Allt stefnir í að mun fyrr verði skortur á skipstjórnarmönnum til að manna stöður stýrimanna og skipstjóra á kaupskipum í áætlunarsiglingum til og frá landinu.

Árni Bjarnason, forseti FFSÍ, segir að íslenskri farmannastétt sé að blæða út hægt og rólega. Hann segir að félagið hafi skorað á stjórnvöld að beita sér af alvöru til eflingar íslenskri farmannastétt í mörg ár án árangurs. „Farmenn sem starfa við þessar aðstæður eru án þeirra réttinda sem íslenskir skattborgarar njóta, eru ekki aðilar að íslenska almannatryggingakerfinu, og staða þeirra í raun á ýmsan hátt óljós. Þeir eiga ekki rétt til atvinnuleysisbóta né heldur til töku fæðingarorlofs.“

Árni segir að ráðamenn hafi fram að þessu vísað öllu sem lýtur að baráttumálum farmanna á bug á þeim forsendum að ekki sé möguleiki að hygla einni atvinnugrein umfram aðra. „Í ljósi þess að komið hefur verið til móts við aðrar atvinnugreinar eins og hátækniiðnað og nú síðast kvikmyndagerð, má ljóst vera að þau rök eigi ekki lengur við.“ - shá




**DETTIFOSS** Kaupskipafloti Íslendinga er að stærstum hluta skráður erlendis. Réttarstaða farmanna er því ójós.

Heilbrigðismálaráðherra:

## Allir fangar fá sjúkraþjónustu

**HEILBRIGÐISMÁL** **Fangar sem ekki eru sjúkratryggðir, eða njóta ekki tryggingaverndar í sérstökum milliríkjasamningum og ættu því að greiða heilbrigðisþjónustu að fullu, fá hana þótt þeir geti ekki greitt fyrir hana sjálfir.**

**Þetta er samkvæmt nýrri breytingu á reglugerð um greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu sem til dæmis ósjúkratryggðir fangar njóta. Kostnaður vegna hennar við ósjúkratryggðan erlendan fanga fellur á stofnunina sem veitir þjónustuna geti fangi ekki greitt fyrir sig samkvæmt reglugerðinni.** - jss

Flóttamannastefna Finna:

## Uppfylla ekki kvótann sinn

**FINNLAND** Finnar taka á móti minnst eitt hundrað færri flóttamönnum í ár en búist var við og fylla því ekki kvóta sinn upp á 750 flóttamenn, að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat. Hugsanlegt er að flóttamennirnir verði jafnvel aðeins um 450 talsins eða 300 færri en Finnar hafa skuldbundið sig til.

Arja Kekkonen, embættismaður hjá innanríkisráðuneytinu í Finnlandi, segir að utanríkisráðuneytið, innanríkisráðuneytið og atvinnumálaráðuneytið séu að vinna að því að fjölga flóttamönnum. Hins vegar hafi ágreiningur milli atvinnumálaráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins fyrr á þessu ári valdið töfum við ákvarðanatöku í málefnum flóttamanna. - ghs

**REYKJAVÍKURBORG**

### Stígamót sjái um vínið

Forsætisnefnd Reykjavíkur hefur samþykkt að borgin bjóði um hundrað gestum Stígamóta til móttöku næsta mánudag með þeim fyrirvara að Stígamót leggi sjálf til vínveitingar. Tilefni móttökunnar er alþjóðlegt átak um kynbundið ofbeldi.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Fimm drukknir ökumenn

Fimm ökumenn voru stöðvaðir í Reykjavík aðfaranótt miðvikudagsins vegna ölvunaraksturs. Fjórir stoppuðu þegar lögregla gaf þeim merki en einn reyndi að stinga af.

### Sóði tekinn í miðbænum

Lögreglan hafði í fyrradag afskipti af sautján ára sóða sem henti gosdós út um bílglugga í miðbænum. Með því braut hann gegn lögreglusamþykkt þar sem segir að ekki megi henda rusli nema í þar til gerð ílát. Sóðinn á sekt yfir höfði sér vegna athæfisins.



**ÞINGVELLIR** Ragnar Árnason segir að náttúrugæði Íslands eigi að vera í einkaeigen en ekki ríkiseign.

# Hlutafélag um náttúruleg gæði Íslands

**Prófessor í hagfræði segir að náttúrugæði eigi ekki að vera í ríkiseign. Ekki hagrænn munur á laxveiðiám og andrúmsloftinu. Hlutafélagið gæti hugsanlega selt veiðileyfið til hvalveiða á alþjóðlegum markaði.**

**NÁTTÚRUMÁL** Ragnar Árnason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, setti í gær fram þá hugmynd í fyrirlestri að Íslendingar ættu að stofna hlutafélag, Náttúrugæði hf., um gæðin í náttúru landsins. Fyrirlesturinn var haldinn á ráðstefnu Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál (RSE) á Grand hóteli.

Hugmynd Ragnars gengur út á að hlutafélagið taki við öllum náttúrugæðum sem eru í opinberri eign. Ragnar sagði að allir Íslendingar myndu verða hluthafar í félaginu og að þeir gætu ráðstafað hlut sínum eftir eigin höfði, til dæmis selt hann á markaði.

Rökstuðningurinn fyrir hugmyndinni hjá Ragnari er sú niðurstaða hagfræðinnar að skilyrði efnahagsframfara og velmegunar sé að hlutir séu í einkaeign einstaklinga eða fyrirtækja og að náttúrugæði séu eins og hver önnur vara sem gengur kaupum og sölum.

Hann telur hagkvæmnisrök standa til þess að hafa sem mest í einkaeign því einkaeigandi muni nota eignina á sem hagkvæmastan hátt. Í fyrirlestrinum tók hann dæmi af örfoka melum á hálendinu og fiskistofnunum í kringum landið til að rökstyðja þá skoðun sína að aðrir valkostir um eignarhald hefðu leitt til sóunar eða spillingar náttúrugæða. „Við höfum komið ýmsum náttúrugæðum eins og vatni, laxveiðiám og hverum í séreign. Það er enginn hagrænn eða rökrænn munur á þessum náttúrugæðum og þeim gæðum sem enn eru ekki komin í séreign eins og loftinu, ósonlaginu og úthöfunum,“ sagði Ragnar.

Ragnar sagði stærsta gallann á hugmyndinni um einkaeign náttúrugæða vera að mörg þeirra hefðu eiginleika almannagæða, en í því felst að stundum er ekki hægt að takmarka not þeirra á markaði við þá sem greiða fyrir þau, til dæmis í tilviki ósonlagsins. „Hvalveiðar Íslendinga valda mörgum í heiminum hugarangri og tjóni. Þessir aðilar geta ekki sýnt fram á tjón sitt með því að kaupa veiðileyfið á hvölum af Íslendingum því það er ekki alþjóðleg markaðsvara. Af því veiðileyfið á hvölum er í almannaeign er verðmæti þess vanmetið. Markaðseftirspurnin eftir því sýnir ekki fram á raunverulegt verðmæti þess. Um leið velur eigandinn ekki bestu notin fyrir gæðin,“ sagði Ragnar og bætti því við að hlutafélagið gæti meðal annars leyst þetta vandamál. ingifreyr@frettabladid.is



**RAGNAR ÁRNASON** Hélt því fram í fyrirlestri á ráðstefnu í gær að Íslendingar ættu að stofna hlutafélag um náttúruleg gæði landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







Póst- og fjarskiptastofnun skoðar erindi vegna bilaðra fjarstýringa:

# Byggingakranar geta ruglað fjarstýringar í bíllyklum

**FJARSKIPTI** Fjarstýrðir byggingakranar geta ruglað fjarstýringar í bíllyklum og orðið til þess að lyklarnir afkóðist. Eitt slíkt mál kom upp nýlega fyrir utan Bílanaust. Eigandinn kom bílnum ekki í gang og þurfti maðurinn að fá nýjan kóða í lykilinn til að geta ekið honum út af bílastæðinu.

Ellert Hlíðberg, aðstoðarverkstjóri hjá Bílanausti, segir að talið hafi verið að bylgjur frá fjarstýrðum byggingakrana í nágrenni Bílanausts hafi haft þessi áhrif. Málið hafi verið kannað og kenningin verið staðfest, magnari hafi verið settur á byggingakranann og því hafi hann valdið þessum erfiðleikum. Þetta sé komið í lag núna.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur fengið erindi inn á borð vegna þess að fjarstýringar í bíllyklum hætta að virka á ákveðnum svæðum. „Það hafa komið upp nokkur nýleg mál þar sem fjarstýringar virkuðu ekki á tilteknum svæðum,“ segir Hrafnkell Gíslason, forstjóri stofnunarinnar.

Póst- og fjarskiptastofnun hafi aðeins fundið eina bilun þar sem búnaður á tilteknum stað hafi sent út á röngu tíðnisviði og truflað svæðið í kring. „Ég man ekki til þess að það hafi verið sannað að fjarstýringar fyrir byggingakranana hafi verið truflanavaldar en ég get staðfest að svona atvik hafa komið upp,“ segir hann. - ghs



**GETA TRUFLAÐ** Fjarstýringar í bílum geta orðið fyrir truflunum frá öðrum fjarstýringum, til dæmis frá byggingakrönum sem eru á sömu tíðni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Harðir pakkar
á hagstæðu verði
Frábærar gjafir fyrir iðnaðarmenn og aðra handlagna
Kr. 22.995,-
Bosch 14,4v VE-2 2,6ah
Kr. 7.895,-
Einhell blaut & ryksuga 1250w
Kr. 3.990,-
Bosch Skrúfvél 3,6v
Kr. 2.495,-
Ljóskastari á fæti 500w
Kr. 1.495,-
Ljóskastari 500w
Kr. 12.995,-
Flísasög 180mm blað
Kr. 7.990,-
Einhell laser
Kr. 3.495,-
Tveir ljóskastarar á fæti 2 x 500w
Kr. 249,-
Ranatool málband 5 metra
Kr. 2.990,-
Einhell skrúfvél
Kr. 4.318,-
Wolfcraft búkki
Kr. 11.912,-
Wolfcraft fjölnota vinnuborð Master 600
Kr. 19.995,-
Flísasög með laser 800W
Kr. 2.990,-
Masterkart verkfærakista
Kr. 5.460,-
Wolfcraft Compact
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
Kr. 9.995,-
Rafmagnshitablásari 3,3KW
Kr. 1.972,-
Wolfcraft heftari
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is
Akureyri - Húsavík
Opið mán. - fös. kl. 8-18, laugardaga 9-15
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarks verði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



**BEÐIÐ FYRIR FRIÐI** Þessar búddatrúar stúlkur báðu fyrir friði í musteri í Kólombó fyrr í vikunni. Yfir 3.500 manns hafa farist í átökum stjórnarhersins og Tamílatígranna á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Enginn endir á ofbeldinu

**SRÍ LANKA, AP** Ríkisstjórn Srí Lanka ákvað í gær að hætta við að banna Tamílatígrana eins og fyrirhugað hafði verið. Hins vegar var ákveðið að enn harðar yrði barist gegn hryðjuverkum þar í landi.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar kom eftir að sjálfsmorðssprengja, sem eignuð var tígrunum, sprakk nærri varnarmálaráðuneyti landsins í síðustu viku.

„Ríkisstjórnin ákvað að innleiða nýjar reglur því hún telur að núverandi reglugerð sé ekki nægjanleg til að ráða við hryðjuverkin sem hún stendur frammi fyrir í dag," sagði Ratnasiri Wickramanayake forsætisráðherra á blaðamannafundi.

Núgildandi reglur leyfa stjórnarhernum að fangelsa hvern sem er í allt að sex mánuði án handtökuheimildar, leita á hvaða heimili sem er og rífa byggingar sem taldar eru ógna öryggi þjóðarinnar, en nýju lögin munu heimila allt að tuttugu ára fangelsisdóm yfir hverjum þeim sem gefur upplýsingar til eða hefur samskipti við fólk sem fæst við hryðjuverk.

Ekkert lát virðist ætla að verða á ofbeldinu, en alls hafa fleiri en 3.500 manns farist í átökum stjórnarhersins og Tamílatígranna það sem af er þessu ári, þrátt fyrir vopnahlé. Áður en vopnahléssamningurinn var samþykktur, höfðu um 65 þúsund manns farist í átökunum.

Tamílatígrarnir hafa síðan árið 1983 barist fyrir hönd 3,1 milljónar Tamíla í landinu og krafist aðskilnaðar frá Srí Lanka. Höfðu stuðningsmenn þeirra hótað að bann við samtökunum myndi fella vopnahléssamninginn úr gildi.

Harðar ásakanir á hendur stjórnarhernum hafa líka heyrst undanfarið, þar sem hermenn hans eru sakaðir um ýmiss konar mannréttindabrot og glæpi.

Ellefu Íslendingar gegna nú friðargæslustörfum á Srí Lanka.

Norðmaðurinn Jon Hanssen-Bauer leiðir friðarumleitanir milli tígranna og stjórnarinnar, en hvorki hefur gengið né rekið í þeim undanfarið.

- smk






**SORG** Þessar konur voru miður sín yfir fregnum af láti ættingja sinna, sem skotinn var af ókunnum byssumanni í Trincomalee á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HERMENN Á GÖTUM ÚTI** Hermenn eru algeng sjón á Srí Lanka þessa dagana. Ríkisstjórn Srí Lanka ákvað í gær að banna ekki Tamílatígrana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**FAKTUM** eldhúsinnrétting m/svarbrúnum
**NEXUS** hurðum/skúffuframhliðum og **RUBRIK** hurð úr ryðfríu stáli.
Hurðir með bæsuðum og glærlökkuðum eikarspóni.
Innifalið í verðinu eru skápar, hillur, lamir og borðplötur.

**178.420,-**

# Nýtt eldhús fyrir jólin

Það er ekkert mál að kaupa innréttingu hjá IKEA, hvort sem þú vilt hanna hana sjálf/ur eða með aðstoð starfsfólks okkar. Þú getur valið úr 18 mismunandi útlitstegundum eða jafnvel blandað saman á mismunandi vegu, og við bjóðum einnig upp á fjölda skipulagslausna til að gera eldhúsið að því sem þig hefur alltaf dreymt um. Auk þess höfum við umboð fyrir **Whirlpool** heimilistæki svo þú getir fullkomnað eldhúsið á einum stað.

Allan ársins hring afgreiðum við eldhúsinnréttingar út úr húsi hjá okkur á 24 tímum á virkum dögum og afhendingartími fyrir innréttingar út á land eru 2-3 virkir dagar. Jólin eru ekki undanskilin þessari reglu hjá okkur og getur fólk á höfuðborgarsvæðinu keypt eldhús alveg fram að **22. desember** og fengið það afhent/sent heim næsta dag.

Á heimasíðu okkar, www.IKEA.is, getur þú halað niður eldhústeikniforritinu **IKEA Home Planner**, þar sem þú getur skipulagt þitt draumaeldhús á auðveldan og skemmtilegan hátt. Þú getur svo komið með teikninguna eða sent í tölvupósti á eldhus@ikea.is til að fá verðhugmynd eða aðstoð við hönnun án aukakostnaðar.



**NEXUS svarbrún innrétting með AVSIKT glerhurð**

Búðu til endingargott og stílhreint eldhús með NEXUS eikarhurðum. Svarbrúna bæsið dregur fram eiginleika viðarins, en það gefur hurðunum líflegan og skemmtilegan blæ. Hurðirnar eru lakkaðar og sléttar, og auðvelt að þrífa. Passar með AVSIKT glerhurðum með ramma úr burstuðu áli. Fullkomnaðu síðan eldhúsið með höldum í stíl.

**NEXUS fæst einnig í birki og eik.**

© Inter IKEA Systems B.V. 2006

## Svona býrð þú til þitt eigið eldhús



Veldu þá innréttingu sem þér líst best á, s.s. hurðir, skúffuframhliðar, borðplötur og höldur.

Reiknaðu út hve mikið geymslupláss þú þarft og veldu FAKTUM skápa samkvæmt því.

Fullnýttu plássið í skápunum með RATIONELL hillum, skúffum og skipulagsvörum.

Fullkomnaðu svo eldhúsið með því að velja klæðningu á skápana, lýsingu og sökkla eða fætur á neðri skápana.

Lengri afgreiðslutími fram að jólum!
Mánudaga til laugardaga 10-22 | Sunnudaga 12-22 | www.IKEA.is

IKEA®


Úr Kjötborði Nóatúns
LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÚR KJÖTBORÐI
1.498 kr. kg
30% afsláttur
SS HELGARSTEIK
RAUÐVÍNSLEGIN
1.298 kr. kg
35% afsláttur
SS LONDONLAMB
1.104 kr. kg
FRESCHETTA XL
QUATTRO, SPECIALE OG PROSICUTTO
399 kr. stk.
Úr Fiskborði Nóatúns
SÆLKERABÖKUR
M/ PLOKKFISK EÐA BROKKOLI-FISK
299 kr. stk.
1944 réttir
beint í ofninn
10% afsláttur
Fiskibollur m/ kartöflum, hangikjöt í uppstúf,
kjötbollur í brúnni sósu og kindabjúgu m/ uppstúf
Þykkvabæjar salöt
35% afsláttur
Gille piparkökur
GILLE
PIPARKÖKUR
199 kr. pk.
3 FYRIR 2
3 FYRIR 2
MAÍSKORN
178 kr. 3 dósir
VISA
Tvöfaldir Vildarpunktar
í desember



NÓATÚN
Spennandi tilboð!
Heitt MEÐ Heim
TILBOÐ!
Grillaður kjúklingur
1/1 KJÚKLINGUR
HEITT MEÐ HEIM
699 kr. stk.
40% afsláttur
KJÚKLINGASTRIMLAR
FULLELDAÐIR
959 kr. kg
Þú sparar 499 kr. kg
UNGNAUTAHAKK
ÚR KJÖTBORÐI
899 kr. kg
2 FYRIR 1
EGILS HVÍTÖL
2 FYRIR 1
279 kr. 2 fl.
25% afsláttur
Casa fiesta tilboð!
Nýtt í Nóatúni
Nóatúns jólabrauð
OSCAR
tilbúnar sósur!
Gourmet
Blue Cheese
Gourmet
Hollandaise
RAUÐKÁL
FERSKT
199 kr. kg
Verði ykkur að góðu!

## „ORÐRÉTT“

### Að drepast úr reykleysi

**„Sökum þess að við þurfum að fylgja eftir reglum um reykingabann í húsinu er búið að taka fyrir allt sem heitir ráp inn og út. Undantekningin er þegar fólk þarf að fara út til að sækja lyf eða færa bíl nær vegna veikinda.“**

BJARNI KNÚTSSON, YFIRMAÐUR GÆSLUNNAR Í LAUGARDALSHÖLL, ÚTSKÝRIR HVERS VEGNA FJÖLSKYLDUFAÐIR MÁTTI EKKI FARA ÚT Í BÍL TIL AÐ NÁ Í PENINGA FYRIR MAT HANDA BÖRNUNUM.

**Blaðið, 6. desember**

### Jafnrétti ekki nóg

**„Við hlógum dátt enda höfðum við öll á einhverjum tímapunkti haldið því fram að við værum jafnréttissinnar en myndum aldrei kalla okkur annað en femínista í dag.“**

HALLA GUNNARSDÓTTIR RÆÐIR UM HVERS VEGNA EKKI SÉ NÓG AÐ FÓLK SÉ JAFNT AÐ LÖGUM, HELDUR EIGI AÐ RÁÐA FÓLK Í STARF EFTIR KYNI.

**Morgunblaðið, 6. desember**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HEIÐA EIRÍKSDÓTTIR RÓTTÆKLINGUR OG TÓNLISTARKONA

## Í Keflavík að berjast fyrir betri heimi



„Það er rosamikið að frétta. Ég er í þriðja sæti í framboði fyrir vinstri græn í Suðurkjördæmi og ég og Dr. Gunni erum með lag í undanúrslitum í Eurovision. Lagið heitir „Ég og heilinn minn“ og þetta er fyrsta lagið sem við semjum saman síðan í Unun fyrir sjö árum.“ Heiða býr nú í Keflavík ásamt sambýlismanni sínum Elvari og fimm ára syni þeirra Ólíver. „Við fluttum til Keflavíkur í sumar, það er ekki hægt að bjóða fólki upp á hvað það er dýrt að búa í Reykjavík. Það er ótrúlega gott að vera hér. Maður nýtir tímann vel og það er hægt að labba allt, maður er ekki alltaf að leita að bílastæði. Svo lánaði fólkið á efri hæðinni okkur bílskúrinn sem við notum sem vinnuherbergi og stúdíó.“

Elvar og Heiða eru einnig saman í hljómsveitinni Hellvar. „Hellvar er að leggja síðustu hönd á plötu. Annars er ég með þætti á Rás eitt og tvö, svo ég skipti tímanum á milli þess að vera róttæklingur, tónlistarmaður og útvarpsmaður.“

Róttæknin lýsir sig í stjórnmálastarfinu. „Vinstri grænir eru eini flokkurinn sem sýnir tilburði til róttækni. Það eru ekki jafn margir róttæklingar hér og í Reykjavík, en einstaklingurinn skiptir meira máli. Í hinum fullkomna heimi þyrfti maður ekki að berjast fyrir neinu, en hann er það ekki og því þarf að berjast fyrir betri heimi.“

## BÓKAVERÐIR EN EKKI BÓKASAFNSVERÐIR

**Ingvi bókavörður skrifar:**

■ „Það skal hér með upplýst að engum bókaverði með sjálfsvirðingu myndi detta í hug að segja eða skrifa bókaSAFNSvörður. Hvort sem bókaverðir eru háskólamenntaðir bókasafns- og upplýsingafræðingar eins og það heitir eða hafa ekki þá formlegu menntun í faginu, kalla þeir sig ætíð bókaverði. Fyrir nokkrum árum sá maður umrætt orðskrípi/starfsheiti fyrsta sinni í einhverju blaði og fór það að sjást oftar í prentmiðlum og lifa sjálfstæðu lífi án þess að vera til í raun og veru.“ Þar höfum við það.

## SJÓNARHÓLL

**OFFITA ÍSLENSKRA BARNA**



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR**
Félagsráðgjafi og borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

### Aukin hreyfing til bóta

„Ég er ekki hissa á þessum niðurstöðum þar sem úrval af sætindum er ótrúlega mikið í öllum verslunum,“ segir Björk Vilhelmsdóttir, félagsráðgjafi og borgarfulltrúi Samfylkingarinnar. En nýleg rannsókn sýnir að yfir þrjátíu prósent barna á grunnskólaaldri á höfuðborgarsvæðinu eru of feit. „Ábyrgð foreldra er einnig mikil en með því að keyra börn sín í skóla og tómstundir svipta þau börn sín nauðsynlegri hreyfingu. Rannsóknir hafa sýnt að ótrúlegur fjöldi barna fer með einkabíl í skólann á höfuðborgarsvæðinu en með því að skipuleggja tímann betur er ekkert mál fyrir skólabörn að fara gangandi eða nota almenningssamgöngur og þannig eykst dagleg hreyfing þeirra til muna. Það má heldur ekki gleyma því að offita hefur ekki aðeins líkamlegar afleiðingar heldur einnig andlegar og félagslegar og mörg feit börn einangrast félagslega. Lýðheilsustöð ætti einnig að vinna meira í viðhorfsbreytingum til þessara mála og þátttaka skólanna skiptir einnig miklu máli. Ég held að án vitundarvakningar hjá almenningi verði þróunin sú að ungt fólk haldi áfram að fitna.“



**GAMLI HAFNARBAKKINN** Talið er að nýr hafnarbakki hafi leyst þennan af í kringum árið 1920. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gamall hafnarbakki og rusl úr sjó

**Fornleifauppgröftur við gamla hafnarbakkann í Reykjavík hefur staðið yfir í mánuð og lýkur væntanlega í vikunni. Fornleifavernd ríkisins tekur síðan formlega ákvörðun á næstu dögum um hvort ber að vernda minjarnar eða hvort þeim verður fargað.**

Til stendur að leggja holræsi á þessu svæði sem er bak við hús Rammagerðarinnar í Hafnarstræti. Samkvæmt gömlum kortum var vitað að mannvirki höfðu verið á þessum stað og þar sem allar minjar eldri en 100 ára eru verndaðar samkvæmt minjaverndarlögum þurfti að fara fram fornleifauppgröftur segir Oddgeirs Hanssonar, fornleifafræðings hjá Fornleifastofnun Íslands en hann vinnur að uppgreftrinum sem verktaki Minjasafns Reykjavíkur.

„Þarna er um að ræða kjallara undan gömlum pakkhúsum kaupmanna sem voru við sjávarsíðuna. Og þarna er gamall hafnargarður sem líklega er sá elsti af nokkrum á þessu svæði.“ Oddgeir segir að landfyllingar séu á milli gamla hafnarbakkans og núverandi hafnarbakka. „Líklega hefur verið fyllt upp að gamla hafnarbakkanum í kringum árið 1920 en það er ekki alveg vita hvenær hann var byggður. Þessi mannvirki sem við erum með þarna núna eru frá því um miðja 19. öld.“

Oddgeir segir einna merkast við fornleifauppgröftinn vera ummerkin um mannvistina sem séu mjög skýr. „Reykvíkingar hafa hent rusli í sjóinn í fjöldamörg ár sem hefur síðan komið upp á land aftur og er að finna í þessum setlögum. Þarna er að finna bæði bein og allskonar postulín sem hefur rekið á land. Svo sjáum við ýmislegt við byggingarnar sem þarna voru. Á einum stað var enskur kolakaupmaður og þar sjáum mikið af kolasöllum. Síðan eru hlutir eins og gamlir bobbingar og leifar af innviðum úr húsum. Við höfum líka fundið leifar af gömlum bryggjum sem gengu út frá þessum hafnargarði. Bryggjurnar voru reyndar timburkassar sem var raðað út frá hafnargarðinum. Þeir voru fylltir af grjóti og svo var sett borð yfir bryggjuna.“ sdg@frettabladid.is








**JÓLASÝNING ÁRBÆJARSAFNS** Þessi börn ákváðu að bregða sér á hestvagn að gömlum sið.

Jólasýning Árbæjarsafns:

## Jólahald að gömlum sið

Hin árlega jólasýning Árbæjarsafns var haldin um helgina en sýningin hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Á sýningunni mátti sjá unga sem aldna á rölti á milli húsanna að fylgjast með undirbúningi jólanna að gömlum sið. Íslensku jólasveinarnir voru á sveimi og sjá mátti börn og fullorðna föndra, syngja jólalög og ferðast um á hestvagni.

Í Hábæ var gestum og gangandi boðið upp á að smakka nýsoðið hangikjöt og í hesthúsinu frá Garðastræti var sýnt hvernig fólk bjó til tólgarkerti og kóngakerti áður fyrr. - hs

Kærleikskúlan afhent:

## Ný-ung fær kærleikskúluna



**KÆRLEIKSKÚLAN SALT JARÐAR**

Ný-ung fékk afhenta kærleikskúluna Salt jarðar við athöfn í Hafnarhúsinu. Það er Gabríela Friðriksdóttir listamaður sem hannaði kúluna en hún verður síðan seld til styrktar sumar- og helgardvöl fyrir fötluð börn og ungmenni í Reykjadal.

Ný-ung er ungliðahreyfing Sjálfsbjargar og er fyrir fötluð og ófötluð ungmenni á aldrinum 18-30 ára sem hafa áhuga á málefnum ungs hreyfihamlaðs fólks. Jákvæðni, bjartsýni og húmor eru sterkustu vopnin sem Ný-ung á og eru þau óspart notuð í hinum ýmsu verkefnum. - hs




*Veljir þú sjónvarpið þá greiðir þú 1.629.000 kr. fyrir Citroën C3 SX. Hvort viltu? Veljir þú afsláttinn og dekkin þá greiðir þú aðeins 1.519.000 kr. fyrir Citroën C3 SX.**

# Viltu sjónvarp?

Jólapakki fjölskyldunnar kemur beint frá París. Sýndu þig á franskri hönnun eins og hún gerist best. Kauptu nýjan Citroën C3 SX á jólatilboði Brimborgar.

Í hvaða formi viltu jólatilboðið? Viltu fá sjónvarp í afslátt að verðmæti 110.000 kr? Eða viltu fá beinan afslátt af bílnum og gæða vetrardekk að auki að verðmæti 160.000 kr, komin undir bílinn og sumardekkin pökkuð saman í skottið?

Veljir þú afsláttinn og dekkin þá greiðir þú aðeins **1.519.000 kr.** fyrir Citroën C3 SX.* Veljir þú sjónvarpið þá greiðir þú hinsvegar **1.629.000 kr.** fyrir Citroën C3 SX.* Hvort viltu?

Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg. Komdu núna í Brimborg. Vertu á 5 dyra, beinskiptum Citroën C3 SX.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

## Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg
## Komdu núna. Jólatilboðið gildir aðeins til 22.12.2006

Jólatilboð Brimborgar

**JÓLIN NÁLGAST**
**OFURJÓLATILBOÐ Á CITROËN**
**KYNNTU ÞÉR GREIÐSLUKJÖRIN**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd af C3 eru þokuljós og samlitun. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Svona erum við

> Heildarstærð fólkvanga á Íslandi í ferkílómetrum




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ATLANTSHAFSBANDALAGIÐ

# *Íslendingar eru eina herlausa þjóðin*

Atlantshafsbandalagið, NATO (North-Atlantic Treaty Organization), er alþjóðlegt varnarbandalag sem var stofnað 4. apríl 1949 og hefur höfuðstöðvar í Brussel í Belgíu. Það er nú öflugasta hernaðarbandalag heims.

**Hvers vegna?**
Skömmu eftir síðari heimsstyrjöldina þótti nokkrum Evrópuríkjum sem áður höfðu skrifað undir svonefndan Brusselsáttmála nauðsynlegt að fá Bandaríkjamenn til fylgilags við sig til að skapa almennilegt hernaðarlegt mótvægi við Sovétríkin. Þannig varð Atlantshafsbandalagið til.



Kjarni þess var fimmta greinin, sem kvað á um að árás á eitt aðildarríkjanna jafngilti árás á þau öll.

**Hvað með hið herlausa Ísland?**
Íslendingar voru ein af tólf stofnþjóðum bandalagsins ásamt Belgíu, Hollandi, Lúxemborg, Frakklandi, Bretlandi, Bandaríkjunum, Kanada, Portúgal, Ítalíu, Noregi og Danmörku. Íslendingar eru eina þjóðin í bandalaginu sem ekki hefur eigin her og var það sett sem skilyrði við inngönguna að Ísland þyrfti ekki að koma sér upp her til að halda aðild.

**Hver eru aðildarríkin?**
Árið 1952 gengu Grikkir og Tyrkir í bandalagið og árið 1955 Vestur-Þjóðverjar. Spánn fékk aðild árið 1982 og frá árinu 1999 hafa tíu Austur-Evrópuþjóðir bæst við. Aðildarríki eru nú 26 talsins og enn gæti bæst við, því nokkrar Austur-Evrópuþjóðir hafa það sem yfirlýsta stefnu sína að ganga til liðs við bandalagið, til dæmis Albanía, Makedónía og Króatía.

**Hver eru inngönguskilyrðin?**
Ný inntökuskilyrði tóku gildi árið 1999. Nú þurfa öll aðildarríki að vera friðsöm lýðræðisríki sem virða mannréttindi. Þau þurfa að hafa herafla sem nýst getur NATO og nauðsynlegt er að ríkin verji ákveðnu hlutfalli landsframleiðslunnar til hernaðarmála. Þá þarf að tryggja trúnað varðandi viðkvæm gögn og auk þess að samræma lög hvers lands lögum NATO.

**SPURT & SVARAÐ**
SVIFRYKSMENGUN

## *Kemur mest úr umferðinni*

Gula slykju lagði yfir höfuðborgina á mánudag vegna hins margumrædda svifryks, sem einatt virðist vera yfir hættumörkum. Lúðvík Gústafsson er deildarstjóri Mengunarvarna hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar.



**LÚÐVÍK GÚSTAFSSON** Deildarstjóri Mengunarvarna hjá Reykjavíkurborg.

**Hvað er svifryk?**
Svifryk eru minnstu agnir sem svífa í lofti. Það getur verið til dæmis jarðvegur eða saltagnir, en mest kemur þetta nú úr umferðinni.

**Er svifryk hættulegt?**
Fyrir suma er það hættulegt og aðra ekki. En almennt er það talið vafasamt fyrir heilsu ef það er í of miklu magni. En ég er að teygja mig heldur langt faglega ef ég segi að það sé beinlínis hættulegt.

**Hvernig má draga úr því?**
Vegna þess að þetta kemur mestmegnis úr umferðinni þá er góð byrjun að draga aðeins úr hraðanum í umferðinni og vera sem minnst á nagladekkjum.

Allt um allt sem skiptir máli í Reykjavík

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Allar nýjustu upplýsingar og fréttir á ensku á vefnum reykjavik.com og í blaðinu Reykjavikmag.

# Fjandskapur meðal Frjálslyndra

**Frjálslyndi flokkurinn mældist með ellefu prósenta fylgi þann 8. nóvember og var það fimmföldun fylgis frá fyrri könnun. Síðan þá hefur hver höndin verið upp á móti annarri innan flokksins og stefnir í uppgjör á landsþingi í janúar.**

Það er mikið verkefni sem bíður Ólafs F. Magnússonar, borgarfulltrúa Frjálslyndra, sem segist nú ætla að reyna að koma á sáttum í flokki sínum. Margrét Sverrisdóttir gaf á sunnudagskvöld í skyn í Ríkissjónvarpinu að hún kynni að fara gegn Guðjóni Arnari Kristjánssyni, samstarfsmanni sínum til margra ára, í framboð til formennsku í flokknum.

Núverandi deilur innan Frjálslynda flokksins virðist mega rekja til þingkosninga 2003, þegar Jón Magnússon, hæstaréttarlögmaður og stofnandi Nýs afls, útilokaði að ganga í flokk sem lyti stjórn Sverris Hermannssonar, föður Margrétar. Deilurnar voru þó ekki gerðar opinberar fyrr en Margrét sagði þann 18. nóvember í viðtali við Fréttablaðið að hún vildi ekki sitja á þingi fyrir flokk með stefnu sem einkenndist af hugmyndum Jóns Magnússonar um innflytjendamál. Jón hafði þá birt greinina Ísland fyrir Íslendinga? í Blaðinu í upphafi mánaðarins þar sem Jón varar við því að til Íslands komi „fólk úr bræðralagi Múhameðs sem hefur sín eigin lög og virðir ekki lágmarksmannréttindi." Einnig segir Jón að „við viljum hafa okkar velferðarkerfi fyrir Íslendinga" en áréttar að enginn megi skilja orð sín svo að hann „sé á móti Pólverjum eða öðru kristnu fólki úr okkar heimshluta". Eins harkalega og áðurgreind orð hljóma skal þess getið að Jón hefur sagt orð sín misskilin og slitin úr samhengi. Hann hafi einungis verið að vara við íslömsku öfgafólki, ekki múslimum sem slíkum.



**LITLIR KÆRLEIKAR** Það virðast litlir kærleikar með þeim Margréti og Magnúsi Þór á þessari mynd sem var tekin í maí 2006. Sækist Margrét ekki eftir formannssæti Guðjóns, má telja víst að hún reyni að velta Magnúsi úr sessi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**Viðbrögð þingflokks**
Tveimur dögum eftir birtingu greinar Jóns, lagði Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslyndra, fram fyrirspurn á Alþingi fyrir félagsmálaráðherra um erlent starfsfólk og þann sjöunda nóvember stofnaði hann til utandagskrárumræðu um fjölgun útlendinga á Íslandi. Þingflokkur frjálslyndra hefur síðan stutt Jón og tveir úr þingflokki Frjálslyndra hafa lýst yfir í Fréttablaðinu að þeir telji skoðanir Jóns ekki einkennast af kynþáttahyggju. Þetta gerðu þeir eftir að Margrét lýsti yfir andúð sinni á málflutningi lögmannsins.

Magnús Þór sagði að greinin Ísland fyrir Íslendinga? væri „fín" og Sigurjón Þórðarson lýsti sig „sammála inntakinu" í henni. Hvorugur þeirra sá í greininni merki um rasisma, ólíkt Margréti. Guðjón Arnar var þögull, en meirihluti þingflokksins fylgdi þar með opinberlega Jóni Magnússyni, nýjum flokksfélaga, að máli, fremur en stofnfélaganum Margréti. Að því leytinu til snýst umræðan um klofning innan flokksins einmitt um Jón Magnússon, þótt þingflokkurinn vilji lítið úr því gera.

Þann 19. nóvember, tveimur dögum eftir viðtalið við Margréti, sendir Jón Magnússon fjöldapóst á félaga sína í Nýju afli og segir sér illa vært í félagsskap með Margréti. Að það væri búið að reka hvern einasta framkvæmdastjóra sem hagaði sér eins og hún hafi gert í fyrrnefndu viðtali. Jón boðar menn sína til fundar um stöðuna. Tíu dögum síðar er Margréti sagt upp störfum sem framkvæmdastjóri þingflokksins, en hún situr áfram sem framkvæmdastjóri flokksins.

**Bjóst ekki við þessu af Guðjóni**
Guðjón Arnar Kristjánsson var harður á því í Kastljósi mánudagsins að Jón og Nýtt afl hefðu ekkert haft með uppsögn Margrétar að gera. Hann hefur lýst því yfir að honum hugnist ekki að Margrét starfi sem framkvæmdastjóri þingflokks samhliða væntanlegu framboði hennar til Alþingis. Það hafi komið í ljós í síðustu kosningum að slíkt fari ekki saman.

Margrét telur hins vegar fullvíst að áhrif Jóns innan flokksins hafi leitt til uppsagnarinnar, enda hafi afstaða Guðjóns Arnar komið henni algjörlega í opna skjöldu. „Við Guðjón höfum starfað saman í tíu ár og það hefur aldrei fyrr, áður en Nýtt afl kom í flokkinn, borið skugga á samstarf mitt og Guðjóns, aldrei. Ég átti ekki von á þessu frá honum."



**GUÐJÓN ARNAR BÝÐUR JÓN MAGNÚSSON VELKOMINN Í FLOKKINN** Það gerðu þau feðginin Sverrir Hermannsson og Margrét víst ekki, en Jón útilokaði þátttöku í flokknum með Sverri sem formann. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**Lokarimma eða sátt**
Vígbúðum flokksins má skipta í tvennt, annars vegar er þingflokkurinn og Nýtt afl, en Guðjón Arnar segir nýja flokksmenn þaðan einungis fimmtíu talsins. Nýtt afl virðist þó hafa áhrif umfram fjölda, sé litið til þess að Magnús Þór og Sigurjón studdu ekki við bakið á Margréti þegar hún gagnrýndi Jón Magnússon, sem fyrr segir. Miðað við fyrirvaralausa uppsögn Margrétar er vart hægt að telja Guðjón Arnar til stuðningsmanna hennar heldur. Þingflokkurinn sakar nú Margréti um að hafa komið af stað rás atburða til að styrkja eigin stöðu á komandi landsþingi.

Hins vegar er „hófsamari" armur Frjálslyndra og fylgir hann Margréti. Þar má helst telja Ólaf F. Magnússon og þau sem hafa starfað að borgarmálum. Einnig stofnandann Sverri Hermannsson og hinn gamla kjarna flokksins; þeir sem komu að stofnun hans og sitja í miðstjórninni.

Flestir lykilmenn Frjálslyndra segjast vilja koma á sáttum innan flokksins, en sættir gætu þó verið um seinan. Í janúar verður framtíð flokksins ráðin á landsþingi Frjálslyndra. Víst er að margir bíða í eftirvæntingu eftir að sjá hver endanleg stefna hans verður í innflytjendamálum, hvað sem líður erjum flokksmanna.



FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is



H:N markaðssamskipti / SIA

# Ný og betri lyf valda höfuðverk

**Lyfjamál hafa verið mikið í umræðunni á Íslandi að undanförnu og kemur þar margt til. Einn er sá flokkur lyfja sem ekki hefur mikið verið fjallað um og það er S-merkt eða sjúkrahúsmerkt lyf. Þau hafa bylt meðferðarmöguleikum erfiðra sjúkdóma en eru mjög dýr fyrst eftir að þau koma á markað. Glíman við hvenær og hvernig þessi lyf skulu nýtt er erfitt úrlausnarefni.**



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

Á síðasta áratug hafa orðið miklar framfarir í lyfjameðferð við ýmsum alvarlegum sjúkdómum þar sem meðferðarmöguleikar voru áður litlir eða engir. Lyfin teljast flest til líftæknilyfja sem undantekningalaust eru mjög dýr og því er talið mjög mikilvægt að sem best sé staðið að vali sjúklinga sem meðferðina hljóta.

Þeir sjúkdómaflokkar sem mörg lyfjanna eru ætluð gegn eru illvígir gigtarsjúkdómar, krabbamein og illkynja blóðsjúkdómar, MS sjúkdómurinn og ýmsir blóðstorkusjúkdómar. Lyfin eru flest notuð á eða í tengslum við sjúkrahús og eru ásamt öðrum lyfjum flokkuð í lyfjaskrá sem S-merkt (sjúkrahúsmerkt) lyf.

### Skipan lyfjamála á LSH

Árið 2000 var ákveðið af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu (HTR), með breytingu á reglugerð um almannatryggingar, að Tryggingastofnun ríkisins (TR) skyldi hætta að greiða fyrir S-merkt lyf og var fjárveiting fyrir lyfjunum flutt yfir til LSH. Í samningi, sem var gerður á milli LSH og TR og staðfestur af HTR árið 2001, var LSH falin umsýsla með notkun S-merktra lyfja, þar með talið að setja reglur og semja klínískar leiðbeiningar um einstök lyf og fylgjast með að eftir þeim sé farið, HTR myndi á móti beita sér fyrir að nauðsynlegt fjármagn fengist vegna þess kostnaðar og þeirrar aukaumsýslu sem þessu fyrirkomulagi fylgir.

Í skýrslu um notkun og útgjöld vegna S-merktra lyfja á Landspítalanum, sem skrifstofa framkvæmdastjóra lækninga vann í lok nóvember í ár, kemur fram að til að uppfylla ákvæði fyrrnefnds samnings hefur LSH gert ýmsar ráðstafanir. Sérstök deild lyfjamála var sett á stofn en það er séreining, sem hefur verið falið að annast umsýslu og eftirlit með notkun þessara lyfja. Þá var ákveðið að S-merkt lyf eru ekki afgreidd úr sjúkrahúsapóteki LSH nema því aðeins að sótt hafi verið til deildar lyfjamála um einstaklingsbundna heimild þar sem fram kemur rökstuðningur viðkomandi læknis fyrir notkun lyfsins og að sjúklingur uppfylli öll skilyrði svokallaðra klínískra leiðbeininga.

Klínískar leiðbeiningar eru í stuttu máli skilgreindar á eftirfarandi hátt af Landlæknisembættinu. „...leiðbeiningar (ekki fyrirmæli) um verklag, unnar á kerfisbundinn hátt, til stuðnings starfsfólki í heilbrigðisþjónustu og almenningi við ákvarðanatöku við tilteknar aðstæður. Þær taka mið af bestu þekkingu á hverjum tíma og eru lagðar fram í því skyni að veita sem besta meðferð með sem minnstri áhættu án óhóflegs kostnaðar.“

### Regluverkið of þungt?

„Þegar lyf eru markaðssett í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku þá er búið að vinna alla þessa vinnu. Lyfin eru ekki markaðssett nema þau hafi sannað sig í óheyrilega dýrum og langvinnum rannsóknum. Við læknar eigum ekki að þurfa að sanna það hér á Íslandi að þetta séu virk lyf. Klínískar leiðbeiningar eru eins og þeir skilja það þá eru þetta leiðbeiningar um hvernig þeir eiga að meðhöndla mínar beiðnir. Fyrir mér ættu þær að snúast um að veita mínum sjúklingum sem besta þjónustu,“ segir Sigurður Björnsson yfirlæknir á lyflækningadeild krabbameina á LSH en hann er einn þeirra lækna sem er þeirrar skoðunnar að regluverkið í kringum lyfjamál hér á landi sé orðið of mikið, og nefnir sína sérgrein sem gott dæmi um það.

Hann segir einnig að allar þjóðir eigi í erfiðleikum vegna þess hversu dýr lyfin eru fyrst eftir að þau koma á markað. „Þessi lyf eru oft dýrari en áætlanir gera ráð fyrir og erfitt að gera ráð fyrir þeim í fjárveitingum á milli ára.“

Jóhannes M. Gunnarsson segir að stuðst sé við klíniskar leiðbeiningar á öllum helstu háskólasjúkrahúsum heims og á það sérstaklega við um notkun jafn vandmeðfarinna og dýrra lyfja og hér um ræðir. Hann segir að það sé á ábyrgð viðkomandi yfirlækna að vera vakandi fyrir gagnreyndum nýjungum í meðferð sjúkdóma og eru þeir jafnframt ábyrgir fyrir gerð klíniskra leiðbeininga um notkun þeirra. Hann segir jafnframt að á Landspítalanum gangi afgreiðsla slíkra mála hratt og vel fyrir sig.

### Mörg ný lyf að koma á markað

Útgjöld vegna S-merktra lyfja hafa verið bókfærð sérstaklega í rekstrarreikningi LSH frá því samningurinn um yfirfærslu S-merktra lyfja til spítalans var samþykkt. Þetta var gert til þess að unnt væri að meta hvort fjárveitingar til LSH til þessara nota séu í samræmi við þau fyrirheit heilbrigðisráðuneytisins, sem fram komu í fyrrnefndum samningi. Í skýrslunni um notkun og útgjöld vegna S-merktra lyfja segir. „Ljóst er að fjárveitingar til LSH vegna S-merktra lyfja, sem heilbrigðisráðuneytið hét að beita sér fyrir í samningnum, hafa hvergi nærri fylgt verðlagsþróun né þeirri þörf sem ný og árangursrík lyf skapa í heilbrigðiskerfinu. Því hefur þurft á undanförnum árum að færa fé úr öðrum rekstri sjúkrahússins til þess að standa straum af kostnaði vegna S-merktra lyfja, sem flest eru notuð til meðferðar sjúklinga sem ekki eru inniliggjandi á sjúkrahúsinu og sum hver í þágu sjúklinga sem aldrei hafa komið til meðferðar á LSH.

Í skýrslunni kemur einnig fram að fjöldi nýrra lyfja sé á næsta leiti og því ljóst að sjúkrahúsið þurfi að hafa tryggt fjármagn til þess að taka í notkun þær nýjungar í lyfjameðferð sem nauðsynlegar reynast að undangenginni gagnreyndri skoðun og ef mæta skal væntingum og kröfum sjúklinga. Jóhannes M. Gunnarsson lækningaforstjóri segir að eftir að spítalinn tók við S-merktum lyfjum þá hefur kostnaðaraukinn verið langt umfram það sem búist var við. „Við fáum aðeins hækkun miðað við vissa prósentutölu, þannig að í rauninni er þessi kostnaðarauki að éta innan úr annarri starfsemi og það hljóta að vera þolmörk hversu lengi það getur gengið. Síðustu mánuðina hefur mikið verið að gerast í lyfjamálum og fyrirsjáanlegt að miklu fleiri lyf munu banka á dyrnar hjá okkur á næstunni. Þar má nefna sem dæmi lyf fyrir hrörnun í augnbotni sem er gríðarlega dýrt. Okkar bíður mikill vandi ef ekki kemur til aukafjárveiting.“

### Aukin fjárframlög yfirvalda

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir að sjúkrahúsið hafi fengið verulega styrkingu á sínum fjárhag með afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2007. „Við erum að setja inn í fjáraukalög 2006 einn milljarð króna og á næsta ári setjum við inn í grunninn einn milljarð til viðbótar. Við munum einnig halda áfram að fylgjast með starfseminni eftir því sem henni vindur fram. Sjúkrahúsið er að standa sig mjög vel í að taka þessi lyf í notkun og gerir það í eðlilegu ferli og nú þegar hafa nokkur þeirra lyfja sem um er rætt verið tekin í notkun.“ Siv er þeirrar skoðunnar að ekki megi eingöngu nálgast umræðu um lyf og þjónustu heilbrigðiskerfisins aðeins út frá fjármagni. „Gleymum því ekki að við bjóðum upp á mikil gæði og fimm ára lifun krabbameinssjúklinga er með því besta í Evrópu. Lyfjameðferð gerir þeim kleift að taka þátt í þjóðfélaginu eins og mörgum öðrum sem glíma við erfiða sjúkdóma. Við fáum mikið á móti í bættri meðferð og við viljum viðhalda þessari þjónustu sem er sú besta sem gengur og gerist.“

### Velferð Íslendinga

Það er skoðun íslenskrar þjóðar að heilbrigðisþjónusta á Íslandi sé í fremstu röð. Það á ekki síst við um meðferð þeirra sjúkdóma þar sem S-merktu lyfin koma að mestu gagni. Þannig hefur árangur og gæði meðferðar við illkynja sjúkdómum og þjónusta við sjúklinga með alvarlega gigtarsjúkdóma verið talin afar góð hér á landi. Það er mikilvægt að standa vörð um þær framfarir sem náðst hafa í meðhöndlun alvarlegra sjúkdóma en nágrannalönd okkar hafa einnig verið að glíma við verulega útgjaldaaukningu vegna notkunar S- merktra lyfja, og blaðaskrif og pólitískar deilur hafa víða staðið um málið til dæmis í Danmörku og Bretlandi.



## Þeir sem nota lyfin



Lyfjamál eru þess eðlis að siðferðileg vandamál skjóta upp kollinum þegar um þau er fjallað. Í viðtölum Fréttablaðsins við einstaklinga sem ekki vildu láta nafns síns getið kom ítrekað upp spurningin hvort hugsanlegt sé að einhverjum sjúklingum sé neitað um meðferð sem þeir eigi rétt á. Sumir fullyrða að samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga þar sem stendur að „sjúklingur á rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita“, eigi að gilda og öll þau lyf sem mögulegt er að nýta til að bæta lífslíkur og lífsgæði sjúklinga eigi að taka í notkun strax án tillits til kostnaðar.

Málið er þó hvergi nærri svona einfalt. Gæta verður að því að lyfin henti viðkomandi sjúklingi og fékkst staðfest hjá sérfræðingi að eitt af því sem þarf að huga að er ástand hvers sjúklings fyrir sig og möguleika þess að aukaverkanir hafi ekki neikvæð áhrif á meðferð. Ekki er langt síðan að lyf sem hér var tekið í notkun reyndist hafa miklar aukaverkanir og var tekið af markaði aftur. Því hlýtur að teljast eðlilegt að gera kröfur til þessara lyfja sem byggja á bestu upplýsingum sem fáanlegar eru á hverjum tíma.

Steinunn Friðriksdóttir, formaður Styrks, samtaka krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra, hefur sjálf barist við krabbamein. Hún er þeirrar skoðunnar að ef læknar telja að ný lyf séu betri enn þau sem fyrir eru þá eigi þeim að vera frjálst að nota þau. „Þeir sem byggðu þetta land upp eru þeir sem þurfa lyfin í mörgum tilfellum. Það er lítilsvirðing við þetta fólk að læknar þurfi að fá leyfi til að nota þessi lyf. Það er í raun hneyksli.“ Steinunn segir jafnframt að fólk verði að gæta þess að fara varlega í þessa umræðu og leyta sér upplýsinga.

## KOSTNAÐUR VEGNA S-MERKTRA LYFJA ÁRIN 2001-2006

| Ár | Kostnaður | Hækkun |
|---|---|---|
| 2001 | 1.154 milljónir | |
| 2002 | 1.374 milljónir | 19,0% |
| 2003 | 1.548 milljónir | 12,7% |
| 2004 | 1.745 milljónir | 12,7% |
| 2005* | 1.507 milljónir | 2,7% |
| 2006* | 1.845 milljónir. (áætl.) | 22,4 % |

*Frá árinu 2005 eru lyfin skráð á innkaupsverði en það ár var reikningsaðferð við samantekt á kostnaði vegna S-merktra lyfja breytt. Áður var kostnaðurinn reiknaður á skráðu hámarksverði en frá 2005 á innkaupsverði auk afgreiðslugjalds. Kostnaður á innkaupsverði fyrir árið 2004 er 1.468 milljónir króna. Skýringin á lítilli kostnaðarhækkun árið 2005 er styrking íslensku krónunnar.




*Miðað við 12 mánaða áskrift.

Við framlengjum áskriftartilboðið
til 19. desember 2006!
Áskrift á www.bistro.is
eða í síma: 550 5060

FABRIKAN

# NARNÍA

***Þriðja og fjórða bókin í röðinni um Narníu***

*Töfraheimur frá upphafi tímans, fullur af undursamlegum skepnum, talandi dýrum og trjám sem eiga það til að rífa sig upp og dansa.*

Fá ævintýri hafa notið jafn mikilla vinsælda og sögurnar um Narníu. Nú heldur ævintýrið áfram um þessa stórkostlegu töfraveröld í bókunum eftir C. S. Lewis.







FJÖLVI







Suðurlandsbraut 54 - 108 Reykjavík
Sími: 565 6500 - www.fjolvi.is

*Fyrstu bækurnar tvær komu út í fyrra og nutu fádæma vinsælda.*

# Yfir 7500 tegundir



Gott verð **9.499 kr**

**Kerruvagn**
passar fyrir burðarstólinn.
Regnslá, burðarrúm
og skiptitaska fylgir



Gott verð **4.699 kr**

**Nýja**
**Baby born dúkkan**
hvít m/ töfraaugu



Gott verð **2.999 kr**

**New born dúkka**
**43 cm.**
Koppur og matarsett
fylgir með



Gott verð **1.999 kr**

**Teardrop dúkka**
sem grætur, peli
og snuð fylgja með



Gott verð **3.499 kr**

**Barbie**
snyrtiborð, fataskápur
og fleiri fylgihlutir fyrir
dansandi prinsessur



Gott verð **2.499 kr**

**Kassagítar**
tré, 2 litir

Verð frá **199 kr**





Gott verð **699 kr**

**Tromma**



**Barbie**
dansandi
prinsessa

Gott verð **4.999 kr**

Gildir á meðan birgðir endast.
Allt úrvalið í Smáralind, Kringlu og Skeifu,
takmarkað úrval í öðrum verslunum.



af leikföngum
JAMES BOND 007
Walkie Espía
Gott verð 1.999kr
Njósnagleraugu 007
Talstöð 007
Gott verð 1.799kr
Njósnasett 007
Gott verð 2.499kr
Gott verð 5.999kr
Hitech
Talstöð 3000 m
Gott verð 3.999kr
Pirate Expeditions
Gott verð 2.699kr
Gott verð 3.999kr
Gott verð 3.999kr
Gott verð 2.699kr
Gott verð 1.399kr
Gott verð 999kr
KNIGHTS
Gott verð 3.999kr
Gott verð 999kr
Gott verð 499kr
Ótrúlegt úrval af
loðdýrum
á góðu verði
Keel Toys
Gott verð 799kr
Mjúkir hundar
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.314 **-0,21%** **Fjöldi viðskipta:** 313 **Velta:** 3.642 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Hampiðjan** | 3,95% | **Mosaic** | 1,79% |
| **365** | 3,90% | **Össur** | 1,33% |
| **Teymi** | 2,75% | **Marel** | 1,28% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,00 +3,90% ... Actavis 66,00 -0,45% ... Alfesca 5,12 -0,58% ... Atlantic Petroleum 540,00 -0,64% ... Atorka 6,46 +0,16% ... Bakkavör 62,70 +0,32% ... Eimskipafélagið 31,20 +0,65% ... FL Group 23,80 -0,42% ... Glitnir 22,70 -0,44% ... Kaupþing 822,00 +0,00% ... Landsbankinn 26,40 -0,38% ... Marel 77,00 -1,28% ... Mosaic Fashions 16,50 -1,79% ... Straumur-Burðarás 17,40 -0,57% ... Össur 111,00 -1,33%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Fötin í jólaköttinn

Útlit er fyrir slaka jólaverslun í Bretlandi þessi jólin og gæti hún orðið sú versta í aldarfjórðung miðað við sölutölur í nóvember. Einkum hefur sala á fatnaði og skóm brugðist með þeim afleiðingum að kaupmenn grípa í örvæntingu til þess ráðs að selja jólafötin með verulegum afslætti. Miklu betur gengur í sölu á öðrum neysluvörum, til dæmis matvörum og skartgripum. House of Fraser, vöruhúsakeðja Baugs, FL og fleiri fjárfesta, og aðalkeppinautarnir í Debenhams hafa verið að selja vörur með tuttugu prósenta afslætti nú í byrjun desember og búast sérfræðingar við fimmtán til sautján prósenta sölusamdrætti hjá fyrirtækjunum á milli ára, samkvæmt Guardian. Þetta ástand gæti ekki síður haft umtalsverð áhrif á aðrar fjárfestingar Íslendinga í breskri smásölu, svo sem Woolworths, French Connection og Mosaic Fashions sem einmitt er í Kauphöll Íslands.



### Lykilstarfsmenn kaupa á hálfvirði

Actavis hefur skráð hlutafjáraukningu upp á tæpan milljarð króna að markaðsvirði til að mæta kaupréttarsamningum félagsins við starfsmenn, samkvæmt tilkynningu til Kauphallar. Að nafnverði nemur aukningin tæplega 14,8 milljónum króna. Kauprétturinn skiptist þannig að lykilstjórnendur keyptu samtals tæplega 3,8 milljónir hluta á genginu 38,5 krónur á hlut, en aðrir starfsmenn samtals 10,9 milljónir hluta á gengi á bilinu 38,5 til 57,5 króna. Lykilstjórnendur eru skuldbundnir til að selja ekki hluti sína í tólf mánuði frá kaupdegi. Þeir greiddu 145,4 milljónir króna fyrir hlut sinn nú, en söluandvirði miðað við gengi gærdagsins nemur rúmum 249 milljónum króna.

## MARKAÐSPUNKTAR ...

Erlendar skuldir þjóðarbúsins, að frádregnum erlendum eignum, námu í lok þriðja ársfjórðungs 1.217 milljörðum króna og hefur staðan versnað um 361 milljarð á árinu, meðal annars vegna viðskiptahalla og gengisþróunar.

Kreditkortavelta heimila var 23 prósentum meiri í janúar til október 2006 en á sama tímabili í fyrra. Debetkortavelta jókst um 6,9 prósent á tímabilinu. Kreditkortavelta Íslendinga erlendis jókst um 34,9 prósent í janúar til október 2006 frá sama tíma í fyrra.

Star AcquisitionCo AS, dótturfélag Promens sem er dótturfélag Atorku, hefur tryggt sér um 95,68 prósent af útistandandi hlutum í Polimoon. Tilboðstímabilið rennur út þann 15. desember 2006.

# Dalurinn hressist

Bandaríkjadalur hefur heldur rétt úr kútnum í þessari viku gagnvart helstu gjaldmiðlum heims eftir mikla veikingu í nóvember.

Aðalástæða undanfarinna lækkana er sögð vera væntingar spákaupmanna um að Bandaríski seðlabankinn lækki vexti á næsta ársfjórðungi. Í byrjun vikunnar hafði dalurinn ekki verið veikari gagnvart evru í meira en 20 mánuði og gagnvart pundi síðan 1992.

Nú kostar ein evra um 1,33 dollara. Til samanburðar kostaði hún 0,9 dollara fyrir fimm árum. Margir telja einungis tímaspursmál hvenær dalurinn fer niður í sögulegt lágmark gagnvart evru sem er 1,36.

Hagvísar í Bandaríkjunum sýna að hægst hefur um í hagkerfinu, en seðlabankinn ytra horfir mjög til þróunar neysluútgjalda almennings. Eftir sautján vaxtahækkanir í röð á tveimur árum hefur bankinn á síðustu þremur vaxtaákvörðunardögum haldið stýrivöxtum óbreytum í 5,25 prósentum.

Þótt almennt sé talið víst að bankinn hækki ekki vexti eru ekki allir sannfærðir um að til lækkana komi sem myndu án efa lækka gengi dalsins frekar. - eþa



**SÁ GRÆNI** Bandaríkjadalur hefur lækkað vegna væntinga um vaxtalækkanir.

# Leggja til flutning á framleiðslu

Búist er við að á næstu vikum fáist niðurstaða í viðræður samheitalyfjafyrirtækisins Actavis við heilbrigðisyfirvöld um aðgerðir til að lækka lyfjaverð, að sögn Halldórs Kristmannssonar, yfirmanns innri og ytri samskipta hjá Actavis. Hann segir viðræðurnar hafa staðið í um tvo mánuði og gengið vel.

Meðal þess sem er til umræðu er að flytja framleiðslu á um tuttugu lyfjategundum frá verksmiðju Actavis í Hafnarfirði til Bretlands. „Þetta eru lyf sem framleidd hafa verið í litlu magni og verið kostnaðarsamt að framleiða hér," segir hann og kveður að með þessu verði hægt að lækka lyfjaverð. Halldór bendir um leið á að verksmiðja fyrirtækisins hér framleiði mest fyrir erlenda markaði og því ekki fyrirséð að áhrif tilfærslna á framleiðslu fyrir Íslandsmarkað yrðu nema óveruleg.

Halldór bendir á að fyrirtækið fagni jafnframt umræðu sem farin sé af stað um virðisaukaskatt á lyf og telur fulla ástæðu til að huga frekar að þeim málum í tengslum við aðgerðir í þá veru að lækka lyfjaverð. „Þetta mætti skoða í tengslum við hvernig málum er háttað í okkar nágrannalöndum. Til dæmis hafa frændur okkar Svíar það þannig að lyfseðilsskyld lyf bera engan virðisaukaskatt, en hérna er hann 24,5 prósent." - óká



**YFIRMENN ACTAVIS** Sigurður Óli Ólafsson, aðstoðarforstjóri og Róbert Wessmann forstjóri Actavis.

# Fons er næststærsti hluthafinn í 365 hf.

Fons, sem er að meirihluta í eigu Pálma Haraldssonar, hefur keypt allan hlut Straums-Burðaráss og dótturfélags þess, Iðu fjárfestinga, í 365 hf., sem gefur meðal annars út Fréttablaðið.

Um er að ræða 9,2 prósenta hlut sem var keyptur fyrir rúma 1,2 milljarða króna.

Gengið í viðskiptunum var 4,08 sem var talsvert yfir þáverandi markaðsgengi 365. Fons á eftir viðskiptin 14,9 prósent í 365 sem gerir félagið að næststærsta hluthafanum á eftir Baugi sem heldur utan um þrjátíu prósent í 365.

Frá því að gengi hlutabréfa í 365 fór í lægsta gildi í lok nóvember hefur það hækkað úr 3,44 í fjóra. Nemur það 16,2 prósenta hækkun. - eþa

# Viðskiptahallinn slær öll met

Nýbirtar tölur Seðlabankans um viðskiptahalla á þriðja ársfjórðungi eru nokkurt áhyggjuefni að mati Greiningar Glitnis. Sérstaklega í ljósi þess að erlend matsfyrirtæki hafa horft til ytri ójöfnuðar í greiningu sinni á lánshæfi ríkissjóðs. Þá eru þær taldar auka heldur líkur á að Seðlabankinn hækki vexti sína þann 21. desember.

Viðskiptahalli hefur aldrei verið meiri á einum ársfjórðungi en hann reyndist tæplega 81 milljarður króna á þeim þriðja. Halli á þáttatekjum tvöfaldaðist milli ársfjórðunga og nam 31 milljarði króna, halli á þjónustujöfnuði nam 12 milljörðum og halli á vöruskiptum 38 milljörðum króna. Viðskiptahalli ársins er því orðinn 205 milljarðar króna og meiri en allt árið í fyrra.



**DÝRIR JEPPAR** Miklar fjárfestingar, mikil einkaneysla og lítill þjóðhagslegur sparnaður kynda undir viðskiptahallann.

Stór hluti af hallanum er til kominn vegna mikilla fjárfestinga og því ekki áhyggjuefni ef þær reynast arðbærar. Í Morgunkorninu segir að þó verði ekki framhjá því litið að verulegur hluti hans er af völdum mikillar einkaneyslu og lítils þjóðhagslegs sparnaðar. Þessi hluti hallans kalli á leiðréttingu og myndi þrýsting til lækkunar á gengi krónu að öðru óbreyttu.

Krónan veiktist um 1,1 prósent í gær í kjölfar birtingar talnanna. - hhs





Komdu tímanlega
með jólakortin

PÓSTURINN
allur pakkinn

Síðasti öruggi skiladagur

á jólakortum til landa utan Evrópu
er fimmtudagurinn **7.12.**

á jólakortum til Evrópu
er fimmtudagurinn **14.12.**

á jólakortum innanlands
er miðvikudagurinn **20.12.**

Finndu pósthúsið næst þér á www.postur.is


DVD
VERÐLÆKKUN
Ótrúlegt verð
Allar nýjar DVD myndir á 1.999
1.999kr.
alm. verð 2.499,-
1.999kr.
alm. verð 2.499,-
1.999kr.
alm. verð 2.499,-
1.999kr.
alm. verð 2.499,-
1.999kr.
alm. verð 2.499,-
1.999kr.
alm. verð 2.499,-
SKEMMTILEGAR JÓLAGJAFIR
4.999kr.
4.999kr.
5.799kr.
5.799kr.
2.499kr.
2.499kr.
1.999kr.
1.999kr.
1.999kr.
Gildir til 14. desember eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Tuttugu þúsund manns fengu bónus

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur greitt rúma 1,7 milljarða í bónus til þeirra sjóðfélaga er áttu réttindi í samtryggingadeild í lok síðasta árs. Yfir 20 þúsund sjóðfélagar fengu að meðaltali 87 þúsund krónur í bónus.

Þetta er gert vegna sterkrar tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins. Bónusgreiðslurnar eru greiddar úr samtryggingadeild í frjálsa séreign sjóðfélaga, en séreigni er laus til útborgunar eftir sextíu ára aldur.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem er rekinn af Kaupþingi, á 57 milljarða króna í heildareignir. Bónusgreiðslan er sú hæsta í 28 ára sögu lífeyrissjóðsins. **- eþa**



**PENINGAR** Bónusgreiðsla til sjóðsfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins í lok síðasta árs nam 1,7 milljörðum króna.

# Ítalir selja í Alitalia

Romano Prodi, forsætisráðherra Ítalíu, greindi frá því í fyrradag að ríkisstjórn sín hafi ákveðið að selja 30,1 prósents hlut sinn í flugfélaginu Alitalia gegn ákveðnum skilyrðum. Fransk-hollenska flugfélagið Air France-KLM átti nýverið í samrunaviðræðum við flugfélagið en setti fyrir sig stóran eignarhlut ítalska ríkisins í flugfélaginu auk þess sem bæta verði skuldastöðu flugfélagsins verulega áður en til samruna komi.

Samkvæmt skilyrðum ríkisins, sem fer með 49,9 prósenta hlut í Alitalia, verður kaupandinn að gera yfirtökutilboð í félagið, halda vörumerkinu óbreyttu, tryggja að rekstur félagsins verði áfram á Ítalíu auk þess sem hann verði að grípa til hagræðingaaðgerða til að bæta rekstur þess. Samrunaviðræðurnar eru ekki nýjar af nálinni enda kom til greina að sameina félögin þegar Air France tók yfir rekstur hollenska flugfélagsins KLM fyrir þremur árum. Þá er krosseignarhald þeirra á milli en franska flugfélagið á tveggja prósenta hlut í Alitalia, sem aftur á jafn stóran hlut í Air France-KLM.

Talsverður munur er á afkomu flugfélaganna en Air France-KLM skilaði 568 milljóna evra eða rúmlega 53 milljarða króna hagnaði á öðrum fjórðungi ársins, sem lauk í enda september. Alitalia tapar hins vegar einni milljón evra eða um 91 milljón króna á dag. **- jab**





**ALITALIA** Ríkisstjórn Ítalíu hefur ákveðið að selja stóran hlut í flugfélaginu Alitalia gegn ákveðnum skilyrðum.

# Steinbítur hækkar

Nokkuð dró úr framboði á fiskimörkuðum landsins í síðustu viku. Einungis 1.137 tonn af fiski seldust á mörkuðunum samanborið við 2.100 tonn vikuna áður en magnið hefur sveiflast talsvert á milli vikna.

Þá hækkaði meðalfiskverð um 4,2 prósent á milli vikna og stóð í 177,70 krónum á kíló. Þetta er engu að síður lægra verð en um miðjan nóvember þegar verð á fiski fór náði methæðum.

Mesta framboð var líkt og áður af ýsu eða 437 tonn sem er talsvert minna magn en vikuna á undan. Þá fengust 166,37 krónur fengust fyrir hvert kíló af slægðri ýsu samanborið við 157,82 krónur vikuna á undan.

Þorskur var líkt og fyrri daginn í öðru sæti en 270 tonn af þorski fór fyrir 256,85 krónur á kíló samanborið við 259,26 krónur á kíló vikuna á undan.

Fiskifréttir vekja athygli á því að verð á steinbíti hefur hækkað mikið síðustu vikurnar og fór meðalverðið yfir kílóverð á ýsu.Fyrir slægðan steinbít fengust 257,27 krónur á kíló samanborið við 268,82 krónur vikuna á undan, sem var mjög hátt. **- jab**



**UNNIÐ AÐ ÞORSKI** Meðalverð á fiski hækkaði um 4,2 prósent milli vikna, en er engu að síður lægra en um miðjan síðasta mánuð.

## Nóvemberhalli 13 milljarðar

Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður um 13 milljarða króna í nóvember samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Þetta er töluvert meiri halli en mældist í sama mánuði í fyrra en þá nam hann 11 milljörðum króna.

Í Hagvísum Hagstofunnar kemur fram að útflutningur í nóvember hafi numið 19,8 milljörðum króna en innflutningur 32,8 milljörðum.

Vöruskiptajöfnuðurinn í síðasta mánuði var mun lakari en í október. Innflutningur jókst um tæplega sex milljarða á milli október og nóvember en ekki liggur fyrir skýring fyrr en sundurgreindar tölur verða birtar. Má meðal annars rekja innflutningi halla til sveiflna í olíuinnflutningi, að sögn Hagstofunnar. Í Morgunkorni Glitnis segir jafnframt að að líkindum megi rekja aukninguna að stórum hluta til jólaundirbúnings verslana. **-hhs**



**FÁTÆKUR DRENGUR Í BANGLADESH** Í nýrri skýrslu SÞ er bent á mikla misskiptingu en helmingur jarðarbúa á einungis 1 prósent af eignum heimsins. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Auðmenn eiga helming alls

## Ný skýrsla Sameinuðu þjóðanna sýnir að ríkuðustu auðmenn í heimi eiga rúman helming allra eigna.

Ríkustu auðmenn í heimi eiga rúman helming allra eigna í heiminum, samkvæmt nýrri skýrslu Alþjóðastofnunar Háskóla Sameinuðu þjóðanna fyrir hagfræðilegar þróunarrannsóknir. Helmingur jarðarbúa á hins vegar tæpt 1 prósent.

Auðmennirnir svara til einungis tveggja prósenta eignamanna í heiminum. Tíu prósent auðmanna fer samtals með 85 prósent allra eigna en 90 prósent jarðarbúa skipta afganginum á milli sín. Skiptingin er langt í frá bróðurleg enda telst eignahlutur fátækustu þjóða heims ekki nema brot úr prósenti. Auðmennirnir eru flestir búsettir í Bandaríkjunum, Evrópu og nokkrum Asíulöndum á borð við Japan og Ástralíu.

Höfundar skýrslunnar benda á að greint hafi verið frá þessari misskiptingu fjármagnsins í fjölmörgum skýrslum í gegnum árin. Nýjungin í skýrslu SÞ felst hins vegar í því hversu víðtæk úttektin er og þykir hún með ítarlegustu skýrslum sem gerðar hafi verið um málið. Í úttektinni liggja tölulegar upplýsingar frá öllum löndum heims til grundvallar. Litið var til fleiri þátta en einungis tekna manna á hverjum stað þar sem mat á ríkidæmi manna er mismunandi eftir löndum. Til dæmis var litið til húsakosts manna, landeigna, dýraeignar og fjármunaeignar.

Í skýrslunni er hins vegar bent á að upplýsingarnar sem stuðst var við séu frá árinu 2000. Margt hafi breyst frá þeim tíma, til dæmis hafi hagvöxtur verið með eindæmum í löndum á borð við Kína og Indland auk þess sem efnahagur fólks í löndum á borð við Bangladesh hafi batnað til muna, ekki síst fyrir tilstuðlan smálánabanka í líkingu við Grameen Bank, sem Nóbelsverðlaunahafinn Muhammad Yunus stofnaði. Skýrsluhöfundar segja svo gamlar upplýsingar reyndar ekki koma að sök, því nýrri upplýsingar myndu einungis leiða í ljós að bilið á milli ríkra og fátækra hafi einungis breikkað á tímabilinu.

**jonab@frettabladid.is**






# Netveitan Yahoo blæs til sóknar

Stjórnendur bandarísku netveitunnar Yahoo hafa ákveðið að grípa til ýmissa hagræðingaraðgerða með það fyrir augum að einfalda reksturinn. Fyrirtækinu verður skipt í tvo hluta sem munu einbeita sér að ákveðnum sviðum í viðleitni til að blása til sóknar og bæta afkomuna, sem dróst saman um 37 prósent á síðasta ársfjórðungi

Yahoo mun framvegis skiptast í tvö svið; afþreyingasvið, sem sinnir leitarvél fyrirtækisins, afþreyingahlutanum og samskiptahugbúnaði og í auglýsingadeildina, sem horft er til að muni auka hagnað fyrirtækisins.

Yahoo hefur meðal annars sett Susan Decker, fjármálastjóra netveitunnar, yfir nýrri auglýsingadeild fyrirtækisins sem vonast er til að muni bæta afkomu Yahoo verulega. Decker er ein af vonarstjörnum Yahoo og hefur hún verið orðuð við forstjórastól netveitunnar eftir að einn af framkvæmdastjórum fyrirtækisins ákvað að segja starfi sínu lausu í mars á næsta ári.

Yahoo gnæfði á árum áður yfir keppinauta sína. Afkoman hefur hins vegar dalað nokkuð síðustu árin, ekki síst vegna harðnandi samkeppni frá netveitum á borð við Google og vefsvæðanna MySpace og Facebook, sem tekið hafa stóra sneið af auglýsingamarkaðnum. **- jab**

YAHOO!

**MERKI YAHOO** Stjórnendur Yahoo ætlar að blása til sóknar til að bæta afkomu fyrirtæksins.

Meistarinn er fyrir alla fjölskylduna!



# MEISTARINN




## Meistaraspilið er komið í verslanir

Meistarinn er spil sem byggt er á samnefndum spurningaþætti Stöðvar 2. Spilið býður upp á fjölbreyttar spurningar þar sem keppendur geta sýnt snilli sína ásamt því að kalla fram hámarksspennu milli þeirra.

Hver verður meistarinn heima hjá þér?

2

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GOTT FÓLK McCANN

## Útgjöldin

> Meðalneysla á smjöri á hvern íbúa í kílóum




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur

*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: SJÖFN VILHELMSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTÝRA UNIFEM Á ÍSLANDI

## *Öll brúnu fötin verstu kaupin*

„Ætli íbúðin mín í Auðarstrætinu séu ekki mín bestu kaup. Hún er vel skipulögð og ég er sérstaklega ánægð með staðsetningu hennar í Norðurmýrinni. Þetta svæði er þægilega mikið miðsvæðis en þó nógu mikið út úr til að ég losni við bílastæðavandamál og önnur óþægindi sem tilheyra miðbænum.“

Þegar talið berst að verstu kaupunum segir Sjöfn það líklega vera öll þau brúnu föt sem hún hafi keypt sér í gegnum tíðina. „Brúnn er ekki minn litur en ég gerði margar tilraunir við litinn sértaklega þegar hann var í tísku. Öll hafa þessi föt þó endað ónotuð í fataskápnum og hluta þeirra hef ég gefið vinkonum mínum.“



Annars segist Sjöfn vera með svokallað „Sex and the city“-heilkenni, en í því felst veikleiki fyrir skóm og handtöskum. „Ég á mikið af handtöskum en ég nota þær líka mikið, og hver taska passar við ákveðinn klæðnað sem ég á. Svo á ég mikið af leðurstígvélum sem nýst hafa misvel. Ég hef gert slæm stígvélakaup og síðasta sumar festi ég kaup á stígvélum sem kostuðu mig fimmtán þúsund krónur. Þessi stígvél eru ónotuð vegna þess hve óþægileg þau eru.“

Þrátt fyrir veikleika fyrir skóm og töskum segist Sjöfn almennt vera nýtin og hún segist vera hætt að kaupa föt sem hún er ekki viss um að hún geti nýtt.

Sjöfn leggur mikið upp úr ferskleika í matvöru og segist til í að borga meira fyrir ferskleika þeirra og gæði.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### EKKI BÍTA TVINNANN

■ *Signý Ormarsdóttir fatahönnuður segir gott ráð að fresta heimilisþrifum þar til sól fer að hækka á lofti því þá sé auðveldara að sjá skítinn.*

„Af margra ára saumaskap veit ég að það á ekki að bíta þráðinn í sundur áður en hann er þræddur upp á nálina. Ef þetta er gert kemur hnútur á þráðinn vegna þess að vindingur kemur á hann, betra er að þræða nálina áður en þráðurinn er klipptur í sundur. Þótt fólk saumi kannski ekki mikið í dag getur verið gott að hafa þetta ráð í handraðanum ef stoppa þarf í sokk eða festa tölu.“



■ **Gæðakönnun Neytendasamtakanna á MP3-spilurum**

## iRiver U10 fær hæstu einkunnina

Í gæðakönnun á MP3-spilurum sem Neytendablaðið birti í síðasta tölublaði fær iRiver U10 hæstu einkunnina af þeim spilurum sem metnir eru, eða 4,1 af 5,5 mögulegum. Einkunnin 3,0 er um miðjan kvarða. iRiver U10 fær hæst einkunnina 4,3 fyrir hljómgæði, sem vegur mest í könnuninni. Næsthæstu einkunnina fær Mobiblu B153, sem fær hæst einkunnina 5,0 fyrir rafhlöður en 4,0 í heildareinkunn. Í þriðja sæti kemur svo Archos Gmini 500 með einkunnina 3,9. Archos Gmini fær hæstu einkunnina 4,7 fyrir þægindi í notkun.



■ **Verslun**

## Frunsuplástur í boði

Frunsuplástur frá Compeed fæst nú í apótekum. Plásturinn lokar sárinu, kemur í veg fyrir smit og minnkar líkur á hrúðurmyndun. Plásturinn hleypir lofti í gegn og sogar í sig vökva úr sárinu.

Frunsuplásturinn er þunnur og glær og því er sárið síður sýnilegt. Hann er auðveldur í notkun og hægt er að setja farða yfir plásturinn.

■ **Þjónusta**

## Jólagjafirnar með TNT hraðflutningum

Pósturinn býður viðskipavinum sínum, sem eru of seinir með jólapóstinn í venjulegan póst, að senda pakkana með TNT hraðsendingum. Síðasti skiladagur til landa utan Evrópu er 18. desember, en 19. desember innan Evrópu. Tekið er við sendingum á öllum afgreiðslustöðum póstsins, og á pósthúsum er hægt að nálgast sérstakar umbúðir fyrir hraðsendingarnar.



■ **Símafyrirtækið Sko**

## Hækkar upphafsgjald um 69 prósent

Símafyrirtækið Sko hefur hækkað verð á upphafsgjaldi símtala, utan kerfis Sko, úr 2,90 krónum í 4,90 krónur þann 1. janúar 2007. Þetta er hækkun um 69 prósent og verður fyrirtækið þá með hæstu verðlagningu á Íslandi á upphafsgjaldi símtala, miðað við samanburð á verðskrá sem Sko birtir á heimasíðu sinni. Sko var áður með ódýrasta upphafsgjaldið.

Arnar Bentsson, sölu- og þjónustustjóri Sko, segir tilgang hækkunarinnar vera að gera fyrirtækinu kleift að halda áfram tilboði til viðskiptavina sinna um að þeir geti hringt gjaldfrjálst sín á milli. Hækkunin verði endurskoðuð í júní á næsta ári.

# Aðkeypt jólahreingerning

**Jólin bera margt í skauti sér. Þar má nefna gjafakaup, kortaskrif, endurfundi ættingja, gleði og kátínu að jólastressinu ógleymdu. Einn ómissandi fylgifiskur jólanna er jólahreingerningin.**



**FÆR Í FLESTAN SJÓ** Starfsfólk hreingerningaþjónusta mætir með allar græjur í jólahreingerninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Í aðdraganda jóla setja margir upp þvottahanskana og ráðast í gagngera jólahreingerningu hjá sér. Sumir njóta þess að þrífa allt hátt og lágt með jólalögin í eyrunum en ekki eru allir sem hafa tíma né orku í verknaðinn. Þeim gefst kostur á að kaupa sér þjónustu hreingerningafyrirtækja sem taka að sér jólahreingerningu heima hjá fólki.

Hreingerningafyrirtækið Þvegillinn hefur verið starfrækt frá árinu 1969 og hafa sömu kúnnar fengið jólahreingerningu í upp undir tuttugu ár að sögn Einars Gunnlaugssonar, framkvæmdastjóra Þvegilsins.

Einar segir mest um að eldra fólk kaupi sér hreingerningaþjónustu fyrir jólin. „Það eru örugglega um áttatíu prósent af jólahreingerningum sem við gerum hjá eldra fólki. Og mörgum af okkar tryggu kúnnum finnst ekki vera komin jól fyrr en við komum.“

Einar segir kúnnahópinn skiptast í tvennt eftir hverjar óskirnar séu. „Þeir sem eru yngri en 45 ára eru oftast að biðja um gluggaþvott og hreinsun á húsgögnum í jólahreingerningunni. En eldra fólk sem er komið yfir sextugt biður mjög mikið um þrif á eldhúsi, gangi og á húsgögnum.“ Aðspurður um kostnað segir Einar það misjafnt eftir stærð og ástandi íbúðar. Þar skipti til dæmis máli hvort reykt sé í íbúð eða hún standi við fjölfarna umferðargötu. „Þrif á eldhúsi, holi og baði kosta um 15 þúsund krónur. Og þrif á sófasetti geta verið um 8 þúsund krónur.“

Einar segir fólk byrja að taka við sér þegar jólalögin fara að hljóma í útvarpinu og síminn hafi ekki stoppað síðan 1. desember. Sigrún hjá hreingerningafyrirtækinu Hreint og fínt hefur aðra reynslu þar sem níutíu prósent pantana til hennar um jólahreingerningu koma í október og byrjun nóvember. „Fólk vill vera búið að þessu vel fyrir jól og margir gera ráð fyrir að það sé uppbókað snemma.“

Sigrún segir mikið um að eldra fólk sem sé ekki fært um að þrífa lengur kaupi þjónustuna en líka yngra fólk sem vill verja tíma sínum í annað. „Það hefur sérstaklega bæst við fólk úr millistétt. Það hefur verið uppgangur í þjóðfélaginu síðustu ár og margir hafa nú efni á að eyða meira í sig.“

Verð þjónustunnar fer eftir tíma og verki þar sem ákveðið gjald er sett á klukkutíma. „Það er algengt að beðið sé um þrif á veggjum, lofti og gluggum og fyrir borðstofu í meðalstórri íbúð má gera ráð fyrir um 35 þúsund krónum. Tímavinna fyrir veggi er 5.590 krónur, 6.190 krónur á loft og 5.190 krónur á glugga.“ **sdg@frettabladid.is**




**MATUR & NÆRING** JÓNÍNA STEFÁNSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Erfðabreytt matvæli



Í öllum lífverum er erfðaefni sem ræður hvaða eiginleika lífveran hefur. Með erfðatækni er hægt að flytja erfðaefni úr einni lífveru yfir í aðra sem verður þá erfðabreytt.

Erfðabreytt matvæli eru annars vegar erfðabreyttar lífverur eins og tómatar eða maís og hins vegar vörur sem eru unnar úr þeim svo sem maísmjöl, maísolía, tómatsósa og margvísleg önnur matvæli sem innihalda þessi hráefni. Erfðabreytt matvæli þurfa að ganga í gegnum mun strangara áhættumat en aðrar matvörur áður en veitt er leyfi til að setja þau á markað.

Erfðabreytt matvæli, sem nú eru á markaði, eru fyrst og fremst plöntuafurðir, einkum úr soja, maís, baðmull og repju. Fjölbreyttar afurðir þeirra eins og sojaprótein, baðmullar- og repjuolía eru síðan notaðar sem hráefni og aukefni í fjölda annarra matvæla. Hægt er að nota erfðabreyttar örverur til að framleiða ensím, bragðefni og vítamín en það teljast ekki vera erfðabreytt matvæli. Loks má geta þess að húsdýr, svo sem kýr og hænur, eru víða fóðruð með erfðabreyttu fóðri (soja, maís) en kjöt, mjólk og egg úr þessum dýrum teljast ekki til erfðabreyttra matvæla.

Á Íslandi eru engar erfðabreyttar plöntur ræktaðar til manneldis. Langmest er ræktað af þeim í Bandaríkjunum og einnig mikið í Argentínu, Kanada, Brasilíu og Kína. Eitthvað er flutt inn til Íslands af matvælum sem innihalda erfðabreytt hráefni og engar takmarkanir eru á innflutningi þeirra.



Í sumum löndum, þar á meðal í Evrópusambandinu, er skylt að merkja hvort matvæli eru erfðabreytt en slíkar reglur hafa enn ekki verið settar á Íslandi.

Nú eru liðin um tíu ár síðan erfðabreytt matvæli komu fyrst á markað. Þau hafa náð talsverðri útbreiðslu á sumum sviðum. Erfðabreyting plantna felst fyrst og fremst í að ná fram eiginleikum sem nýtast við ræktun þeirra og gefa meiri uppskeru. Annars vegar er um að ræða þol gegn illgresiseyðum og hins vegar þol gegn skordýrum. Einnig er hægt að auka næringargildi matvæla og vinnslugæði þeirra með erfðabreytingum.

Margir binda vonir við að erfðabreytingar geri kleift að rækta nytjaplöntur við erfiðari ræktunarskilyrði en nú er hægt og að á þann hátt megi auka fæðuframleiðslu í heiminum jafnhliða fjölgun mannkyns.

mni.is


JÓL 2006
GK REYKJAVÍK
OPNUNARTÍMAR GK REYKJAVÍK LAUGAVEGI 66
Mán. til fim. 11:00–18:00, fös. 11:00–18:30.
Lau. 2. des. 11:00–18:00, sun. 3. des. 13:00–18:00, lau. 9. des. 11.00– 18:00, sun. 10. des. 13:00–18:00.
Frá fim. 14. des. til 22. des. 11:00–22:00, 23. des. 11:00–23:00, 24. des. 9:00–12:00.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Verklag skiptir máli:

# Lipurð eða þrákelkni

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Alkunna er að á stjórnmálavettvangi tíðkast ólíkir starfshættir. Þeir geta sannarlega haft þýðingu.

Fjármálaráðherra kynnti fyrir skömmu áform ríkisstjórnarinnar um lækkun virðisaukaskatts á áfengi og hækkun áfengisgjalds. Af ráðherrans hálfu var fullyrt að breytingar þessar ættu að vega hvor aðra upp. Tekjur ríkissjóðs áttu með öðrum orðum ekki að aukast og neytendur ekki að skaðast fjárhagslega.

Allir sem til þekkja vita að útreikningar af þessu tagi geta verið snúnir. Hagsmunaaðilar brugðu sínum eigin mælikvörðum á tillögu ráðherrans og komust að þeirri niðurstöðu að hún fæli í sér verulega hækkun á ríkissjóðstekjunum. Viðbrögð ráðherrans eru verð eftirtektar.

Hann kom einfaldlega fram fyrir Alþingi og sagði sem var að mælingar sem þessar væru ekki einhlítar. Engin ástæða væri til þess að hleypa málum í bál og brand. Hitt væri mikilvægara að taka þann tíma sem þyrfti til þess að finna þá niðurstöðu sem sammælast mætti um að samræmdist markmiðinu.

Menntamálaráðherrann hefur sem kunnugt er barist hart fyrir breytingum á Ríkisútvarpinu undir því yfirskini að ekki ætti að raska samkeppnisstöðu á markaði þessarar almannaþjónustu. Að því kemur svo að álit Samkeppniseftirlitsins er birt. Þar er rökstutt að frumvarp ráðherrans feli í sér samkeppnismismunun og formlegar tillögur gerðar hvernig koma megi í veg fyrir hana.

Viðbrögð menntamálaráðherrans eru hins vegar gagnstæð lipurð fjármálaráðherrans. Á röksemdirnar er blásið. Einu gildir þó að þær kippi stoðunum undan yfirlýstu markmiði um að raska ekki samkeppnisstöðunni.

Fjármálaráðherrann sá ekki ástæðu að til að þverskallast með þeim afleiðingum að órói kynni að skapast um áfengissöluna. Sú starfsemi verður þó seint talin til þeirrar göfugustu sem ríkisvaldið hefur með höndum. Starfsemi Ríkisútvarpsins snýst hins vegar um mikilvægt menningarhlutverk og stendur býsna nærri hjarta flestra Íslendinga. Þegar þeir hagsmunir eru í húfi er sátt rofin á báða bóga.

Þeim sem horfa á útvarp af sjónarhóli ríkisrekstrar er gefið langt nef. Hinir eru ekki virtir viðlits sem gæta vilja nokkurs jafnræðis í samkeppni um þann þátt almannaþjónustunnar,sem víðtæk samstaða er um að markaðurinn geti sinnt. Í þeim hópi er formaður menntamálanefndar Alþingis. Þegar hann talar fyrir málamiðlun er hann lítillækkaður og hendur hans bundnar.

Ef eitthvað er að marka málflutning stjórnarandstöðuflokkanna má ætla að þeir hafi endaskipti á þessari löggjöf fái þeir til þess styrk. Reynslan sýnir einnig að ýmis álitamál verður oft og einatt að útkljá fyrir dómstólum þegar málefnalegum sjónarmiðum er vikið til hliðar við þinglega meðferð.

Þessi ágæta ríkisstofnun gæti þar af leiðandi hafnað í margslungnu óvissuástandi af óþörfu. Allt vegna þrákelkni. Sköpum getur skipt hvernig á málum er haldið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flokkur (verka)fólksins

Vinstri grænir skilgreina sig auðvitað til vinstri í stjórnmálum, vilja félagslegan jöfnuð og sækja fylgi til fólks í verkalýðsstétt. Ögmundur Jónasson, þingmaður VG, birtir á heimasíðu sinni bréf frá Óskari Helga Helgasyni frá Gamla-Hrauni og Hvítárvöllum þar sem hann fjallar um stöðu verkafólks á Alþingi. „Hefði þér samt ekki frekar þótt við hæfi, að góðir sjómenn og verkamenn hefðu komizt einhverri skör ofar, á listanum en þetta menntafólk upp á bókina, sem kappnóg er af; fyrir á Alþingi?“ Fleiri hafa deilt áhyggjum Óskari Helga. Útlit er fyrir að aðeins einn bóndi verði á þingi eftir kosningar, Valgerður Sverrisdóttir.



### Svilinn snupraður

Þingmenn stjórnarflokkanna gera sér endalausan mat úr ummælum Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, að þingflokkur Samfylkingar skorti traust kjósenda. Kom það í ljós við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi í gær. Hjálmar Árnason, Framsóknarflokki, segir svo á heimasíðu sinni: „Ingibjörg Sólrún virðist hafa notað frambjóðendaþing Samfylkingarinnar til að snupra svila sinn og félaga í þingflokki SF. Eða hvað getur hún átt annað við þegar hún segir að vanda SF megi fyrst og fremst rekja til sundurleits þingflokks og ótrúverðugs?“



### Sterkur leiðtogi

Sveitarstjórnarmönnum á biðlaunum fjölgar ört þessa dagana. Í gær tilkynnti Kristján Þór Júlíusson að hann hygðist þiggja sex mánaða biðlaun samkvæmt launasamningi, sem eigi rætur að rekja til ársins 1998. Hafði Kristján Þór frumkvæði að því að tilkynna þetta á heimasíðu sinni stjaniblai.is. Þar er líka spurt hvað lesendur haldi að Stjáni blái borði til að verða sterkur leiðtogi? Auðvitað spínat, lasagne og aðra spínatrétti.

bjorgvin@frettabladid.is

# Með nærri tóman tank



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Gjaldeyrisforðinn og hagstjórnin

Ríkissjóður tók um daginn nýtt 90 milljarða króna lán í útlöndum. Þetta er mikið fé. Fjárhæðin jafngildir átta prósentum af landsframleiðslu, og það gerir 1,2 milljónir króna á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Lántakan sætir tíðindum í ljósi þess, að ríkissjóður hefur frá árinu 1995 endurgreitt þrjá fjórðu hluta erlendra skulda ríkisins miðað við landsframleiðslu. Hlutfall erlendra skulda ríkisins af landsframleiðslu lækkaði úr 28 prósentum 1995 í átta prósent 2005. Það var vel af sér vikið að nota langvarandi góðæri til að vinda ofan af gömlum skuldum. Skuldir ríkisins hafa því minnkað, þótt erlendar skuldir þjóðarbúsins í heild að einkageiranum meðtöldum hafi rokið upp í áður óþekktar hæðir, einkum skuldir bankanna og viðskiptavina þeirra og einnig skuldir Landsvirkjunar, sem eru ekki taldar með skuldum ríkisins. En nú hefur ríkissjóður vent kvæði sínu í kross með því að tvöfalda erlendar skuldir ríkisins aftur á einu bretti miðað við landsframleiðslu. Til hvers? Svarið er: til að styrkja gjaldeyrisforðann.

Seðlabankinn geymir gjaldeyrisforða til þess að tryggja, að Íslendingar geti staðið tímanleg skil á fjárskuldbindingum sínum við útlendinga. Hvar fær bankinn forðann? Seðlabankinn byggir forðann upp með því að kaupa gjaldeyri á innlendum markaði eða með erlendri lántöku eins og nú var gert. Þegar vel gengur í efnahagslífinu, streymir erlendur gjaldeyrir inn í landið, og forðinn vex að svo miklu leyti sem innflutningur á vörum og þjónustu og fjárfestingar Íslendinga í útlöndum rýra ekki forðann á móti. Góð og gætileg hagstjórn útheimtir, að gjaldeyrisforði seðlabankans aukist í góðæri, svo að stjórnvöld hafi þá svigrúm til að ganga á forðann í hallæri. Þannig fer hagsýnt fólk að við heimilisreksturinn og rekstur fyrirtækja: það leggur fé til hliðar í feitum árum til að létta sér lífið, þegar harðnar á dalnum. Seðlabanki með of nauman gjaldeyrisforða er eins og bíll með nærri tóman tank og sprungið varadekk: bílstjórinn og farþegar hans eiga þá það á hættu að komast ekki á leiðarenda.

*Ríkissjóður þyrfti að taka mörg risalán til viðbótar til að koma gjaldeyrisforðanum upp fyrir erlendar skammtímaskuldir, og til þess hefur ríkisstjórnin ekki svigrúm.*

Hvað þarf gjaldeyrisforðinn að vera mikill? Yfirleitt er við það miðað, að forðinn dugi fyrir innflutningi á vörum og þjónustu í þrjá mánuði að minnsta kosti, helzt fjóra, fimm eða sex. Jafnframt má gjaldeyrisforðinn helzt ekki vera minni að vöxtum en erlendar skammtímaskuldir þjóðarbúsins. Síðari viðmiðunin helgast af því, að í seðlabankanum þarf að vera til nægur gjaldeyrir til að endurgreiða allar erlendar skammtímaskuldir í einu vetfangi, ef svo illa færi og ólíklega, að erlendir lánardrottnar kipptu að sér hendinni og krefðust allir sem einn endurgreiðslu á útistandandi skammtímaskuldum í stað þess að velta þeim áfram. Ef gjaldeyrisforðinn hrekkur ekki fyrir skyndilegri endurgreiðslu skammtímaskulda, ef á þyrfti að halda, lenda lánin í vanskilum. Skuldunautarnir neyðast þá sumir til að setja eignir sínar á útsölu, gengi gjaldmiðilsins fellur og einnig gengi hlutabréfa. Einmitt þetta gerðist í nokkrum Asíulöndum 1997, þótt fáir sæju það fyrir. Fram að þeim tíma var fyrri kvarðinn einn yfirleitt látinn duga, það er viðmiðunin við þriggja mánaða innflutning, en nú þykjast menn vera reynslunni ríkari og horfa einnig til erlendra skammtímaskulda.

Lántaka ríkissjóðs um daginn dugir til að lyfta gjaldeyrisforða seðlabankans upp fyrir viðtekið lágmark á fyrri kvarðann, sem lýst var að framan, það er upp fyrir andvirði innflutnings á vörum og þjónustu í þrjá mánuði. Lántakan dugir á hinn bóginn hvergi nærri til að koma gjaldeyrisforðanum upp fyrir viðtekið lágmark á síðari kvarðann, því að erlendar skammtímaskuldir þjóðarbúsins hafa vaxið ört að undanförnu. Þær námu um mitt þetta ár 85 prósentum af landsframleiðslunni. Ríkissjóður þyrfti að taka mörg risalán til viðbótar til að koma gjaldeyrisforðanum upp fyrir erlendar skammtímaskuldir, og til þess hefur ríkisstjórnin ekki svigrúm. Hún hefur ekki bolmagn til að bægja frá hættunni á því, að spákaupmenn geri áhlaup á krónuna og felli gengi hennar. Þetta atriði vegur þungt í hugum margra þeirra, sem telja, að það sé of dýrt og kosti of mikið umstang að verja smámynt eins og krónuna fyrir sviptivindum gjaldeyrisviðskiptanna úti í heimi og dagar hennar hljóti því að vera taldir. Fari svo, hlýtur evran að leysa krónuna af hólmi.

# Nám í KHÍ

**UMRÆÐAN**

Athugasemd við frétt

Þorsteinn Pálsson og Kári Jónasson, ritstjórar Fréttablaðsins:

Í Fréttablaðinu þann 29. nóvember sl. birtist frétt sem bar yfirskriftina „Nám í KHÍ á menntaskólastigi“. Undir fréttina skrifar –hs, og Eggert Briem prófessor í stærðfræði við HÍ er borinn fyrir meginefni hennar.

Við undirrituð sem erum stærðfræðingar og kennarar við KHÍ, viljum gera eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda frétt og óskum eftir að Fréttablaðið birti þær.

Titill á fréttinni er vægast sagt villandi og á honum mætti skilja að allt nám við KHÍ væri á menntaskólastigi og skólinn rísi ekki undir nafni sem háskóli. Sá sem les greinina kemst þó að því að þetta er ekki það sem felst í orðum Eggerts Briem.

Þá viljum við leiðrétta þegar Eggert segir að nám í kennslugreinum utan kennslufræði í KHÍ nái ekki lengra en í „góðum framhaldsskóla“ eins og Eggert kýs að taka til orða. Umfang bóklegra kjörsviða í grunnnámi í KHÍ hefur aukist á undanförnum árum úr 15 einingum í 30 einingar og í stærðfræði eru sannarlega kennd námskeið sem ekki eru kennd í framhaldsskóla. Við nefnum námskeið á sviði hreinnar algebru, námskeið í línulegri algebru og námskeið í talnafræði í þessu sambandi. Þess má geta að í tilteknum stærðfræðinámskeiðum er stuðst við sömu kennslubækur og notaðar hafa verið í námskeiðum í sömu greinum í HÍ. Þetta síðasta gæti e.t.v. gefið blaðamanni hugmynd að sláandi fyrirsögn á grein: „Nám í HÍ á menntaskólastigi“.

Að endingu langar okkur að taka undir áhyggjur Eggerts Briem af því að niðurskurður á skyldunámi í stærðfræði til stúdentsprófs muni leiða til veikari undirbúnings kennara í greininni í grunnskóla þrátt fyrir þá aukningu á kjörsviðinu í KHÍ sem að framan er getið og þrátt fyrir það að við gerum ráð fyrir að við endurskipulagningu náms í KHÍ, sem nú stendur yfir, verði samstaða um það innan skólans að auka stærðfræði í skyldunámi þeirra kennara sem stefna á að kenna nemendum á miðstigi grunnskólans.

*Virðingarfyllst,*
*Freyja Hreinsdóttir dósent,*
*Friðrik Diego lektor,*
*Kristín Halla Jónsdóttir dósent.*

## Hvað á að gefa hverjum í jólagjöf?

KREDITKORT
NÝTT KORTATÍMABIL

# THE BODY SHOP™




### “Mamma, má ég fara í bað?”
Lítil gjafakarfa með eplafreyðibaði, fiðrildissápu, töfraþvottapoka og baðolíukúlum.




### Elsku besta amma mín!
Smekkleg gjafakarfa sem inniheldur unaðslegar dekurvörur með blómlegum “Neroli/Jasmin”-ilmi.




### Geggjaðir litir!
Askja með þremur dramatískum augnskuggum, bleikum kinnalit og svampbursta.




### Gleðileg jól, Gugga mín!
Gjafakarfa með “Cranberry”-dekurvörum og baðhönskum.




### Handa uppáhaldsfrænkunni
Gjafakarfa með kókosolíu-dekurvörum. Sætur ilmur – silkimjúkt hörund.




### Þessi kemur að góðum notum
Snotur askja með nuddolíu og nuddtæki úr fallegum viði.




### Góður ilmur gleður hjartað
Kassi með fallegu brennslukeri, sprittkertum og tvenns konar ilmgóðum brennsluolíum.




### Handa stóra bróður
Gjafakarfa með “Of a Man”-hár og -sturtusápu og sams konar svitalyktareyði.




### Þessi gleður góða vinkonu
Lítil gjafakarfa: ýmsar vörutegundir með hlýlegum og sætum vanillu-ilmi.

## Snyrtibuddur og -töskur eru hið mesta þarfaþing







1 Rauð snyrtibudda 2 Lítil, rauð snyrtibudda 3 “Duo Set”-snyrtitöskur, 2 saman 4 “Soft Folded Vanity Case” 5 Lítil, svört snyrtibudda 6 “Hanging Wash Bag”

**KRINGLUNNI • SMÁRALIND • AKUREYRI**

sími: 588 7299 sími: 564 6552 sími: 462 7299

THE BODY SHOP


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
500 ml
69 KR.
BÓNUSMALT
MALT
Appelsín
MALT
2 lítrar
98 KR.
Vinsælasta hangikjötið í Bónus!
EKKERT BRUDL
Hangilæri með beini
KÍLÓVERÐ NÚ:
1443 KR.
Merkt verð 1698KR.
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
Úrbeinað hangilæri
KÍLÓVERÐ NÚ:
2159 KR.
Merkt verð 2698KR.
Frampartur með beini
KÍLÓVERÐ NÚ:
679 KR.
Merkt verð 799KR.
Úrbeinaður frampartur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1598 KR.
Merkt verð 1998KR.
KJARNAFÆÐI
Bónus býður betur!
ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
1104 KR.
Merkt verð 1748KR.
ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
KÍLÓVERÐ NÚ:
1299 KR.
Merkt verð 2148KR.
1 lítri trönuberjasafi
198 KR.
Florida
Hvítlauks síld BÓNUS
Sinneps síld BÓNUS
Marineruð síld BÓNUS
Krydd síld BÓNUS
600g
259 KR.
Bónussíld
Úrbeinaður frampartur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1498 KR.
Merkt verð 1998KR.
Ekki bara 12.3% heldur:
25% afsláttur
við kassann
Sambands Hangikjötið
Úrbeinað hangilæri
KÍLÓVERÐ NÚ:
2024 KR.
Merkt verð 2698KR.
Ekki bara 12.3% heldur:
35% afsláttur
við kassann
Svört/silfur Rustic kerti
Kerti svart/silfur
259 KR.
RUSTIC GÆÐI
RUSTIC
bolsius
Vinsælustu kertin í Bónus!
Gráfíkjur 500g
Tørrede Figner
500g
298 KR.
GRÁFÍKJUR Í TRÉKASSA
- í trékassa
Blandaðir ávextir 370g
Tørret Frugt Mix
370g
298 KR.
ÁVEXTIR Í TRÉKASSA
- í trékassa


Afnemum VSK
og rúmlega það
af öllu jólakjötinu!
Ekki bara
12.3% heldur:
30%
afsláttur
við kassann
HAMBORGARHRYGGUR beinlaus
KÍLÓVERÐ NÚ:
1539 KR.
Merkt verð 2198KR.
HAMBORGARHRYGGUR m/beini
KÍLÓVERÐ NÚ:
1189 KR.
Merkt verð 1698KR.
Ali
Nýtt kortatímabil!
NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
798 KR.
Merkt verð 998KR.
Einiberja
lambalæri
KF einiberja
KÍLÓVERÐ NÚ:
1299 KR.
Merkt verð 1855KR.
Ekki bara
12.3% heldur:
30%
afsláttur
við kassann
BÓNUS
Nýreyktur
hamborgarhryggur
HÁLFT KÍLÓ AF
LAKKRÍSKONFEKTI
fylgir hverri Coca-Cola kippu!
Coca-Cola
light
Með þér um jólin!
Kaupauki!
KAUPAUKI
MEÐ 2L KIPPU AF
500g
www.bonus.is
Saftige Dadler
650g
259 KR.
FERSKAR DÖÐLUR
Ferskar og safaríkar döðlur
Fylltu molarnir 650g
Sjáðu verðið!
FYLLTIR MOLAR
1298 KR.
650g
NÓA
Konfekt
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gróður- og jarðvegseyðing í heiminum

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál

Landgræðsla ríkisins verður 100 ára á næsta ári. Í því sambandi væri fróðlegt að heyra í landgræðslumönnum um starfið í 100 ár. Mér er sagt að þeim hafi tekist að stöðva jarðvegsrof og endurheimta um eða rétt yfir 1% af gróðri. Mér er líka sagt, að þótt þeir ráði yfir mikilli þekkingu og reynslu, þá sé baráttan enn gríðarlega hörð, því segja megi að þeir rétt haldi í horfinu. Hvers vegna svona lítill árangur í 100 ár? Kannski vegna skammsýni þeirra sem nýtt hafa landið? Að sjálfsögðu taka náttúruöflin alltaf duglega til sinna ráða þegar tækifæri gefst og reyna að uppræta það sem áunnist hefur, aðstoða okkur við að eyða gróðri, nýjum sem gömlum og feykja svo jarðveginum út í hafsauga.


MARGRÉT JÓNSDÓTTIR

En hvers vegna er ég að reifa þetta mál? Jú, vegna þess að í Morgunblaðinu frá því snemma í nóvember stóð að Valgerður Sverrisdóttir ætlaði að stofna til þróunarverkefnis á sviði jarðvegsbóta. Hjartað í mér tók kipp. Vá, loksins eitthvað nýtt frá stjórnmálamönnum í sambandi við jarðvegsbætur á landinu. En ... svo las ég lengra og sá að þetta var ekki fyrir okkur heldur þessar voluðu þjóðir úti í hinum stóra heimi sem hafa farið svo hræðilega illa með landið sitt. (Hem.) Og að sjálfsögðu áttaði ég mig líka á því að frú Valgerður Sverrisdóttir var hvorki landbúnaðar- né umhverfismálaráðherra , heldur venjulegur rollubóndi með augun full af flísum, sem ætlaði nú, í nafni nýs embættis síns, sem utanríkisráðherra, að „kenna“ þeim í útlöndum. Og hvað ætlaði hún að kenna þeim? Hvernig á að nauðbeita land, svo úr verði eyðimörk? Hvað eru annars margir bændur eða bændabörn á þingi?

Annars er það alveg makalaust, að á þessum árlegu „jarðvegseyðingardögum“ er sem allra minnst rætt um ástandið hér heima, heldur er sjónum umsvifalaust beint til slæms ástands í öðrum löndum og miklast yfir því hvað við séum frábær og eigum mikla þekkingu og reynslu í landgræðslu. „Við getum hjálpað öðrum þjóðum“ er hrópað. En hvers vegna hjálpum við ekki okkur fyrst?

Ég efast ekki um að landgræðslufólkið okkar býr yfir mikilli þekkingu og reynslu en hrædd er ég um að það geti líka sagt margar sorgarsögur af vonbrigðum sem það hefur orðið fyrir, í samskiptum sínum við dýr og menn.

Því í ósköpunum gerum við ekki mikið betur hér heima áður en við förum að grobba okkur í útlöndum? Af hverju heyrist aldrei neitt aukatekið orð í þessum vinstri grænum, Landverndarmönnum, Íslandsvinum eða hvað sem þeir nú allir kalla sig? Hvers vegna? Er það kannski vegna þess að Steingrímur J. Sigfússon er fjárbóndasonur? Eða vegna þess að bróðir hans er fjárbóndi? Nei ég bara spyr. Hvers vegna hafa þeir ekki áhyggjur af gróður- og landeyðingu ? Hvað er í gangi? Ekki orð um landgræðslu og friðun fyrir beit, hvað þá beitarhólf. Í hverju felst þetta græna, landverndin eða Íslandsvináttan fyrir utan það að vera á móti virkjunum?

En ég veit að mikið er gert í skógræktarmálum þessi árin, sem er frábært, en skógrækt fer oftast fram í grónu- eða illa grónu landi, ekki í eyðimörk. Þar þarf önnur úrræði. Auk þess er bændum hjálpað við að græða upp gótótta heimahaga og er það líka frábært. Hafa bændur sem taka þátt í þessu, ásamt Landgræðslunni, Skógræktinni og fleiri aðilum, gert mikið kraftaverk nú þegar. En ... það þarf bara miklu, miklu meira. Það er mjög alvarlegt ástandið hér heima. Trúið mér. Horfið í kringum ykkur. Er í lagi með þessi rofaborð eða þennan mel? Kíktu upp í allar bröttu hlíðarnar. Sérðu gróðurleifarnar sem eru á hraðferð niður í á? Hefur þú séð hálendið? Heldur þú að þetta hafi alltaf verið svona? Nei, alls ekki.

Nei, ég held við ættum að fara að taka okkur ærlega á og athuga gang mála. Ekki seinna vænna, Landgræðslan brátt aldargömul. Eigum við að horfa upp á að hún nái einu prósenti í viðbót á næstu 100 árum eða eigum við að gera betur? Kannski 10 eða 20% eða miklu, miklu meira? Mér finnst þetta vera verk númer eitt til tíu, á Íslandi, árið 2007.

*Höfundur er aðstoðarmaður húsamálara.*




# Mesta krummaskuð Íslands – Reyðarfjörður – takk fyrir!!

**UMRÆÐAN**
Byggðamál

Það eina góða við Bolungarvík er vegurinn til Ísafjarðar er skoðun eins af tuttugu álitsgjöfum skoðanakönnunar á mesta krummaskuði Íslands, sem er meðal efnis í Fréttablaðinu mánudaginn 27. nóvember sl. Í greininni sem blaðamaðurinn gunnarh@frettabladid.is skrifar og birtist á blaðsíðu 16, kemur einnig fram í svörum álitsgjafanna að Grundarfjörður sé „bara viðbjóður“ og Patreksfjöður „svo dapurlegur staður að maður fær sting í hjartað“, svo dæmi sé tekið af handahófi. Einnig er lagst yfir skilgreiningu á hinu íslenska krummaskuði og niðurstaðan er „fámenni, fábreytni og doði, jafnvel vondir straumar. Enginn á ferli nema nokkrir vonlausir unglingar á örstuttum rúnti eða norpandi yfir engu í niðurníddri sjoppu“.


PÁLL JAKOB LÍNDAL

Og hvað var valið mesta krummaskuð landsins?? Nú, auðvitað ... Reyðarfjörður, sem er að breytast úr klassísku sveitaþorpi í „wannabe“ stórborg.

Þar höfum við það ...

En nú má spyrja, hvernig stendur á því að álitsgjafarnir, sem sjálfsagt er hið ágætasta fólk, leggist svo lágt að taka þátt í því að rífa og tæta niður byggðarlög í eigin landi?

Kannski átti þetta bara að vera einn stór brandari, sem er algjörlega laus við að vera fyndinn?

Og hvernig dettur fyrrum forsætisráðherra landsins og sendiherra Íslands í Danmörku til þriggja ára, Þorsteini Pálssyni, og einum virtasta fjölmiðlamanni landsins, Kára Jónassyni að birta þennan ófögnuð í blaðinu, sem þeir ritstýra?

Með hvaða hugarfari ferðaðist þetta fólk um landið? Varð bara allt ömurlegt þegar komið var út fyrir mörk Reykjavíkur, eða ef til vill austur fyrir Snorrabraut?

Ekki er úr vegi að nefna nokkra áhugaverða staði, í nokkrum þeirra byggðalaga sem tilnefnd voru sem mesta krummaskuð landsins.

Á Siglufirði er eitt merkilegasta safn landsins – Síldarminjasafnið, sem stækkar sífellt og dafnar. Algjörlega einstakt safn og afar áhugavert dæmi um dugnað og hugrekki fólks. Á Blönduósi, eins og nafnið gefur til kynna, eru ósar Blöndu, og í fallegu veðri er tignarlegt að fylgjast með ánni renna til hafs og horfa út á Húnaflóann. Í fjarska blasa við Strandafjöllin og sjóndeildarhringurinn. Þar er einnig að finna heimilisiðnaðarsafn, þar sem unnið er mjög metnaðarfullt starf. Í Grundarfirði blasir við eitthvert fallegasta fjall landsins, Kirkjufell og á góðum degi tekur um tvær klukkustundir að komast upp á topp, nokkuð erfið ganga þó. Þaðan má sjá norðurströnd Snæfellsness og yfir Breiðafjörðinn, með allar sínar eyjar. Kunnugir segja að í fáum bæjum sé meiri stemning en í Grundarfirði. Eyrarbakki sem fær meðal annars einkunnina „viðbjóður“ hefur nálægð við sjóinn, auk þess sem þar er að finna forvitnilegan arf byggingarlistar á Íslandi. Þar er einnig listagott veitingahús - „Rauða húsið“.

Á þessari snöggsoðnu samantekt má sjá hversu mikil firra það er að viðhafa sleggjudóma á borð við þá sem birtast í umræddri könnun Fréttablaðsins. Hver einasti staður á Íslandi hefur upp á fjölmargt að bjóða, en auðvitað verður fólk að nálgast hina ólíku staði, með vott af umburðarlyndi og jákvæðni. Mikill vinur minn frá Raufarhöfn, hefur oft sagt mér sögur af því þegar hann ólst þar upp með náttúruna, dýralíf og sjóinn nánast heima í stofunni hjá sér. Hann undi hag sínum þar vel, ólíkt því sem raunin var þegar hann bjó í 101 Reykjavík, nokkrum árum síðar. Er hann þá bara plebbi, sem skilur ekki um hvað hlutirnir snúast??

*Hver einasti staður á Íslandi hefur upp á fjölmargt að bjóða, en auðvitað verður fólk að nálgast hina ólíku staði, með vott af umburðarlyndi og jákvæðni.*

Þvert á það sem sumir halda, þá er til fólk sem vill búa á Bíldudal, í Garði, Vestmannaeyjum, Grenivík o.s.frv. Það að vilja búa í litlu byggðarlagi úti á landi er eitt sjónarmið og annað sjónarmið er að vilja ekki búa í litlu byggðarlagi úti á landi. Er ekki alveg rúm fyrir þessar ólíku skoðanir, er nauðsynlegt að menn sleppi sér lausum og ryðji út úr sér svívirðingum og ónotum um hluti sem öðrum eru kærir? Hvaða vandamál leysir það?

Það gladdi mig reyndar að sjá að margir báðust undan því að vera þátttakendur í könnuninni á mesta krummaskuði Íslands. Hins vegar langar mig til að skora á alla þá tuttugu álitsgjafa sem lögðu nafn sitt við þessa lágkúrulegu könnun, að hysja upp um sig buxurnar og biðjast afsökunar á þátttöku sinni og orðum.

Ritstjórarnir tveir, skulda klárlega fólkinu í landinu afsökunarbeiðni.

*Höfundur er íbúi í 101 Reykjavík.*

## AF NETINU

### Vegamálastjóri á villigötum

**Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingar, skrifar um tvöföldun Suðurlandsvegar.**

Vegamálastjóri er nú í áróðursstríði við okkur sem berjumst fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar um að tveir plús einn sé nógu góð lausn. Heldur hann því fram að tveir plús einn sé jafnvel öruggari út af hálku! Sú framkvæmd kosti 5 milljarða frá Reykjavík á Selfoss og tvöföldun kosti 12 og þurfi ár í umhverfismati.

Jæja nú. Allt orkar þetta mjög tvímælis. Fyrir það fyrsta svaraði samgönguráðherra mér í þinginu til um kostnað við breikkun/tvöföldun. Tvöfaldur vegur með mislægum gatnamótum og öllu kostar um sjö milljarða frá Reykjavík á Selfoss. Þríbreiður um fjóra. Segir í svari samgönguráðherra til mín og má finna á vef Alþingis.

Hvað vakir fyrir vegamálastjóra? Veit ekki en þetta er pólitísk ákvörðun og það er óeðlilegt að reyna að hafa áhrif á hana með framsetningu upplýsinga sem í besta falli eru hæpnar, í versta falli rangar.

Þrjár akreinar með vír á milli fullnægja í engu kröfum okkar um aukið öryggi á veginum. Fjórar akreinar alla leið og hefjumst handa strax.

Vegamálastjóri er á villigötum. Tvöfaldur vegur skal það vera.

**Af www.bjorgvin.is.**



# SÉR TILBOÐ!

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Verð frá kr. 15.900

## STURTUHLÍFAR á baðkör

glæsileg útlit og margar gerðir



Classico
OV2
tvískipt 120 x hæð 140
þrískipt 125 x hæð 140



HVI-76 og HVI-85
lengd 76 hæð 130
lengd 85 hæð 140



CV2 tvískipt
lengd 85 hæð 140



CV3 þrískipt
lengd 125 hæð 140

## STURTUKLEFAR



Sturtuklefi rúnaður
120 x 80



Sturtuklefi rúnaður
80x80
90x90



Sturtuklefi hornréttur
80x80
90x90

Krómaður álrammi
5 mm rammalaust öryggisgler
Botn + vatnslás fylgja

Verð frá kr. 27.900

kynntu þér úrvalið á www.i-t.is
eða komdu í verslun okkar í Ármúla 31

INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Veitingastaður IKEA

Opnum kl. 9:00
mánudaga - laugardaga

Morgunverður
kl. 9:00 - 11:00



195,-
2 rúnstykki, 1 egg, skinkusneið, ostsneið, smjör, sulta og heitur drykkur

Hádegisverður
framreiddur allan daginn



290,-
Grænmetisbuff m/kúskús, grænmeti og graslaukssósu

Kvöldverður
framreiddur allan daginn fram að jólum



590,-
Hangikjöt með kartöflum, uppstúf, rauðkáli og grænum baunum

Þrjár máltíðir = 1075,-

IKEA®

Þú átt allt gott skilið!

IKEA Restaurant & Café

© Inter IKEA Systems B.V. 2006


# Almannaheill

**UMRÆÐAN**

70 ára saga Tryggingastofnunar í hnotskurn

Tryggingastofnun ríkisins (TR) var stofnuð með heildstæðum lögum um alþýðutryggingar árið 1936. Frumvarpið var flutt af Haraldi Guðmundssyni, þingmanni Alþýðuflokksins, en þetta var í tíð ríkisstjórnar Alþýðuflokks og Framsóknarflokks – „ríkisstjórnar hinna vinnandi stétta“, eins og hún var kölluð. Undanfari lagasetningarinnar var langur því ekki ríkti sátt um ágæti þess að taka upp sameiginlegar tryggingar fyrir landsmenn. Stjórnarandstaðan var til dæmis andsnúin þeim hluta frumvarpsins sem fjallaði um atvinnuleysistryggingar. Taldi hún þær erfiðar í framkvæmd þar sem atvinna væri árstíðabundin í landinu. Einnig töldu stjórnarandstæðingar að atvinnuleysistryggingar yrðu til að auka fólksstraum úr sveitum landsins með þeim afleiðingum að kaupstaðirnir fylltust um of. Frumvarpið var þó samþykkt eins og áður sagði.



GLÚMUR BALDVINSSON

Grundvallarhugmyndin að baki alþýðutryggingu og samtryggingu almennt kristallast í þessum orðum Brynjólfs Stefánssonar, fyrsta forstjóra stofnunarinnar: „Hjer eiga borgarar ríkisins að tryggja sig í fjelagi fyrir þeim óhöppum, sem að öllum geta steðjað og gert þá ófæra til þess að sjá sjer og sínum farborða. Enginn veit hvenær röðin kann að koma að sjer ...“

Fyrstu húsakynni Tryggingastofnunar voru í nýbyggðu Alþýðuhúsi á horni Hverfisgötu og Ingólfsstrætis.

Heildarendurskoðun alþýðutryggingalaganna fór fram árið 1943, sem leiddi til þess að felld voru niður ákvæði um að sjúkrasamlagsmeðlimir yfir ákveðnum tekjumörkum hefðu skert réttindi og sjúkrasamlögum var veitt heimild til að stofna og reka sjúkrahús, lækningastofur og lyfjabúðir.

*Samfélagsleg sátt ríkir um íslenska almannatryggingakerfið, þótt útfærsla bótagreiðslna og reglugerðir, sem stjórnvöld setja þar að lútandi, hafi löngum verið umdeildar. Almannatryggingakerfið byggir á almennum grunntryggingum allra þjóðfélagsþegna á sviði lífeyris- og sjúkratrygginga.*

Frá því Tryggingastofnun ríkisins hóf starfsemi í apríl 1936 hefur almannatryggingakerfið vaxið jafnt og þétt. Á árinu 2005 námu útgjöld til almannatrygginga og útgjöld samkvæmt lögum um félagslega aðstoð samtals um 52,6 milljörðum króna. Það samsvarar tæplega 17% af útgjöldum ríkissjóðs og 5,2% af vergri landsframleiðslu. Útgjöld til almannatrygginga hafa rúmlega tvöfaldast frá árinu 1998 miðað við fjárlög 2006. Sé tekið tillit til áætlaðs verðlags 2006 er aukningin á sama tímabili 45%. Í málaflokknum vega þyngst útgjöld til elli- og örorkulífeyrisþega en sá liður hefur hækkað um 52%. Skýrist það af mikilli fjölgun örorkulífeyrisþega og hækkun lífeyris.

### Lög um almannatryggingar: Ísland verði í fremstu röð

Lög um almannatryggingar tóku við af lögunum um alþýðutryggingar 1. janúar 1947. Undanfari þeirra var að ný ríkisstjórn Ólafs Thors tók við völdum árið 1944. Hana skipuðu ásamt Sjálfstæðisflokki, Alþýðuflokkurinn og Sósíalistaflokkurinn. Í sáttmála stjórnarinnar sagði að hún hefði ákveðið „að komið verði á svo fullkomnu kerfi almannatrygginga, sem nái til allrar þjóðarinnar, án tillits til stétta eða efnahags, að Ísland verði á þessu sviði í fremstu röð nágrannaþjóðanna.“

Alþýðutryggingin frá 1936 fól í sér fábreyttar tryggingar; elli- og örorkubætur, slysabætur til nokkurra stétta og sjúkrabætur. Nýju almannatryggingalögin voru víðtækari og sameinuðu flestar opinberar tryggingar í eitt kerfi. Margvíslegir nýir bótaflokkar voru teknir upp. Nefna má fjölskyldubætur til barnmargra fjölskyldna, sjúkradagpeninga, slysabætur til allra launþega, fæðingarstyrk, ekkjubætur og barnalífeyri. Þá var greiðsla meðlaga falin Tryggingastofnun ríkisins og stofnuninni var falin yfirstjórn allra sjúkrasamlaga. Aðrar helstu breytingar voru þær að greiðsla elli- og örorkubóta var flutt frá sveitarfélögunum til Tryggingastofnunar.

Næstu tvo áratugi var almannatryggingalöggjöfin endurskoðuð nokkrum sinnum og á henni gerðar breytingar sem flestar miðuðu að hækkun bóta og að auka rétt lífeyrisþega og sjúkratryggðra. Árið 1955 var Atvinnuleysistryggingasjóður stofnaður, en atvinnuleysistryggingakafli alþýðutryggingalaganna hafði í raun aldrei komið til framkvæmda. Ákvæði um greiðslu fjölskyldubóta (barnabóta) var rýmkað og samþykkt var að stofna endurskoðunardeild innan Tryggingastofnunar sem tók til starfa árið 1965.

### Auknar bætur

Árið 1970 færðist Tryggingastofnun frá félagsmálaráðuneytinu til nýstofnaðs ráðuneytis, Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins. Fyrsti ráðherra þess var Eggert G. Þorsteinsson. Eitt af hans fyrstu verkum var að koma í framkvæmd nýrri heildarlöggjöf um almannatryggingar sem samþykkt var í apríl 1971. Þar var m.a. lífeyrisþegum sem litlar eða engar tekjur höfðu aðrar en bætur almannatrygginga tryggðar ákveðnar lágmarkstekjur. Þá var gefin heimild til að greiða örorkustyrk vegna barna innan sextán ára aldurs, ef fötlun þeirra hafði í för með sér mikil útgjöld eða umönnun.

Árið 1981 var réttur kvenna til greiðslna í fæðingarorlofi rýmkaður og fluttust greiðslur í fæðingarorlofi alfarið til lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar. Þá öðluðust heimavinnandi konur í fyrsta sinn rétt til greiðslna vegna barnsburðar.

Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar var stofnuð 1986 og árið 1989 var sett inn í almannatryggingalögin heimild til greiðslu endurhæfingarlífeyris. Sjúkrasamlögin voru lögð niður árið 1990 og starfsemi þeirra yfirtekin af Tryggingastofnun.




**TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS** „Í dag starfa hjá Tryggingastofnun um 200 manns með margvíslega menntun og reynslu. Hátt í 500 manns sækja þjónustumiðstöð TR við Laugaveg heim á degi hverjum.“

### EES og ný lög um almannatryggingar

Ný lög um almannatryggingar og félagslega aðstoð tóku gildi árið 1993, meðal annars til að bregðast við ákvæðum EES samningsins. Meginbreytingin sem fólst í þeim lögum var sú að almannatryggingalögunum var skipt í tvennt. Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar eru greiddar í samræmi við reglur um búsetuviðmið á evrópska efnahagssvæðinu, en bætur félagslegrar aðstoðar eru eingöngu greiddar til fólks sem búsett er hérlendis. Í sömu lögum var tekjutenging lífeyris almannatrygginga látin ná til grunnlífeyrisins sem áður hafði verið án skerðinga (altæk réttindi allra).

Margar breytingar á almannatryggingalögunum á síðasta áratugi síðustu aldar miðuðu að sparnaði og hagræðingu. Enda hafði kerfið vaxið upp í 22,8% af fjárlögum fyrir árið 1996. Árið 1997 voru sett lög sem gerðu skipulagsbreytingar mögulegar án lagabreytinga. Skipulagsbreytingarnar miðuðu að því að takast á við aukin verkefni og draga úr kostnaði.

### Undirstaða íslenska velferðarríkisins

Samfélagsleg sátt ríkir um íslenska almannatryggingakerfið, þótt útfærsla bótagreiðslna og reglugerðir, sem stjórnvöld setja þar að lútandi, hafi löngum verið umdeildar. Almannatryggingakerfið byggir á almennum grunntryggingum allra þjóðfélagsþegna á sviði lífeyris- og sjúkratrygginga. Um er að ræða svipað kerfi og önnur ríki á Norðurlöndum hafa byggt upp. Tryggingastofnun hefur gegnt lykilhlutverki í þessu sambandi um áratuga skeið.

Þjónustueinkenni almannatrygginga eru líkust því sem tíðkast annars staðar um Norðurlönd en bótakerfinu hér á landi svipar nokkuð til breska og nýsjálenska kerfisins, með lægri bótum og meiri notkun tekjutenginga í bótakerfinu. Stofnunin hefur frá upphafi verið ein af undirstöðum íslenska velferðarkerfisins. Hún tryggir að þeir sem til þess hafa rétt fái greiðslur samkvæmt almannatryggingalögum. Enn fremur sinnir TR því verkefni að veita uppbætur og styrki samkvæmt lögum um félagslega aðstoð auk annarra verkefna.

Í dag starfa hjá Tryggingastofnun um 200 manns með margvíslega menntun og reynslu. Hátt í 500 manns sækja þjónustumiðstöð TR við Laugaveg heim á degi hverjum. Tryggingastofnun er vinnustaður í sífelldri þróun með það að markmiði að bæta og einfalda þjónustu við viðskiptavini sína - íbúa landsins.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Tryggingastofnunar og vann greinina upp úr ýmsum heimildum.*

## ALLT HITT

[ TÍSKA HEILSA HEIMILI JÓLIN KOMA ]

**Skammdegið** liggur nú yfir norðurhveli jarðar líkt og viskustykki yfir fuglabúri. Þetta gerir það að verkum að við mannfólkið á norðurhjaranum erum oft þreytt og syfjuð og því um að gera að reyna að nýta allar þær stundir sem bjart er úti til að fá smá sól í andlitið. Farðu út að ganga í hádeginu og finndu hvernig lundin verður léttari.

**Jólaseríur** gefa af sér kósí og notalega birtu. Það má fá margs konar jólaseríur og sumar eru svo flottar að það er ástæðulaust að taka þær niður eftir jól heldur nýtast þær áfram sem hugguleg birta á heimilinu.

**Mokkastígvél** ættu aldrei að fara úr tísku. Þau ganga nánast allan ársins hring á Íslandi og geta verið sæt við bæði buxur og pils. Á ensku kallast þessi stígvél „uggs" og oftar en ekki má sjá Hollywood-stjörnur spóka sig á slíkum bomsum.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 7. desember, 341. dagur ársins 2006**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.01 | 13.19 | 15.37 |
| Akureyri | 11.12 | 13.04 | 14.56 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Birta Björnsdóttir í fallega rauðri peysu með pífum á bakinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rauð og rómantísk peysa

***Birta saumar nánast öll sín föt sjálf og stundum tekur hún ástfóstri við einstaka flík.***

Birta Björnsdóttir fatahönnuður segist ekki lengur hafa mikinn áhuga á að kaupa sér „second hand" föt. Hún saumar flest sín föt sjálf og ef vel tekst til þá klæðist hún stundum sömu flíkinni dögum saman.

„Uppáhaldsflíkin mín í dag er þessi rauða peysa sem ég saumaði mér. Eftir að ég gerði hana hef ég hreinlega ekki farið úr henni og ég held að þetta séu að verða tveir mánuðir núna," segir Birta og skellir upp úr, en hún á það til að taka slíku ástfóstri við föt. Peysan, sem fæst í Júniform á Hverfisgötu 39, er einnig til í gráum og svörtum lit og hanskarnir fást í verslunni KVK á Laugavegi – en hvorutveggja er alíslensk hönnun.

„Hún Íris í KVK gerir þessar grifflur og núna á ég margar tegundir af þeim, bæði háar og lágar. Mér þykir mjög flott að vera í svona háum hönskum við kvarterma peysur en almennt er hægt að nota svona hanska við alls konar samsetningar."

Sem fatahönnuður er Birta alltaf á höttunum eftir fallegum efnum en þessa dagana kaupir hún mikið af efnum á eBay.

„Ég var að komast í alveg guðdómlega falleg gamaldags kimono-efni fyrir stuttu. Þetta ætla ég svo að nota í föt sem koma í búðina eftir áramót," segir Birta að lokum og það hljóta að teljast gleðifréttir fyrir fagurkera, því kimonoefni eru með því kvenlegasta sem til er og Birta er sérlega fær í að hanna kvenlegar og rómantískar flíkur.

Meira um hönnun Birtu má sjá á vefsíðunni www.juniform.net

## Hús og híbýli styrkja UNICEF

FJÓRIR MERKIMIÐAR EFTIR ÍSLENSKA LISTAMENN FYLGJA JÓLABLAÐINU

Jólablað Húsa og híbýla er komið út og að þessu sinni rennur hluti söluverðsins til góðs málefnis. Óvæntur glaðningur fylgir blaðinu en það eru átta merkimiðar á jólapakkana eftir íslenska listamenn. Hulda Hákon, Hallgrímur Helgason, Jón Gnarr og Hekla Björk Guðmundsdóttir gáfu öll vinnu sína og listaverk, Oddi prentaði kortin endurgjaldslaust og eins og áður sagði rennur hluti af söluvirði blaðsins til UNICEF, sem ráðstafar styrknum í hjálparstarf fyrir börn í þróunarlöndunum. Miðarnir geta gert jólagjöfina skemmtilegri eða farið upp á vegg sem frábær listaverk enda ekki á hverjum degi sem verk eftir þessa fjóra listamenn eru á boðstólum.



Hallgrímur Helgason, Hulda Hákon, Hekla Björk Guðmundsdóttir og Jón Gnarr gáfu verk sín til styrktar UNICEF.


**Barnahúsgögn sem stækka**

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.



3ja ára 6 ára 9 ára 12 ára

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

**Sérverslun með barnahúsgögn og fylgihluti**

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is

www.design.is @ 2006



**Bindi** eru ekki alltaf nauðsynleg. Skyrta með fallegum kraga skilar sínu, vesti yfir skyrtu eða peysa poppar upp útlitið og gerir bindið, sem angrar svo marga karlmenn, óþarft.




Barnamyndatökur
Nú er rétti tíminn til að mynda börnin!
Svart hvítt og lit
Ljósmyndaþjónusta
Hverafold 1-3, Pantanir í síma 517-1166, www.svarthvitt.is

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics



NÝTT!!
Plokkari með ljósi



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Vantar þig jólagjöf?
Leður - og leðurlíkistöskur.
Seðlaveski og leðurhanskar
fyrir dömur og herra.
Tilvalið í jólapakkann.
Drangey
Smáralind, sími 528 8800, www.drangey.is




Stærðir
36 - 48

Flottur
gallafatnaður

bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12 • Sími 554 3533
Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 10-16




Hún er sannarlega elegant og lekker þessi dama, með töskur og hanska í stíl.

# Töskur og hanskar

***Sannar dömur kunna vel að meta fallegar töskur og fína hanska.***

Fæstar konur fara langt án þess að hafa veskið sitt eða handtöskuna með sér. Því er skemmtilegt að eiga fallega hanska í stíl við töskuna, en hér áður fyrr þótti ekki hæfa annað en að hafa töskuna og hanskana í stíl. Hanskar eru mjög vinsælir um þessar mundir og það sama má segja um töskur, en hvort tveggja er nú fáanlegt á mun lægra verði en áður tíðkaðist og fást þessar vörur víða.

Í fræðslubókinni „Aðlaðandi er konan ánægð“ sem kom út í kringum árið 1945 var konum meðal annars kennt hvernig kvenlegast þykir að taka af sér hanska. Til að kvenleikinn nyti sín nú sem best við þá athöfn þótti fallegt að toga í einn fingur í senn þar til þeir voru allir lausir og þá mátti taka hanskann af í heild sinni. Hversu margar konur nota þessa aðferð nú árið 2006 er ómögulegt að segja til um, en óneitanlega er slíkt fingratog afar dömulegt.

*mhg@frettabladid.is*



Ædislega fallegar og litríkar grifflur frá Debenhams.



Þessi sæta taska með blómamynstrinu hefði eins getað verið notuð sem leikmunur í gamalli þögulli kvikmynd. Ömmuleg og sæt. Hanskarnir fara líka vel við. Debenhams.



Þessi flotta glamúrtaska minnir svolítið á Billie Idol eða ákveðið tímabil níunda áratugarins. Fæst í Skór.is Smáralind.



Sígild og falleg leðurtaska frá Skór.is í Smáralind. Heppileg stærð og fer vel við margar flíkur.



Krúttlegir bleikir kólibrífuglar á brúnni fallega skreyttri handtösku frá Debenhams.



Þessi svarta og hvíta taska ásamt hönskunum og sólgleraugunum minnir töluvert á stílinn sem einkenndi Jacqueline Kennedy á sínum tíma, eða Jackie O eins og hún var gjarna kölluð. Einstaklega elegant og flott. Oasis, Smáralind.



Þessir hanskar fást í Zöru, en þar er einkar gott úrval af hönskum, treflum og margs konar fylgihlutum.



Kvenlegir og fingerðir hanskar frá Zöru.



Grúví græn leðurtaska úr Oasis. Lítil og nett.



Töff hversdagstaska frá Benetton í Smáralind ásamt hlýjum og góðum hönskum.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Gæfa og gjörvuleiki hjá Gucci

Hvað eiga Karl bretaprins og Madonna sameiginlegt annað en að búa í Lundúnum? Jú, bæði eru viðskiptavinir hjá Gucci. Einu stærsta ítalska tískuhúsinu í dag sem þó er í eigu frönsku lúxussamsteypunnar Gucci-group (Yves Sain Laurent, Balenciaga, Stella McCartney og fleiri). Gucci er eitt elsta tískufyrirtækið sem er upprunnið á Ítalíu og fagnar á þessu ári 85 ára afmæli sínu. Listinn er langur af stjörnum sem hafa notað Guccivörur í gegnum tíðina. Sem dæmi má nefna Audrey Hedburn sem var aðdáandi frægu handtöskunnar 0535 úr krókódíláskinni. Þeirrar sömu og Jackie Kennedy notaði einnig við opinberar athafnir.

Það var í lok nítjándu aldar að Guccio Gucci, sonur stráhattagerðarmanns, kannaði heiminn og fór að vinna á Savoy-hóteli í Lundúnum. Þar var uppvaskari og þjónn en fylgdist jafnframt með ríka fólkinu sem ferðaðist með handgerð ferðakoffort og hattaöskjur úr leðri. Við heimkomuna til Flórens stofnaði hann leðuriðju árið 1921 og hannaði ferðatöskur og koffort úr leðri. Seinna sannfærði Rudolfo, elsti sonur Guccio, föður sinn um að flytja til Rómar. Árið 1953 hóf Gucci innreið sína í Ameríku og opnaði verslun á 7. Avenue í New York og þar á eftir í Beverly Hills. Gucci varð eitt allra vinsælasta tískuhúsið á 7. áratugnum. Þegar óprúttnir skúrkar byrjuðu að selja falsaðar Guccivörur fékk Aldo, einn af sonunum, þá flugu í höfuðið að skapa ódýrari tískulínu. Eins og dögg fyrir sólu hurfu allir stjörnuviðskiptavinirnir. Þeir vildu ekki bera sama lógó og almúginn. Ekki hjálpaði heldur til að þriðja kynslóð fjölskyldunnar lifði hátt við skemmtanir og drykkju. Fjölskyldudeilur Gucci-fjölskyldunnar jöfnuðust á við Dallas og síðasti erfinginn, Maurizio Gucci, var myrtur að undirlagi fyrrverandi konu sinnar. Gucci var því á fallanda fæti þegar Tom nokkur Ford bankaði uppá ásamt Dominique De Sole á 10. áratugnum. Þetta voru tveir markaðsmenn sem á nokkrum árum breyttu Gucci úr deyjandi fjölskyldufyrirtæki í blómstrandi stórveldi sem seldist vel á verðbréfamörkuðum og sló öll hagnaðarmet í aldarlok. Síðan 2002 er það svo Frida Giannini sem er listrænn stjórnandi og hönnuður Gucci. Í tilefni af 85 ára afmælinu hefur hún hannað töskur með hinu fræga blómamynstri Flora sem Rudolfo lét hanna til heiðurs Grace af Mónakó. Hún safnaði handtöskum og átti ekki aðeins „Kelly“ frá Hermès.

Saga Gucci er nú komin á bók „Gucci by Gucci“, fjögurhundruð síður með fjölda mynda, skrifuð af Sarah Mower. Áhugaverð lesning fyrir tískuáhugafólk.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*



Vaclav Havel fyrrverandi forseti Tékklands í góðum félagsskap ungfrú heims 2006 honum á vinstri hönd og ungfrú Tékkland 1999 á hægri hönd.

# Tékknesk tíska á bandarískri grund

***Fyrsta tékkneska tískusýningin í New York var haldin á dögunum.***

Tískusýning á verkum tékkneskra fatahönnuða fór fram í hátískuborginni bandarísku New York í byrjun desember. Sýningin var samstarfsverkefni CzechTrade í Chicago og Fashion Point í Prag.

Tískuhönnun er í mikilli uppsveiflu í Tékklandi og er greinilega hugur í mönnum enda útrásin hafin.

Meðal gesta á sýningunni var enginn annar en fyrrverandi forseti landsins Vaclac Havel. Þá tóku þátt í sýningunni ungfrú heimur árið 2006, Tatana Kucharova ásamt ungfrú Tékklandi frá árinu 1999, Helena Hodova.

Verk eftirtalinna tékkneskra tískuhönnuða voru sýnd á pöllunum. Hana Havelkova, Helena Fejkova, Jaroslava Prochazkova, Michaela Bakotova, Radka Kubkova and Tatiana Kovarikova.



Fyrirsætan og fyrrum ungfrú Tékkland Helena Hodova.


# Hlýju í jólapakkann




Nýtt kortatímabil

ÚTSÖLUMARKAÐUR

66° NORÐUR

Faxafeni 12, Reykjavík • Glerárgötu 32, Akureyri. Opið 9-18 virka daga, 10-18 laugardag og 13-17 sunnudag. www.66north.is

SKAGEN DENMARK



BRILLIANT

LAUGAVEGUR · KRINGLAN · SMÁRALIND




AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



Hjá okkur færðu fallegustu bumbufötin fyrir jólin

Fallegar gjafavörur fyrir verðandi mæður og litlu krílin.

tvö líf

Holtasmári 1• sími 571 8500 • www.tvolif.is
Opið 11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum




NÝTT
Fáðu fæturnar mjúkar og fínar á aðeins 2 vikum með nýja

Flexitol

Gæða leðurtöskur fyrir vandlátar konur



verð **13.800** kr.

Tösku og hanskabúðin ehf.

Flott peysutilboð!



Valdar peysur frá Frank Saul á 4.990 kr.

Ath.
Nýtt kortatímabil

Diza

Laugavegi 44 • S:561-4000 • www.diza.is

allt tilboð
Alla föstudaga


# Skógarhöggsmannaskyrtur

***Alltaf sígildar en sérlega vinsælar haustið og veturinn 2006.***

Köflóttar skyrtur eru eins og gallabuxur, flíkur sem hafa notið mikilla vinsælda síðan þær komu fyrst á markaðinn. Við sáum svona skyrtur í Húsinu á sléttunni hér um árið, töffarar á fjórða, fimmta og sjötta áratugnum gengu í flannel-skyrtum (eins og þær eru einnig kallaðar) en eftir að Grunge-tískan upphófst árið 1990 hafa bæði rokkarar og rapparar tekið upp á því að klæðast þessum ódrepandi skyrtum.

Þar sem menn í karlmannlegum störfum eins og verkamannavinnu og skógarhöggi hafa verið hvað duglegastir við að nýta sér þennan stíl hefur hann á einhvern hátt tengst karlmennsku í huga okkar, en þó er líka sætt að sjá stelpur í svolítið „sveitó“ stíl klæðast slíkum skyrtum. Flannelskyrtur má fá í mörgum litum og alls konar afbrigðum, hvort sem er í mikils metnum tískuvöruverslunum eða bara gömlum, góðum vinnufatabúðum.



Karlmennskan uppmáluð í köflóttri skyrtu.



Á axlarstykkinu er afskaplega fallegt kúrekamynstur. Retro.

Rauð og „retró“ frá Retro í Smáralind.

Ljósblá, grá og hvít frá Levis með léttu kúrekayfirbragði og ótrúlega flottri mynd yfir herðarnar.

Litir sem minna svolítið á grábláan skammdegishimin yfir Íslandi. Takið eftir merkinu á brjóstinu. Skíðaskólinn HF. Jack and Jones, Smáralind.

Dökk og afar töffaraleg skyrta úr Jack and Jones.

Ljós og nett úr Retro.




TÍSKUVERSLUN

MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6A - SÍMI 562-6999

Sock Shop breytir um nafn og verður **Cobra**

Hlýjar sokkabuxur fyrir veturinn

cobra

Sokkabúðin Kringlunni
erum á 1. hæð við blómatorgið


## Jólafötin í hús

ÞEGAR LÍÐA FER AÐ JÓLUM ER EINS GOTT AÐ DRÍFA SIG AF STAÐ OG NÁ JÓLAFÖTUNUM STRAX Í HÚS.



Nú fer að koma sá tími sem búðir og verslunarmiðstöðvar eru smekkfullar af fólki sem hamast við að gera öll jólainnkaupin á tíma. Gott ráð er að kaupa jóladressið sem allra fyrst. Fyrir það fyrsta minnkar það líkurnar á að jólakjóllinn „þinn“ endi á búk ókunnugrar konu. Þeir sem fara snemma af stað geta líka verið heppnari og fengið kjól sem er einn sinnar tegundar. Í stað þess að kaupa jóladressið seint og síðar meir þegar eingöngu eru til hundruðir kjóla sem líta allir eins út.



Þessir ullarjakkar með kínverskum og rússneskum áhrifum eru í miklu uppáhaldi hjá Silke og eru notaðir við bæði buxur og pils.

# Frú Fiðrildi með nýja barnafatalínu

***Danska barnafatamerkið Silke og Suus er hugarfóstur Susanne Søllund sem fær dygga hjálp frá fimm ára gamalli dóttur sinni Silke.***

Eftir nám í hinum virta hönnunarskóla, Accademia Moda & Design, í Flórens á Ítalíu eignaðist hún dótturina Silke og kom sér fyrir á eyjunni Borgundarhólmi í heimalandi sínu Danmörku.

Þar kom hún á laggirnar lítilli verslun með hönnun sinni árið 2001. Markmiðið var að hanna sérstök föt á börn þar sem litagleði, leikur og þægindi voru í fyrirrúmi. Síðan þá hafa foreldrar og börn úti um allan heim kolfallið fyrir hönnun Silke og Suus. Susanne fær dygga hjálp frá Silke sem núna er fimm ára enda sækir hún innblástur í heim Silke sem segir mömmu sinni nákvæmlega hvernig hún vill hafa fötin sín. Fötin fást í verslun Frú Fiðrildi íslenskum börnum og foreldrum til mikillar kátínu. Frú Fiðrildi er á Laugavegi 39, 101 Reykjavík Sími: 517 8786, www.silkeogsuus.com.

*- rh*



Bleikir sjóræningjar geta líka verið stórhættulegir!

Rússneskar babúskur fljúgandi um í blómaengi og dalmatíudoppum.

Hlýtt og gott og flottir – fallegir brúnir vettlingar sem geta bæði verið spari og hvunndags.

Silke litla hefur án efa staðið fyrir því að fá þessar doppur á pilsið sitt.

Skemmtilegar töffarabuxur.

Fallegur þykkur jakki sem vekur án efa mikla kátínu hjá ævintýragjörnum krökkum.

Hlýr og mjúkur bangsagalli með skemmtilegum smáatriðum sem Silke hefur fundist flott.

Það er alveg kominn tími til að gerast smá rokkari þótt maður sé enn lítill.




550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið




















Álfamær með sykraða vængi. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Bragðgott augnkonfekt

***Fallegar flíkur að hluta gerðar úr súkkulaði.***

Fyrsta Salon du Chocolat-tískusýningin á rússneskri grundu var haldin í byrjun desember. Þar eru sýndar flíkur sem að hluta eru gerðar úr súkkulaði og verður útkoman oft skemmtileg. Slíkar tískusýningar á vegum fyrirtækisins Salon du Chocolat eru haldnar víða um heim, til dæmis í París, New York, Tókýó og Peking.

Sýningin nú fór fram samhliða stórri matvælasýningu og var haldin í hinni gríðarstóru sýningarhöll Gostiny Dvor sem staðsett er milli Kreml og Rauða torgsins.

Tískusýningin mæltist vel fyrir enda um sannkallað augnkonfekt að ræða, það fylgir þó ekki sögunni hvort fyrirsæturnar hafi gætt sér á flíkunum eftir á.

*- sgi*



Flíkurnar voru ekki allar úr súkkulaði heldur var það notað til skrauts.



Þessi vígalega rússneska sjóræningjastúlka mundaði súkkulaðibyssuna af mikilli kunnáttu.



Þetta höfuðskraut er varla þægilegt en glæsilegt er það. Fer vel við súkkulaðiblómin í myndarlegum kraganum.



Sykursætt súkkulaðipar.

# Burt með varúlfsútlitið

***Samvaxnar augnabrúnir þykja ekki spennandi nú á tímum.***

Eins ótrúlega og það hljómar gæti það einhvern tímann hafa þótt rosalega spennandi að vera með samvaxnar augnabrúnir.

Ótæpilegur hárvöxtur í andliti þykir aftur á móti ekki lengur eftirsóknarvert karlmennskutákn og til að standast tískukröfur samtímans er ýmsum brögðum beitt til að fella heilu hárbrúskana úr andlitinu.



Hver vill fara á stefnumót við svona loðbolta?

Margir karlar (og konur) nota vax til að losa sig við hár milli augnabrúna, en sumum þykir það ekki gefa nógu góða raun bæði þar sem augnabrúnirnar geta virst teiknaðar eftir á og að sama skapi er hætta á að hárin verði inngróin.



Maður vill heldur ekki ganga jafn langt í plokkuninni og þessi maður.

Heppilegast þykir að plokka hárin einfaldlega í burtu, taka lítið í fyrsta skipti og fikra sig smám saman áfram þar til viðunandi árangur næst. Gott getur verið að leita álits hjá öðrum aðila eða láta faglærðan plokka augnabrúnirnar. *- rve*

# Fast á hæla H&M

***Gap fær hjálp úr óvæntri átt.***

Franski tískuhönnuðurinn Roland Mouret hefur nú hannað nýja fatalínu fyrir fatafyrirtækið Gap undir heitinu 19RM, en stutt er síðan hún kom fyrir sjónir almennings.

Nýja línan frá Mouret einkennist af jökkum með beltum og rauðum stuttum kjólum svo fátt eitt sé nefnt.

Ljóst er að Gap er mikill fengur að Mouret, sem hefur vakið töluverða athygli fyrir að lífga upp á klæðaburð stórstjarna eins og Scarlett Johansson og Siennu Miller.

Það þykir reyndar ekki lengur nýnæmi að virtir hönnuðir ljái fatakeðjum, sem einblína á ódýrari fatnað, krafta sína. Þannig fylgir Mauret fordæmi Viktors & Rolf sem hönnuðu línu fyrir H&M. Þar á undan hannaði goðsögnin Karl Lagerfield línu fyrir fyrirtækið.

Þess má reyndar geta að H&M neyddist til að senda frá sér afsökunarbeiðni í kjölfar ummæla Lagerfields þess eðlis að breskar konur væru einfaldlega of feitar til að klæðast fötum eftir sig, eftir að kvartað var undan því að þau væru of lítil á eðlilegar konur.

Þótti mörgum ummælin skjóta skökku við þar sem tískukóngurinn barðist sjálfur við aukakílóin um árabil áður en hann grindhoraðist skyndilega með dularfullum hætti. *- rve*



Mouret sést hér ásamt fyrirsætunni Carmenn Kass á tískusýningu í New York.





Söðlasmiðurinn
MOSÓ
Verslun, nýsmíði viðgerðir
ALLT FYRIR HESTAMANNINN



**Hnakkar**. Skuggi kr. **48.900,-**



**Járningasvuntur**. Þykkt rússkinn Kr. **18.900,-**
Einnig reiðskálmar Frá kr. **9.980,-** innfluttar. Saumaðar eftir máli úr gæða leðri Kr. **19.900,-**



**Hnakktöskur** frá kr. **4.500,-**
Nælon, leður og leður með skinni

**Söðlasmiðurinn MOSÓ**
Kjarna, Mosfellsbæ.
Sími: 566-7450






Nýjasta „tísku-steitmentið“ kemur frá Noregi.

# Ekki bara fyrir afa

***Johan Ringdal, fyrrum hönnunarnemi í Parsons, gefur skóhlífum uppreisn æru.***

Norski hönnuðurinn Johan Ringdal tók skóhlífar afa síns með sér þegar hann hélt til náms við Parsons-skólann í New York og París. Fljótlega náði hann að slíta þeim og þegar hann hóf leitina að nýjum skóhlífum kom á daginn að þær fengust í hvorugri borginni. Johan brá því á það ráð að hanna nýjar skóhlífar, en í þetta sinn bætti hann um betur og endurhannaði hlut sem enginn hafði gert neinar breytingar á í meira en 100 ár.

Nýju skóhlífarnar, sem koma í margs konar litum og formum, skutu þeim gömlu ref fyrir rass og öðluðust fljótlega miklar vinsældir meðal vina Ringdals. Hann stofnaði fyrirtæki í kringum vöruna, SWIMS, og í dag eru skóhlífarnar góðu seldar í yfir 60 verslunum í sex löndum og fer þeim sífjölgandi.

Í Stokkhólmi og Osló má segja að það sé orðið hálfgert „tískusteitment“ að ganga í skóhlífum. Það er kannski engin furða því hér á norðurhjara er oft veðra- og vætusamt og því um að gera að hlífa fallegum og vönduðum skóm.

Skóhlífarnar góðu frá SWIMS fást hjá Sævari Karli í Bankastræti 7. *- mhg*



Skóhlífarnar frá SWIMS fást í margs konar litum og öllum stærðum. Þær eru sérlega slitsterkar og góðar og gera það að verkum að skórnir þínir haldast fallegir og endast lengur.






**Hláturinn** er þekktur fyrir að lengja lífið. Þegar þú brosir og hlærð dælir heilinn meira af endorfíni um kroppinn sem er gleðihormón líkamans.






Snæbjörn Blöndal í Heyrnarstöðinni í Kringlunni hefur sautján ára reynslu í að stilla og gera við heyrnartæki. Þau nýjustu eru létt og nett og sjást hér á hengi á borðinu hjá honum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Tæknivætt heyrnartæki

***Tæknilegar framfarir hafa orðið miklar í gerð heyrnartækja á síðustu árum. Snæbjörn Blöndal heyrnarfræðingur veit meira.***

„Líf heyrnarskertra hefur orðið miklum mun auðveldara eftir að ný tækni í heyrnartækjum ruddi sér til rúms,“ segir Snæbjörn Blöndal í Heyrnarstöðinni á þriðju hæð í Kringlunni. Hann nefnir sérstaklega tæki sem heita Shape og koma frá þýska fyrirtækinu Interton sem hann selur og veitir alla þjónustu við.

„Yngra fólkið hefur tekið Shapetækjunum fagnandi og það er ánægjulegt. Maður óttaðist í fyrstu að því þætti hallærislegt að hafa eitthvað svona bak við eyrað en gæðin eru svo mikil að þau vega þar algerlega upp á móti. Tækið vegur líka aðeins 2,2 g og er fallega hannað og nánast ósýnilegt þegar búið er að koma því fyrir í eyranu. Í tækjunum eru litlir örgjörvar, þannig að þau eru í reynd litlar tölvur og það er magnað að fyrir fólk sem hefur mikið hátíðnitap að fá þetta í eyrað og upplifa hljóð á eðlilegan hátt,“ segir hann.

Snæbjörn starfaði í sautján ár hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands og hefur langa reynslu af ráðgjöf til heyrnarskertra og einnig í stillingum og viðgerðum á heyrnartækjum. Hann hefur nú stofnað eigið fyrirtæki, Heyrnarstöðina í Uppsölum í Kringlunni. Snæbjörn segir Shapetækið hafa meiri hljómgæði en þekkst hafi í heyrnartækjum til þessa og í raun sameina kosti tveggja tækja. Það er hann beðinn að útskýra nánar. „Hljóðnemarnir eru tveir og þeir eru sjálfvirkir. Annar nemur umhverfishávaða og dempar hann, meðan hinn hljóðneminn magnar talað mál sem berst til notandans. Tækni þessi kallast „artificial intelligence“ sem við köllum gervigreind á íslensku. Þau eru með 32 hljóðrásum sem gefur nákvæmustu mögnun sem völ er á.“

Tónlistarmenn hafa meðal annarra lokið miklu lofsorði á gæði tækjanna að sögn Snæbjörns. „Shape heyrnartækin hafa mjög vítt mögnunarsvið og nýtast vel fólki sem byrjað er að tapa heyrn og finnur helst fyrir því í margmenni.“

*gun@frettabladid.is*

# Hófdrykkja til heilsubótar

***Vísindamenn telja sig hafa fundið efnið sem er ábyrgt fyrir heilsusamlegum áhrifum hófdrykkju.***



Þeir sem drekka rauðvín hollustunnar vegna ættu að velja vín frá Sardiníu eða Suðvestur Frakklandi.

Margar rannsóknir benda til þess að hófdrykkja rauðvíns, eitt glas á dag eða svo, hafi jákvæð áhrif á hjartasjúkdóma og lengi líf. Breskir vísindamenn telja sig hafa fundið hvaða efni ber ábyrgð á þessum kostum. Efnið kallast prócýanídín og tilheyrir flokki pólýfenóla sem eru mjög margir og mismunandi.

Prócýanídín er dregið úr vínberjum við gerjun. Þar sem það tekur prócýanídín nokkurn tíma að komast leiðar sinnar þarf gerjunin að fá sinn tíma ef vínið á að innihalda nægilegt magn prócýanídíns til að hafa áhrif. Hefðbundin víngerð kallar á þriggja til fjögurra vikna gerjunartíma, en í nútíma víngerð fá berin aðeins um viku. Á svæðum sem hefðbundnum aðferðum er haldið við ætti vínið því að vera hollara.

Vísindamennirnir fundu út að allt að þrisvar sinnum meira er af prócýanídíni í vínum frá Sardiníu og Suðvestur Frakklandi. Þessi svæði eru einnig þekkt fyrir langlífi íbúa þeirra og kann ástæðan að liggja í víninu. *-tg*











## Lýðheilsa

VAKA ÝR SÆVARSDÓTTIR
HJÁ LÝÐHEILSUFÉLAGI LÆKNANEMA

# Heilsa ferðamanna

Að ýmsu ber að huga hvað varðar heilsu áður en haldið er af stað í ferðalag á framandi slóðir.

Þegar ferðast er innan Evrópu og Bandaríkjanna eru bólusetningar yfirleitt óþarfar. Hins vegar er mælt með ýmsum bólusetningum þegar ferðast er til fjarlægari landa, svo sem í Asíu og Afríku. Ónæmiskerfi líkamans þarf um fjórar vikur til að mynda mótefni gegn þeim sýkli sem bólusett er gegn. Því skal leita læknis með fjögurra til sex vikna fyrirvara. Hægt er að leita til heilsugæslustöðva, Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg eða á göngudeild smitsjúkdóma á Landspítala-háskólasjúkrahúsi.

Ferðamannaniðurgangur er algengur fylgikvilli ferðalaga og stafar yfirleitt af sýklamenguðu vatni eða mat. Því ber að forðast vatn úr krönum, klaka, ís og hrátt eða illa eldað kjöt. Varast ætti einnig ferskt grænmeti og ávexti án hýðis, sem einnig getur verið sýklamengað.

Lyf sem stöðva niðurgang ætti ekki að nota ef niðurganginum fylgir hiti eða blóð, þar sem þau lengja tímann sem sýkillinn er í líkamanum og getur því valdið mun verri einkennum eða jafnvel eitrunum. Við niðurgang verður mikið vökva-, salt- og sykurtap úr líkamanum og því þarf að bæta það upp með meiri vökvainntöku. Í miklum hita tapar líkaminn líka meiri vökva og því er mikilvægt að drekka vel (óáfengt).

Víða erlendis eru moskítóflugur sem stinga og sjúga blóð. Bitunum fylgja oft óþægindi, líkt og kláði og bólga. Moskítóflugur eru helst á sveimi í ljósaskiptunum og í rökkri og því ætti að reyna að hylja sem mest af líkamanum á þeim tíma með því að klæðast síðbuxum og síðermabolum. Á hitabeltissvæðum geta mýflugur borið með sér ýmsa skæða smitsjúkdóma, eins og malaríu og mýgulusótt. Því er afar mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir bit á þeim slóðum. Skordýravörn (t.d. krem eða úði) með efninu DEET skal nota reglulega á ber húðsvæði, svo sem hendur, fætur og andlit fyrir ljósaskipti og eftir að rökkva tekur. Einnig er ráðlagt að sofa með flugnanet.

Í löngum flugferðum getur skapast hætta á blóðsegamyndun í fótum sem getur leitt til blóðtappa í m.a. lungum. Í flugvélum má finna bæklinga með leiðbeiningum um fyrirbyggjandi æfingar. Gott er að drekka vel af vökva en stilla neyslu áfengis og koffeindrykkja í hóf, því slíkt ýtir undir vökvatap sem enn eykur hættu á blóðsegamyndun. Háir teygjusokkar minnka líkur á blóðsegamyndun en umdeilt er hvort notkun magnýls geri það. Einnig er mikilvægt að standa reglulega upp og hreyfa sig meðan á löngum flugferðum stendur.

Þeim sem taka lyf að staðaldri eða hafa langvinna sjúkdóma er ráðlagt að hafa samráð við lækni fyrir brottför og hafa lyf sín meðferðis.

Njótið ferðalagsins!

*Unnið í samvinnu við skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar á LSH.*
*www.landlaeknir.is - www.cdc.gov/travel*








Líður þér ekki vel?
Finnurður fyrir þunglyndi, kvíða, sorg?
Varðst þú fyrir ofbeldi í æsku? Er hjónabandið ekki í lagi?
Einstaklings miðuð meðferð
- Hugræn meðferð - Hjónaráðgjöf.
Tímapantanir í s. 868 2118
Gréta Jónsdóttir, Fjölskyldu- og hjónaráðgjafi



**Kertaljósin** tilheyra jólahátíðinni en mikilvægt er að skilja kertin ekki eftir eftirlitslaus og passa vel að eldur komist ekki í skreytingar, annars er voðinn vís.






allt tilboð
Alla föstudaga

# Afturhvarf útvarpsins

***Reglulega fer tískan í hringi og hverfur aftur til uppruna sína.***

Tískubylgja gengur nú yfir í útvarpsheiminum. Svokölluð retró útvörp eru gríðarvinsæl en þá er verið að vísa í gamaldags útlit þeirra sem heillar mikið þessa dagana. Minna útvörpin helst á stofuna heima hjá ömmu þegar kanaútvarpið var það heitasta til sjávar og sveita.

Engu er um það logið að retró útvörpin eru töff og fara vel hvar sem er á heimilinu.

Öll útvörpin eru úr versluninni Radíóbæ í Ármúla þar sem retró útvörp fást í miklu úrvali. - jóa



Tangent Duo FM útvarp með klukku. Góður hljómburður. Verð krónur 19.900.



Roberts útvarp. Tækið er í viðarkassa og hefur loftnetstengi. Miðað við smæð tækisins kemur hljómburður þess á óvart. Verð krónur 22.900.



Önnur útgáfa af Roberts retro útvarpinu. Viðarkassinn er einnig klæddur leðurlíki, nær FM, MB og langbylgju. Gengur fyrir rafhlöðum og rafmagni og sækir hönnun sína til fimmta áratugarins. Verð 17.995 krónur.



Tangent Robert retro útvarp. Radíóbær.



Robert retro útvarp. Þessi týpa fæst í mörgum fallegum litum, er með FM og langbylgju og er viðarkassinn klæddur leðurlíki. Útvarpið gengur fyrir rafhlöð-um og rafmagni. Hönnunin er sótt til fimmta áratugarins. Verð krónur 17.995.



Tangent Uno. Góður hljómburður í klassískri hönnun. Verð kr. 15.900.



Útvarp retro Tangent Robert Radíóbær






húsráð }

## Úr ýmsum áttum

Oft hellast matarleifar á ofnskúffur og niður í sjálfan ofninn. Þá er gott að strá strax dálítlu salti á leifarnar. Þegar ofninn hefur kólnað er síðan hægt að bursta leifarnar af með rökum svampi.

Til þess að ná hýðinu utan af hvítlauksrifi er þjóðráð að setja það inn í örbylgjuofn í fimmtán sekúndur en eftir það flettist það afar auðveldlega. Einnig má kremja rifið með sléttum hníf en þá springur efsti hluti þess og eftir það er barnaleikur að ná hýðinu af.

Límmiðar barnanna rata oft á gler hingað og þangað. Erfitt getur verið að ná þeim fyllilega í burtu þar sem oftast situr límbletturinn eftir. Þó er hægt að sigrast á þeim með því að hella sítrónudropum í blauta tusku og nudda svo vel. Enda leysir sítróna upp öll minni háttar óhreinindi á húsgögnum og stássi.



Sítrónuilmur er líka góður til að bæta andrúmsloftið í híbýlunum. Séu sítrónur settar í skálar í stofunni angar hún fljótlega ferskum ilmi.

Leðurhúsgögn eru á mörgum íslenskum heimilum og reynast vel. Til að halda leðurhúsgögnum gljáðum og fallegum dugar að þrífa þau með volgu vatni og bera á þau leðuráburð minnst tvisvar á hverju ári. Með því móti lengist líftíma fallegra húsgagna um fleiri ár án mikillar fyrirhafnar.





Jólatré geta verið alls konar og jólatrésskrautið líka.

# Jólatré eftir þínu höfði

***Sitthvað verður jólalegt ef það hangir á jólatré.***



Gullskór eru flottir á jólatréð.

Gagnstætt því sem margir halda þá eru hvergi skráðar reglur um það hvað má og hvað má ekki hengja á jólatré. Þessvegna er engin ástæða til að takmarka sig við kúlur, engla og serí- ur. Fallegir skór, til dæmis barnaskór sem eru orðnir of litlir, fara prýðilega á trjágreinum, og einnig fínlegir mokkabollar. Svo má líka búa til kramarhús úr gömlum



Leikföng á jólatrénu gleðja lítil hjörtu

nótnablöðum eða fallegum servíettum og fylla af heimagerðu sælgæti, nú eða bara uppáhalds pokablandinu þínu. Flest smærri leikföng eiga heima á trjágreinum og hægt er að gera fallegasta jólatréstopp úr geisladisk og þvottaklemmum. Hugmyndaflugið á að ráða svo slepptu þínu lausu.



Með þvottaklemmu má tylla þessum glansandi diski á toppinn á tréna.

# Rafmagnið yfirfarið

***Það margborgar sig að yfirfara allt rafmagn áður en jólaljósunum er stungið í samband.***

Desembermánuður er mikill rafmagnsmánuður. Jólaljósin kalla á sitt og þeim fylgir mikið álag á rafkerfi. Sé kerfið ekki í lagi geta ósköpin dunið yfir.

Jólin eiga að vera gleðilegur tími, ekki tími sem fer í að berjast við elda. Láttu yfirfara rafkerfið ef það leikur minnsti vafi á því að eitthvað sé ekki eins og það á að vera. Það borgar sig að geta sofið í rónni vitandi að upplýsti plastjólasveinninn í innkeyrslunni er ekki að fara að kveikja í húsinu þínu. *- tg*



Jólaljós eru falleg en geta verið hættuleg. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Skrúbbaðu skítinn burt

***Ótrúlegt en satt þá hentar sítróna vel til að losna við matarbletti.***

Eigirðu í erfiðleikum með að losna við matarbletti af viðareða plastskurðarbretti má skera sítrónu í tvennt, kreista annan helminginn yfir það, nudda honum á yfirborðið og láta vökvann liggja á því í tæpar tuttugu mínútur áður en hann er skolaður burt. Einnig er hægt að nudda á sér hendurnar með sítrónu og skola þær eftir að hafa borðað fisk. Sítrónusneiðar eru því hin besta hreinlætisvara sem auk þess skilja eftir sig góðan ilm. *- rve*



Sítróna bragðast vel og er líka góð hreinlætisvara.






allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

SENDUM Í PÓSTKRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.



Xsensor-legugreiningin greinir líkamsbyggingu hvers og eins svo auðvelt er að finna strax þá dýnu sem hentar viðkomandi. Greind er þrýstijöfnun líkamans sem birtist í þrívíddarmynd á skjá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Dýnan aðlagist líkamanum

***Hjá versluninni Rúm Gott í Kópavogi er stuðst við Xsensor-legugreiningu til að hjálpa fólki að velja réttu rúmdýnuna.***

Ekki er hlaupið að því að velja sér nýja rúmdýnu. Margir vita ekki hvað á að hafa í huga þegar dýnan er valin og margir falla í þá gryfju að kaupa dýnu sem hentar ekki líkama þeirra. Hjá versluninni Rúm Gott á Smiðjuvegi er stuðst við Xsensor-legugreiningu þegar kemur að vali á réttri dýnu. Legugreiningin er greining á þrýstijöfnun líkamans þegar legið er í rúmi. Viðskiptavinurinn leggst í rúm með Xsensor-mottunni ofan á og með þar til gerðum tölvubúnaði er þrýstingurinn mældur og rúmbotninn lagaður að þörfum viðkomandi.

„Við tökum út beinabygginguna manneskjunnar, lesum hæð persónunnar, þyngd og reiknum út í prósentum mismun milli mjaðmar og mjóbaks,“ segir Haraldur Ragnarsson, dýnuframleiðandi og eigandi Rúm Gott. „Þannig sjáum við hvort fetta eða skekkja sé í mjóbaki þar sem við sjáum viðkomandi í þrívíddarmynd. Með þessum upplýsingum er miklu auðveldara að velja réttu dýnuna fyrir hvern og einn.“

Haraldur segir fólk farið að treysta vel mælitækinu endar finnur það fljótt góðan árangur af mælingunum. „Þetta er mikill munur fyrir kúnnann og við sjáum hvað árangurinn af þessu er góður. Eftir að við tókum upp að nota greininguna er hverfandi að fólk skili rúmunum aftur. Einnig er það vottun fyrir okkur að hingað leita margir sjúkra- og iðjuþjálfar og bæklunarfræðingar með sína sjúklinga til að hjálpa þeim í bata.“

Haraldur segir margar sögusagnir vera til um hvað miða skuli við þegar valin er ný dýna. Margar hverjar séu þó hvorki sannar né réttar. Fólk verði að leita ráða hjá fagmönnum og muna að vaxtarlag og beinabygging hvers og eins breytist aldrei. Því getur líkaminn ekki aðlagast dýnunni heldur á dýnan að aðlagast líkamanum.

„Í hliðarlegu á dýnan að hafa extra mýkingu í mjöðm, stífari fyrir mjóbakið, mýkri fyrir axlir, svo hryggjarsúlan sé bein. Þegar lagst er á bakið á dýnan að leggjast upp að mjóbakinu og stuðningurinn á að vera jafn. Þrýstipunktarnir eiga að vera jafnir á allan líkamann,“ segir Haraldur og bætir við að ekki sé verra að hafa koddann með sér þegar verið er að máta dýnurnar. „Koddi sem virkar í gamla rúminu þarf ekki að virka í nýja rúminu. Það er vegna þess að svæðaskipting í axlarsvæðinu er svo mismunandi.“ Auk þessa hvetur Haraldur fólk til að máta vel dýnurnar, leggjast á hana, bylta sér og snúa. Margir láta sér nægja að setjast á rúmin til að finna mýktina en sú aðferð gefur ákaflega bjagaða mynd af eiginleikum dýnunnar. „Fólk ætti svo ekki að láta blekkjast af hinum og þessum vottunum erlendis frá. Margar dýnur eru vottaðar af erlendum kíróprakterum en það er enginn svo klár að geta vottað dýnu fyrir einstakling sem hann hefur ekki séð og veit því ekki hvernig líkamsbygging hans er.“



Haraldur Ragnarsson, eigandi Rúm Gott, er löggildur dýnuframleiðandi. Hann stundaði nám erlendis í dýnuframleiðslu og nú bætir hann svefn samlanda sinna með framleiðslu sinni og kunnáttu.

Hjónum ráðleggur Haraldur að fá sér ávallt tvær dýnur. „Hægt er að fá dýnur sem rennt er saman í eina heild. Þá er minni hreyfing á milli og báðum aðilum líður betur,“ segir Haraldur og bætir við að í raun hafi það verið tískubylgja að hafa eina dýnu fyrir hjón. „Fólk verður svo að muna að engin ein dýna er betri en önnur. Enginn einn gormur er betri en annar. Þetta fer alltaf eftir einstaklingnum og vaxtarlaginu hans.“

Nánari upplýsingar um Xsensor-legugreininguna má finna á www.www.rumgott.is

*johannas@frettabladid.is*

Carl Weill
GÆÐASTÁL
Vönduð stálpottasett
Orkusparandi
Þrefaldur botn • 12 hlutir
kr. 28.000,-
Hnífaparatöskur
72 hlutir
Gyllt eða stál
kr. 16.000,-
Eldhúshnífar
Steikarasett
24 hlutir
kr. 14.000,-
Pöntunarsími 893 2666
Opið alla daga frá kl. 10.00 til 22.00. Sendum í póstkröfu ef óskað er.
Póstburðargjald greiðist af viðtakanda
VISA Lán
Ice-Atlantic ehf.
www.pottar.is
MasterCard

Jólasýning í Galleríi Fold



Gunnella



Kjarval

Verk eftir fjölmarga listamenn gallerísins

LISTMUNASALA fold
Kringlunni, 2. hæð, sími 5680400
Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni


Kuðungar og fjörugrjót koma öllum í gott skap. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kertaljós og klæðin rauð

***Jólin koma jafnvel þó ekki sé búið að þrífa eða baka.***

Jólin eru vafalaust annasamasti tími ársins. Það er af sem áður var að heimilisfólk sat saman í baðstofu og saumaði út, spann og prjónaði í skammdeginu þegar ekki var hægt að vera útivið. Nú eru allir á þönum allan daginn út og inn, varla gefst tími til að setjast niður, hvað þá til að baka, skrifa jólakort, þrífa, kaupa jólagjafir og allt það sem samfélagið ætlast til af okkur.

Þetta breytir þó ekki því að jólin koma, þó enn eigi eftir að þrífa glugga og skúra gólf. Það er þó auðveld leið til að gera jólalegt. Gleyma draslinu og tendra á nokkrum kertum. Slökkva öll rafmagnsljós svo draslið og skíturinn sjáist ekki. Svo er hægt að fá svo fín ilmkerti sem gefa lykt af furunálum, kanil og eplum. Það gæti ekki orðið jólalegra.

Kertin hafa auk þess fylgt jólunum um langa hríð. Snemma á 19. öld var það orðinn almennur siður að gefa hverju barni kerti á jólunum og jafnvel öllu heimilisfólkinu. Það þekktist jafnvel sumstaðar að eftir jólamessu væri kertastubbunum úr kirkjunni deilt milli barnanna. Enn þann dag í dag eru kerti ríkur þáttur í jólahaldi okkar. Þrátt fyrir að rafmagnið hafi leyst þörfina fyrir kerti af hólmi, kveikja flestir á kertum á heimilum sínum um jólin.

Kerti eru til í öllum stærðum og gerðum með mismunandi ilmum allt frá eplum og kanil til furunála.




Ódýr en falleg kertaskreyting.


Kertin eiga ríkan þátt í jólastemningunni.

# Gjafir náttúrunnar

***Epli og einstakir steinar innan um kertaljós gefa heimilinu róandi blæ.***

Auðvelt er að skapa hlýlega stemningu með ýmsu því sem náttúran gefur okkur. Þar má nefna hnetur, epli og fjörusteina, þurrkuð lauf og rósir. Myndirnar sem hér fylgja með eru teknar í antikversluninni Maddömunum á Kirkjuvegi 8 á Selfossi. Þar fæst allskonar smávara, ásamt húsgögnum og borðbúnaði. *-gun*


Það þarf ekki alltaf dýra muni til að gera jólalegt.


Þurrkaðar rósir eru rómantískt skraut.


Laukur er ekki bara hollur heldur líka heimilislegur.



White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

allt matur
Alla föstudaga



# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

## Jólastjarna - blóm jólanna



Jólastjarnan er án efa sú pottaplanta sem allir þekkja og tengja við aðventuna og jólin. Uppruni hinnar ræktuðu jólastjörnu er í suðurhéruðum Mexíkó en tegundin sem slík nær yfir mestan part Mið-Ameríku. Aztekarnir í Mexíkó höfðu trú á henni sem hreinsandi jurt við ýmsar helgiathafnir, en unnu líka rauðan lit úr háblöðunum og úr mjólkursafanum gerðu þeir lyf sem vann á sótthita. Í heimkynnum sínum er jólastjarnan fjölær runni. Þarna blómgast hún um jólaleytið alveg eins og hér hjá okkur. Sagt er að Montezuma, síðasti höfðingi Aztekana, hafi látið færa sér ógrynnin öll af jólastjörnum til að skreyta borg sína, þar sem nú er Mexíkóborg, um miðsvetrarhátíðina. Svo jólastjarnan á sér langa sögu.

### Bandarískur sendiherra og þýskættuð fjölskylda

Mexíkóar bjuggu einir að jólastjörnunni fyrst um sinn. En svo var það 1828 að Joel Roberts Poinsett, sá hinn sami og stofnaði síðar Smithsoniansafnið, var sendiherra Bandaríkjanna í Mexíkó. Poinsett hreifst af jólastjörnunni, með þessum hárauðu háblöðum um jólin, og lét senda nokkrar plöntur heim á plantekruna sína í Suður-Karólínu. Þar þrifust plönturnar vel og Poinsett var ósínkur á að gefa vinum og velvildarmönnum græðlinga. En í raun náði jólastjarnan ekki almennri útbreiðslu fyrr en löngu síðar. Þá var það þýskur landnemi, Albert Ecke, sem fór að rækta jólastjörnur í stórum stíl upp úr 1906 og selja afskornar greinar af þeim á jólamörkuðunum. Gróðrarstöð Alberts Ecke var rétt við Hollywood, sem þá var óðum að verða að þeim kvikmyndabæ með álíka stjörnufansi og við þekkjum í dag. Paul, sonur Alberts, var góður markaðsmaður og sætti lagi á að koma jólastjörnunum sínum inn í sviðsmyndir allra jólaviðburða í „stjörnuborginni“. Það bar árangur, því brátt varð jólastjarnan orðin að ómissandi þætti í jólamynd „fallega og fræga fólksins“. Jólastjörnur fóru að seljast sem jólablóm um öll Bandaríkin. En framan af þóttu þær nokkuð „leggjaðar“ og linvaxnar, svo þær hentuðu ekki sem best í stórsölu. En þetta breyttist um og á milli áranna 1950-60. Þá var sonarsonur Alberts, Paul „jr“ Ecke, orðinn garðyrkjufræðingur með erfðafræði sem sérgrein. Fyrir hans tilstilli komu fram nýjar, þéttar og lágvaxnar jólastjörnur af því tagi sem við þekkjum nú. Þessar jólastjörnur fóru sigurför um heiminn og með þeim hófst sala á jólastjörnum á Íslandi í kringum 1963-64. Enn framleiðir Ecke-fjölskyldan um 80% af öllum jólastjörnugræðlingum sem ræktaðir eru og seldir í öllum „jólastjörnulöndunum“.

### Umhirða jólastjörnunnar

Jólastjarnan er viðkvæm fyrir hitasveiflum og þolir ekki að standa við lægri hita en 15°C, þótt ekki sé nema í stutta stund. Það er því nauðsynlegt að afgreiðslufólk í blómabúðunum pakki hverri plöntu inn í þykkan pappír eða mörg lög af dagblaðapappír áður en plantan fer úr búðinni. Stuttur spölur, til dæmis út í bílinn fyrir utan búðina, getur verið þeim skeinuhættur, einkum ef frost er úti. Tíu til tuttugu mínútna bið í köldum bíl getur líka alveg gert út af við hana. Forðist að láta jólastjörnuna standa í kulda og trekki. Vökvið hana með volgu vatni en varist að láta vatn standa lengi á undirskálinni, áburðargjöf er óþörf. Það er hægt að láta jólastjörnuna vaxa áfram eftir jól, en af því að hún tengist jólunum eins og jólatréð finnst flestum skrýtið að sjá hana á öðrum tímum árs. Þess vegna láta flestir hana bara „gossa“ sömu leið og jólatréð þegar hún er búin að skila sínu skrautlegasta.

### Er jólastjarnan eitruð?

Nei. Það er bara orðrómur sem keppinautur Eckes lét fara á kreik um jólin 1919 og er orðinn að flökkusögu. Allir grasbítar éta blöðin með bestu lyst og kjarkaðir sjálfboðaliðar hafa gætt sér á nokkur hundruð jólastjörnublöðum viðstöðulaust án þess að fá svo mikið sem „í magann“. Aftur á móti getur hvíti plöntusafinn, sem lekur út ef blað eða grein brotnar af, valdið útslagi og kláða á húð þeirra sem viðkvæmir eru. Eins getur sviðið ef safinn berst í augu eða slímhúð. Hvort tveggja er hægt að laga strax með því að skola með einhverju súru, til dæmis kóki, appelsínusafa eða útþynntu eplaediki.

Hrein snilld!

ASKO
Uppþvottavélar




Asko uppþvottavélin D3250FI var af valin af dönsku neytendasamtökunum „Best i test“ á síðasta ári. Þar sem bornir voru saman eftirfarandi þættir.

Þvottahæfni · Þurrkhæfni · Orkunýting
Vatnsnotkun · Vinnsluhljóð · Þvottatími

- Einn þriðji hluti af þyngdar vélarinnar er hljóðeinangrun.
- Asko hefur þróað nýtt öryggiskerfi sem lokar fyrir öll inntök og dælir öllu vatni af vélinni í niðurfall ef til leka kemur.
- Að lokinni skolun blandast rakamettað loftið í uppþvottavélinni þurru lofti sem er blásið inn í vélina og tryggir einstaka þurrkun.
- „Super Cleaning System“ sér til þess að uppþvottavélin hreinsar sig sjálf.
- Barnalæsing.
- 20 mínútna hraðkerfi.

FÖNIX
- fyrsta flokks. Stór orð sem reynslan réttlætir.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

FÖNIX Raftækjaverslun ▪ Hátúni 6a ▪ 105 Reykjavík ▪ Sími 552 4420 ▪ Fax 562 3735 ▪ fonix@fonix.is ▪ www.fonix.is



## VELTANDI GLÖS

*Skemmtileg hönnun Kristínar Sigfríðar Garðarsdóttur* SJÁ BLS. 2



## ÞJÓÐLEGT OG TÖFF

*Íslenskt jólaskraut* SJÁ BLS. 8

[ SÉRBLAÐ UM ÍSLENSKT JÓLAHALD – FIMMTUDAGUR 7. DESEMBER 2006 ]

# Íslensk jól



FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## EFNISYFIRLIT

ÍSLENSKAR JÓLAGJAFIR
*Stórar og smáar* BLS. 2

SULTA OG UPPLESTUR
*Persónulegar gjafir* BLS. 2



HOLLARI SMÁKÖKUR
*Uppskriftir frá Sollu* BLS. 4

ÓRJÚFANLEGUR HLUTI JÓLANNA
*Konfektið frá Nóa Siríus* BLS. 10

JÓLAKÖTTURINN FER Á KREIK
*Hvaðan kemur hann?* BLS. 10

Blue Lagoon gjafakort




Bláa lónið Húðvörur Spa meðferðir Veitingar Gisting

Upplýsingar í síma 420-8832 eða á bluelagoon@bluelagoon.is

BLUE LAGOON ICELAND

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


Kristín Sigfríður með eitt af glösunum góðu
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Glösin eru með rúnaðan botn

# Hönnuð á Íslandi, blásin í Póllandi

Íslensk hönnun er tilvalin í jólapakkann. Kristín Sigfríður Garðarsdóttir hannar falleg og sérstæð glös og karöflur.

Kristín er í Europris þegar næst í skottið á henni, segist vera að skoða jólagjafir og hlær. Viðurkennir þó að hún muni örugglega gefa mikið af sinni eigin hönnun um jólin. Kristín hefur lengi hannað muni úr postulíni á vinnustofu sinni Gallerý Subbu en nýlega hóf hún einnig að hanna all sérstæð glös. Það sem gerir þau frábrugðin öðrum glösum er rúnaður botninn. “Þetta er í raun í framhaldi af því sem ég hef verið að vinna í postulín bæði stærri skálar og veltibolla,” útskýrir Kristín sem lengi hefur haft áhuga á glervinnslu og man vel hvenær hann kviknaði fyrst.

“Það var þegar ég var í námi í Myndlista-og handíðaskólanum. Þá fór ég sem skiptnemi í Konstfack skólann í Stokkhólmi og blés gler eins og físibelgur í nokkrar vikur,” segir hún glaðlega en eftir að Kristín lauk námi hér heima fór hún í framhaldsnám í Danmarks design skólann í Kaupmannahöfn. Þar var hún í keramik og glerdeild og kynntist meðal annars sænskri konu og Dana sem ráku glerverkstæði en þar fékk hún að blása gler eins og hana listi. Þá fannst henni skemmtilegt að geta haft glervinnsluna með því sem hún vann í postulín heima á Íslandi á vinnustofu sinni.

Þegar vinkona Kristínar ákvað að selja verkstæði sitt og láta í staðinn framleiða hönnun sína í litlilri glersmiðju í Póllandi ákvað Kristín að slá til að gera slíkt hið sama með glösin sín og karöflur. Hún endurbætti hönnun sína á glösunum og valdi nýja liti. Við tók langur og snúinn ferill sem fór mikið til fram á netinu en Kristín sendi ljósmyndir af gömlu glösunum sínum og nýjar teikningar. “Þau bjuggu síðan til frumgerðir og sendu til mín, og mikið var ég glöð þegar ég fékk fyrstu glösin í hendurnar,” segir Kristín glaðlega og áætlar að ferlið hafi tekið tæpt ár í það heila. Nú eru glösin fínu komin í búðarhillur Kirsuberjatrésins sem Kristín rekur ásamt öðrum. “Svo var hann Eyjólfur í Epal mjög áhugasamur og því eru glösin til sölu í verslun hans, bæði í bænum og úti á flugvelli,” segir Kristín og bætir við að glösin hafi fengið góðar viðtökur. Hún er nú með glerskál á teikniborðinu sem hún á von á að fá frumgerð af frá Póllandi bráðlega og hlakkar mikið til.

## Persónulegar gjafir

Hér eru nokkur ráð ætluð þeim sem vilja gefa persónulegar og öðruvísi gjafir.

Sértu afi eða amma geturðu brennt upptöku af þér að lesa upp skemmtilega jólasögu fyrir börnin. Upptökuna skaltu brenna á geisladisk og útbúa fallegt umslag, jafnvel með myndum af þér sem barni.

Hafirðu veitt silung eða lax í sumar sem þú lést reykja, er skemmtilegt að setja hann í fallega matarkörfu ásamt góðu kexi, ostum, og vínflösku. Láttu kort fylgja með mynd af þér að veiða fiskinn.

Sultan sem þú bjóst til úr rifsberjunum í garðinum er tilvalin jólagjöf. Settu hana í falleg krukku með silkiborða og settu límmiða framan á krukkuna þar sem þú gefur henni skemmtilegt heiti, eins og Sultulús fyrir soltna mús. Þú getur látið borðdúk fylgja með.

Týndu saman ljósmyndir af þér og vinum þínum í gegnum árin og settu í fallegt albúm með skemmtilegum myndatextum. Ekki er verra ef þú lætur boð í kvöldverð fylgja með.



# Íslenskar jólagjafir - stórar og smáar

Íslendingar eru afskaplega stoltir af landi og þjóð. Við erum stolt af arfleifð okkar og handverki. Við erum hins vegar ekki föst í fortíðinni því nútímahönnun blómstrar hérlendis í dag. Hægt er fá innlenda skartgripi, föt, húsgögn og svo mætti lengi telja. Hér eru nokkrar hugmyndir að íslenskum jólagjöfum sem hvergi fást annars staðar í heiminum.


Fallegir glermunir eru prýði. Þessi bakki er hannaður af glerlistakonunni Ingunni Eydal og fæst hann í Gallerí List.


Listakonan Dýrfinna Torfadóttir hefur getið sér gott orð fyrir skartgripi sína. Þeir þykja afar fallegir og karakterríkir og gott dæmi um það sem er að gerast í íslenskri hönnun.


Hnífur frá Páli Kristjánssyni er listasmíð. Hann hefur um árabil framleitt hnífa úr náttúrulegu hráefni. Engir tveir hnífar eru eins og er hægt að fá þá útskorna eftir eigin höfði. Verðið er mjög mismunandi eftir vinnu og hráefni sem notað er en enginn verður svikinn af hníf frá Páli. Munið bara að borga fyrir ykkur með annarri gjöf ef þið fáið hníf því annars boðar það ógæfu.


Ekki má gleyma íslensku ullinni. Flestir eiga lopapeysur en fæstir eiga svona lopapeysur. Peysurnar frá Farmers Market eru fyrst og fremst ætlaðar til útflutnings en svona hönnun má ekki fara óskipt út úr landi.



Í Rammagerðinni fæst frábær gjöf fyrir þá sem vilja eitthvað óvenjulegt. Þetta eru steinar sem búið er að höggva í teninga. Þeir eru settir í frysti þannig að þeir verða ískaldir. Svo er þeim bætt út í drykk til að kæla hann án þess að þynna hann. Drykkurinn er í orðsins fyllstu merkingu „on the rocks".


Íris Eggertsdóttir og Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir hanna og selja föt sín í versluninni KVK á Laugavegin-um. Fötin eru öll einstök og algjörlega hugarsmíð þeirra.

# GÆÐAJÓL FRÁ NÝHERJA



## Canon Ixus 900 Ti

***Fyrir mikilvægar jólaminningar***

Einstök og glæsileg Ixus vél úr títaníum. Með 10 MP upplausn og Face Detection tækni sem hjálpar þér að taka bestu andlitsmyndirnar. Flaggskipið í Ixus línunni fyrir þá sem vilja það flottasta og besta í smámyndavélum.

Verð: **59.900 kr.**



## Bose SoundDock

***Stílhrein gæði***

Bose SoundDock er stílhrein og flott lausn til að hlusta á uppáhaldstónlistina þína í einstökum gæðum. Þú einfaldlega smellir iPod í Bose SoundDock og upplifunin er þín.

Verð: **44.900kr.**



## Canon SELPHY CP710 ljósmyndaprentari

***Prentaðu út jólamyndirnar þegar þér hentar***

Veldu þægindi og prentaðu út hvar og hvenær sem er! Með SELPHY CP710 ljósmyndaprentaranum frá Canon getur öll fjölskyldan prentað út glansandi ljósmyndir beint úr myndavélinni, af vídeóupptökuvélinni, minniskortinu eða tölvunni. Verð pr. mynd miðað við 108 myndir er aðeins 34 kr.

Verð: **17.900 kr.**



## Lenovo V100 fartölva

***Lítil og létt á ferðinni***

Þessi netta Lenovo fartölva er upplögð fyrir þá sem eru mikið á ferðinni því hún er nett og ótrúlega öflug. Core 2 Duo T5600 örgjörvi, 1GB minni, 100GB harður diskur, 12,1" wide skjá með skínandi áferð, DVD-RW, vefmyndavél á skjánum, fingrafaralesari og möguleiki á 2 rafhlöðum.

Verð: **164.900 kr.**



## MobileEdge Signature Tote

***Fyrir flottar konur***

Fullkomnaðu heildarútlitið með flottri tösku undir fartölvuna. Smart kvenleg taska sem tekur tölvur með allt að 15,4" skjá - SafetyCell™ vörn fyrir tölvuna

Verð: **9.900 kr.**



## Canon DC20 vídeóupptökuvél

***Leyfðu jólagleðinni að lifa lengur***

Taktu upp jólin, börnin, gjafirnar og gleðina með þessari frábærlega vel hönnuðu Canon vídeóupptökuvél. Fyrirferðalítil, engin spóla – tekur beint upp á dvd, 10x optical zoom linsa fyrir skýr myndgæði, 2,2 megapixla upplausn fyrir hefðbundnar stafrænar myndir, hægt að prenta myndir beint úr vélinni, , dvd klippibúnaður fylgir til að gera heimavídeó og leika sér með myndefnið.

Verð: **79.900 kr.**



## Canon PowerShot & CP510 ljósmyndaprentari

***Tvöfaldur jólapakki á góðu verði!***

Með PowerShot A430 og SELPHY CP510 ertu að fá 4.0 MP myndavél með 4x optical zoom linsu og notendavænan ljósmyndaprentara þannig að þú getur prentað út myndir þegar þér hentar.

Verð: **24.900 kr.**

NÝHERJI

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is

Það eru endalausir möguleikar í smákökunum fyrir jólin.



# Smákökurnar í hollari búning fyrir jólin

Langflestir tengja jólasmákökurnar við ljúfar minningar um jól. Margir taka sig til og baka ótal tegundir um aðventuna og þá gjarnan gömlu góðu uppskriftirnar sem komið hafa frá ömmu og mömmu.

Í dag eru margir þó á höttunum eftir hollara mataræði og smjörlíkið og sykurinn er kannski ekki það sem er í uppáhaldi. Sólveig Eiríksdóttir, matarhönnuður hjá Himneskri hollustu, hefur eldað og frætt um lífrænt og vistvænt mataræði síðastliðin ár og mikið verið að hjálpa fólki með mataróþol, sérstaklega fyrir hátíðir.



Fyrir jólin eru endalausar fyrirspurnir frá fólki sem vill njóta anda jólanna og fá sér gömlu góðu smákökurnar en vill gjarnan vita hvort ekki sé hægt að gera þær hollari. Eftir skemmtilegar tilraunir í eldhúsinu fann Sólveig góða lausn og er nú að færa gömlu góðu jólasmákökurnar hennar mömmu í glænýjan og hollari búning. Í staðinn fyrir smjörlíki og sykur borgar sig að nota kaldpressaða kókosolíu og agave-síróp. Kókosolíuna á að meðhöndla eins og smjör og láta standa við stofuhita yfir nótt. Það borgar sig ekki að nota hana fljótandi, því þá verður deigið of klístrað. Kókosolíumassinn blandast við agavesíróp í matvinnsluvél eða hrærivél og síðan verður það létt og freyðandi eins og sykur og smjörlíki. Það kom á daginn að kökurnar eru jafn bragðgóðar og meira að segja voru sumar enn betri í þessum holla búningi.



Sólveig Eiríksdóttir átti skemmtilegan tíma í eldhúsinu við jólatilraunir og fann góða leið að hollari smákökum.

### Hráefni skipt út í bakstri

Stundum langar okkur að aðlaga gömlu uppskriftina nútímanum og gera hana hollari án þess að það bitni um of á gæðum og bragði. Hér koma nokkur atriði sem auðvelda ykkur breytingarnar:

### Hvítt hveiti=

- 100% fínt malað spelt
- 80-90% fíntspelt & 10-20% fínt malaðar möndlur
- 80-90% fínt spelt & 10-20% fínt malað kókosmjöl
- 80% fínt spelt & 20% eitthvað annað.

1 dl hvítur sykur =

- ½ -3/4 dl agave-síróp
- 1 ¼ dl döðlumauk
- ½ dl agave + ½ dl döðlumauk
- ½ dl hvítan sykur & rest e-ð annað

**Smjörlíki 1 dl ½ dl kaldpressuð kókosolía**
**Smjör 1 dl ½ dl kaldpressuð kókosolía**
**Olía 1 dl ¾ dl kaldpressuð kókosolía**

**Þetta gerir uppskriftir sætari án þess að nota sykur:**
**krydd, t.d. appelsínuhýði, sítrónuhýði, kanill, vanilla, malaðar kardimommur, allrahanda, negull, múskat, smá himalaya salt, hreint kakóduft, carobduft, dropar t.d. vanillu, möndlu, hnetur, möndlur & kókosmjöl sem búið er að þurrista, kæla & mala fínt.**

**DÖÐLUMAUK**
**400 g lífrænar döðlur**
**vatn**
**smá himalaya eða sjávarsalt**
**a) döðlurnar lagðar í bleyti í 15-30mín, vatninu hellt frá & síðan er allt maukað í matvinnsluvél**
**geymist best í frysti en líka í ísskáp.**

**b) döðlurnar settar í pott með vatni, það látið fljóta rétt yfir, soðið í um 30 mín., kælt & maukað í matvinnsluvél**
**geymist besti í frysti en líka í ísskáp.**

**DÖÐLU- & MÚSLÍTOPPAR**
**60 g kókosolía*, kaldpressuð**
**100 ml agave síróp***
**170 g haframjölsmúslí m/lífrænu súkkulaði***
**150 g döðlur*, í litlum bitum**
**50 g gróft spelt***
**50 g lífrænt 70% súkkulaði (má sleppa & nota 2 msk hreint kakóduft*).**

látið kókosolíuna standa á borði yfir nótt svo hún sé mjúk & tilbúin til notkunar. Setjið hana í hrærivél ásamt agave sírópinu & hrærið í smá stund. Bætið þá útí restinni af uppskriftinni & blandið vel saman. Hitið ofninn í 190C & setjið bökunarpappír í ofnskúffu. Setjið deigið með teskeið á ofnplötuna & bakið í 10 mín.



**LÍFRÆNAR KÓKOS SMÁKÖKUR**
**50 g kókosolía* kaldpressuð (látið standa á borði yfir nótt svo hún sé mjúk)**
**125 g agave síróp***
**150 g kókosmjöl***
**25 g kókosflögur***
**75 g gróft spelt***
**20 g hreint kakóduft***

setjið kókosolíu & agave í hrærivél & hrærið í smástund. Bætið restinni af uppskriftinni útí & blandið vel saman. Hitið ofninn í 190C & setjið bökunarpappír í ofnskúffu. Setjið deigið með teskeið á ofnplötuna & bakið í 10 mín.





**HÁLFMÁNARNIR HENNAR MÖMMU**
**Þetta er hálfmána uppskrift sem mamma mín gaf mér – ég aðeins lagaði hana að spelti, agave & kókosolíu & kemur hún ótrúlega vel út**
**225 g fínt spelt**
**300 g gróft spelt**
**1/2 tsk kanill**
**1/2 tsk kardimommur (bestar nýmalaðar)**
**1 tsk vínsteinslyftiduft**
**hýðið af 1 sítrónu**
**1-1/2 dl agavesíróp**
**2 dl kókosolía (látið renna á krukkuna smá stund svo olían mýkist)**
**2 eggjarauður + 1 egg**
**bláberjasulta eða önnur góð**
**egg til að pensla deigið**
**blandið þurrefnunum saman í skál**
**hrærið agave + kókosolíu + eggjum saman í hrærivél**
**blandið síðan þurrefnunum varlega útí með sleif**
**kælið deigið smástund, en passið að það verði ekki of hart**
**fletjið deigið út, takið glas til að móta litla hringi**
**setjið 1 tsk af sultu í miðjuna af hverjum hring, lokið & penslið með eggi eða smá kókosolíu**
**bakið við 190°C í 10 mín í miðjum ofni**

*fæst lífrænt frá himneskri hollustu

rh@frettabladid.is

# JÓLATILBOÐ

## VAXTALAUST



TASKA FYLGIR



## AIRIS Fartölva Airis Pragma N920

Vörunúmer: 448n920

- **Örgjörvi:** Intel Celeron M320 1,3GHz. 512kb CacheL2
- **Skjár:** 15.4" WXGA Widescreen
- **Minni:** 256MB 533MHz
- **Harður diskur:** 40GB (5400RPM)
- **DVD skrifari:** DVD-RW +R DL
- **Skjákort:** SVGA ATI Mobility Radeon X200
- **Stýrikerfi:** Windows XP Home
- **Þráðlaust netkort • 4x USB 2.0**
- **Ábyrgð:** 2 ár

MINNI 265 MB 533MHz

HARÐUR 40 GB DISKUR

ÞRÁÐLAUST NETKORT

0% VEXTIR

**TILBOÐ 6.099.-***

6.099.- Vaxtalaust 12 mán.*

69.990.- Staðgreitt

Vaxtalaust tilboð er miðað við jafnar mánaðarlegar greiðslur á Vísa skuldabréfi með viðbættu stimpil- og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt á samningstímann.

Tilboðin gilda í desember 2006 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

## AIRIS Hljómtækjasamstæða



CD DVD MP3 MPEG 4 VCD SVCD

HLJÓMAR VEL

*Airis hljómtækjasamstæða með útvarpi.*
*Spilar DVD • CD • MP3*
*• MPEG4 • VCD • SVCD*
*Hægt að tengja við tölvu og sjónvarp með USB tengi eða SCART tengi*
*2x15w RMS*

Aðeins **12.900.-**

## AIRIS Ferða DVD spilari



Aðeins **16.990.-**

- *7" Breiðtjaldskjár (16:9)*
- *Spilar DVD-/+R/RW, CD, CD-/+R/RW, MP3, og JPEG*
- *Fjarstýring*
- *Bílhleðslutæki*
- *Taska til að setja aftan á hauspúða fylgir*

TASKA FYLGIR



## Samsung L-50



Aðeins **22.980.-**

MEGA VEL

- *5,0 milljón pixlar• 2,5" skjár*

## HP Photosmart D5160 Ljósmyndaprentari

- *Prentar 32 síður í svörtu og 25 í lit á mín*
- *Prentar beint á CD*
- *Minniskortalesari*

Aðeins **8.990.-**

RUGL VERÐ



## Samsung i-6



SVÖRT & SILFUR

Aðeins **36.980.-**

MP3 SPILARI

- *6,0 milljón pixlar*
- *2,5" skjár • Mp3 spilari*
- *Heyrnartól fylgja*

## Afgreiðslutímar

**Office 1 Skeifunni 17**
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 11-17
Sunnudaga frá 11-17
Sími: 550-4100

**Office 1 Smáralind**
Virka daga frá 11-19
Fimmtudaga frá 11-21
Laugardaga frá 11-18
Sunnudaga frá 13-18
Sími: 550-4140

**Office 1 Akureyri**
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sími: 550-4150

**Office 1 Egilsstöðum**
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-18
Sunnudaga frá 12-18
Sími: 550-4160

**Office 1 Ísafirði**
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 10-18
Sunnudaga frá 13-18
Sími: 550-4170

**Office 1 Vestmannaeyjum**
Virka daga frá 9-18
Laugardagur 9. des. kl. 10 til 16
Fimmtudagur 14. des. kl. 09 til 22
Sími: 550-4180

# Office 1 Superstore

# SKEMMTILEGT Í JÓLAPAKKANN



Office1
**Spurning:** Hvað er mús með ekkert skott?
**Svar:** Þráðlaus mús



GEISLADISKA LÆKNIR
Eru diskarnir rispaðir?

# JÓLAPAKKATILBOÐ

## OLYMPUS

**MJU1000**

**10 MEGA PIXEL**

STAFRÆN MYNDAVÉL með 10 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom, 7.4 - 22.2mm linsu (35mm samb.: 35 - 105mm), 2,5" LCD Skjár (230.000 pixlar), frábær við öll birtuskilyrði, hreyfimyndataka með hljóði, USB tengingu við tölvu, 28,5Mb innbyggðu minni. Tekur xD kort. 1Gb xD kort fylgir.

**TILBOÐ 39.990**

FULLT VERÐ kr. 44.990




**1GB xD kort fylgir!**

---



**5x ALVÖRU OPTICAL AÐRÁTTARLINSA**

## OLYMPUS

**FE200**

**6 MEGA PIXEL**

Digital MYNDAVÉL með 6 milljón punkta upplausn, 2.5" LCD skjá, 5x Optical Zoom, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimyndatöku með hljóði, 3 myndstærðum, 10 Scene Modes, Auto Flass, Red Eye Reduction, USB tengingu við tölvu og 22MB innra minni. Tekur xD kort.

**TILBOÐ 24.990**

FULLT VERÐ kr. 29.990




## OLYMPUS

**MJU700**

**7.1 MEGA PIXEL**

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital, 6.5 - 19.5mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimyndatöku með hljóði, 8 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 19.1 mb minni. Tekur xD kort. FÆST Í FJÓRUM LITUM!

**TILBOÐ 26.990**

FULLT VERÐ kr. 29.990




## CASIO EXILIM

**EXZ1000**

**10.1 MEGA PIXEL**

Örsmá STAFRÆN MYNDAVÉL með 10.1 milljón punkta upplausn, Anti Shake DSP Super Life rafhlöðu sem endist 360 myndir, mjög björtum (1200 cd/m2) og skýrum 2.8" LCD Widescreen skjá (230.400 pixlar, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 7.9 - 23.7mm linsu, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, 8Mb innra minni og rauf fyrir SD kort, BESTSHOT og hleðsluvöggu.

**TILBOÐ 29.990**

FULLT VERÐ kr. 44.990

## MP3 SPILARAR



**MP3**

## UNITED

**MP6519512**

Vandaður MP3 SPILARI með 512 Mb minni. Frábær í skokkið eða líkamsræktina. Má festa um upphandlegginn.

**VERÐ 5.990**

FRÁBÆRT VERÐ



**1GB**

## SanDisk

**SDMX51024E70**

**MP3 OG DIKTAFÓNN**

**1GB** Sansa c140 MP3 SPILARI með innbyggðum diktafón og háhraða USB 2.0 tenging við tölvu. Sýnir ljósmyndir. Spilar MP3, WMA og Audible.

**TILBOÐ 7.990**

FULLT VERÐ kr. 11.990

## DVD FERÐASPILARI

## UNITED

**DVP6050**

Flottur fjölkerfa DVD FERÐASPILARI með 7" LCD breiðtjaldsskjá, Dolby Digital, og DTS út, AV inn/út, 2 heyrnartólstengjum, Coaxal útgangi, hleðslurafhlöðu, spennubreyti, tösku og fjarstýringu.

**Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW, (S)VCD og MPEG4**
**Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG**

**TILBOÐ 14.990**

FULLT VERÐ kr. 19.990




## JBL HÁTALARAR OG HARMAN KARDON HLJÓMTÆKI

harman/kardon

**Á FRÁBÆRUM JÓLATILBOÐUM**

JBL

**Alltaf gæði og góð kaup!**
1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



Nýtískulegt jólatré úr keramiki eftir Grétu á Litla-Ósi. Fæst í Jólahúsinu og kosar 3.520.



Jólasveinakúlur eftir hönnun Brynju Eldon eru fáanlegar í Jólahúsinu á 1.750.



Krúttlegt englapar sem bíður þess að prýða jólatré. Það er eftir Ágústínu G. Jónsdóttur og kostar 1.260 í Jólahúsinu.



Lítil laufabrauðskaka úr postulínsleir er nett jólatrésskraut. Það er eftir Birnu Jóhannsdóttur og kostar 700 í Jólahúsinu.

Bragi Baldursson og Guðrún Lísa Erlendsdóttir búa til útsagað jólaskraut úr tré og selja það í Jólagarðinum, Eyjafirði, Norska húsinu í Stykkishólmi og Drymlu á Bolungarvík.



Hann er hár og grannur þessi jólasveinn sem tálgaður er úr tré af Hrefnu Aradóttur. Fæst í fínum ullarpoka í Jólahúsinu og kostar 4.500.

# Bæði þjóðlegt og töff

Íslenskt jólaskraut hefur meira gildi en innflutt í augum flestra.

Gaman er að prýða híbýli sín með íslensku jólaskrauti, að ekki sé talað um ef það er gert með íslenskum höndum. Slíkt skraut er líka tilvalið í jólapakka því þar sameinast yfirleitt í eitt skemmtileg hugmynd og vönduð vinna. Þjóðtrúin er áberandi í ýmsu jólaskrauti sem gert er hér á landi enda sjálfsagt að viðhalda virðingunni fyrir Grýlu og Leppalúða, ásamt þeirra hrekkjóttu afkomendum og illa innrætta húsdýri. Það er arfur sem ekki verður frá okkur tekinn. Íslenskir lista- og handverksmenn hafa þó líka tileinkað sér nútímalega hönnun sem fellur vel að þeim einfalda stíl sem einkennir mörg heimili.

*– gg*



Það er auðséð á parinu Grýlu og Leppalúða hver fer með völdin á heimilinu. Þetta hefur eldsmiðurinn Bjarni Þór unnið úr tré og selur m.a. í Jólahúsinu á Skólavörðustíg í vandaðri gjafaöskju. Verðið er 12.500 krónur.



Keramikkúlur Ólafar Erlu Bjarnadóttur eru safngripir því ein kemur út á hverju ári. Fást meðal annars í Epal á 4.300 krónur.



Kirstín Karólína hefur handunnið alla íslensku jólasveinana. Hér er sveinn sem gægist á glugga. Fæst í Jólahúsinu á 3.960.


Hlýleg Jólastemning!!









Full búð af fallegum vörum í jólapakkana!

Flottir jólasveinar, snjókarlar, alpajólatré og gífurlega fjölbreytt gjafavara, til dæmis myndir, klukkur, tréskálar, matarstell ofl.ofl.

Sjón er sögu ríkari!

Verslunin er opin mán–fös frá 10–18
Opnunartímar laugardaga í desember:
2/12 frá 11–16, 9/12 frá 11–18,
16/12 frá 11–18, 23/12 frá 11–20.

VIRKA Húsgögn
Mörkin 3, sími 568 7470
www.virka.is

SKAGEN
DENMARK



BRILLIANT
LAUGAVEGUR · KRINGLAN · SMÁRALIND



Ný útvarpsstöð
Kaninn Fm 94,3
Íslensk músík alltaf!



*3ja sæta leðursófi* ***107.800 kr.*** *- 2ja sæta* ***90.500 kr. – Stóll 64.900 kr.***



*Leðurhornsófi með tungu 245x315 -* ***318.200 kr.***



*Gott úrval af skemmtilegu jólaskrauti*



*Hellas skápur* ***kr. 279.800*** *– Borðstofuborð m/ 2 stækkunum* ***kr. 133.700***
*–* ***Jazz borðstofustóll kr. 22.400***



*Soho glerskápur* ***kr. 148.900*** *– Delta borðstofuborð 180x100 m/ 2 stækkunum*
***kr. 89.900*** *– Paris leðurstóll (lágt bak)* ***kr. 15.400*** *– Derby leðurstóll* ***kr. 16.700***



*Body skenkur* ***kr. 129.800*** *– Dondo borðstofuborð 220x100* ***kr. 111.200***
*– Leðurstóll* ***kr. 13.900*** *– Spegill* ***kr. 27.900***

**LÍNAN**
**HÚSGÖGN**

**SUÐURLANDSBRAUT 22**
**SÍMI 553 7100 • www.linan.is**

# Jólakötturinn er kominn á kreik

Ýmsar getgátur eru á reiki um uppruna jólakattarins og hér verða nokkrar þeirra reifaðar.

Segja má að jólakötturinn sé einn meðlima í ófrýnilegri fjölskyldu tröllanna Grýlu og Leppalúða og barna þeirra, jólasveinanna þrettán, Lepps, Skrepps og Leiðindaskjóðu.

Ekki er vitað með vissu um tilurð jólakattarins, en sumir telja líkur á því að norrænir og keltneskir landsnámsmenn hafi flutt munnmælasögur um hann með sér til Íslands frá Bretlandseyjum.

Rökin sem hafa verið færð fyrir því eru meðal annars þau, að í keltneskum og norrænum þjóðsögum bregður fyrir kattarófreskjum sem ógna mönnum. Þykir háttalag þeirra minna um margt á hegðun jólakattarins, að minnsta kosti eins og henni er lýst í hinu þekkta kvæði Jóhannesar úr Kötlum og heimildum á Þjóðminjasafninu.

Jólakötturinnn er langt frá því að vera eina jólaófreskjan, að íslensku jólasveinafjölskyldunni undanskilinni. Sögur af fjandsamlegum verum sem herja á menn um jólin þekkjast víða um Evrópu og eru af sumum álitnar ná aftur til heiðni.

Þessar verur sjá til þess að fólk inni öll verk af hend áður en jólin renna upp, því annars er þeim að mæta. Í tilviki jólakattarins er gjarnan talað um „að menn fari í jólaköttinn“ eða að „klæða jólaköttinn“ hafi þeim ekki tekist ætlunarverk sitt áður en jólin renna í hlað.

Álíta sumir seinna orðatiltækið renna stoðum undir þá trú að jólakötturinn sé persóna úr vikivakaleikjum, en hér á öldum áður fóru íbúar sumra Evrópuríkja í gervi alls kyns furðuvera í slíkum leikjum þegar þeir voru haldnir um jólaleytið.

Ástæðan fyrir því að köttur valdist í hlutverk jólahrellis hérlendis er talin ráðast af eðli katta, sem eltast helst við bráð sína á næturna. Líklegast er vandfundið dýr á Íslandi sem hentar eins vel í hlutverk kvikindis sem eltist við menn á dimmasta tíma ársins en köttur.

Fyrir þá sem vilja fræðast enn frekar um jólaköttinn er þeim bent á að fara inn á heimasíðuna www.visindaverfur.is þaðan sem þessi fróðleikur er fenginn, en þar er að auki upptalning á heimildum sem fjalla ítarlegar um viðfangsefnið.

*- rve*



Jólakötturinn með augum listamannsins Birans Pilkington, er nokkuð vinalegur í útliti miðað við lýsingar á honum.



Molarnir eru ekki bara bragðgóðir heldur gómsætir á að líta.

# Konfektið frá Nóa-Siríusi órjúfanlegur hluti jólanna

Óhætt er að segja að starfsmenn Nóa-Siríusar hafi í nógu að snúast í desember, annasamasta mánuði ársins hjá fyrirtækinu.

Að sögn Rúnars Ingibjartssonar, matvælafræðings hjá Nóa-Siríusi, er jólaundirbúningurinn löngu hafinn enda fátt eins vinsælt um jólin og konfektið góða frá Nóa-Siríusi.

„Sumum þykir konfektið vera órjúfanlegur hluti jólanna og höfum við því notað sömu gæðahráefnin frá upphæfi vegna langvarandi vinsælda,“ segir Rúnar.

„Við vöndum okkur við val á marsipani sem er keypt í Lübeck, mekka marsipanframleiðslunnar, og öðru hráefni. Þá hafa litlar breytingar verið gerðar á molunum í tímans rás, helst að minni sykur sé notaður í þá heldur en áður og er það gert í takt við kröfur neytenda.“

Rúnar segir að svo virðist sem fólk skiptist í tvo hópa, eftir því hvort því líki betur marsipan- eða kremfylltir konfektmolar. „Sumir vilja bara marsipan- eða hlaupfyllta mola. Aðrir eru meira fyrir kremfyllingar. Auðvitað er það ekki algild regla og sumir neyta hvort tveggja með bestu lyst.“

Vegna þess hversu vinsælt Nóa-Siríus konfektið er selst það í ótrúlegu magni fyrir jólin. „Við viljum ekki hampa okkur með því að gefa sölutölurnar upp,“ segir Rúnar. „Hins vegar er áætlað að um 90 tonn af bæði innlendu og innfluttu konfekti seljist hér um jólin. Nóa-Siríus konfektið er þar í háu hlutfalli.“

Eins og gefur að skilja þarf töluverðan mannskap til að koma súkkulaðinu út úr húsi hjá Nóa-Siríusi og áætlar Rúnar að um sjötíu manns komi nálægt því með einum eða öðrum hætti. „Konfektið er á fjórum framleiðslulínum og endar allt á pökkunarfæribandi þar sem því er raðað í kassa eftir kúnstarinnar reglum. Við viljum auðvitað leggja okkur fram við að gera konfektið sem kræsilegast þegar það berst í neytenum í hendur, enda víst með að vekja kátínu hjá mörgum yfir jólin.“

*- rve*



Hérna sést Rúnar Ingibjartsson, matvælafræðingur hjá Nóa-Siríusi, sem hefur í nógu að snúast þessa dagana.



Konfektið er á fjórum framleiðslulínum og endar allt á pökkunarfæribandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








## Íslensk jól eru...

- ... að geta aldrei munað í hvaða röð jólasveinarnir koma
- ... að stressa sig yfir að jólatré og svínahryggir seljist upp um miðjan mánuð
- ... að rifja upp jólin þegar rafmagnið fór af borginni klukkan fimm á aðfangadag
- ... Ómar Ragnarsson
- ... að fylgjast með veðurfréttum í von um hvít jól
- ... að arka Laugaveginn á Þorláksmessu
- ... að kaupa síðustu jólagjöfina korter í tólf á hádegi aðfangadags
- ... að hlusta á útvarpsmessu meðan jólamaturinn er snæddur
- ... að leggja friðarkerti á grafir látinna ættingja
- ... að fara í jólaboð á annan í jólum
- ... Trivial Pursuit og félagsvist


Baci
Tjáðu þig með
kossum
Með hverjum
Baci súkkulaðikossi fylgja
skemmtileg skilaboð um
ást og vináttu.
Mjúkt núggat, ristaðar heslihnetur, dökkt gæðasúkkulaði
Heill pakki af kossum!
Baci súkkulaðikossarnir fást í mismunandi
umbúðum sem henta til gjafa við öll tækifæri.
ENNEMM / SÍA / NM19106


DÉLICES DE Cartier
The new feminine fragrance

# Órafmagnaðir fjölskylduklúbbar

***Langflestir eru orðnir þreyttir á asanum sem allir eru að tala um. Stanslaust er verið að tala um leiðir til að minnka stress, allt frá nuddi til sólarlandaferða. Nýjasta fyrirbærið er órafmagnað heimakvöld að sjálfsögðu án sjónvarps, síma og tölvu.***

Fyrir jólin er nóg að gera, á sama tíma og krakkarnir eru á fullu í skóla, prófum, jólasýningum, uppskeruhátíðum og svo framvegis.

Í vinnunni er allt að verða „vitlaust“ á mörgum stöðum og þess vegna er kannski ekki á bætandi að koma heim í tölvuleiki og nýjustu raunveruleikaþáttaröðina í takt við hrærivélina og aðventuljósin.

Heimakvöld eru alltaf að verða vinsælli, þar sem tvær til þrjár fjölskyldur hittast heima með börnin, elda saman, eða koma með tilbúið á lítið hlaðborð. Taka síðan fram spil sem hentar allri fjölskyldunni. Það er harðbannað að taka með gsm síma og venjulegir símar eru teknir úr sambandi. Tölvur og sjónvarp eru ekki heldur í gangi. Það er spilað tildæmis Trivial Pursuit, Scrabble, Pictonary eða bara venjulegan rommí. Síðan er nauðsynlegt að borða góðan eftirrétt með spilinu, ávexti, hnetur og kaffi eða te. Þetta er frábær leið til að skapa rými til að vera í núinu með fjölskyldu og



Krakkarnir hafa gaman af órafmögnuðum fjölskyldukvöldum.

vinum og njóta lífsins. Síðan fara börnin að sofa og fullorðnir spjalla fram eftir. Sérstakir klúbbar hafa verið stofnaðir í kringum slík órafmögnuð kvöld og hugsa þá án efa til sjónvarpslausra fimmtudagskvölda, sem börnum í dag finnst án efa bara vera skrökvulygi. *-rh*






## Hvernig afþýða á ísskáp

EF ÞAÐ ER EITTHVAÐ SEM VIÐ GLEYMUM OFT AÐ GERA EÐA HELST VILJUM GLEYMA ÞÁ ER ÞAÐ AÐ AFÞÝÐA ÍSSKÁPINN OKKAR.

Mörgum finnst þetta vera frekar mikil leiðindavinna en ef maður skipuleggur sig vel og gerir verkið hratt og vandvirknislega þá er þetta ekkert mál.

Hér eru nokkrar ráðleggingar um hvernig á að afþýða ísskáp. Ísskápurinn má alls ekki vera í sambandi og taka verður allan mat og hillur úr ísskápnum. Geymið matinn á öruggum stað og þrífið hillurnar. Lækkið hitastig ísskápsins í núll gráður. Næsta klukkutímann eða svo mun ísinn í skápnum bráðna. Passið ykkur á því að það leki ekki niður á gólf. Takið handklæði eða þykkan klút til að þurrka vatnið. Best er að taka ísköggglana með höndunum, annars er best að nota skeið eða gaffal til að taka kögglana. Alls ekki nota skæri eða hnífa til að fjarlæga þá þar sem þeir geta skemmt ísskápinn.

Þegar allur ísinn er farinn byrjar hreingerningarnar. Best er að setja volgt vatn í fötu með alls ekki mikilli sápu. Þvoðu ísskápinn vel og vandlega að innan með svampi. Þegar það ferli er búið er best að taka þurra tusku og þurrka þau svæði sem þú þreifst með sápunni. Þegar það er búið er sniðugt að taka aðra umferð núna bara með pappírsþurrku. Eftir það er óhætt að setja hillurnar og matinn aftur inn í ískápinn. Stilltu hitastigið aftur eins og það var og nú ætti ísskápurinn þinn að vera tandurhreinn.



NÝJAR SPENNANDI UPPSKRIFTIR Á HEIMASÍÐUNNI
WWW.SIMNET.IS/HOLLUSTAURHAFINU
HOLLUSTA 1 ÚR HAFINU
HOLLUSTA ÚR HAFINU
hollustaurhafinu@simnet.is

Jólasveinarnir eru á leiðinni
Núna fer í hönd þriðja starfsár jólasveinaþjónustu Leppalúða. Líkt og undanfarin ár verðum við eldhressir og tökum að okkur verkefni fyrir stærri aðila og smærri.
Fyrirtækjaskemmtanir
Jólaskemmtanir
Heimahús
Jólaböll
o.fl. o.fl
Sími Leppalúða: 865 2452

Jólagjafir fyrir yngstu börnin
Sam
BabySam®
Skeifan 8 - s. 568 2200 Smáralind - s. 534 2200 - www.babysam.is

ALLT TIL INNPÖKKUNAR
Eingöngu sala til fyrirtækja
Opið 08.00-16.00
GRÆNN MARKAÐUR
www.flora.is info@flora.is
Réttarhálsi 2 110 Rvk
Sími: 535-8500

allt matur
Alla föstudaga



Við Flókagötuna stendur þetta hús ljósum prýtt eftir Garðlist. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Skreyta garða og hús

***Fyrirtækið Garðlist tekur að sér utanhússskreytingar á aðventunni fyrir einstaklinga, húsfélög og stofnanir.***

„Þetta er garðyrkjufyrirtæki en í kuldakastinu í nóvember höfðum við lítið að gera í garðvinnunni og settumst niður til að hugsa upp verkefni. Þá datt okkur í hug að bjóða upp á ljósaskreytingar og eftir að við auglýstum það hefur verið brjálað að gera,“ segir Brynjar Kjærnested, framkvæmdastjóri Garðlistar. Hann tekur fram að Garðlist þjónusti fyrirtæki og einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu og nefnir líka húsfélög sem láti gjarnan setja seríur á svalahandriðin. „Fólk hringir í okkur og óskar eftir skreytingu, hvort sem er utan á húsið eða á lóðinni, ráðgjafi frá okkur mætir á staðinn og fer yfir það hvað fólk vill og hvaða skreytingar á að nota. Sjálfir erum við með úrval af ljósaseríum til sölu og sýnum fólki myndir af þeim ef það vill. Í þessari heimsókn er líka gerð kostnaðaráætlun. Síðan fer sérstakur uppsetningarmaður á staðinn og gengur rammlega frá ljósunum úti við hvort sem er utan á hús eða í garði og endar á því að stinga í samband.“

Brynjar segir þessa starfsemi skemmtilega tilbreytingu í skammdeginu. En þurfa þeir félagar ekki himinháa stiga til að ganga frá seríum á efstu trjátoppa? „Jú, jú, við erum með stóra stiga og líka körfubíl ef með þarf. Við höfum komið fyrir ljósum í allt upp í 15 metra háum trjám.“ Að lokum er forvitnast um verð á þjónustunni en Brynjar segir það algerlega fara eftir aðstæðum. „Það er mjög misjafnt hvað fólk vill eyða miklu í skreytingar. Sumir eyða 30 til 40 þúsundum, aðrir allt upp í 400 þúsund.“ Að lokum má geta þess að frekari upplýsingar og myndir af seríum Garðlistar er að finna á heimasíðu fyrirtækisins, www.gardlist.is

*- gun*



Garðlistamenn tóku að sér að skreyta Blómaval við Skútuvog og hér eru þeir að þekja þakið ljósum.



Ekki aðeins trjákrónurnar hafa verið lýstar upp í garðinum við Flókagötu heldur líka stofnarnir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11
Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár
Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.
10 ára ábyrgð
12 stærðir, 90 - 500 cm
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Truflar ekki stofublómin
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar
Traustur söluaðili
Skynsamleg fjárfesting
550 9800
www.skatar.is
Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123
Bandalag íslenskra skáta

## Jólaskrautið }

# Jólaveinar að störfum

BRIAN PILKINGTON HANNAÐI FYRIR NOKKRUM ÁRUM SKEMMTILEGAR STYTTUR AF ÍSLENSKU JÓLASVEINUNUM.

Íslensku jólasveinarnir, Grýla, Leppalúði og jólakötturinn eru mismunandi velkomnir gestir á íslenskum heimilum yfir jólahátíðirnar. Enski myndlistarmaðurinn Brian Pilkington heillaðist mjög af jólasveinunum íslensku, sögu þeirra og fjölskyldumynstri þegar hann flutti hingað til landstók sig til fyrir nokkrum árum og hannaði styttur af þessari merkisfjölskyldu út frá myndum sem hann gerði í bók sem útskýrir jólasveinana íslensku fyrir umheiminum. Þarna má finna jólasveinana að störfum við að gægjast á glugga, draga í dilka eða rífa í sig bjúgu, Grýlu, Leppalúða og hinn ófrýnilega jólakött. Jólasveinastytturnar eiga líka litla bræður sem er hægt að hengja á jólatréð.
Þær fást á ýmsum stöðum í bænum, til dæmis í Islandia og Jólahúsinu. Stærri gerðin kostar í kringum 1300 krónur en þeir minni sem fara á jólatréð í kringum 1000 krónur.



Jólasveinarnir hans Brians

## Útstillingin er æt



Þegar gengið er um Rauðarárstíginn vekja jólaútstillingar í skóbúðinni Trippen athygli. Fyrir utan skótauið er flest af því ætilegt sem í gluggakistunni er. Þetta er einföld leið til að minna á jólin og þó eitthvað hverfi upp í litla munna eða á annan hátt má alltaf endurnýja skrautið. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Á jóladöfinni }

### 7.DESEMBER

**Vox Borealis eða Raddir norðanvindins** flytja norræn jólalög í anddyri Norræna hússins og hefjast tónleikarnir kl. 12.15. Kórinn er skipaður ungmennum úr Nordklúbbum Norræna félagsins og stjórnandi er Sólveig Sigurðardóttir. Engin aðgangseyrir.

**Jólabónus Hugleiks** verður afhentur í annað sinn í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld kl. 21.

**Gunnar Gunnarsson organisti og Sigurður Flosason saxófónleikari** leika jólasálma í Hallgrímskirkju kl. 20.

**Léttsveit Reykjavíkur heldur jólatónleika** í Langholtskirkju sem hefjast kl. 20 og býður til sín gestum úr Barnakór Bústaðakirkju. Einsöngvari er Þorvaldur Þorvaldsson.

**Jóla- og aðventutónleikar Kammerkórs Hafnarfjarðar** verða endurteknir kl. 20 í Hásölum í Hafnarfirði. Á tónleikunum verður flutt jólatónlist og önnur hátíðleg tónlist.

**Jólatónleikarnir „Ég man þau jólin"** verða haldnir í Hafnarborg og hefjast kl. 20. Þema tónleikanna er gömlu góðu amerísku jólalögin sem verða flutt af listamönnum sem eru búsettir í Hafnarfirði eða tengjast Hafnarfirði á einhvern hátt. Meðal þeirra sem fram koma eru Ólafur Már Svavarsson og Esther Jökulsdóttir.



*Pantaðu jólamyndatökuna tímanlega.*



MYND
Hafnarfirði S: 565 4207
*www.ljosmynd.is*






**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.







Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar



Til sölu er 4 stk AZEV 17" álfelgur 5 x 120 gata ásamt lítið eknum heilsársdekkjum frá Dunlop 235/45/17. Passar t.d undir Bmw E39 Verð 75 þús. Tilboð 60 þús Uppl. í s. 848 0944.




**Dunlop vetrarhjólbarðar**
á fólksbíla og jepplinga. Dunlop hefur verið á toppnum í gæðakönnunum ár eftir ár. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Akureyri, sími 464 8600.



Til sölu nýjar álfelgur 16X7" með gatadeilingu 5x114. Verð áður 24.900 kr. Tilboð 11.900 kr. stk. Felgurnar passa m.a. undir Mazda Tribute, Ford Escape, Toyota Rav4, Hyundai Santa Fe, Nissan Xtrail, Hyundai Tucson o.fl. Uppl. í s. 864 8866.



Til sölu ný vetrardekk 245/75 R16 negl-anleg, verð áður 16.900. Tilboð 9.900. Uppl. í síma 864 8866.

Góð 31" dekk á 6gata MMC Pajero felgum. Verð einungis 40.000 stgr. S. 893 5201.

## Aukahlutir í bíla

4stk 14" heilsársdekk á stálfelgum, 4stk. álf. 15". Passa undir Toyota Corolla, ssk. úr Toyota Corolla árg. '93, ek. 80 þús. km, bassabox, 2x1000 vatta keilur, magnari -Goldminer JBL, verðtilboð. Uppl. í s. 823 7942.

## Varahlutir




**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd Dráttabílaþjónusta & Bílapartar.**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Iðndalur 10. 190 Vogum. S 557 7551.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartar ehf S.587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Partar s. 565 3323**
Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning.

## Viðgerðir




BÍLASPÍTALINN

Almennar viðgerðir, hjólastillingar, bremsuviðgerðir. Kaplahrauni 1. S. 565 4332.

## KEYPT & SELT

## Til sölu




**John Deere hágæðaolíur**
Smurolíur, vökvakerfisolía, koppafeiti og frostlögur. 50% lengri endingatími. Nánari upplýsingar hjá sölumönnum. Vélaborg Krókhálsi 5F 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Akureyri, 464 8600.




**Comet iðnaðarryksugur**
Tvær gerðir, verð frá kr. 12.608 m/vsk. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.




**Er vinnudagurinn of stuttur?**
Er vinnudagurinn of stuttur? I.R. Ljósaturnar lengja vinnudaginn, 4x 1000 watta halide kastarar, 9 metra ljósamastur, þolir vindstyrk allt að 100 km/klst. Hljóðlát og sparneytin, díselvél knýr rafalinn, Vélaborg Krókhálsi 5F, (gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600.




Til sölu 12 volta, 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði, með eða án rafgeymis og hleðslutækis. Smásala. Vélaverkstæði JS. Vesturhrauni 3. Garðbæ. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.







Góð kaup. Prinsessukjólar 2500 kr. Allar stærðir. Dvergshöfða 27. Sími 866 9747. Opið frá 14-19.

12 feta Riley snókerborð til sölu. Uppl. í s. 699 8968.

**Olíukyndingartæki.**
Til sölu 2 olíukatlar frá Tækni 1 3ja m3 með spíral og 1 3.5 m3. Uppl. í s. 892 4965, á daginn.

## Gefins

Vanur og þolinmóður eigandi óskast. kanínuungi fæst gefins. Uppl i s 892 5869

## Hljóðfæri

Höfum opnað verslun með nýjar og notaðar harmonikur og öllum fylgihlutum. Visa/euro raðgreiðslur. www.harmonikan.is S. 690 2020

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



Metabo Bandsagir, borðsagir,bútsagir Loftpressur ofl. Ásborg Smiðjuvegi 11. Sími 564 1212.

Er að selja áhöld frá vinnuvélaverkstæði á Ártúnshöfða, m.a. stóra borvél á gólfi, afsog fyrir rafsuðu, 3ja tn. keðjutalíu, átakssköft 60 tn, vökvapressu, 1" loftlykil, herslulykla, stóra röratöng, „hónara" fyrir vökvastrokka, 12 tn. vörubílstjakka, notaðan 1.800 kg. brothamar á vökvagröfu og Hiab 2 tn. vörubílakrana. Varahluti í Broyt gröfu, X30 og X4, m.a. vökvastrokka, skóflur, 1.000-1.400 lítra. 4 dekk 1.200x20 - 18 strigalaga. Uppl. í s. 696 1403 milli kl. 8.00 & 17.00.

## Tölvur




Nýjar tölvur í hverri viku, góð verð. BMS-Tölvulausnir, Suðurlandsbraut 8, Sími 565 7080

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

allt bílar
Alla laugardaga

## ÞJÓNUSTA




## TIL SÖLU




## TIL SÖLU






HÚSEIGN
Fasteignamiðlun


Guðmundur St. Lögg.fast og hdl.

## BJARNARSTÍGUR - EFSTA HÆÐ




**Stærð í fermetrum: 80**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Tegund eignar: Fjölbýli**
**Verð 22,9 millj.**

Falleg 3ja herb. í Þingholtunum. Íbúðin er með uppteknu lofti og er með einstaklega góðu útsýni yfir Esjuna og Akrafjall. Árið 2004 var allt húsið tekið í gegn að utan. Nýtt þak, þakkantur, rennur með bræðsluþráð, skipt um gler í öllu húsinu, nýtt rafmagn dregið inn og ný rafmagnstafla. Búið er að endurnýja allt klóak og dren við húsið. Hiti í stétt fyrir framan og hlið hússsins. Snjóbræðsla við inngang. Eign í toppstandi! Íbúðin skráð 65,6 fm hjá FMR en er um 80 fm að stærð. Sameiginl. þv.hús, hver er með sína vél. Breiðbandið komið.



*Nánari upplýsingar veitir Áslaug Baldursdóttir í 822-9519*

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109 • huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

Frum


## ATVINNA


**Spa centre jobs on cruise ships**

Steiner
SNYRTI-AKADEMIAN

The perfect combination:

Travel the world and getting paid for it at the same time? What about a day shopping in New York or Sydney? Or a day off on the beach in Miami? Mounten climbing in Peru or on excursion in Egypt?

* NAIL STYLISTS

* HAIR STYLISTS

* INSTR. FITNESS - AEROBICS

* BEAUTY & MASSAGE THERAPISTS

Steiner leisure has contracts with 125 cruise ships world wide to operate the hair-, beauty and fitness Spa centers on board.

**Free info & interview day: Dec. 11, 2006**

To register call : 553-7900



**Website: www.str.co.uk**

DISCOVER THE WORLD WITH YOUR OWN EYES



PÓSTURINN
allur pakkinn

# Jólabréfberar
## og framtíðarbréfberar

Íslandspóstur óskar eftir bréfberum til starfa í desember og/eða til framtíðar. Hægt er að ráða sig tímabundið til starfa fram að jólum, tilvalið fyrir skólafólk.
Það er líf og fjör og nóg að gera hjá Póstinum fyrir jólin. Einnig er hægt að ráða sig til framtíðar. Vinnutíminn er breytilegur eða eftir samkomulagi. Um er að ræða bréfberastörf víða á höfuðborgarsvæðinu.

Við bjóðum upp á hressandi störf fyrir fólk á öllum aldri við flokkun og útburð á pósti. Ef þú vilt stunda holla og góða hreyfingu og fá greitt fyrir sækju þá um.

Allar nánari upplýsingar fást í síma 580 1000
og á netfanginu postur@postur.is
Einnig er hægt að sækja um starf á www.postur.is

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
*Heilshugar um þinn hag*

Vilhjálmur Bjarnason – lögg. fast.sali
Helgi H. Jónsson – lögg. fast.sali

**Suðurlandsbraut 50**

**Bláu húsin v/Faxafen**

**husid@husid.is**

**Sími 513 4300**

**www.husid.is**

Frum

**Miklabraut 66, 105 Rvk.**
**Opið hús í dag kl. 17:00 -17:30**



Rúmgóð 3ja herbergja 107,1 fm kjallaraíbúð. Anddyri með korkflísum á gólfi og hengi. Rúmgott eldhús með korkflísum á gólfi, eldri innrétting, flísar á milli skápa og borðkrókur. Hjónaherbergi með parketi á gólfi, rúmgott með skáp. Baðherbergi með lökkuðum korkflísum á gólfi, sturta og gluggi. Stofa með parketi á gólfi, rúmgóð og björt. Svefnherbergi með parketi á gólfi. Öll rými íbúðar nema baðherbergi og geymsla snúa frá götu. Verð 19,5

**Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur í síma: 693 4868**

**Rað- og parhús** **Stóriteigur - Mosfellsbær**



- 5 herb. 167 fm endaraðh. með bílsk.
- Suðvestur góður garður og svalir
- Nýlegt parket á stofu, stiga og gangi
- Laus við kaupsamning
- Eign með mikla möguleika
- Verð 32.900.000.-

**Kolbeinn veitir allar nánari upplýsingar í síma 694 9100.**

**Atvinnuhúsnæði** **Suðurgata - Akranes**



- Gistiheimili 641,5 fm á 2 hæðum
- Góðar leigutekjur
- Möguleikar á stækkun
- 18 útleigueiningar
- Nýstandsett eign
- Verð 75.000.000.-

**Kolbeinn veitir allar nánari upplýsingar í síma 694 9100.**

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

VILTU PENING?????? TAPAÐ/FUNDIÐ

Svartur 80GB IPOD
með FM móttakara tapaðist
á Brekkugötu 26 í Hafnarfirði
Mánudaginn 04/12'06.
Í honum eru myndir og
tónlist sem er sárt saknað

VEGLEG
PENINGAFUNDARLAUN
ERU Í BOÐI

Eigandi er Þröstur í síma 896-0315

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Gæludýraeigendur athugið. Núna eru allar gæludýravörur á hálfvirði í Tokyo gæludýravörum Hafnarfirði.

## Einkamál







Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Jólatilboð í gangi. Hafðu samband í síma 869 6914.

Karlmenn látið líða úr ykkur í notalegu nuddi. Nautn og vellíðan. S. 869 6397.

**908 6050 & 908 2000**
Karlmenn karlmenn! Eruði hressir ? eruði í stuði ? Magga er nýbyrjuð og er við laugardags og sunnudagskvöld og stundum á virkum dögum. Okkur langar að heyra í ykkur. Hringiði í okkur og við verðum draumadísirnar ykkar í alla nótt. Lilja, Birta og Magga.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.













# Básbryggja
Bryggjuhverfi

**Verð: 23,9**
Stærð: 99,7
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1999
Brunabótamat: 16,0
Bílskúr: nei

RE/MAX BORG kynnir; Mjög falleg og snyrtileg 3ja herbergja íbúð með sérinngangi og sérafnotafleti á góðum stað í bryggjuhverfinu. Flísar á forstofu og stór fataskápur. Eldhús með innréttingu úr mahogny, mósaikflísar milli efri og neðri skápa, flísar á gólfi t.f. uppþvottavél. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, innrétting úr mahogny, baðkar og sturtuklefi. Bæði herbergin með skápum úr mahogny. Stofa og herbergi með dökku parketi á gólfi. Rúmgóð og stór stofa með útg. í garð. Geymsla og þvottahús innan íbúðar. Sigurpáll sýnir eignina, bara panta tíma.

Þórunn Þórðardóttir
lögg. fasteigna
fyrirtækja & skipasali

Sigurpáll
Sölufulltrúi
**897 7744**
sigurpall@remax.is

**allt**
auglýsingasími
550 5880







## Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# SJÓNARHORN



SKÓLAVÖRÐUSTÍGURINN ER KOMINN Í JÓLABÚNING OG SKARTAR SNYRTILEGUM JÓLALJÓSUM.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# UPPÁHALDSSTAÐUR

## *Sigga Beinteins kann best við sig á Spáni*



SIGGA FER TVISVAR Á ÁRI TIL SPÁNAR EN VILDI GJARNA KOMAST OFTAR.

Sigríður Beinteinsdóttir er kona sem hefur mörg járn í eldinum. Þess vegna finnst henni gott að komast í frí og það reynir hún að gera eins oft og hún getur. Hún segir að sér finnist margir staðir skemmtilegir en sá sem hún heldur mest upp á er Spánn. „Ég á íbúð rétt fyrir sunnan Torrevieja og þangað reyni ég að komast eins oft og ég get. Núna fer ég svona tvisvar á ári, en það er samt ekki nógu oft. Mér finnst alveg dásamlegt að keyra og ferðast um Spán enda er þetta alveg æðislegt land. Það er svo gaman að ferðast þarna til ýmissa borga og skoða staðina. Þegar ég fer á eftirlaun þá væri draumastaðan að búa á Spáni yfir veturinn en vera svo hérna á sumrin," segir Sigga að lokum.






# Þar sem tryggingar snú-ast um fólk, eða hvað?

**UMRÆÐAN**
Tryggingar

Í nútímaþjóðfélagi þykir sjálfsagður hlutur að vera tryggður fyrir áföllum og skemmdum sem maður kann að verða fyrir. Ástæðan fyrir að ég sest niður og skrifa þessa grein er sú að sonur minn varð fyrir fjárhagstjóni sem ætla mætti að hann hafi verið tryggður fyrir en fékk ekki bætt. Hinn 5. janúar 2005 um kvöldmatarleytið lagði sonur minn bifreið sinni á bifreiðastæði við heimili sitt. Bifreiðin var með fjarstýringu í lyklinum. Um kl. 23.00 sama kvöld uppgötvaði hann að bifreiðin var ekki lengur í stæðinu og hringdi hann í lögregluna og fór í framhaldi á lögreglustöðina við Hverfisgötu til að tilkynna hvarfið á bifreiðinni. Varðstjóri á vakt lagði spurningar fyrir hann og á þeim tíma taldi sonur minn að læsingin hefði mistekist hjá honum og að bifreiðin hefði verið opin. Einnig taldi hann að aukalyklar að bifreiðinni hefðu verið í hanskahólfi bifreiðarinnar. Í raun taldi hann að það skýrðist er bifreiðin fyndist. Í formi varðstjóra fyllti varðstjórinn út að bifreiðin hefði verið ólæst. Í þessum töluðu orðum var útkall að Rafveituvegi við Elliðaárnar en þar var tilkynnt um bifreið sem stæði í ljósum logum. Sonurinn að gefa skýrslu og óprúttnir skemmdarvargar höfðu borið eld að bifreiðinni. Sonur minn fékk að vita daginn eftir að kveikt hefði verið í bifreiðinni.

Í stuttu máli; bifreiðin gjörónýt, allir gluggar brotnir í henni og ekki nokkur leið að sjá hvort brotist hafði verið inn í hana. Kom fram í lögregluskýrslu að hlutir hefðu verið rifnir úr bifreiðinni og hent út úr henni áður en kveikt var í henni.

*Eftir þessa reynslusögu af VÍS fannst mér það skylda mín að láta vita af þessari hlið sem allir gætu lent í. Þetta er ekki tryggingarfélag sem stendur undir nafni þar sem tryggingar snúast um fólk.*

Sonur minn gaf aðra vitnaskýrslu hjá lögreglu áður en til neitunar um bætur kom frá tryggingafélaginu VÍS. Þar sem fram kom að hann teldi sig hafa læst bifreiðinni. Sambýliskona hans gaf einnig vitnaskýrslu þar sem hún taldi sig hafa séð bjarma frá blikki ljósanna á bifreiðinni er þau yfirgáfu hana um kvöldmatarleytið sem staðfesti í raun að bifreiðinni hafði verið læst.

Tryggingafélagið VÍS neitaði strax að greiða bifreiðina út þótt hún væri kaskótryggð og brunatryggð og bar við sig smáaletrinu. Málið fór í héraðsdóm og þar tapaði sonur minn málinu og í Hæstarétt þar sem hann tapaði einnig málinu. Var sönnunarbyrðinni snúið við, þ.e. að syni mínum var gert að sanna að brotist hefði verið inn í bifreiðina. VÍS lagði fram danskan dóm til að bera saman við þetta mál, en ég tel að ekki sé til fordæmismál í eignaspjallsmáli og bruna þar sem tryggingafélag hefur komist upp með slíkan gjörning gagnvart lítilmagnanum. Tveggja ára dýrum málarekstri er nú lokið þar sem tryggingafélagið VÍS fékk að njóta vafans hvort bifreiðin hafi verið læst eða ekki.


GUÐMUNDUR INGI INGASONV

Segja má að þeir hafi barist um á hæl og hnakka til að komast hjá því að greiða tjónið. Vitað er að bifreiðum hefur verið stolið með því að óprúttnir aðilar hafi farið á bílasölur og fengið að reynsluaka bifreiðum og síðan ekki skilað nema öðrum kveikjuláslyklunum á bílasöluna. Þeir síðan leitað upplýsinga um hvar skráðir eigendur ættu heima og í raun verið með lista yfir bílana og notað þá líkt og um bílaleigu væri að ræða.

Sonur minn var aðeins 21 árs gamall er þetta gerðist fyrir tveimur árum og var þá nýlega búinn að kaupa sér íbúð og var að hefja lífið og stofna fjölskyldu.

Ég hef tryggt hjá VÍS frá því að það hét Samvinnutryggingar, Brunabótafélagið og síðan Vátryggingafélag Íslands. Þar hafa verið góðir starfsmenn, liðlegir og almennilegir.

Eftir þessa reynslusögu af VÍS fannst mér það skylda mín að láta vita af þessari hlið sem allir gætu lent í. Þetta er ekki tryggingafélag sem stendur undir nafni þar sem tryggingar snúast um fólk. Þeir sem tryggja, og þá sérstaklega hjá VÍS, ættu að leita til lögmanns áður en þeir tilkynna um tjón eða þjófnað svo formgalli í tilkynningu geri þá ekki bótalausa. Fólki er oft brugðið er það verður fyrir að brotið er gegn því og segir hluti sem það hugsar að geti verið eina rétta ástæðan á því tímabili sem sjokkið er sem mest en kemst síðan að því að það hefur haft rangt fyrir sér. Það getur orðið dýrkeypt eins og í þessu umrædda tilviki.

Ég er hins vegar sammála um að ef ekki eru ummerki um innbrot og/eða ekki sýnilegar skemmdir við innbrot eigi tryggingafélög rétt á að bera við smáaletrinu. Þar sem ekki er möguleiki fyrir hendi á að sýna fram á ummerki vegna þess að þau eru afmáð (bíll brunninn til ösku) finnst mér að tjónþoli eigi að njóta vafans. Ég læt hér liggja milli hluta að gagnrýna íslenska dómstóla í málinu en það koma ýmsar spurningar upp í hugann.

Að lokum skal þess getið að sonur minn skuldaði bifreiðina að mestu og lánveitandinn var einnig VÍS og hafa þeir fengið bifreiðina greidda frá syninum. Að auki er málskostnaður sem lendir á syni mínum.

Mikill munur er á tryggingum „þar sem tryggingar snúast (ekki) um fólk“ og tryggingum sem segja „sértu tryggður færðu það bætt“.

*Höfundur er rannsóknarlögreglumaður í Reykjavík með yfir 30 ára starfsreynslu í lögreglunni.*

## AF NETINU

### Svei þér, Össur

**Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, fjallar um ræðu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.**

Ingibjörg Sólrún virðist hafa notað frambjóðendaþing Samfylkingarinnar til að snupra svila sinn og félaga í þingflokki SF. Eða hvað getur hún átt annað við þegar hún segir að vanda SF megi fyrst og fremst rekja til sundurleits þingflokks og ótrúverðugs? Eftir höfðinu dansa limirnir og verður varla sagt að stefnufesta eða skýr málefni hafi komið fram í ræðum ISG síðustu misserin. Þessi óskýra stefna eða hin margvísandi stefna SF hefur verið aðal flokksins að undanförnu í flestum málum nema einu: Við ætlum okkur í ríkisstjórn. Minna máli virðist skipta með hvaða stefnu þangað skal farið eða hverjum. Völdin lokka. Og nú segist Ingibjörg Sólrún tilbúin – tilbúin til að berja Össur og þigflokkinn til langvarandi hlýðni. Fróðlegt verður að fylgjast með agaviðleitni formanns SF á næstu dögum. Athygli vekur að málefni virðast hafa verið aukaatriði á þessum frambjóðendafundi SF. Stóru málin voru tvö: Draumurinn um að komast í ríkisstjórn og snuprur á Össur. Þannig byrjar kosningabaráttan hjá SF.

**Af www.althingi.is/hjalmara**






Glæsilegt úrval gjafavara
... í átta ORMSSON
ZWILLING
Úrvals hnífar - vönduð matargerð.
Jólaverð kr.: 39.900. settið
Solis OF SWITZERLAND
VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í ÁR!
Ávaxta- og grænmetissafapressan frá SOLIS.
Jólaverð kr.: 15.900.
Solis OF SWITZERLAND
Hágæða Espresso kaffivél.
Jólaverð kr.: 29.900.
Solis OF SWITZERLAND
Traustur og sterkur
blandari - burstað stál
Jólaverð kr.: 10.900..
AEG
AEG UPPÞVOTTAVÉL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Kr. 89.900 Stál · Kr. 79.900 Hvít
AEG
Klassísk og
vönduð kaffivél.
Jólaverð kr.: 2.990.
TEFAL
TEFAL straujárn
Jólaverð kr.: 4.790.
Brabantia strauborð
Jólaverð kr.: 6.490.
QONIX.
QONIX PRA2000
Prýðisútvarp sem fer vel alls staðar.
Jólaverð kr.: 6.990.
AEG
AEG RYKSUGUR
Jólaverð frá kr. 10.900.
brabantia
FLOTT ÚRVAL
AF RUSLAFÖTUM.
Hönnun á
heimsmælikvarða.
AEG EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS
Lavamat 76820
Lavatherm 57820
AEG ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI · ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Jólaverð kr. 175.000.
AEG
Blandari sem
endist og endist
- enda frá AEG.
Jólaverð kr.: 6.990.
AEG
Alsjálfvirk
kaffi og
espresso
kaffivél
Jólaverð kr.: 49.900.
KVIKA
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDBRENGL.
Njótið vöruúrvalsins í 8 ORMSSON
Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
ORMSSON-LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
ORMSSON-SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800
ORMSSON-SMÁRALIND
SÍMI 530 2900
ORMSSON-AKUREYRI
SÍMI 461 5000
ORMSSON-KEFLAVÍK
SÍMI 421-1535
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

# fyrir alla fjölskylduna verslunum!



**MERKIN OKKAR TRYGGJA GÆÐIN**

OLYMPUS



OLYMPUS MJU 725 SW
7.1 milljón pixlar. Vatnsheld. Höggþétt.
Jólaverð kr.: 38.900.

SAMSUNG



SAMSUNG ljósmyndaprentari.
Draumur ljósmyndarans – galdratæki.
Jólaverð kr.: 14.900.

SHARP



SHARP XL-UH 220
Alvöru hljómtækjastæða.
Jólaverð kr.: 29.900.

SAMSUNG



SAMSUNG MP3 spilari
1 Gb með útvarpi.
Litir: Svartur,
grár, silfur og bleikur.
Jólaverð kr.: 19.900.

Nintendo



NINTENDO DS Lite
Leikjatölvan vinsæla.
Frábært leikjasafn.
Jólaverð kr.: 16.900.

CELESTRON



CELELSTRON 60AZ
Stjörnusjónauki.
Jólaverð kr.: 9.900.

Pioneer

PIONEER DV393K
Vandaður DVD Spilari.
Jólaverð kr.: 11.900.



OLYMPUS



OLYMPUS mju 740
Stafræn myndavél. 7,1 milljón pixlar.
Jólaverð kr.: 33.900.

Pioneer

HEIMABÍÓ
Nýtt módel 2006/2007
Jólaverð kr.: 49.900.



*Hér sérðu mestu gæðin!*

Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVÖRPUM



PIONEER PDP-4270XA 42" PLASMA sjónvarp
Það flottasta á markaðnum!
Jólaverð kr.: 359.900.

QONIX



QONIX RDA-4730
Ferðatæki - útvarp, CD og segulband.
Jólaverð kr.: 5.990.



LOEWE.

LOEWE Xelos SE
HÁGÆÐA 32" LCD SJÓNVARP
~~Listaverð kr.: 299.900~~
Jólaverð kr.: 219.900.

SHARP



SHARP LC32GA9E
HÁGÆÐA 32" LCD SJÓNVARP
Jólaverð kr.: 199.900.



SAMSUNG

SAMSUNG
Myndbandsupptökuvél.
Hágæða Digital vél með stórum skjá.
Jólaverð kr.: 39.990.

*verslunum:*



ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160



ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

HÁTÍÐ ER Í BÆ!

# ORMSSON

WWW.ORMSSON.IS

... og hjá **UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT**

## Kjarni málsins

> Fjöldi barna í leikskólum árið 2005 eftir lengd viðveru




Heimild: Hagstofa Íslands

**menntun**
*nám, fróðleikur og vísindi*

**VÍSINDAMAÐURINN**: SIGURÐUR J. GRÉTARSSON, FORMAÐUR KENNSLUMÁLANEFNDAR HÍ

# *Frá grasrót að trjátoppi*

„Góð kennsla er af margs konar toga og þess vegna er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir að það er ekki til einhver einhlít regla um hvernig eigi að búa til góðan kennara," segir Sigurður J. Grétarsson, prófessor í sálfræði og formaður kennslumálanefndar Háskóla Íslands, sem heldur fyrirlestur um þróun kennslumála sem hann kallar Frá grasrót að trjátoppi á málstofu um kennslumál sem haldin verður í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, á morgun á milli klukkan 13.30 og 16.

Sigurður segir að titillinn á fyrirlestrinum sé tilkominn vegna þess að það þurfi að hugsa um þessi mál niðri í grasrótinni, í einstökum deildum háskólanna. „Það er ekki hægt að búa



til góða kennslu með tilskipun. Við getum ekki sagt við menn að þeir eigi að vinna vel, að nota Powerpoint eða standa á höndum. Kennsla er þróunarstarf svipað og list- eða iðngrein," segir Sigurður og bætir því við að frumkvæði fyrir góðri kennslu verði að koma frá kennurunum í deildunum.

Sigurður segir að vegna þess hve Háskóli Íslands hafi stækkað mikið og eflst þurfi menn að vera sér meðvitandi um þetta því skilyrði til kennslu hafi breyst mikið. „Minn punktur er sá að allir kennarar háskólans þurfi að hugsa um þetta efni; ekki bara einn skriffinni inni á kontór. Kennsla virkar best ef frumkvæðið er gott hjá kennurunum sjálfum," segir Sigurður.

Auk Sigurðar halda þau Guðrún Geirsdóttir og Snjólfur Ólafsson fyrirlestra í málstofunni.

■ **Skólinn**

## 80 ára Ísaksskóli

Skóli Ísaks Jónssonar fagnar í ár 80 ára starfsafmæli sínu, en skólinn var stofnaður árið 1926. Ísaksskóli er einkaskóli og kostar árs nám í honum á milli 160 og 170 þúsund krónur.



Skólinn hefur alla tíð sérhæft sig í kennslu yngstu grunnskólabarna og býður skólinn upp nám í fimm ára bekk. Í skólanum hefur alltaf verið lagt mikið upp úr söng og er samsöngur nemenda í sal skólans tvisvar í viku.

Eitt af markmiðum skólans er að við lok sex ára bekkjar geti nemendur lesið í kringum 100 atkvæði á mínútu, sem er sambærilegt við það sem aðrir skólar miða við í lok sjö ára bekkjar og er talið að þess vegna veiti skólinn börnum afar góðan undirbúning.

■ **Ráðstefna**

## Alþjóðleg sagnfræðiráðstefna

Önnur ráðstefna CLIOHRES, sem er öndvegisnet í sagnfræði styrkt af 6. rammaáætlun ESB, verður haldin í Hátíðasal Háskóla Íslands dagana 8. og 9. desember. Þátttakendur í ráðstefnunni eru um 160 og koma frá 44 háskólastofnunum í 31 landi, þar með töldum flestum löndum Evrópu sem og Tyrklandi og Suður-Afríku. Á ráðstefnunni verður sjónum beint að fólksflutningum í evrópskri sögu,

CLIOHRES hóf starfsemi 1. júní 2005 og er hér um að ræða eitt stærsta rannsóknarverkefni í hugvísindum sem styrkt er af evrópskum rannsóknasjóðum. Fyrr á þessu ári komu út hjá háskólaútgáfunni í Písa átta bækur á vegum netsins með niðurstöðum rannsókna fyrsta starfsársins.

Fyrir hönd Háskóla Íslands taka þátt þau Anna Agnarsdóttir og Guðmundur Hálfdanarson, bæði prófessorar við sagnfræðiskor, og doktorsnemarnir Erla Hulda Halldórsdóttir og Ólafur Rastrick. Guðmundur er aðalstjórnandi verkefnisins ásamt Ann Katherine Isaacs, prófessor við háskólann í Písa.



■ **Verðlaun**

## Hagnýtingarverðlaun Háskólans

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor við hugvísindadeild HÍ, og samstarfmenn hans, Hrafn Loftsson, lektor í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík, og Sigrún Helgadóttir, sérfræðingur á Orðabók Háskólans, hlutu hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands, sem Kristín Ingólfsdóttir rektor afhenti í Tæknigarði 1. desember. Verkefni þeirra nefnist Samhengisháð ritvilluleit.



Að þessu sinni bárust níu tillögur og voru þrjár þeirra verðlaunaðar. Tillaga Þorsteins I. Sigfússonar, prófessors við raunvísindadeild H,Í og tveggja samstarfsmanna hans, Jóns Steinars Garðarssonar Mýrdal, eðlisfræðinema við HÍ, og Sigurðar Arnar Aðalgeirssonar, nema í rafmagnsverkfræði í HÍ, hlaut önnur verðlaun.

Verkefni á sviði rannsókna í sýklavörnum, Örvun innbyggðra sýklavarna gegn sýkingum, undir stjórn Guðmundar H. Guðmundssonar, prófessors við raunvísindadeild HÍ, og Eiríks Steingrímssonar, prófessors við læknadeild HÍ, hlaut þriðju verðlaunin að þessu sinni.

■ **Þemakvöld**

## Nöfn og þjóðtrú

Félag þjóðfræðinga heldur þemakvöld í kvöld, fimmtudaginn 7. desember, kl. 20. Fyrirlesarar eru Svavar Sigmundsson og Kendra Willson.



Þemakvöldið fer að venju fram í húsi Sögufélagsins við Fischersund.

Fyrirlestur Svavars ber yfirskriftina: Örnefni og þjóðtrú en fyrirlestur Kendru: Sögur af ónöfnum. Frá Satan til Sataníu.

Nánari upplýsingar um starf Félags þjóðfræðinga er að finna á slóðinni http://www.akademia.is/thjodfraedingar/

■ **Kennarar**

## Grunnskólakennurum hefur fjölgað mikið

Í nýjasta vefriti menntamálaráðuneytisins kemur fram að grunnskólakennurum fjölgaði um sextán prósent á árabilinu 2000 til 2005.

Kennurum hefur fjölgað meira en gert var ráð fyrir í áliti nefndar frá 1999 sem reyndi að spá fyrir um þörf fyrir grunnskólakennara fram til ársins 2010. Nú eru um 700 fleiri kennarar að störfum en spáð var.

Því var spáð að árið 2005 yrði þörf fyrir 3.824 kennara skólaárið 2005 til 2006 en þeim myndi síðan fækka í 3.669 skólaárið 2009 til 2010. Þá var miðað við ákveðna spá um fjölda grunnskólanemenda og að hlutfall nemenda á hvern kennara yrði óbreytt frá því sem var 1998.

# Samræmd próf hafa gefið góða raun í áratug

**Tíu ár eru liðin síðan samræmd próf voru tekin upp í 4. og 7. bekk grunnskóla. Þau hafa almennt gefið góða raun þennan tíma en eitt af meginmarkmiðum þeirra er að gefa börnum og foreldrum þeirra hugmynd um hvar þau standa miðað við önnur börn á sama aldri.**



**SIGURGRÍMUR SKÚLASON** Sviðsstjóri samræmdra prófa hjá Námsmatssofnun segir að samræmdu prófin í íslensku og stærðfræði sem haldin eru í 4. og 7. bekk hafi skilað góðum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Alls 4.000 til 4.400 börn að meðaltali þreyta samræmdu prófin í 4. og 7. bekk á hverju ári, eða um 95 til 97 prósent af börnum í þessum tveimur árgöngum á landsvísu. Ólíkt samræmdu prófunum í 10. bekk eru samræmdu prófin í neðri bekkjunum aðeins haldin í íslensku og stærðfræði. Að sögn Sigurgríms Skúlasonar, sviðsstjóra samræmdra prófa hjá Námsmatsstofnun, er markmið prófanna að gefa foreldrum og nemendum viðbótarupplýsingar um stöðu nemenda sem fást ekki úr þeim prófum sem skólarnir halda. „Með niðurstöðunum úr þessum prófum geta foreldrar og skólayfirvöld séð hvar nemendurnir standa í samanburði við aðra nemendur í sama árgangi," segir Sigurgrímur.

Hann segir að prófin séu ekki byggð upp til að gefa heildarmynd af stöðu kerfisins. „Við getum ekki sagt til um hvort færni nemenda í lestri eða stærðfræði hafi aukist almennt á síðustu tíu árum því aðferðafræði prófanna býður ekki upp á það." Sigurgrímur segir að tilgangur samræmdu prófanna sé að gefa mynd af færni og þekkingu nemenda á líðandi stundu.

Tilgangur samræmdra prófa í 4. bekk, að sögn Sigurgríms, er að meta hvort nemendur þurfi á einhverri sérstakri aðstoð að halda því þau eru haldin á mjög mikilvægum tíma, þegar nemendur eru að ná valdi á grundvallaratriðum eins og lestri og stærðfræði. Hann segir að niðurstöður þeirra geti veitt vísbendingu um hvort þeir eigi við námserfiðleika að etja. Hann segir tilgang prófanna því einnig að koma auga á námsörðugleika áður en börn eru orðin of gömul.

Sigurgrímur segir hins vegar að þó að samræmdu prófin hafi gefið góða raun séu forsendur til að bæta framkvæmd samræmdra prófa í þessum bekkjum. Hann segir að vonandi geti þeir hjá Námsmatsstofnun þróað kvarða sem segir til um hvort árangur barna á prófunum sé ófullnægjandi, ásættanlegur eða góður árangur. „Slíkur kvarði myndi auka dýpt í námsmatinu en það tekur tíma að vinna hann," segir Sigurgrímur. ingifreyr@frettabladid.is

Fyrsti minningarsjóðurinn til styrktar blindra og sjónskertra við Háskóla Íslands:

# Þórsteinssjóður var stofnaður við Háskóla Íslands í gær

Þórsteinssjóður, fyrsti styrktarsjóður blindra og sjónskertra við Háskóla Íslands, var stofnaður af Blindravinafélagi Íslands í gær. Tilkoma sjóðsins breytir möguleikum blindra og sjónskertra til að helga sig háskólanámi, en um þessar mundir eru sjö blindir og sjónskertir nemendur sem njóta úrræða við Háskóla Íslands.

Stofnskrá sjóðsins var undirrituð í gær og tók Kristín Ingólfsdóttir rektor við stofnfé sjóðsins að upphæð 30 milljónum króna.

Þórsteinssjóður er stofnaður til minningar um Þórstein Bjarnason, stofnanda Blindravinafélags Íslands. Tilgangur Þórsteinssjóðs er að styrkja blinda og sjónskerta til náms við Háskóla Íslands. Sjóðnum er enn fremur ætlað að efla rannsóknir á fræðasviðum sem geta aukið þekkingu á blindu og skertri sýn, og ýta þannig undir tækifæri blindra og sjónskertra til að auðga og efla líf sitt. Sérstök áhersla er lögð á styrki í félags- og hugvísindum sem falla að tilgangi sjóðsins.



**FRÁ STOFNUN ÞÓRSTEINSSJÓÐS Í GÆR** Kristín Ingólfsdóttir rektor tók við 30 milljón-um króna sem mynda stofnfé Þórsteinssjóðs.

Hlutverk og tilgangur Þórsteinssjóðs helgast af æviverki Þórsteins sem fæddist 3. desember árið 1900. Hann stofnaði Blindravinafélag Íslands 24. janúar 1932 og var það fyrsti vísir að félagi til hjálpar fötluðum á Íslandi. Þórsteinn helgaði líf sitt blindum og sjónskertum á Íslandi á 20. öld án þess að taka nokkru sinni laun fyrir heldur lagði félaginu til fé úr eigin vasa. - ifv



HVERN HEFÐI GRUNAÐ AÐ JÓLAMYNDIN Í ÁR VÆRI GRÍNMYND EFTIR LARS VON TRIER MEÐ FRIÐRIKI ÞÓR FRIÐRIKSSYNI?
"BRÁÐFYNDIN!"
- JAMES ROCAROLS, CINEMATTRACTION
FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON
JENS ALBINUS
(Örninn, Idioterne)
BENEDIKT ERLINGSSON
THE BOSS OF IT ALL
GRÍNMYND EFTIR LARS VON TRIER
Háskólabíó
HEIMSFRUMSÝND Á MORGUN Í REYKJAVÍK OG DANMÖRKU
græna ljósið

**ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR LEIKKONA ER 44 ÁRA Í DAG**

*Í síðasta jólabakstri fékk ég næstum taugaáfall. Ég klúðraði þessu öllu, eldhúsið var í rúst og það sem kom út úr þessu var bara vont og ljótt þannig að ég bara gafst upp, þetta er bara ekki mín deild yfir höfuð.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 7. DESEMBER 1975**

## *Indónesar ráðast inn í Austur-Tímor*



Að morgni þessa dags árið 1975 réðst indónesíski herinn á þann hluta Tímor-eyju sem áður tilheyrði Portúgölum. Fyrrum nýlenduherrarnir yfirgáfu eyjuna í ágúst sama ár og senn byrjuðu indónesískir hermenn að seytla yfir landamæri Vestur-Tímor. Ríkisstjórnin á Austur-Tímor óttaðist valdarán af hálfu Indónesa og hinn 28. nóvember lýsti Austur-Tímor yfir sjálfstæði.

Ekki þurfti að bíða lengi eftir viðbrögðum frá Indónesum; hinn 7. nóvember hófu þeir skothríð af hafi á borgina Dili og sendu fallhlífahermenn og landgönguliða til árásar í kjölfarið. Indónesar létu kné fylgja kviði hinn 10. desember og hertóku Baucau, næst stærstu borg Austur-Tímor. Annars staðar í landinu veittu heimamenn kröftuga mótspyrnu en árið 1978 var landið allt komið undir stjórn Indónesa.

Rúmlega hundrað þúsund heimamenn féllu á fyrstu árum innrásarinnar og hersetunnar. Flestir óbreyttir borgarar sem herinn felldi eða sultu í hel. Skæruliðar héldu andspyrnunni áfram áratugum saman. Jose Ramos-Horta og Carlos Ximenes Belo biskup fengu báðir friðarverðlaun Nóbels árið 1996 fyrir baráttu sína fyrir sjálfstæði A-Tímor.

Indónesíski einræðisherrann Suharto, sem fyrirskipaði innrásina 1975, var steypt af stóli árið 1998 og Austur-Tímor krafðist þess að fá sjálfstæði. Í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1999 var mikill meirihluti eyjarskeggja hlynntur sjálfstæði sem leiddi til þess að Indónesar sendu herlið sitt aftur inn. Friðargæslulið Sameinuðu þjóðanna skakkaði leikinn og árið 2001 voru fyrstu lýðræðislegu kosningarnar haldnar á Austur-Tímor þar sem kosið var um fullvalda ríkisstjórn.

### MERKISATBURÐIR

**1835** Fyrstu lestarteinarnir opnaðir í Þýskalandi.
**1879** Jón Sigurðsson forseti andast í Kaupmannahöfn, 68 ára.
**1941** Japanir gera loftárás á Pearl Harbor í Kyrrahafi.
**1970** Íslensk kona fær nýra úr bróður sínum. Skurðaðgerðin er gerð í London og er það í fyrsta sinn sem nýrnaflutningur er gerður á Íslendingum.
**1975** Indónesar ráðast inn í Austur-Tímor.
**1988** Harður jarðskjálfti skekur Armeníu með þeim afleiðingum að 25 þúsund látast.
**2001** Áhöfn þyrlu varnarliðsins bjargar skipbrotsmanni úr Sigurborgu við mjög erfiðar aðstæður við Snæfellsnes.



## 65 ára brúðkaupsafmæli

**Björn Eysteinn Kristjánsson** f. 19. 8. 1920 að Hjöllum í Ögurhreppi, fyrrverandi lögregluvarðstjóri og borgarstarfsmaður, og eiginkona hans **Auður Axelsdóttir** f. 15. 4. 1920 frá Ási í Kelduhverfi gengu í hjónaband í Reykjavík hinn 7. 12. 1941. Þau dveljast nú á Hrafnistu í Reykjavík.



*Áskær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

### Stefán V. Þorsteinsson

fyrrv. rafiðnfræðingur og kennari, Herjólfsgötu 40, Hafnarfirði,

andaðist á gjörgæsludeild LSH Fossvogi mánudaginn 4. desember.

**Erla Guðmundsdóttir**
**Inga Þóra Stefánsdóttir**
**Helga Björg Stefánsdóttir** — **Rögnvaldur Guðmundsson**
**Elfa Stefánsdóttir** — **Haraldur J. Baldursson**
**Viðir Stefánsson** — **Elín R. Sigurðardóttir**
**Magnús Hjörleifsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkæri eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

### Guðmundur Kristinn Jónsson

Skriðustekk 22, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala, föstudaginn 1. desember. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 7. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Sesselja Guðmunda Sigurðardóttir**
**Helgi Sigurður Guðmundsson** — **Sigrún Sjöfn Helgadóttir**
**Stefanía Guðríður Guðmundsdóttir**
**Kristín Helga Guðmundsdóttir** — **Vilhjálmur Geir Siggeirsson**
**Sigríður Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI**



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is


*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

### Jóhanna Guðrún Guðmundsdóttir

áður til heimilis á Laufásvegi 60,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 8. desember kl. 13.00. Jarðsett verður í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu.

**Sophia H. Osvaldsdóttir** — **Einar Kristinsson**
**Davíð H. Osvaldsson**
**Anna Guðfinna Osvaldsdóttir**
**Guðrún Osvaldsdóttir**
**Guðmundur Osvaldsson** — **Rut Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg systir mín, mágkona og frænka,*

### Kolbrún Björnsdóttir

sjúkraliði, Ljósheimum 20, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Garðakirkju fimmtudaginn 7. desember kl. 13.00.

**Þórunn Daníelsdóttir** — **Ármann Jóhannsson**
**Edda Bryndís Ármannsdóttir** — **Gunnvant B. Ármannsson**
**Brandur Gunnvantsson**
**María Kristjánsdóttir**
**og aðrir ættingjar.**

*Dóttir okkar, systir og barnabarn,*

### Svandís Þula Ásgeirsdóttir

andaðist þann 2. desember.

**Hrefna Björk Sigurðardóttir** — **Ásgeir Ingvi Jónsson**
**Nóni Sær Ásgeirsson**
**Pálmi Freyr Steingrímsson**
**Sigurður J. Pálmason** — **Auður Eysteinsdóttir**
**Sigríður Jónsdóttir** — **Hjalti Svanberg Hafsteinsson**
**Þóra Kristjánsdóttir** — **Jón Guðmundsson**
**og aðrir aðstandendur.**

**Blóm og kransar afþökkuð, þeim sem vilja minnast Svandísar Þulu er bent á Barnaspítala Hringsins í von um bata Nóna Sæs.**



*Útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

### Kristins Guðmundssonar

bifreiðastjóra, Grenigrund 11, Akranesi,

sem andaðist á heimili sínu 27. nóv. sl. verður gerð frá Akraneskirkju föstudaginn 8. desember kl. 14.

**Kirstín Benediktsdóttir**
**Rúnar Helgi Kristinsson** — **Ruth Jakobsdóttir**
**Petra Kristín Kristinsdóttir** — **Einar Guðni Þorsteinsson**
**Guðmundur Kristinn Kristinsson** — **Kristín Brynja Gústafsdóttir**
**Guðlaugur Guðjón Kristinsson** — **Sylvía Clothier Rúdolfsdóttir**
**Og barnabörn.**

**AÐALBJÖRN BJÖRNSSON:** 100 ÁRA AFMÆLI VOPNAFJARÐARSKÓLA

# Vel heppnuð afmælishátíð



**100 ÁRA AFMÆLI FAGNAÐ** Nemendur og starfsfólk Vopnafjarðarskóla ásamt öðrum Vopnfirðingum fögnuðu því að hundrað ár eru liðin frá því að kennsla hófst í eiginlegri skólabyggingu á Vopnafirði.

„Það var fjölmenni sem fagnaði þessum áfanga, mér telst til að það hafi verið á þriðja hundrað manns með öllum nemendum í skólanum,“ segir Aðalbjörn Björnsson, skólastjóri Vopnafjarðarskóla. Á föstudaginn síðasta var því fagnað að hundrað ár eru liðin frá því að kennsla hófst í eiginlegri skólabyggingu á Vopnafirði.

Í erindi sem skólastjórinn flutti á afmælishátíðinni kom fram að smiðir frá Akureyri hafi byggt skólahúsið sem átti að vera heimavistarskóli fyrir sveitina og heimangönguskóli fyrir kauptúnið. Heimamenn telja líklegt að þarna hafi verið fyrsti heimavistarskóli á Íslandi. Skólinn hét í upphafi Barnaskólinn og hélst það nafn allt til 1967 þegar ný bygging var tekin í notkun á öðrum stað. Þá fékk skólinn nafnið Vopnafjarðarskóli.

Miklar framfarir hafa orðið í skólastarfi á Vopnafirði síðan nýja byggingin var tekin í notkun. Til að mynda hefur verið byggt ágætis íþróttahús og um aldamótin var nýbygging í skólahúsinu tekin í notkun. „Það var ákveðið að byggja af framsýni með mötuneyti fyrir nemendur. Við vorum því með fyrstu sveitarfélögunum sem settu upp mötuneyti fyrir nemendur í þéttbýli. Sömuleiðis vorum við snemma á ferðinni með að einsetja skólann,“ segir Aðalbjörn skólastjóri, sem sjálfur er borinn og barnfæddur Vopnfirðingur. Hann hefur gegnt stöðu skólastjóra frá 1995, en var áður aðstoðarskólastjóri og kennari.

93 nemendur eru nú í Vopnafjarðarskóla og tóku þeir allir þátt í afmælishátíðinni. Á afmælishátíðinni gengu nemendur fylktu liði út í íþróttahús og mynduðu þar töluna hundrað. Boðið var upp á ís og pylsur og að sjálfsögðu afmælisköku. Þá sungu nemendur lag eftir Agnar Má Magnússon við texta Gunnars Gunnarssonar skálds. Lagið heitir Vorið komið var, en gert er ráð fyrir að þetta verði skólasöngur Vopnafjarðarskóla hér eftir. hdm@frettabladid.is



## 40 ára

### Grétar Hallur Þórisson

forstöðumaður Skíðasvæðanna er fertugur í dag 7. des. Af því tilefni tekur hann á móti gestum í Bláfjallaskála laugardaginn 9. des. nk. frá kl. 17.00.



*Elskulegur faðir minn,*

### Gunnar Baldur Guðnason

Hraunbæ 116,

andaðist á Landspítalanum Hringbraut mánudaginn 4. desember. Útför auglýst síðar.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Sigrún Gunnarsdóttir**


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**


Sverrir Einarsson


Hermann Jónasson


Geir Harðarson


Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar




# TIL HEILLA Í 70 ÁR!

1936

## Tryggingastofnun á afmæli

2006

Af því tilefni eru allir velkomnir á þjónustustaði okkar um land allt
í piparkökur og heitt súkkulaði föstudaginn, 8. desember kl. 9–15:30.*

**Tryggingastofnun hefur í 70 ár annast framkvæmd þeirra laga sem öryggisnet íslensks velferðarsamfélags byggist á.**

200 starfsmenn hennar veita almenningi fjölbreytta þjónustu varðandi ellilífeyri, örorkulífeyri, sjúkratryggingar og slysatryggingar. Þar er m.a. veitt aðstoð vegna hjálpartækja og niðurgreiðslu lyfja-, þjálfunar- og lækniskostnaðar. Starfsfólk Tryggingastofnunar veitir nútímalega þjónustu byggða á gömlum gildum um almannaheill.

**Afmælisgjöf Tryggingastofnunar til þjóðarinnar er nýr upplýsinga- og þjónustuvefur á slóðinni www.tr.is.**

Lögð hefur verið alúð við að gera nýja vefinn lifandi, aðgengilegan og greinargóðan með tilliti til mismunandi þarfa notenda. Framundan eru spennandi tímar þegar stjórnsýslan og allt umhverfi hennar verður sífellt rafrænna. Nýi vefurinn er liður í þeim undirbúningi að Tryggingastofnun geti aukið rafræna þjónustu við þá sem það kjósa.

www.tr.is

* Í þjónustumiðstöðinni á Laugavegi 114, Rvk., verður að auki: Kl. 12 Söngatriði frá söngskólanum Domus Vox  Kl. 15 Fiðluhópur úr Allegró tónlistarskólanum Stjórnandi: Svava Bernharðsdóttir






## STUÐ MILLI STRÍÐA Stjarna jólatónleikanna

**TRYGGVI GUNNARSSON** VAR GERÐUR AÐ HETJUTENÓR



Þegar ég fór að heimsækja félaga minn í Boston var mér tekið opnum örmum af afar viðkunnanlegum ættmennum hans. Svo opnum að við komuna var mér ekið beint á kirkjutónleika sem fjölskyldan stóð fyrir. Verkið sem flytja átti var Messías eftir erkisnillinginn Händel. Afar voldugt verk fyrir hljómsveit og kór, nema hvað það var enginn kór. Við áhorfendur áttum að vera kór og ég get sagt ykkur það að slappari kór hefur sjaldan hafið upp raust sína. Það sem hljóma átti eins og herskarar himins hljómaði eins og alþjóðakór berklasjúklinga. Okkur var raðað eftir röddum og þar sem við vorum frekar fá æxlaðist það svo að ég var eini tenórinn. Allt í lagi mín vegna, ég reyndi að raula með og tókst bara ágætlega til.

Svo kom að öðrum kafla og þá sneri stjórnandinn sér við og tilkynnti söfnuðinum að hér væri ungur Íslendingur sem væri mikill tónlistarmaður. Hann bað mig að standa upp og sagði að ég myndi syngja hærra og leiða sönginn. Ég veit ekki hvar hann fékk þessar stjarnfræðilega röngu upplýsingar, en ég varð að gjöra svo vel að þruma út halelúja eins og ég væri engill á hestasterum á leið í orrustu við höfuðsyndirnar sjö.

Eftir þriðja kaflann, og mjög mörg illa tímasett halelúja, sneri stjórnandinn sér við og ég sá glottið á honum. Hann var þá bara að stríða mér og það hafði honum svo sannarlega tekist. Mitt svar: Ég söng enn hærra í næsta kafla og fékk allar gömlu og afskaplega fölsku konurnar með mér í lið. Ég er viss um að Händel hefur hlustað á með tárin í augunum og grátbeðið Sússa félaga sinn að láta sig fá eina eldingu til að stöðva ósköpin.

Ég er líka viss um að Jesús hefur svarað: „Ertu ekki að grínast, Henni? Ég hef ekki hlegið jafn mikið síðan ég breytti vatni í vín. Leyfum þeim að góla og eiga um leið mjög svo gleðileg jól.“

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



*5 jól í Nettó!*

# *Dönsk jól*

## *7.-9. desember*

**Kynnumst betur og smökkum saman danskan jólamat!**



**Bjørg Dam og fleiri leyfa okkur að smakka í**
**Nettó-Mjódd: Fimmtud. og föstud. kl. 16-18.**
**Nettó-Akureyri: Föstud. kl. 16-18. og laugard. kl. 14-16.**
**Nettó-Salavegi: Laugardag kl. 14-16.**

nettó

**Kl. 20.00**
*Kvennakórinn Léttsveit Reykjavíkur heldur jólatónleika í Langholtskirkju. Með kórnum syngja Þorvaldur Þorvaldsson einsöngvari og Stúlkna- og Kammerkór Bústaðakirkju. Stjórnandi sveitarinnar er Jóhanna V. Þórhallsdóttir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Frisell sómi sýndur*

Bandaríkjamaðurinn Scott McLemore sem búsettur hefur verið á Íslandi í nær 2 ár mun leiða tríó á 7. tónleikum Múlans hinn 7. desember.
Tríóið, sem skartar auk Scott's á trommum, þeim Róberti Þórhallssyni á bassa og Sunnu Gunnlaugs á 30 ára Wurlitzer-rafpíanó mun leika tónlist eftir bandaríska gítarleikarann Bill Frisell. Frisell sem hlotið hefur Grammy-verðlaun bæði í flokki djass- og heimstónlistar hefur eins og Grammy-verðlaunin gefa til kynna sótt efnivið í ýmsar tónlistartegundir en ávallt haft lýríkina að leiðarljósi.
Scott hefur m.a. leikið undanfarið með kvartett Kristjönu Stefáns, bræðingssveitinni Gömmum og er að finna á nýjum geisladiski Elísabetar Eyþórsdóttur og einnig nýlegum diski Andrésar Þórs Gunnlaugssonar. Á árinu kom einnig út diskurinn Found Music sem hefur að geyma tónsmíðar Scott's fluttar af einvalaliði New York-djassara. Hið gítarlausa tríó Scott's mun hefja sína túlkun á Bill Frisell kl. 21 á Domo bar, Þingholtsstræti 5.



**DJASSAÐ Á DOMO** Tríó Scotts McLemore leikur tónlist Bills Frisell á Domo í kvöld. MYND/JIMMY KATZ

## > Ekki missa af …

hádegistónleikum í Hafnarborg í dag. **Antonía Hevesi** og **Kurt Kopecky** leika fjöruga efnisskrá fjórhent á píanó kl. 12 í dag. Aðgangur er ókeypis.

**„Broti af því besta“** sýningu á verkum úr listasmiðjunni **Gagn og gaman** sem nú gefur að líta í menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

jólasýningum leikhúsanna, söngglöð ungmenni flytja **Réttu leiðina** í **Borgarleikhúsinu** en í Þjóðleikhúsinu má sjá leikritið **Leitina að jólunum**.

# Tomma fær Turner

Málarinn Tomma Abts hreppti hin virtu Turner-listverðlaun sem afhent voru á mánudag. Þetta er í fyrsta sinn í tuttugu og tveggja ára sögu verðlaunanna að konu hlotnast þessi heiður en einnig er sjaldgæft að þau falli málurum í té. Verðlaunin eru árlega veitt breskum listamanni undir fimmtugu sem þykir skara fram úr á sviði myndlistarinnar en upphefðin heitir í höfuðið á málaranum J.M.W. Turner.

Tomma Abts er fædd í Kiel í Þýskalandi árið 1967 en býr nú og starfar í London.

Japanska listakonan Yoko Ono afhenti Abts verðlaunaféð sem nemur 25 þúsund sterlingspundum. Abts var tilnefnd fyrir einkasýningar sínar í Kunsthalle Basel í Sviss og í London en auk þess voru listamennirnir Phil Collins, Mark Titchner og Rebecca Warren á úrvalslista verðlaunanefndarinnar þetta árið. Sýning á verkum þeirra stendur yfir í Tate-safninu til 14. janúar næstkomandi.

Abts hlýtur verðlaunin fyrir óvenjuleg abstrakt-verk sín sem hún vinnur í stærðinni 48x38 cm. Hún vinnur að sögn beint á striga og hefst handa án nokkurrar forhugmynda enda taka lagskipt verk hennar á sig mynd smám saman þar sem áferð verkanna skapa flókið samspil við formin sem þau birta.

Talsverður styr hefur staðið um verðlaunin sl. ár, gagnrýnendur þeirra hafa líkt framkvæmd þeirra við farsa sem sé í litlum tengslum við listaheiminn. Aðrir mæla þeim mót og vilja meina að Turner-verðlaunin séu mikilvægur hvati fyrir listafólk og fyrir almenning sem jafnan sækir verðlaunasýningarnar vel. **- khh**



**FRÁ TURNER-SÝNINGUNNI** Tomma Abts er fyrsta konan sem fær Turner-listverðlaunin en sýning á verkum hennar og hinna þriggja listamannanna sem komust á úrvalslista þessa árs stendur yfir í Tate-safninu í London. NORDICPHOTOS/AFP

# Skírnir mættur

Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags, Skírnir, haustheftі er komið út og lýkur þar með 180. árgangi þessa elsta menningartímarits á Norðurlöndum. Í heftinu heldur áfram umfjöllun um samtímasögu með minningum Ásgeirs Jóhannessonar um Guðmund Í. Guðmundsson og þátt hans í myndun minnihlutastjórnar Alþýðuflokksins í desember 1958. Svavar Hrafn Svavarsson rekur upphaf hugmyndar um sjálfstæði Íslendinga og setur þjóðernishyggjuna í sögulegt samhengi. Þorvaldur Gylfason fæst við risa sem eru að vakna, Indland og Kína, og forsendur hagvaxtar þar. Guðni Elísson lýkur umfjöllun sinni um DV og dauðann á forsíðunni en fyrri hluti birtist í vorheftinu. Úlfhildur Dagsdóttir skrifar um merkingarheim mannslíkamans.



**STEINA VASULKA** Myndlistarmaður Skírnis að þessu sinni.

Sigurjón Árni Eyjólfsson veltir því upp hvort þörf sé á nýrri guðfræði. Bergljót S. Kristjánsdóttur spyr hvort fræðimenn og útgefendur hafi hugsanlega tekið sér stöðu höfunda þegar vísur í Íslendingasögum eiga í hlut.

Þátturinn Skírnismál sem geymir deilu- og umræðugreinar er tekinn upp aftur í þessu hefti, annars vegar með grein um siðfræði andstöðunnar og virkjanahugmyndir eftir Jón Ólafsson heimspeking, hins vegar grein eftir Róbert Trausta Árnason, fyrrum ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, sem staðhæfir að það verði engin sátt um íslensk öryggismál.

Í þessu hefti hefur göngu sína nýr þáttur sem heitir einfaldlega Bókmenntir: Hér birtast ný ljóð eftir Matthías Johannessen, fyrsti kaflinn í minningabók sem Ingibjörg Haraldsdóttir hefur í smíðum, ný smásaga eftir Einar Kárason og sjö örsögur eftir Eduardo Galeano, höfund frá Uruguay, í þýðingu Kristínar G. Jónsdóttur. Er það von ritstjóra að lesendur Skírnis fagni þessari viðbót.

Tvær umsagnir um bækur eru í Skírni að þessu sinni, Anna Björk Einarsdóttir skrifar um Argóarflísina eftir Sjón og Loftur Guttormsson skrifar um nýjasta bindið af Sögu Íslands. Halldór Björn Runólfsson segir frá myndlistarmanni Skírnis, Steinu Vasulka.

Hausthefti Skírnis er 280 blaðsíður að stærð. Ritstjóri er Halldór Guðmundsson.



Björgvin Halldórsson og hljómsveit.

# Hallarkviða Björgvins Halldórs




**TÓNLIST OG KVIKMYND**
**Björgvin**
Björgvin Halldórsson með Sinfóníuhljómsveit Íslands
Sena
★★★★
Stórt og metnaðarfullt verk sem tekst um sumt frábærlega um annað miður

„Björgvin er náttúrulega bara orðinn Haukur,“ sagði vinurinn.

Mér þótti það ekki svo slæm samlíking. Haukur var jú ótrúlega iðinn og duglegur skemmtikraftur, undra næmur textaflytjandi, mikill músikkant með sýn fram og tilbaka í poppi ævidaga sinna. Það var þá ekki leiðum að líkjast ,hugsaði ég. Hvað fólst í samlíkingunni annað og meira en þetta?

Haukur þurfti ekki að smíða sér ímynd hjá þjóðinni, þó yngsta kynslóðin sem saug í sig tónlist hans frá bernsku, fattaði ekki fyrr en of seint hvað í hann var spunnið. Eins og var um Ellý. Hversu margir vildu nú hafa heyrt hana síðustu æviárin áður en hún veiktist.

Björgvin hefur á síðustu tveimur vertíðum ráðist í að endurnýja katalókinn sinn með umpökkun: nú með þessum tveggja diska sem ber öll merki meistarans: þessari út í fingurgóma kröfu um að allt skuli vera fyrsta flokks, fágað, prófessjónal, markið sett eins hátt og sést og næst.

Rödd hans bæði líklega skaðatæki hann að syngja hart rokk eins og hann gerði á sínum fyrstu árum, blúsaður Björgvin væri ákjósanlegur klaki í sæta blöndu með góðum og löngum eftirkeim. Margt gæti hann enn gert. Ef hann vildi. Það er ekki spurning.

Margir hafa lýst því svo að tónleikarnir í september sem þessar upptökur eru frá hafi verið fullir af tilfinningasemi. Nánast skil kynslóð sem kastaði sér út í flaum og greip stöku sinnum í arminn á Björgvin til að styðja sig í dansi lífsins, hægum og hröðum. Það sem diskarnir tveir sem nú koma út geyma í hljóði og mynd aðeins örlítið brot af safninu hans. Og allt þetta ber vitni um endalausa iðjusemi, sjálfsköpuð verkefni.

Hann hefur líka kassað á þessar vinsældir: Þó líði ár og öld gekk í þrjú ár á Broadway og samnefndur úrvalsdiskur seldist í tonnum. Nína og Geiri drógu að sér 25 þúsund gesti í fyrravetur. Enda maðurinn showman af dillandi sannfæringu.

Þetta sést mæta vel á sinfóníuprojectinu. Hann dregur saman nýtt band, ræður Sinfó, kallar á vini sína í Fóstbræðrum, lætur rigga upp velgræjuðum tónleikum í stóru húsi og selur öll sætin, lætur hljóðrita allt dæmið og kvikmynda og gefur út með glæsibrag.

Söngbókin var sett saman af nokkrum velvöldum lögum eftir hann sjálfan, nokkrum klassískum söngperlum, lögum eftir samferðamenn, cover-versjónum sem hann syngur með krökkunum sínum. Lunginn af efninu er útsettur af Þóri Baldurssyni, stöku lag líkti eftir eldri útgáfum í útsetningum. Og það eru útsetningarnar sem hlustandi hnýtur fyrst um.

Fyrst af öllu það sem heppnast best, þar sem útsetjarinn fellir saman af lipurð strengi og rokkband: það er syrpan með rokklögunum, coverin með krökkunum: þessi hluti er sér á parti: grunnbandið er í fyrirrúmi og sinfónían notuð til að byggja undir rythmann. Það er annar andi í þessu efni en hinu. Þá er það að taka fram að sama prógrammið (utan forleiks) er tvítekið – bara hljóð á fyrri disknum en svo hljóð og mynd á hinum. þegar flett er á mynddiskinn sést líka hvað gerist. Honum líður einfaldlega betur í þessu efni. Það er honum auðveldara í söng, en t.d. Ég bið að heilsa. Þarna bregður hann líka á leik á sviði, það losast um, alvarleikinn er ekki í fyrirrúmi. Hann er að leika sér með okkur öllum.

Nú svo eru þarna nokkrir feikilega fallega samhæfðir ópusar: Ég er að tala um þig er fallega unnið, sífrandi hammond undir stilltum strengjum. Að ekki sé talað um topp kvöldsins sem er það erfiða lag Vetrarsól sem hann syngur með öllum líkamanum á hæstu tónum og fullum styrk. Og athugið: eftir langt kvöld með vogandi prógram, stóra ábyrgð, fullt hús af ófullu fólki – en þá sést líka vel hvað hann er glæsilegur söngvari.

Hvað tekst svo miður? Samhæfing hljómsveitar, karlakórs og rokkbands er erfið og þau lög fara verst í eyrum manns: textar eru hátimbraðir, sinfónían og stór kór heimta ansi skýra orkestrasjón og flóknari verk en einföld sönglög. Það er áhrifamikið að sjá allan fjöldann á sviðinu en smávaxnar laglínur bera ekki þungann.

Það þarf varla að taka fram að textaflutningur er fyrsta flokks, þar sem söngvarinn vogar að leika sér að línum gerir hann það ævinlega smekklega, alltaf skýr á markinu, veit hvað hann er að gera.

Mér þykir við vera fullsæmd af Björgvin Halldórssyni. Hann þarf ekki að skreyta sig með einhverju hallærislegu kóngsnafn og rembast látlaust í athyglissýki eins og sumir. Hann þarf ekki að látast, gerir eins vel og hann getur, eins og hann segir raunar á tónleikunum. Það er við hæfi að eini listamaðurinn sem hann talaði um fjarstaddan þetta kvöld var Haukur Morthens.

Örfá orð um kvikmyndina af tónleikunum: það bjargast, viðar tökur af öllu húsinu eru misráðnar, eins tökur af áhorfendum. Það þyrfti að lyfta salnum með ljósum til að það borgaði sig. það er flýtir víða á framgöngu í klippum hjá Þór Freyssyni stjórnanda og á nokkrum stöðum missir hann af hápunktum laga í einhverjum klippum eða kranaskotum. Þegar gott stöff er á sviðinu þá þarf ekki að nota sömu trixin og notuð eru í Idolinu: þar eru allt gert til að klæða af getuleysi þátttakenda – þarna var pró fólk á sviðinu.

Heimildaparturinn sem fylgir er snautlegur: skotið með einni vél, lítið klippt og áherslulaus en bregða samt upp allt öðrum manni í vinnufötum en hinum í sviðsgallanum – lausari í fasi, frjálsan í ákafa sínum að ná tökum á stóru verkefni. Sem hann gerir á endanum. Með glæsibrag.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

# MAX DÚNDUR VERÐ

**279.999 kr.**

10stk

50 tommur

**Philips 50PF7521D**
- 50" Plasma breiðtjaldssjónvarp
- Upplausn 1366x768
- Skerpa 10.000:1
- Pixel Plus myndtækni sem eykur línufjölda og skerpu
- HD Ready
- Progressive Scan
- 2 x 30w Nicam Stereó hljóðkerfi
- Dolby Virtual Surround
- Innbyggður DVB-T móttakari
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- PC tenging í gegnum HDMI
- Textavarp með 1.000 síðna minni

*almennt verð* ~~399.999~~

**119.999 kr.**

15stk

**Toshiba Sattelite Pro A120**
- Ferðatölva
- Core2Duo T550 1.66 örgjörvi
- 512 innra minni,
- 80gb harður diskur
- DVD skrifari
- Þráðlaust net
- 15,4" breiðtjaldsskjár
- XP Pro

*almennt verð* ~~149.999~~

**17.999 kr.**

**Apple IPOD NANO 2GBS**
- 2GB iPod Nano MP3 spilari - Silfur
- 1.5" LCD litaskjár (176x132 pixlar)
- Geymir allt að 500 lög eða 25.000 myndir
- Endist í 14 tíma á einni hleðslu
- Þyngd aðeins 43gr

*almennt verð* ~~22.999~~

**1.999 kr.**

50stk

**Logitech EX110**
- Þráðlaust lyklaborð
- Þráðlaus Optical mús

*- saman í setti á frábæru verði!*

*almennt verð* ~~4.999~~

**1.499 kr.**

**Creative LiveCam**
- Vefmyndavél

100stk

*almennt verð* ~~3.999~~

**1.899 kr.**

DVD

Nýtt!

*almennt verð* ~~2.499~~

CARS - DVD

**2.999 kr.**

DVD

Nýtt!

*almennt verð* ~~3.999~~

Grey's Anatomy - Sería 2 - DVD

**1.799 kr.**

2CD

Nýtt!

*almennt verð* ~~2.499~~

Pottþétt 42 - 40 pottþétt lög - Tveir CD

Nýtt kortatímabil!

**OPIÐ til kl. 22**
ALLA DAGA TIL JÓLA

*Við erum beint á móti IKEA*

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

*Jólasálmur*

*Snjókornin sem falla af himnum*
*leika á nótur sem fela sig í grasinu.*
*Við fótum okkur í ósýnilegum*
*hljómaskógi.*

Úr ljóðabók Kristínar Ómarsdóttur, Jólaljóð, sem nýlega kom út hjá forlaginu Sölku.

**bækur**

menning@frettabladid.is

# Nýtt tímarit: Stína

Bókmenntafélagið Drápuhlíð sem mun vera tengt Braga Jósepssyni, uppeldisfræðingi og rithöfundi, ræðst í dag í útgáfu tímarits um bókmenntir sem kallast því kunnuglega og alþýðlega nafni: Stína. Stína þessi er umkringd karlmönnum þó hún eigi sér einhverjar vinkonur: ritnefnd skipa Guðbergur Bergsson, Kormákur Bragason og Kristín Ómarsdóttir. Meðal þeirra sem eiga efni í ritinu auk ritstjórnar eru: Thor Vilhjálmsson, Hallgrímur Helgason, Kristín Eiríksdóttir, Gunnhildur Hauksdóttir og Didda.

Nýtt tímarit á íslenskum markaði helgað bókmenntum eru tíðindi til næsta bæjar. Viðgangur þeirra margra hefur reynst erfiður, dreifing og kynning sjaldan tryggt þeim langlífi: Skírnir og TMM voru lengi ein og nú er Ritið orðið stöðugt þó að útgáfan sé alltaf á eftir. Andvari kemur reglulega.

Ekkert þessara rita er helgað skáldskap eingöngu. Því er fagnaðarefni að Drápuhlíð skuli leggja í útgáfu Stínu. -pbb



**KRISTÍN ÓMARSDÓTTIR SKÁLDKONA** Situr í ritnefnd Stínu.

## > Bók vikunnar

Barnauppeldisins heilaga skylda eftir **Hildi Biering** fjallar um barnavernd á fyrri hluta 19. aldar. Þar er greint frá að málskjöl þessa tíma leiða í ljós að þá líkt og nú voru brot gagnvart börnum litin alvarlegum augum og ill meðferð á þeim fordæmd.

# Að bíta ekki í sig beiskjuna

**Nýjasta skáldsaga Guðbergs Bergssonar heitir Ein og hálf bók – Hryllileg saga. Höfundurinn ræðir hér um óvenjulegan uppruna, íslenskan húmor og yfirbreiðslu listarinnar.**

Tildrög bókarinnar rekur Guðbergur til sögu sem hann skrifaði á netið fyrir nokkrum árum. Þar var um að ræða nokkurs konar spuna þar sem höfundurinn hafði litlar sem engar mótaðar hugmyndir fyrirfram heldur skrifaði hann daglega frásögn sína beint á netið. „Söguþráðurinn varð til en hann var auðvitað slitinn því þegar skrifað er svona á hverjum degi getur maður ekki leiðrétt það sem birtist deginum áður. Þá lendir maður í augljósum vanda og það endaði með því að ég hætti.“ Netsagan var að sögn Guðbergs mun lengri en skáldsagan sem skýrir titil hennar, Ein og hálf bók. „Aðalvandinn var síðan að leysa söguna frá þessum eðlisþætti eða frásagnarmáta sem kominn var á netið,“ segir höfundurinn og vísar þar til hinnar óvenjulegu blöndu af tal- og ritmáli sem einkennir slík skrif. „Ég vildi ekki að þessi saga glataði alveg uppruna sínum. Þess vegna er þessi saga það sem líklegast myndi kallast póstmódernísk, í henni eru margir eðlisþættir án þess að maður sé að reyna að sýna fram á einhverja stílhæfileika.“

### Sögulegur uppruni

„Maður veit ekkert hvernig hlutirnir verða til. Þeir hafa líklega verið til í manni sjálfum frá upphafi,“ segir Guðbergur um efni bókarinnar. „Ég nota líka heimildir í þessari sögu, viðtöl sem ég tók upp á kvikmyndavél og fleira slíkt. Þannig séð er þetta heimildaskáldsaga því þarna eru heimildir um ýmislegt sem ég hef fundið.“ Hann vísar meðal annars til ljóðs í bókinni sem ein persónanna í bókinni hefur eftir. „Sá er utangarðsmaður en á vissan hátt æðri en það umhverfi sem hann býr í. Hann fer með ljóð eftir franskt skáld og það er litið á hann sem truflaðan mann vegna þess að samfélagið þolir ekki að einhver utangarðs sé vitrari en ráðamenn þess. Hvort sem það er pólitískt séð eða í listum er það jafnan illa séð að einhver sem er fyrir utan viðkomandi samfélag sé meiri en þeir sem tilheyra innsta hring, þannig er nú maðurinn gerður og samfélagið,“ segir hann.



**ÁTJÁNDA SKÁLDAGA GUÐBERGS BERGSSONAR** Höfundur hefur auk heldur gefið út smásögur, ljóð, barnabækur og fengist við þýðingar.

### Heimkynni í nýju ljósi

Guðbergur útskýrir að bókin fjalli meðal annars um þau erlendu áhrif sem viðkvæmt íslenskt samfélag varð fyrir á millistríðsárunum. „Þegar við losnum undan Dönum og dönsku áhrifin dvína urðu þýsk eða germönsk áhrif ráðandi í samfélaginu til skamms tíma. Þetta kemur fram á ýmsan hátt í ritum og skrifum fólks á þessum tíma, til dæmis hugmyndir um hreinleika íslenskunnar og kynþáttarins.“ Persónur bókarinnar eiga það margar sammerkt að hafa ferðast milli samfélaga, vera aðkomufólk á undarlegum stað og heft að mörgu leyti af fortíð sinni, takmörkuðum skilningi og fordómum. Ein kaupmannsdóttirin fer til dæmis til Bretlands, að undirlagi föðurs síns til að nema verslunarstörf en vera hennar þar á eftir að breyta ýmsu. „Þar kynnist hún Virginiu Woolf og fer að skrifa á nýjan hátt. Virgina Woolf ráðleggur henni, segir henni ýmislegt um ritlistina og þá dulúð sem hvílir yfir Íslandi. Þá sér hún landið sitt á rómantískari hátt en til dæmis móðir hennar sem fór til Berlínar,“ útskýrir Guðbergur. Eitt viðfangsefni sögunnar er síðan hvernig persónurnar vinna úr reynslu sinni í nýju landi og verða á sinn hátt strandaglópar milli menningarheima. „Mæðgurnar verða báðar utangátta þegar þær koma aftur heim til Íslands, þær afneita því samfélagi sem þær fóru frá og vilja ekki aðlagast algjörlega, né verða útlendingar í eigin landi.“

### Fjölþjóðleg eyja

Það eru persónur á flakki í sögunni, til dæmis er þar greint frá þýsku athafnakvendi sem giftist hingað til lands og hristir ærlega upp í kynsystrum sínum. „Það ganga ótal sögur um þessa þýsku konu en enginn hefur raunverulegan áhuga á henni. Þetta verður bara saga í sjálfu sér, án upphafs eða endis því hún lifir í raun í skáldskap.“ Guðbergi verður tíðrætt um erlendar konur sem fluttu hingað til lands og þurftu að glíma við tungumálið en í Hryllilegri sögu er greint frá lífi danskra kvenna sem lentu utangarðs hér á landi vegna tungumálaörðugleika. „Á þeim tíma var íslensk tunga álitin svo hrein og fullkomin að hún var eiginlega bara fyrir Íslendinga, eins og Ísland fyrir Íslendinga sem er ennþá dálítið viðloðandi okkar samfélag. Það hefur þó breyst töluvert því við höfum lengi búið við fjölþjóðasamfélag. Það vill oft gleymast að hér hefur verið fjölþjóðasamfélag alveg síðan í seinni heimsstyrjöldinni,“ segir hann og áréttar að bandaríski herinn hafi myndað hlutfallslega stórt en einangrað samfélag hér á landi. „Ísland er lítið land en miklu margbrotnara en fólk gerir sér grein fyrir, til dæmis stjórnmálafólk og listamenn sem ekki hafa fjallað mikið um það. Listamenn eru að fást við kannski einhverja einfalda hluti úti í sveit eða í Reykjavík, drykkjuskap á búllum, eiturlyfjaneyslu eða eitthvað þvíumlíkt sem er aðeins lítill hluti af okkar „stóra-litla“ samfélagi.“

### Skopskynið og skáldsagan

Ein og hálf bók – Hryllileg saga er drepfyndin bók þrátt fyrir grafalvarlegan efnivið sinn enda hefur höfundurinn lag á því að fá lesendur til að undrast, kíma og jafnvel skella sér á lær yfir hjákátlegum örlögum persóna sinna. „Manneskjan segir frá alvarlegum hlutum ýmist með mikilli alvöru sem getur verið þunglamaleg eða fólk velur að vera alvarlegt í gegnum gleði, gáska eða húmor. Yfirleitt fara höfundar milliveginn. Ef við myndum velja alvarleikann myndi listaverkið verða kennisetningalegt eða eins og lærdómsrit. Síðan má verkið ekki bara ganga út á húmor því þá verður það of bjánalegt.“ Guðbergur útskýrir að erfitt myndi reynast að skrifa íslensk verk sem aðeins gangi út á húmor. „Íslenskur húmor er ekki þess eðlis, hann er of hvass og eitraður til þess að vera efni í langt rit. Við höfum ekki þroskað með okkur mjög fínan húmor. Íslenskur húmor getur verið grófur og særandi en hann er afar sjaldan hlutlaus, algjörlega listrænn eða húmor húmorsins vegna.“



**GUÐBERGUR BERGSSON RITHÖFUNDUR** „Allir rithöfundar eru lúmskir. Þeir verða að vera það til að láta líta svo út að það sem þeir gera sé raunverulegt.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Lúmsk stétt

Guðbergur segir nýjustu söguna vera eitt og hálft verk sem endar í miðjum klíðum því netsagan hafi jú verið mun lengri. „Hér á landi ráðum við ekki við mjög langar bækur eins og til dæmis í Ameríku þar sem hefð er fyrir stórum skáldsögum. Við ráðum ekki heldur við höfunda sem skrifa langt fram eftir aldri. Flestir höfundar eru búnir að vera svona 45-46 ára gamlir, þá fara þeir að skrifa ævisögur einhverra athafnamanna eða óreiðufólks, einbúa og kvenna út á landi,“ segir hann brosandi og bætir við: „Það er mjög sjaldgæft að rithöfundar nái þessum háa aldri sem ég hef náð og séu enn að síður að skrifa. Þess vegna er eðlilegt að fólk sé ekki ánægt með það, það er mjög skiljanlegt. Það er voðalega erfitt að vera rithöfundur og þess vegna verða þeir að taka þessu í svolítið léttum dúr – annars myndu þeir farast og verða beiskir og ómögulegir sem er mjög algengt hjá listafólki. Listafólk getur verið voðalega beiskt og reitt en það er ekki gott fyrir þroskann eða sköpunina að bíta sig í beiskjuna.“

Guðbergur viðurkennir að nýja bókin sé dálítið lúmsk og það eigi máski við allar sögur hans. „Yfirleitt þegar höfundar byrja á einhverju, eins og í minni fyrstu bók Músin sem læðist, þá verður til einhver eiginleiki sem helst í gegnum allt sem þeir gera. Ef þú lítur á þetta á lúmskan hátt þá sérðu að það eru ákveðnir eðlisþættir sem einkenna verk mín alveg frá byrjun. Í reynd eru allir rithöfundar lúmskir, þeir verða að vera það til að láta líta svo út að það sem þeir gera sé raunverulegt. Listin breiðir yfir það sem í raun og veru liggur í augum uppi, hún blekkir og lesandinn gerir sér ekki grein fyrir fjarstæðunni. Allur skáldskapur gerist í myrkri – hann fer úr myrkri og endar í myrkri.“

kristrun@frettabladid.is



**UPPHEFÐ Á ERLENDRI GRUND** Guðbergur var nýlega tilnefndur til hinna virtu ítölsku NONINO-verðlauna fyrir skáldsöguna Svanurinn sem kom út á íslensku árið 1992 og hefur síðar komið út víða um heim og hvarvetna hlotið góðar viðtökur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# HARÐUR PAKKI!




PORSCHE DESIGN
MULTIHAMMER
P'7911

**HINN FULLKOMNI BORHAMAR.**
AFRAKSTUR SAMSTARFS PORSCHE DESIGN OG METABO. FRAMÚRSKARANDI HÖNNUÐ HÁTÆKNIVÉL.

WWW.PORSCHE-DESIGN.COM



## 18V RAFHLÖÐUVÉLASETT
TILBOÐSVERÐ 69.720 KR.

BSZ 18 Impuls Li-Power rafhlöðuskrúfvél 62 Nm, MLA 18 halogenljós, ASE 18 Li-Power sverðsög og KSAP 18 Li-Power hjólsög.
**Kemur í tösku.**



## BZ 12 SP SKRÚFVÉL
TILBOÐSVERÐ 14.531 KR.

Stiglaus rofi: 0-400/0-1.450 sn./mín., hámarkshersla 35 Nm, sjálfherðandi patróna.
**Kemur í tösku.**



## HJÓLSÖG KS 54
TILBOÐSVERÐ 16.660 KR.

1010 wött, 160 mm blað, skurðardýpt 0-54 mm.



## POWERMAXX PRO SETT
TILBOÐSVERÐ 9.369 KR.

Skrúfvél, sjálfherðandi patróna og vínkildrif.
**Kemur í tösku.**



## RAFMAGNSHEFILL 600 W
TILBOÐSVERÐ 2.990 KR.



## KHE 24 SP BROT- OG BORHAMAR
TILBOÐSVERÐ 18.900 KR.

SDS-Plus skiptipatróna, höggþungi 0-2,0 J, Stiglaus rofi: 0-1.000 sn./mín, borar 24 mm í stein. Bora- og fleygasett fylgir.
**Kemur í tösku.**




## VERKFÆRATÖSKUR
VERÐ FRÁ 990 KR.

Mikið úrval.




## HÖGGBORVÉL SBE 705
TILBOÐSVERÐ 16.547 KR.

13 mm sjálfherðandi patróna, 705 wött, stiglaus rofi: 0-1.000/0-3.000 sn./mín.
**Kemur í tösku.**



## TOPPLYKLASETT
VERÐ FRÁ 1.890 KR.

Mikið úrval.




**ÚRVAL JÓLAGJAFA FYRIR FRAMKVÆMDA- OG FAGFÓLK.**
Vörurnar fást í verslunum MEST að Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði, Bæjarflöt 4, Grafarvogi og að Hrísmýri 8, Selfossi. Sendum í póstkröfu um allt land.

# MEST VERÐUR MEIRA

mest
– allt til bygginga

MEST / Malarhöfða 10, Bæjarflöt 4, Reykjavík / Bæjarhraun 8, Hringhellu 2, Kaplahraun 2-4, Hafnarfirði / Hrísmýri 8, Selfossi / Leiruvogi 2, Reyðarfirði / Sími 4 400 400 / Fax 4 400 401 / mest@mest.is / www.mest.is

Flagari í framsókn – The Rake's Progress – IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress STRAVINSKY
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20

FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL

GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður! Verð við allra hæfi.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF

ÓFAGRA VERÖLD
Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Fim 18/1 kl. 20 4.sýning Græn kort

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 8/12 kl. 20 Lau 30/12 kl. 20
Fös 5/1 kl. 20 Lau 13/1 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar Reykjavíkur og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 Miðaverð 4.800

BRILLJANT SKILNAÐUR
Fös 8/12 kl. 20 Fös 29/12 kl. 20
Lau 30/12 kl. 20 Lau 6/1 kl. 20

BLÓÐBRÚÐKAUP
Nemendaleikhúsið sýnir Blóðbrúðkaup
Í kvöld kl. 20 Fös 8/12 kl. 20
Lau 9/12 kl. 20 Sun 10/12 kl. 17
Miðaverð 1.500

BROT AF ÞVÍ BESTA
Í kvöld kl. 20
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum.
Jóladjass og upplestur í forsal Borgarleikhússins. Ókeypis aðgangur

MEIN KAMPF
Lau 9/12 kl. 20 Sun 7/1 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

AMADEUS
Sun 10/12 kl. 20 Sun 7/1 kl. 20
Síðustu sýningar

FOOTLOOSE
Lau 9/12 kl. 20 Lau 6/1 kl. 20
Fim 11/1 kl. 20 Sun 21/1 kl. 20

JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN
Barna og unglingaleikhúsið Borgarbörn
Í dag kl. 09:30 UPPS.
Lau 9/12 kl.. 13:00
Lau 9/12 9/12 kl. 15:00
Sun 10/12 kl. 13:00
Sun 10/12 kl. 15:00
Mán 11/12 kl. 9:30 UPPS.
Þri 12/12 kl. 9:30 UPPS.
Mið 13/12 kl. 9:30
Fim 14/12 kl. 9:30 UPPS.
Fös 15/12 kl. 9:30 UPPS.
Lau 16/12 kl. 13:0
Lau 16/12 kl. 15:00 Sun 17/12 kl. 13:00
Sun 17/12 kl. 15:00
Miðaverð 500 virka daga og 1400 um helgar

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 10/12 kl. 14 Lau 30/12 kl. 14
Sun 7/1 kl. 14 Sun 14/1 kl. 14

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Gjafakort fyrir alla fjölskylduna!

Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 lau. 20/1, lau. 27/1.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 17:00 uppselt, lau. 6/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00, sun. 21/1 kl. 14:00.

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fös. 8/12 uppselt, lau. 9/12 uppselt. Aukasýning sun. 10/12 örfá sæti laus.
Allra síðasta sýning!

BAKKYNJUR eftir Evripídes
Frumsýning 26/12 uppselt, 2. sýn. mið. 27/12 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 4/1 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 5/1 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 11/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 12/1 nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 18/1.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Lau. 6/1, lau. 13/1 nokkur sæti laus.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 uppselt.

Leikhúsloftið

LEITIN AÐ JÓLUNUM eftir Þorvald Þorsteinsson
Mið. 6/12 kl. 9:45 örfá sæti laus og kl. 11:00 örfá sæti laus, lau. 9/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 uppselt, sun. 10/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 uppselt, lau. 16/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 uppselt, sun. 17/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 uppselt, fös. 22/12 kl. 13:00 uppselt, lau. 23/12 kl. 13:00 uppselt.

Leikhúskjallarinn

JÓLABÓNUS
Jóladagskrá Hugleiks fim. 7/12 kl. 21:00.
Miðasala í síma 551 2525 og á www. hugleikur.is.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

AUGLÝSINGASÍMI
FRÉTTABLAÐIÐ 550 5000

Xit
hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14




Sýnt í Iðnó
Fim. örfá sæti 7. des.
Fös. örfá sæti 8. des.
Lau. örfá sæti 9. des.
Síðustu sýningar fyrir jól!
Lau. 13. jan.
Fös. 19. jan.
Lau. 20. jan.
Miðasala virka daga frá kl. 11-16 og 2 tímum fyrir sýningar.
Sími 562 9700
idno.is og midi.is
Sýningar kl. 20




“Fólk ætlaði hreint vitlaust að verða úr hlátri.”
S.A. TMM




Barnasýningin Jólafárið:
Lau 9. des kl.13.00 Frumsýning
Lau 9. des kl.15.30
Sun 10.des kl.13.00
Sun 10.des kl.15.30
Lau 16.des kl.13.00
Lau 16.des kl.15.30
Sun 17.des kl.13.00
Sun 17.des kl.15:30
Miðaverð kr. 800
Miðasala sími : 551 4700




# NÝJAR PLÖTUR



12 Tónar hafa gefið út geisladiskinn **Barnalög, Mig langar að læra**, en hann er ætlaður fyrir yngstu börnin. Diskurinn inniheldur átján lög og texta eftir Kristján Hreinsson í útsetningum Kjartans Valdimarssonar. Ung og efnileg söngkona, Rannveig Káradóttir, syngur öll lögin auk þess að spila á þverflautu. Hljóðfæraleikarar eru að auki Kjartan á flygil og nikku og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á bassa og Helgi Svavar Helgason sem leikur á trommur en þeir koma báðir úr Flís. Fanney og Viktoría Kjartansdætur sungu bakraddir. Upptökur fóru að mestu fram í Heita pottinum hjá Finni Hákonarsyni. Lögin á disknum eru smellin, skemmtileg og hugljúf allt í senn. Þau eru ætluð yngstu börnunum en höfða reyndar til barnsins í okkur öllum.




Útgáfan 12 Tónar hefur gefið út geisladiskinn **Það vantar spýtur**, safn bestu barnalaga Ólafs Hauks Símonarsonar. Á disknum er að finna fjórtán lög sem hafa lifað með þjóðinni af plötunum Eniga meniga, Hattur og Fattur komnir á kreik og Kötturinn sem fer sínar eigin leiðir. Lögin hafa verið sett í nýjan og skemmtilegan búning. Flytjendur eru Örn Árnason og systkinin Diddú og Páll Óskar Hjálmtýsbörn. Tónlistarstjórn og útsetningar annaðist Jónas Þórir, hljóðfæraleikarar auk hans voru Scott McLemore, Gunnar Hrafnsson, Jóhann Ásmundsson, Tatu Kantomaa og Hjörleifur Valsson. Upptökur fóru fram í stúdíói FÍH undir stjórn Jóhanns Ásmundssonar, hljóðblöndun var í höndum Óskars Páls Sveinssonar og Finnur Hákonarson hljómjafnaði.



Ung listakona, Elísabet Eyþórs, hefur gefið út sinn fyrsta disk á merki 12 Tóna sem kallaður er **Þriðja leiðin**. Elísabet á ekki langt að sækja hæfileika sína enda dóttir Ellenar Kristjánsdóttur og Eyþórs Gunnarssonar. Á þessari skemmtilegu plötu syngur hún falleg lög Barkar Hrafns Birgissonar við ljóð Einars Más Guðmundssonar. Gestasöngkona á plötunni er Ellen Kristjánsdóttir sem syngur lagið „Úr tómleikans gjá“ en auk þess syngur hún í laginu „Gestaþáttur“ ásamt dóttur sinni. Að auki leika á disknum Eyþór Gunnarsson, Börkur Hrafn, Scott McLemore og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson. Útsetningar annaðist Börkur Hrafn Birgisson. Hljóðblöndun var í höndum Óskars Páls Sveinssonar en um hljómjöfnun sá Bjarni Bragi Kjartansson.



12 Tónar hafa gefið út plötu Skúla Sverrissonar og heitir hún **Sería**. Á Seríu er að finna þrettán lög eftir Skúla en með honum leika Amadeo Pace (úr Blonde Redhead), Anthony Burr, Eyvind Kang, Peter Scherer, Ted Reichmann, Hildur Guðnadóttir, Jóhann Jóhannsson, Hilmar Jenson og Ólöf Arnalds sem syngur einnig þrjú lög með eigin texta. Sérstakur gestur er Laurie Anderson. Platan hefur verið tvö ár í vinnslu og fóru upptökur fram í Reykjavík og New York. Upptökumenn auk Skúla voru Anthony Burr, Orri Jónsson og Gunnar Tynes. Doug Henderson masteraði og umslag hannaði Hjalti Karlsson hjá karlssonwilker í New York. Erfitt er að skilgreina tónlist Skúla nema að segja að tónmálið er svo algjörlega hans að öll landamæri hverfa. Skúli hefur búið mestan hluta síns ferils í Bandaríkjunum en hefur í auknum mæli unnið að verkefnum hér heima. Meðal samstarfsaðila hans nú eru hljómsveitin Blonde Redhead, Ryuichi Sakamoto og Laurie Anderson en þau eiga farsælt samstarf að baki þar sem Skúli hefur verið tónlistarstjóri hennar um árabil.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

4 5 6 **7** 8 9 10

## Fimmtudagur

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Jólatónleikar kvennakórsins **Léttsveitar Reykjavíkur** verða haldnir í **Langholtskirkju**. Með kórnum syngja **Þorvaldur Þorvaldsson** einsöngvari og **Stúlkna- og Kammerkór Bústaðakirkju**. Stjórnandi sveitarinnar er **Jóhanna V. Þórhallsdóttir**.

☐ 20.00 **Sigurður Flosason** saxófónleikari og orgelleikarinn **Gunnar Gunnarsson** spinna við þekkt jólalög og sálma í Hallgrímskirkju á vegum **Listvinafélags** kirkjunnar.

### SKEMMTANIR

☐ 21.00 **DJ Lucky** spilar soul, fönk og reggí tónlist á **Café París** við **Austurstræti**. Fjörið stendur fram yfir miðnætti.

### SAMKOMUR

☐ 20.00 Fyrirlesarar á þemakvöldi **Félags þjóðfræðinga** eru **Svavar Sigmundsson** og **Kendra Willson**. Þemakvöldið fer að venju fram í húsi **Sögufélagsins** við **Fischersund**. Svavar Sigmundsson, rannsóknardósent á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og fyrrverandi forstöðumaður Örnefnastofnunar, ræðir um **örnefni og þjóðtrú.** Kendra Jean Willson, doktorsnemi í norrænum fræðum við Kaliforníuháskóla í Berkeley, fjallar um sögur **af ónöfnum. Frá Satan til Sataníu**.

### SÝNINGAR

☐ 09.00 Í Hallgrímskirkju stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er **Jón Reykdal** en Listvinafélag kirkjunnar stendur fyrir henni.

☐ 10.00 Í **Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi**, stendur yfir sýning á bandarískri samtímalist. Sýningin **Uncertain States of America** geymir verk eftir 45 unga listamenn. Sýningarstjórar eru **Hans Ulrich Obrist** og **Daniel Birnbaum** en **Gunnar Kvaran**, fyrrum safnstjóri Listasafns, starfaði einnig með þeim.

### BÆKUR

☐ 16.30 Þýðingar jólabókanna. **Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur** stendur fyrir fyrirlestraröð um þýðingar. **Árni Bergmann** fjallar um skáldið **Nikolaj Gogol** og **Ólöf Eldjárn** um þýðingu sína á **Undantekningunni** eftir **Christian Jungersen**. Fyrirlestrarnir fara fram í Lögberg, stofu 101.

☐ 17.15 Barnabókadagskráin í **Bókasafni Kópavogs**. **Sigrún Eldjárn** kynnir tvær nýjar bækur, Gula sendibréfið og Eyju gullormsins. **Margrét Tryggvadóttir** kynnir bók sína Söguna af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar, bráðfyndna bók með myndum eftir **Halldór Baldursson**. Einnig kynnir Margrét forvitnilega bók sem kom út fyrr á árinu, Skoðum myndlist. Loks kynnir **Vilborg Dagbjartsdóttir** nýútkomið safn ljóða hennar og sagna fyrir börn á öllum aldri, Fugl og fiskur.

☐ 20.00 Upplestrardagskrá á **Súfistanum** við **Laugaveg**. **Sigrún Davíðsdóttir** les úr skáldsögunni Feimnismál, **Linda Vilhjálmsdóttir** úr ljóðabókinni Frostfiðrildi, **Sif Sigmarsdóttir** úr Ég er ekki dramadrottning og **Brynhildur Björnsdóttir** úr nýjasta reyfara **Stellu Blómkvist**, Morðið í Rockville.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Skassið verður ekki tamið

Morðið í Rockville er sjötta bók hulduhöfundarins Stellu Blómkvist um lögfræðinginn, nöfnu sína, sem hefur einstakt lag á að róta sér á bólakaf í flókin sakamál og leysa þau af nánast sjúklegri einurð.

Bækurnar um Stellu hafa einhverra hluta vegna notið mikilla vinsælda, sem er í sjálfu sér ráðgáta sem Stella sjálf yrði í vandræðum með að leysa þar sem þær eru átakanlega einfaldar í byggingu, stíl og persónusköpun.




**Íslandsmet í leiðindum**

Stella sjálf hlýtur að komast á topp tíu listann yfir leiðinlegustu persónur íslenskrar bókmenntasögu. Þetta kynþokkafulla skass gæti hins vegar, ef eitthvað væri í hana lagt, verið áhugaverð og skemmtileg en hún er dæmigerður „gender bender“, steríótýpísk karlmennskuímynd harðsoðnu reyfaranna í konulíki. Dýpt persónunnar er því miður engin þannig að við sitjum uppi með óþolandi persónu sem hjakkar í klisjum og vitnar látlaust í heilræði móður sinnar sem virðist hafa hrist fram málshætti um allt milli himins og jarðar af svo miklu offorsi að hún gæti fyllt ársframleiðslu páskaeggja af niðursuðudósaheimspeki fyrir hádegi á góðum degi.

**Harðsoðnar sjoppubækur**

Stella Blómkvist sækir markvisst í harðsoðnu hefðina en býður því miður aðeins upp á hraðsuðu þannig að bækur hennar eru ekta sjoppubókmenntir og hefðu tekið sig vel út í hillu vegasjoppu úti á landi við hlið Morgans Kane fyrir tuttugu árum eða svo. Metnaðarleysið er svo áberandi að það þarf engan að undra að höfundurinn kjósi að fela sig á bak við nafnleynd.

Allt hefur þetta þó mjakast í rétta átt hjá Stellu og bók hennar í fyrra, Morðið í Drekkingarhyl, var óvenju góð. Plottið var skemmtilegt og rauði þráðurinn í henni var áhugaverðari en í mörgum innbundnum reyfarandum þessa metárs í íslenskri reyfarаútgáfu.

Þá var kafað dýpra ofan í persónu Stellu en maður hefur átt að venjast þegar hún þurfti að horfast í augu við skuggalega fortíð sína og gera upp við fautann föður sinn. Mömmu var þá um leið aðeins ýtt til hliðar sem var löngu tímabært. Stella varð einnig ólétt í bókinni, sem bauð upp á áhugaverða naflaskoðun persónunnar, svo langt sem það nú náði.

**Nett bakslag**

Það er því ekki hægt að segja annað en að Morðið í Rockville valdi vissum vonbrigðum, sé yfirleitt hægt að tala um vonbrigði þegar Stella er annars vegar. Bókin er í það minnsta bakslag þar sem sú þróun sem var í gangi í Morðinu í Drekkingarhyl gengur að mestu til baka.

Samband Stellu við barnið sem hún gengur með í móðurkviði er morkin klisja sem er afgreidd með klassískustu og meinlausustu meðgöngukvillum á borð við óstjórnlega löngun í sælgæti og furðulegan mat. Það sem veldur Stellu, að því er virðist, mestum óþægindum er að hún hefur neyðst til þess að leggja Nonna Daníels, „ástvin sinn til margra ára,“ á hilluna en erótískt samband Stellu við þessa viskítegund frá Tennessee er nánast jafn hvimleitt og tilvitnanirnar í mömmu. Það er þó sem fyrr sláttur á Stellu, sem að þessu sinni er með puttana í þremur málum sem fléttast svo saman samkvæmt venju.

**Maðkað mjöl í gömlum pokum**

Að þessu sinni aðstoðar hún förnarlamb heimilisofbeldis, hjálpar presti í harkalegri deilu við safnaðarstjórn og síðast en ekki síst reynir hún að sanna sakleysi moldríks skjólstæðings og vopnasala sem grunaður er um að hafa banað amerískum viðskiptafélaga sínum á Miðnesheiði.

Morðið er í subbulegri kantinum þar sem skorið var undan hinum myrta og fjölskyldudjásninu troðið upp í munn líksins. Allt fremur ógeðslegt og gefur Stellu vísbendingu um að heitari tilfinningar en viðskiptahagsmunir búi að baki slátruninni.

Það kemur svo á daginn að hinn myrti var með í meira lagi maðkað mjöl í pokahorninu og vinsælir íslenskir fortíðardraugar, sifjaspell og kynferðisleg misnotkun barna, skjóta upp kollinum.

Stella er gengin sjö mánuði en lætur það ekki aftra sér og hikar ekki við að stofna sér og ófæddu barni sínu í hættu til þess að komast að hinu sanna. Sú leit kostar venju samkvæmt átök við spillta stjórnmálamenn, vanhæfa lögreglumenn og annað hyski sem hefur ekki roð við lögfræðingnum kjaftfora.

**Tími á fæðingarorlof**

Sakamálin og framvinda rannsóknarinnar eru vel yfir meðallagi áhugaverð en rétt eins og í fyrra draga hraðsuðan og óþolandi aðalpersónan kraft úr sögunni. Þá hefði að ósekju mátt leggja meiri vinnu í heimilisofbeldismálið, sem virðist hafa merkingarþrungna tenginu við aðalmálið en fjarar út undir miðbik bókar og er afgreitt á sekúndubroti í lokin.

Bækur Stellu hafa ítrekað verið verri en þessi og þrátt fyrir aðalpersónuna má skemmta sér ágætlega yfir lestri Morðsins í Rockville þá þrjá klukkutíma eða svo sem það tekur að spæna í gegnum hana.

Undirritaður getur heldur ekki horft framhjá þeirri staðreynd að Stella er vinsæl þannig að kannski er ég eitthvað að misskilja þetta allt saman. Huldupenninn að baki Stellu mætti þó mín vegna taka sér varanlegt fæðingarorlof en meirihlutinn ræður og hún verður því væntanlega komin á ról fyrr en varir. Sagði mamma.

Þórarinn Þórarinsson

**BÆKUR**

**Morðið í Rockville**
Stella Blómkvist
Mál og menning

★★

Hraðlesin sjoppubók sem stendur fyrir sínu sem slík. Plottin fara batnandi hjá Stellu og þetta er vel yfir meðallagi en sem fyrr er stærsti galli sögunnar sjálf aðalpersónan, sem er nánast með öllu óþolandi.

# Kex er besta ráðið við öllu

Þegar sokkur heyrir nafnið sitt kallað úr fjarska getur hann verið viss um að hann sé týndur. Og kex er besta ráðið við öllu.

Þessar staðreyndir má finna í bók Gerðar Kristnýjar, Land hinna týndu sokka, þar sem segir frá Þorgeiri sem býr með mömmu sinni og stórum bróður en engum hundi. Þetta síðasta þykir honum mjög miður. Ástæða þess að hann á ekki hund er sú að mamma hans týndi sínum hundi þegar hún var lítil og treystir sér ekki til að bindast öðrum hundi tryggðaböndum. Einn góðan veðurdag lendir leikfangaapinn hans Þorgeirs óvart í sultubaði og þegar hann er lagður á ofninn til þerris vill ekki betur til en svo að hann týnist í smástund og lendir í Landi hinna týndu sokka þar sem allt sem er týnt á sér skemmtilega tilveru, einkum þó sokkarnir. Atburðarásin rennur um víðan völl eftir þetta, um lendur töfraraunsæis, sorgarmeðferðar, sálufélaga og skemmtilegra brandara sem bæði börn og fullorðnir geta hlegið að. Hún hlykkjast um sjálfa sig í bæði tíma og rúmi og útkoman er ævintýri um raunverulega hluti, sagt á skemmtilegan og frumlegan hátt.




Bókin skiptist í tuttugu stutta kafla sem gera hana þægilega aflestrar, bæði fyrir svefninn en líka fyrir þá sem eru að æfa sig í að lesa textabækur.

Mér fannst þetta skemmtileg bók. Bæði er hún mjög fyndin, einkum eiga grái sokkurinn og apinn hnyttin tilsvör en líka er tekið á alvarlegri málum eins og missi, söknuði, því að pína sig til að gera eitthvað sem maður vill alls ekki gera og hvernig á að sleppa tökum á fortíðinni. Og af þeim sökum hafa allir gott af því að lesa hana, sama af hvaða stærð þeir eru.

Brynhildur Björnsdóttir

**BÆKUR**

**Land hinna týndu sokka**
Gerður Kristný
Mál og menning

★★★★

Fyndin og ævintýralega raunsæ bók sem tekur á alvörumálum þannig að hún á erindi við alla.

# Sólskin í botnlausum potti

Ljóðabók sem hittir lesandann beint í hjartastað, einlægni skáldkonunnar, erindi hennar og alvara, dirfskan, játningin, flæðandi heiðarlegar blæðandi raunsannar tilfinningar, sýn hennar á ástina og ljóðið: snertir mann og eltir mann. Djúp samlíðan, virðing fyrir lífinu þar sem sérhver er jafningi – „að minnsta kosti einn maður lést“ (15). Bókin er líka skemmtileg og spennandi, rík af sögum og ljóslifandi persónum, auðlesin, auðskiljanleg, falleg. Við sögu koma; ég, bróðir minn, systir mín, kona bróður míns, bróðir minn íhaldið, afi, amma, pabbi, mamma – og þú. Þú er spurning bókarinnar og svar. Í eintölu en þó fleiri en ein(n): „Ég er andskotans alltaf að hugsa um þig (39)“. Rammi bókarinnar er ferðalag, frásögnin frá upphafi til enda í fyrstu persónu eintölu, skáldkonan sjálf „ég“ allra ljóða. Söguljóð á talmáli. Amma er dáin og skáldkonan fer úr borginni í jarðarförina í jökuldalnum minninganna lengst í fjarska. Inn í ferðalagið fléttast minningar nær og fjær, berorðar og afar persónulegar, áleitar og krefjandi með iðandi framvindu, einnig ljóðræn stef, hugleiðingar um samferð hinna guðlausu, landið, ástina og dauðann, allt þó hluti af heild. En það er ekki bara amma sem er dáin, úlfgrá jökla er feig, drulla fyrir gull, dalurinn verður ekki samur, bernskan liðin, og þegar ferðalaginu lýkur í sögukvæði XVIII birtist okkur návist dauðans óvænt (enn) á ný með ægilegum hætti og við kveðjum sveitina í (óvæntu) uppnámi – eins og vera ber. Dalurinn er enginn hjarðrómans en þó ber aðeins á eftirsjá og söknuði, gildum fortíðar og sveitar stefnt gegn nútíma og borg, hæðst að neyslu og „þörfum“ nýrrar aldar „sturtan er með stjórnborði“ (33) „afsakanakynslóðin“ (23). Dalurinn á líka sína dökku hlið og mannlífið sápuópera – sem með sínum hætti er „andskotans afbrigðilegheit“. Ferðalagið er líka uppgjör skáldsins við eigin fortíð og rætur, leit að sjálfri sér „skrímslavininum“ í heimkynnum minninganna, forsenda játningarinnar.

Ingunn beitir ekki flóknu skáldskaparmáli í söguljóðum sínum, þau streyma áfram á litríku máli hversdagsins með tíðum vísunum í tímabundin fyrirbæri/sérnöfn – sem raunar vitna um visst vanmat á eilífu árstreymi ljóðsins og eru að mínu mati til lýta: Philipsútvarp, Clint Eastwood, Radiohead, Ensíma, Staðarskáli, Sigur Rós, Sjálfstæðisflokkurinn, bleikt-&blátt, (sms?). En það er í litlu ljóðrænu perlunum sem skína reglulega milli söguljóðanna til áréttingar og yndis sem skáldskapur Ingunnar slær sinn tærasta tón – ég nefni sérstaklega ljóðin heima (25) og án titils (47). Styrkur bókarinnar er þó umfram allt fólginn í efnistökunum, sögunni, áræðni og einlægni frásagnarinnar, sannleikanum, með heilsteyptum persónum, plotti ,ráðgátu og leyndardómi sem afhjúpaður er listilega en þó aldrei til fulls, lokaljóðið vísvitandi órætt. Raunveruleikinn bakvið ljóðin er lesandanum mjög raunverulegur, hann öðlast hlutdeild í ævi skáldsins og nemur þar „bergmál eigin tilfinninga“ (37).




Að vera í öngum sínum (5)? Ég leyfi mér að vitna í Þorstein frá Hamri: „Þegar maðurinn missir átta er leit hans að lífsundrinu að lausn sinni í algleymingi“. Guðlausir menn vísa veginn inn í nýtt árþúsund. Ljóðið lifir af. Fjórar stjörnur.

Sigurður Hróarsson

**BÆKUR**

**Guðlausir menn: hugleiðingar um jökulvatn og ást**
Ingunn Snædal
Bjartur

★★★★

Ljóðrænar perlur milli söguljóða og slá tæran tón.




KK & ELLEN
ásamt Guðmundi Péturssyni
JÓLATÓNLEIKAR
7. desember kl. 20:30 í Fríkirkjunni í Reykjavík
14. desember kl. 20:30 í Hveragerðiskirkju
Nánari upplýsingar á kk.is
Miðasala á midi.is og verslunum Skífunnar
Styrkt af alþýðu Íslands



### GOTT GLÁP

**Heimildarmyndin Bandaríkin gegn John Lennon** var sýnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík í september. Myndin var ein sú vinsælasta á hátíðinni og færri komust að en vildu. Samningar hafa tekist um áframhaldandi almennar sýningar á myndinni og hún fer aftur af stað í Háskólabíói á morgun.

# bíó

bio@frettabladid.is

**KVIKMYNDANJÖRÐURINN** GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR FORSETI SKÁKSAMBANDSINS

## *Hefur séð ótal vondar myndir*

**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?**
James Bond – Casino Royale. Ungur frændi minn mælti svo rosalega með henni að ég hljóp spennt á hana. Verð að viðurkenna að ég varð fyrir pínu vonbrigðum. Kærastan mín sofnaði!

**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?**
Sá aftur Thelma and Louise. Hún eldist betur en ég hélt.

**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?**
Þær eru margar, á erfitt með að velja úr. Festen kemur til dæmis upp í hugann.

**Hefur þú grátið í bíó?**
Já, oft!

**Uppáhalds íslenska persónan:**
Afinn í Jóni Oddi og Jóni Bjarna

**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:**
Ingrid Bergman.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:**
Mary Poppins.

**Mesti skúrkurinn:** Kevin Spacey í The Usual Suspects.

**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?**
Óteljandi!



**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**
Ég væri Uma Thurman í Pulp Fiction og Antony Hegarty léki á móti mér. Dagur Kári væri leikstjórinn og hann byggi til söguþráðinn.



**JUDE LAW OG CAMERON DIAZ** Hin bandaríska Amanda fær ekki staðist töfra breska sjarmans sem hún kynnist óvænt á flótta sínum frá ástarsorginni.

# Ást á aðventu

Leikstjórinn Nancy Meyers sem á að baki rómantísku gamanmyndirnar Something's Gotta Give og What Women Want situr við sinn keip í The Holiday sem er frumsýnd á morgun. Segir nú frá samdrætti tveggja para á aðventunni en rómantíkin fyllir loftið sem aldrei fyrr á þeim árstíma.

Meyers hefur að þessu sinni leitt saman nokkrar kvikmyndastjörnur sem þykja í meira lagi sjarmerandi og ætla má að myndin sé löðrandi í fáguðum kynþokka þar sem hjartaknúsarinn Jude Law, þokkadísirnar Kate Winslet og Cameron Diaz ásamt grínaranum geðþekka Jack Black leika pörin tvö sem fella óvænt saman hugi við einkennilegar aðstæður.

Iris (Winslet) og Amanda (Diaz) eru báðar í karlavandræðum. Iris er ástfanginn af manni sem er að fara að giftast annarri og Amanda kemst að því að sambýlismaður hennar á sér viðhald.

Iris býr á Englandi en Amanda í Los Angeles og þó þær þekkist ekki neitt ákveða þær að hafa íbúðaskipti yfir hátíðarnar eftir að þær hittast á netinu. Iris heldur því í sólina í Kaliforníu en Amanda í kuldann í dreifbýli Englands. Þær hafa svo varla komið sér fyrir á nýju stöðunum þegar þær verða báðar ástfangnar, þvert ofan í væntingar og áætlanir.

Amanda kollfellur fyrir breskum sjarma bróður Irisar sem Law leikur á meðan náin og góð kynni takast með Irisi og kvikmyndatónskáldi sem Black leikur. Þessi nýju ástarævintýri eru þó ekki eintómur dans á rósum þar sem tíminn er naumur og báðar munu stúlkurnar þurfa að hverfa til síns heima og úr örmum elskhuganna eftir jól.




# Hryllilegur öryggisventill

**Undanfarin ár hefur straumur hryllingsmynda í kvikmyndahús verið jafn og þéttur. Hryllingsárið 2006 hófst með hinni yfirgengilegu Hostel og lýkur nú með Saw 3, sem er á svipuðum slóðum hvað viðbjóð varðar.**



**THE HILLS HAVE EYES** Nýja hryllingsbylgjan gengur út á það að fanga fólk í vonlausum aðstæðum og limlesta það eða reka venjulegt fólk til þess að fremja viðbjóðsleg voðaverk.

Þessar myndir og aðrar svipaðar mala aðstandendum sínum gull þó að vont sé að átta sig á hvaða hvatir liggi að baki eftirspurninni eftir ógeðinu.

Segja má að ný hryllingsbylgja hafi farið af stað í kjölfar Saw frá árinu 2004. Myndin var vissulega ógeðfelld og á köflum erfitt að sitja undir henni en samt var ákveðins meðalhófs gætt þegar kom að myndrænum limlestingum. Styrkur Saw var fyrst og fremst fólginn í snjallri sögu og nýstárlegum efnistökum innan hryllingsgreinarinnar.

Meðalhófsreglunni sem var viðhöfð í Saw hefur verið kastað fyrir róða og þeir ungu kvikmyndagerðarmenn sem hafa látið til sín taka í kjölfarið virðast fyrst og fremst vera í bullandi samkeppni um hver geti gengið lengst.

**Roth hefur vinninginn**
Þessi nýi skóli hryllingsmyndanna samanstendur af nokkrum ungum mönnum sem hafa fengið uppnefnið „Splat Pack" og standa fyllilega undir því. Fremstir í þessum flokki eru Leigh Whannell og James Wan, höfundar fyrstu Saw-myndarinnar, þungarokkarinn Rob Zombie (House of 1000 Corpses, The Devil's Rejects), Eli Roth (Cabin Fever, Hostel), Alexandre Aja (The Hills Have Eyes), Neil Marshall (The Descent) og Darren Lynn Boussman (Saw III).

Íslandsvinurinn Eli Roth hefur enn vinninginn með Hostel en sú mynd reyndi heldur betur á þolrif áhorfenda þegar hún var sýnd á Íslandi í byrjun árs. Fólk getur því farið að hlakka til eða kvíða fyrir, allt eftir því hvernig á það er litið, framhaldsmyndinni Hostel 2 sem er væntanleg á næsta ári.

Roth hefur lýst því yfir að hann muni ekkert gefa eftir í subbukeppninni og mun því bæta í frekar en hitt. Viðbjóðurinn magnast því með hverri mynd og þær sem ganga lengst og njóta mestra vinsælda eru í raun hreinræktaður splatter.



**ELI ROTH** Gerir grimmt út á viðbjóð í myndum sínum en er með hreina samviksu þar sem hann segist vera að bregðast við þörf. „Þið eruð hrædd, þið viljið öskra."

**Andlegur öryggisventill**
Kenningarnar um hvað það sé sem laðar fólk að limlestingum og viðbjóði í myrkum bíósölum eru mýmargar og sú lífseigasta nær allt aftur til daga Aristótelesar sem talaði um kaþarsis, sálrænan hreinsunarmátt grísku harmleikjanna, að það að horfa á hryllilega atburði á senunni virkaði sem steypibað á sálartetrið.

„Almennasta kenningin er að hrollvekjan hafi í raun ákveðið meðferðargildi í gegnum þá útrás sem óhugnaðurinn veitir," segir Úlfhildur Dagsdóttir, bókmenntafræðingur og gagnrýnandi á www.bokmenntir.is. „Að horfa á hrollvekju er því eins og að tappa af stressventlinum sem er innbyggður í okkur. Ég get vel staðfest þetta á sjálfri mér þar sem ég nota hrollvekjugláp til þess að losna við stress og spennu."

Úlfhildur nefnir einnig aðra kenningu til sögunnar en þar er áherslan á að hrollvekjan gefi okkur tækifæri til þess að upplifa öfgakenndar tilfinningar. „Allar tilfinningar eru líkamlegar með einum eða öðrum hætti og því eru þetta afar sterkar upplifanir en í öruggri fjarlægð og það er eftirsóknarvert í sjálfu sér. Þetta er kenning sem á einnig klárlega rétt á sér."

**Þið viljið öskra**
Þá teljast það almenn sannindi að eftirspurnin eftir hryllingi aukist þegar ástand heimsmála er slæmt og vá býr í lofti utan hvíta tjaldsins og má í þessu sambandi nefna kjarnorkuvá og farsóttir. Roth réttlætir kvikmyndagerð sína meðal annars með þessu, varpar ábyrgðinni á hryllingnum á George W. Bush og Donald Rumsfeld og segist setja hryllinginn í myndir sínar þar sem hann sé nú þegar til staðar. „Þið eruð hrædd, þið viljið öskra."

**Öldutoppur ógeðsins?**
„Hvað varðar splatterinn þá hefur það form bæði persónulegt og samfélagslegt hlutverk í þeirri líkamlegu sundrun sem þar á sér stað," segir Úlfhildur. „Innan nútímasamfélags er líkaminn heilagur og þar er því verið að ráðast á ákveðið tabú með því að tæta í sundur líkamann. Allar þessar ólíku áherslur og tegundir hryllingsmynda ganga svo greinilega í ákveðnum bylgjum. Það eru ólíkir skólar við lýði og innan greinarinnar myndast svo bylgja sem fylgir ákveðinn stígandi, eins og til dæmis að ganga sífellt lengra með splatterinn. Splatterinn er í tísku í dag og kannski skýrist það af aukinni tækni sem skapar greininni fullt af möguleikum. Engu að síður er hrollvekjan og þá sérstaklega splatterinn skyldur B-myndum og þess vegna er líka smart að láta sjást hæfilega mikið í saumana."

Hvort þessi blóðuga hryllingsbylgja sé að ná hámarki er ekki gott að segja en miðað við meðbyrinn sem þessir ungu hryllingsgaurar hafa virðist ekkert geta stöðvað áframhaldandi viðbjóð og splatter í bíó annað en að þessir ungu menn gangi of langt og fólk fái einfaldlega nóg.

thorarinn@frettabladid.is
magnusg@frettabladid.is

# Íslenskir kaupsýslumenn hrella Dani

Sýningar á nýjustu mynd danska sérvitringsins Lars von Trier, Direktoren for det hele eða Forstjóri heila klabbsins, hefjast á morgun en myndin verður frumsýnd samtímis í Danmörku og verður svo dreift um allan heim í kjölfarið.

Trier er á léttu nótunum í þessari gamanmynd sem fjallar um tilraunir Íslendinga til að kaupa danskt fyrirtæki en smám saman kemur í ljós að ekki er allt eins og það á að vera hjá fyrirtækinu, sem stjórnað er af stórundarlegum forstjóra.



**FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON** Leikstjórinn fer með hlutverk kaupsýslumanns í nýjustu mynd Lars von Trier og þykir fara á kostum þegar hann gerir lítið úr frændum vorum á hvíta tjaldinu.

Friðrik Þór Friðriksson leikur íslenska kaupsýslumanninn sem falast eftir fyrirtækinu og Benedikt Erlingsson leikur túlk hans. Með önnur aðahlutverk fara Jens Albinus (Idioterne), Peter Gantzler (I Kina spiser de hunde) og Iben Hjejle (High Fidelity) en Íslendingarnir þykja stela senunni í hvert sinn sem þeir dúkka upp á tjaldinu.

Direktoren for det hele var lokamynd Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík í september og gerði stormandi lukku á einni sýningu fyrir troðfullum sal í Háskólabíói.

Það þarf sjálfsagt engan að undra að það falli í kramið hjá Íslendingum að horfa á fulltrúa sína gera lítið úr Dönum á hvíta tjaldinu og sjálfur efast Trier ekki um að mynd sín muni skemmta skrattanum í íslenskri þjóðarsál. „Staðreyndin er sú að Íslendingar eru að kaupa stóran hluta Kaupmannahafnar. Íslendingar voru undir stjórn Dana í fjórar aldir og þess vegna hljóta allir Íslendingar að hata Dani að vissu leyti. Þeir hafa bölvað Dönum öldum saman og bera með réttu ör eftir allan þennan tíma,“ segir Trier.

Sagan segir að Trier byggi persónu Friðriks Þórs á raunverulegum og þekktum íslenskum viðskiptajöfri sem er aðsópsmikill í Danmörku þessi misserin en sjón er sögu ríkari og hver og einn verður að dæma fyrir sig um hvort einhver flugufótur sé fyrir því.



**BENEDIKT ERLINGSSON** Leikur túlk Friðriks Þórs í Direktoren for det hele en íslenska tvíeykið stelur senunni ítrekað.






**DEAD OR ALIVE** Stúlkurnar fjórar eru harðar í horn að taka og þegar þær sameina krafta sína getur allt gerst.

# Stelpuslagur í Kína

Bardagamyndin Dead or Alive byggir á samnefndum tölvuleik en í myndinni eru fjórar ungar konur, sem allar eru vopnfimar og höggþungar með eindæmum, í forgrunni. Þær mætast sem andstæðingar í leynilegri bardagalistakeppni sem haldin er á afskektum stað í Kína á vegum hins dularfulla dr. Victor Donovan (Eric Roberts).

Sigurlaunin í keppninni eru tíu milljónir dollara en sumir eru mættir til leiks með annað og meira í huga en að komast yfir verðlaunaféð og stúlkunum verður því nauðugur einn sá kostur að snúa bökum saman og berjast gegn illum öflum.

Stúlkurnar koma úr ólíkum áttum en allar burðast þær með ýmist slæma samviksu eða fortíðardrauga sem geta orðið þeim fjötur um fót í harðri lífsbaráttunni á keppnisstað.

Dead or Alive er sögð vera blanda Charlie´s Angels og Enter the Dragon. Sú tenging er ekki svo langsótt þar sem myndin fjallar um fallegar slagsmálastelpur og er leikstýrt af Cory Yuen (Transporter) sem hóf kvikmyndaferil sinn sem áhættuleikari fyrir sjálfan Bruce Lee.

Stúlkurnar fjórar eru leiknar af Jamie Pressly (Not Another Teen Movie, My Name Is Earl), Holly Valance (National Lampoon's Pledge This), Sarah Carter (Final Destination 2) og Devon Aoki úr 2 Fast 2 Furious en hún er síður en svo ókunnug sverðasveiflum og aflimunum þar sem hún fór á kostum sem morðkvendið Miho í Sin City.

Dead or Alive er frumsýnd í Reykjavík og á Akureyri á morgun.

**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM



**Direktoren for det hele**
Internet Movie Database - 6,1/10



**The Holiday**
Rottentomatoes.com - 44% = Rotin
Metacritic.com - 60/100



**Dead or Alive**
Internet Movie Database - 4,3/10
Rottentomatoes.com - 43% = Rotin







## > HEITIR LEIKIR

**Need for Speed Carbon** - PS2
**Fifa 07** - PS2
**Sims 2 Pets** - PC og PS2
**Battlefield 2142**
**Grand Theft Auto Vice City Stories** - PSP

# tölvuleikir

bio@frettabladid.is

**GULLMOLINN BÚI BENDTSEN ÚTVARPSMAÐUR**

# *Nintendo-leikirnir átu upp tímann*

„Ég var algjör Nintendo-maður. Þegar ég var 11 ára árið 1990 voru það þrír leikir sem voru sérstaklega heitir og átu upp tíma minn. Sá fyrsti hét Lifeforce, mjög erfiður geimleikur. Maður þurfti að stjórna geimflaug og skjóta einhverja dreka og læti. Ég festist í þessum í einhvern tíma.

Svo var það hjólabrettaleikurinn Skate or die sem hefur væntanlega verið fyrsti hjólabrettaleikurinn, en hann var öðruvísi en þeir í dag. Maður þurfti að kljást við einhver skrímsli að mig minnir, en skemmtilegast var að fara á rampinn. Svo var bara hægt að gera eitt trix, 180, og aðeins á einum stað í leiknum. Þetta þótti samt skemmtilegt þá. Síðast en ekki síst var það kúrekaleikurinn Gun-Smoke, en hann ætti flestir sem muna eftir Nintendo að kannast við. Tónlistin var massíf og skothljóðin alveg rosalega há. Í hverju borði þurfti maður að skjóta einhvern þekktan útlaga og varð að hafa sig allan við að klára hvern andstæðing. Ég held ég eigi þessa tölvu einhvers staðar ennþá, en ég spila ekkert af tölvuleikjum í dag.“



**GUN SMOKE** Kúrekaleikur sem leyndi hroðalega á sér.



**BÚI BENDTSEN** Á Nintendotölvuna sína enn í dag.



**SÝNDARHEIMAR**
**Dóri DNA**

# *Og við svífum um loftið*

Það þekkja allir aðgerðarleysið og eirðarleysið sem grípur mann um borð í flugvél. Gólandi börn, maturinn kemur aldrei á þeim tíma sem maður þráir hann mest, nokkrir fullir kallar með læti og sætasta flugfreyjan er yfirleitt aldrei að þjóna á svæðinu manns. Maður getur ekkert gert, nema setið, horft á „in flight“ skemmtiefnið og vonað að vélin brotlendi ekki. Sé maður svo að fljúga til Evrópu er nánast öruggt að einhverjir slökustu sjónvarpsþættir sem nokkurn tíma sýndir hafa verið í litasjónvarpi séu á dagskrá og þá eru góð ráð dýr. Ipodinn er auðvitað bjargvættur á slíkum stundum, en komið hefur í ljós að Ipodinn starfar sem sérlegur útsendari fyrir Óla lokbrá í háloftunum.

Nú er þessi vandi svo gott sem úr sögunni, með tilkomu leikjatölva eins og Playstation Portable og Nintendo DS. PSP er mun sniðugri en Nintendo gripurinn, enda dýrari. Í sex tíma flugferð til Búlgaríu gat ég horft á kvikmynd og sjónvarpsþætti og þegar fór að síga á seinni hlutann var kjörið að detta í feitan tölvuleik. Ég var einn míns liðs, félagar mínir voru þegar komnir út. Ég gat ekki skvett í mig og vonað það besta, ég hefði grátið alla leiðina hefði ég ekki haft PSP-inn meðferðis. Þegar ég svo loksins lenti varð mér nett brugðið.



Flugferðin tók ekki nokkra stund, en að vísu var líka flugdólgur á svæðinu sem hélt uppi ofsafengri og gáskafullri skemmtun þar til hann var borinn nauðugur aftast í vélina. Ég var ekki samþykkur því en fjölskyldufólkið í kring lét eins og það væri verið að stela jólunum beint fyrir framan augun á þeim. Styttri flugferðir geta orðið of stuttar en í ferð frá Hollandi um daginn óskaði ég þess næstum því að ferðin hefði verið lengri, ég var nefnilega að ná svaðalegum árangri í nýja Killzone. Flugvélar eru eflaust ekki eini ferðamátinn sem PSP auðveldar en ég gæti ímyndað mér að langferðir með rútu, skip- og lestarferðir auðveldist til muna. Leikirnir á PSP eru stórgóðir, skjárinn er alveg nógu stór til þess að halda athygli manns út heila kvikmynd og möguleikarnir á öðru fjöri eru óendanlegir. En mikilvægt er að fólk fari ekki að nota rafeindabúnað í flugtaki eða lendingu, þá er næstum öruggt að vélin hrapi. Því miður.




# Á meðal dóna og róna í Gaggó vest

**Rockstar-fyrirtækið er án nokkurs vafa einn ferskasti tölvuleikjaframleiðandi í heiminum í dag. Undanfarin ár hafa þeir slegið í gegn með GTA seríu sinni en leikirnir The Warriors og Manhunt vöktu einnig talsvert mikla athygli. Fyrir þessi jól senda þeir frá sér leikinn Bully eða Canis Canem Edit, sem virðist gefa hinum leikjunum lítið eftir.**

Leikurinn Bully eða Canis Canem Edit sem þýðir hundur étur hund á latínu, fjallar um óknyttadrenginn Jimmy Hopkins, en eftir ítrekaða brottrekstra úr ýmsum skólum bregður móðir hans á það ráð að senda hann í heimavistarskólann Bulworth. Leikurinn gerist allur í skólanum en þar þarf Jimmy að standa uppi í hárinu á hinum hrekkjusvínunum, gæta sín á kennurunum, keppast um hylli stúlknanna og smátt og smátt klífa upp metorðastigann meðal samnemenda sinna.

Leikurinn er gefin út af Rockstar fyrirtækinu sem frægast er fyrir Grand Theft Auto leiki sína. Hefur leikurinn nú þegar ollið miklu fjaðrafoki í Bandaríkjunum, en mörg foreldrafélög þar í landi segja leikinn hvetja börn til þess að níðast á minni máttar og að hann stuðli að óábyrgri hegðun. Forsprakkar Rockstar þvertaka fyrir þessar ásakanir foreldra og segja að í leiknum geti aðalhetjan bæði níðst á samnemendum, en einnig bjargað þeim frá öðrum hrekkjusvínum. Verkefni leiksins eru eins misjöfn og þau eru mörg. Allt frá því að lemja einhvern strák eða rústa einhverju herbergi yfir í að finna glósubók einhverrar stelpu og hljóta koss að launum. Í Bulworth er að finna allar þær erkitýpur sem fyrirfinnast í skólum í Bandaríkjunum. Vinsælaliðið, íþróttastrákana, leiklistar - krakka og auðvitað nördana sem minnst mega sín. Sem aðalpersóna leiksins tilheyrir maður ekki ákveðnum hóp, en þarf oft að aðstoða hinar og þessar klíkur við ýmsa hluti. Ótal vopn eru svo á færi Jimmys svo sem hafnaboltakylfur, teygjubyssur, postulínsvasar og grjót svo eitthvað sé nefnt. Í upphafi leiksins fær Jimmy hjólabretti til þess að komast leiða sinna en seinna í leiknum er úr fleiri farartækjum að velja. Bully hefur verið valinn einn af leikjum ársins hjá óteljandi vefsíðum og tímaritum. Leikurinn þykir óvenjuferskur og öðruvísi en fyrri leikir Rockstar, en þó alveg jafn umdeildur og grófur og þeir sem á undan komu. Bully verður tvímælalaust einn af heitustu leikjunum fyrir þessi jól, en hann kemur aðeins út fyrir Playstation 2 leikjatölvuna.

dori@frettabladid.is



**BULLY** Í leiknum er markmiðið að ná tökum á skólanum Bulworth.




**HUNDUR ÉTUR HUND** Jimmy Hopkins er aðalpersóna leiksins.



**SLAGSMÁL** Hrekkjusvín eru meðal þeirra sem aðalpersónan þarf að kljást við.



**LEIKFIMI** Í leikfimi er til dæmis kennd ólympísk glíma og hnefaleikar.

# Í hvítum jakkafötum með vélbyssu

Scarface-leikurinn er framhald af bíómyndinni. Hann hefst þar sem kvikmyndin endar eða þar sem Tony Montana stendur útúr-strópaður í skotbardaga við tryllta Kólumbíumenn. Í þetta skiptið, með hjálp leikmannsins, lifir hann árásina af og þannig getur sagan haldið áfram. Leikurinn er ekki ósvipaður Grand Theft Auto í grundvallaratriðum; sama sjónarhorn, svipaðar stýringar og eins fyrirkomulag á verkefnum. Leikurinn er mjög töff, það er engin spurning. Maður getur gengið um götur klæddur hvítum jakkafötum og kallað konur lesbíur alveg eins og í myndinni. Verkefnin eru mörg hver skemmtileg, allt frá því að gera árás á vígstöðvar óvinarins eða koma 15 kg af kókaíni í dreifingu, yfir í að koma auga á klæðskipting í hópi 30 vændiskvenna og löðrunga hann. Tony Montana er samur við sig og kallar fólk í kringum sig kakkalakka, segist drepa kommúnista ókeypis, en þó búinn að gera sér grein fyrir því að kapítalisminn sé slæmur. Helsti galli leiksins er skortur á fjölbreytileika, en þar hefur Grand Theft Auto vinninginn. Þó svo það hljómi bæði rétt og smávægilegt er ekki hægt að skjóta venjulegt fólk í leiknum, aðeins bófa og glæpamenn sem eru kannski alveg það sama í Miami, mjög pirrandi. Ýmsir gallar gera svo vart við sig eftir því sem lengra er komið, til dæmis eru bátaskýli of smá fyrir báta og svo hikstar leikurinn og er gjarn á að frjósa. Svo er líka mjög hallærislegt að Al Pacino ljái aðalpersónunni ekki rödd sína heldur einungis b-flokks eftirherma. Það skal svo tekið fram að leikurinn er mjög ofbeldisfullur, klúr og eitthvað úti um allt. Svo sannarlega ekki fyrir yngri kynslóðina. Þegar öllur er á botninn hvolft er Scarface fyrst og fremst skemmtilegur og töff leikur, en alls ekkert meistaraverk.

**Dóri DNA**




**TÖLVULEIKIR**
**Scarface**
Skot/byssu/ævintýraleikur
★★★

Scarface er skemmtilegur í viku eða tvær, en svo fer hann að dala. Aðdáendur kvikmyndarinnar geta eflaust spilað meira en aðrir og hefði leikurinn orðið mun betri hefði meira verið lagt í hann.

# Tveir nýir Manager-leikir

Nýir Football Manager-leikir eru komnir út fyrir Xbox 360 og á Playstation Portable. Leikurinn á PSP nefnist Football Manager Handheld en í honum er að finna fjöldann allan af nýjum möguleikum sem gera leikmönnum auðveldara að stýra leiknum. Í fyrsta skipti er núna hægt að stýra landsliðum og senda frá sér hóp af hæfileikanjósnurum til þess að skoða leikmenn en áður fyrr var aðeins hægt að senda einn í einu. Af fleiri nýjungum má nefna að bætt hefur við fleiri deildum í leikinn og meðal þeirra eru sú ástralska og sú portúgalska. Eins og í öðrum leikjum á PSP er hægt að spila við aðra PSP-tölvu en þær tengjast með þráðlausu neti. Football Manager 2007 sem er kominn á Xbox360 tekur fyrri útgáfum leiksins fram með því að styðja Xbox Live Vision myndavélina og Xbox Live „Fantasy Draft“ möguleikann. „Fantasy Draft“ er nýr möguleiki þar sem allt að átta leikmenn keppa um að ná í leikmenn úr gagnabanka leiksins og byggja þar með upp sitt draumalið, en síðan er hægt að keppa með þessum liðum í bikarkeppni í gegnum Xbox Live. Auk þessara nýjunga inniheldur leikurinn flesta þá valmöguleika sem voru í fyrri leiknum, ásamt því sem þekkist úr PC-útgáfu leiksins. Það er því af nægu að taka fyrir fótboltaáhugamenn, en einnig eru komnir út Fifa 07 og sjötti Pro Evolution leikurinn.



**FLOTTUR** Leikurinn á Xbox 360 hefur aldrei litið betur út.



**FOOTBALL MANAGER** Loksins hægt að spila leikinn á PSP.

# Annar Grand Theft Auto á PSP

Leikurinn Grand Theft Auto Vice City Stories er kominn út á Playstation Portable og er það annar GTA leikurinn sem kemur út fyrir PSP. Sá fyrri, Liberty City Stories, gerist í sömu borg og GTA 3 og eins og nafnið gefur til kynna gerist þessi í sömu borg og leikurinn Vice City sem var fyrsti GTA leikurinn til þess að slá öll met í vinsældum. Leikmenn fara í hlutverk Viv Vance, fyrrverandi hermanns sem eftir hraða og flókna atburðarás stendur frammi fyrir þeirri ákvörðun að þurfa að byggja sitt eigið glæpaveldi eða láta í minni pokann fyrir óvinum sínum. Leikurinn er með sama sniði og fyrri leikir, nema margt hefur verið endurbætt í borginni Vice City, en henni svipar mjög til þeirrar Miami-borgar sem sást í kvikmyndinni Scarface. Sögusviðið er enn sem áður árið 1984 og hafa verkefnin sjaldan verið jafn spennandi og svöl og í þessari útgáfu. Hljómsveitirnar Earth, Wind and Fire, Run DMC, Sister Sledge og Alan Parson Project eru meðal þeirra sem eiga lög í leiknum.



**ENN MEIRA FJÖR Í MIAMI** Nýr GTA leikur getur alltaf glatt.

## LEIKIR ÁRSINS

TÍU BESTU PLAYSTATION-LEIKIR ÁRSINS 2005 AÐ MATI GAMESPY.COM.



**1. SÆTI** God of War



**2.SÆTI** Resident Evil 4



**3. SÆTI** Dragon Quest VIII: Journey of the Cursed King



**4.SÆTI** Soulcalibur 3



**5.SÆTI** Shadow of the Colossus



**6.SÆTI** Burnout Revenge

**7.SÆTI** Guitar Hero

**8.SÆTI** The Warriors

**9. SÆTI** Lego Star Wars : The Video Game

**10.SÆTI** Gran Turismo 4

SENA KLASSÍK KYNNIR:

ÓPERUDÍVAN ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR OG SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS UNDIR STJÓRN KURT KOPECKY. ARÍUR EFTIR VERDI, PUCCINI, GIORDANO OG FLEIRI




STÓRGLÆSILEG ÚTGÁFA Í TILEFNI AF 20 ÁRA STARFSAFMÆLI ELÍNAR ÓSKAR.



KOMIN ÚT!

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

góða skemmtun! ►

sena



**Athugaðu...**

*...að kjöthitamælir er afar gagnlegt hjálpartæki eldhússlífsins. Þannig leikur enginn vafi á hvenær steikin er tilbúin, hvort sem um jólasteik er að ræða eða ekki, en mælunum fylgja yfirleitt nákvæmar leiðbeiningar.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN GUNNAR MÁR ÞRÁINSSON REKSTRARSTJÓRI BARSINS

## *Tekur strútskjöt fram yfir nautasteikur*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Plokkfisks. Góður, vel gerður plokkfiskur er alveg ómissandi.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Þegar ég bjó í Suður-Afríku smakkaði ég strútskjöt með bakaðri kartöflu og bernaisesósu. Það var alveg virkilega gott og eiginlega miklu betra en gamla, góða nautasteikin. Samt er ég mikill nautakjötsmaður.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Mér finnst saltfiskur alveg hræðilegur. Of brasseraður matur er líka vondur.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Það er að blanda saman karríi og hvítlaukspipar – þá er maður kominn með krydd sem maður getur notað á næstum því hvað sem er: fisk, kjúkling eða kjöt sem maður bakar, djúpsteikir eða grillar. Það má meira að segja nota það á pasta. Það hefur ekki klikkað hingað til, fólk heldur oft að þetta sé eitthvað mun flóknara en það er í raun.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ef ég vil láta mér líða alveg svakalega vel fer ég á Hamborgarabúlluna og kaupi mér tvö tilboð aldarinnar og svo smá ís á eftir. Þá er ég sáttur við mig – þangað til daginn eftir.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ég á alltaf til margar tegundir af sinnepi, ég nota það mikið. Og svo undanrennu og ýsu. Ég borða mjög mikið af fiski.



**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Alveg heilan helling af bökuðum baunum og prímus. Þá er ég í lagi. Og kryddblönduna mína, að sjálfsögðu.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Kæst grásleppa sem ég fékk hjá ömmu um daginn. Hún var búin að mana mig upp í þetta svolítið lengi og ég lét slag standa. Grásleppan var fín, en ekki meira en það. Ég gat borðað hana, en þetta var alveg furðulegt bragð og það allra furðulegasta sem ég hef látið inn fyrir mínar varir.



VÍNVIÐURINN
Einar Logi Vignisson

## *Bjórar munka og jóla*

Jólabjórarnir streyma nú á markaðinn og jafnframt er desember tími tilraunamennsku með hina og þessa bjóra sem eiga roð í hinn salta og reykta íslenska hátíðarmat. Æ fleiri hafa uppgötvað að góður bjór á betur við hangikjöt, hamborgarhrygg og jafningshlaðborðin sem ég kalla svo; jólahlaðborð vinnustaðanna.

Fyrst að jólabjórunum. Verð að játa að ég hef ekki verið mikill aðdáandi þeirra í gegnum tíðina. Fundist þeir gjarnan flatir og sætir. Gleðilegt þó að íslenska framleiðslan er alltaf að verða betri. Egils malt jólabjórinn kallar fram kunnuglegt minni úr hinum appelsíntengda og óáfenga bróður sínum. Víking jólabjórinn hefur verið vinsælastur og hann kom mér verulega á óvart við smökkun á dögunum. Afskaplega vel heppnaður þetta árið og vakti athygli hversu matarvænn hann er.

Megnið af jólabjórnum er sjálfsagt ekki drukkið með mat nema að litlu leyti. Öl eða dökkur bjór er hins vegar mikill og góður meðreiðarsveinn feits matar og reykts. Ég er oft spurður hvaða vín henti með íslenska jólamatnum og hneigist til að benda á hið augljósa: ekkert! Á mínu heimili hefur rjúpan lengstum ráðið ríkjum og með henni hefur mér reynst portvín best en þá bara rétt til að dreypa á. Annars klassíkin malt og appelsín. Með hangikjöti hefur mér aldrei þótt viðeigandi að drekka vín, hef prófað bragðmikil Alsace-vín og þótt áhugavert en vart meir.

Hamborgarhryggur slátrar öflugustu rauðvínum. Þar uppgötvaði ég hins vegar hversu öflugur matarbjór belgískur munkabjór getur verið. Hann hefur beiskjuna, fyllinguna og bragðlengdina til að ráða við reykinn. Orval hefur komið best út með hryggnum þótt mér hafi annars þótt sá bjór heldur krefjandi einn og sér. Þorri Hringsson bendir á Westmalle Trappiste Dubbel í nýjasta hefti tímaritsins Bistró og kann sá bjór að vera aðgengilegri. Í jólahefti Gestgjafans nefnir Eymar Plédel Jónsson prýðisbjórinn La Trappe Dubbel. Eymar er með umfjöllun um nokkra gæðabjóra sem vert er að vísa á.

Úrval gæðabjóra hefur aukist allnokkuð í vínbúðum undanfarið, þótt einkum sé það bundið við Heiðrúnu og Kringluna. Ágætt getur verið að leggjast í sortir en sparlega þó af hverri. Og muna að þeim mun öflugri sem bjórinn er, þeim mun meira erindi á hann með mat og minna í sötur.




**Á BOTNINN HVOLFT:** Öl og munkabjóra á að framreiða nokkrum gráðum heitari en ísskápshita. Sama virðist mér gilda um Víking jólabjórinn, hann nýtur sín best eftir að hafa jafnað sig aðeins við stofuhita.




# Heimilisfræðakennari með hollustu í fyrirrúmi

**Kristín Jóhannsdóttir er deildarstjóri í Austurbæjarskóla en kennir auk þess heimilisfræði. Hún segir eiginmann sinn þó oftast taka völdin í eldhúsinu heima við.**

„Ég kenni nokkra tíma á viku, en maðurinn minn eldar oftast heima,“ sagði Kristín. „Hann vill nú reyndar gjarnan að kjöt eða fiskur komi eitthvað nálægt matseldinni, hann er ekki mikið fyrir grænmetið. Ég sé frekar um það,“ sagði Kristín, en uppskriftina sem hún lætur frá sér fékk hún á matreiðslunámskeiði hjá Maður lifandi. „Ég hef færst mikið yfir í að elda svona mat, ég er miklu hrifnari af lífrænt ræktuðum hráefnum,“ sagði hún. „Ég leita svona uppskriftir uppi, enda eru gömlu heimilisfræðauppskriftirnar allar með smjörlíki og hveiti og slíku,“ sagði hún hlæjandi. „Ef það er bæði hollt og gott er það nú ekki verra,“ bætti hún við.

Kristín segir gulrótarsúpuna einmitt vera dæmi þess. „Miðað við flottar matarsúpur er hún líka frekar einföld,“ bætti hún við. Fyrir þá sem vilja segir Kristín speltbrauðið vera fyrirtaks fylgifisk súpunnar, enda fátt betra en gómsæt súpa með nýbökuðu brauði.



**KRISTÍN JÓHANNSDÓTTIR** Heimilisfræðakennarinn leggur sig fram við að leita uppi hollar uppskriftir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**GULRÓTARSÚPA FYRIR 6**
**1 laukur saxaður smátt**
**1 hvítlauksgeiri saxaður**
**1 rifinn engifer ca 3 cm**
**Olía til steikingar**
**Handfylli af kóríander saxaður smátt**
**1 tsk. túrmerik**
**1 tsk. broddkúmen**
**smá cayennepipar**
**4 tómatar**
**3 bollar af smátt skornum gulrótum**
**(best að hafa þær hálfhráar)**
**2 msk. grænmetiskraftur**
**½ l vatn**
**1 dós af kókosmjólk**
**Smá sítrónusafi**
**Salt og pipar eftir þörfum**

Léttsteikið grænmetið í olíu og þurrkryddum. Bætið vatni út í og sjóðið í 20 mínútur eða þar til gulræturnar eru orðnar mjúkar, bætið saman við söxuðum tómötum, kókosmjólk og kryddum ásamt salti og pipar. Maukið súpuna með töfrasprota, smakkið síðan til með sítrónusafa og ferskum kóríander. Leyfið súpunni aðeins að standa og taka sig áður en hún er borin fram.

**AUÐVELT SPELTBRAUÐ**
**3 bollar spelt**
**2 bollar vatn**
**3 tsk lyftiduft**
**1 ½ tsk salt**
**3 msk olía**

Blanda af fræjum s.s. graskersfræ, sólblómafræ, sesamfræ eða smá múslí og rúsínur.
Sett saman í skál og hrært í smurt form.
Bakist við 180 gráður í 30–40 mínútur.
Gott að gera nokkur í einu og frysta volg.

sunna@frettabladid.is

# Gott að frysta smákökudeig

Smákökutíminn er kominn og þeir sem ekki enn eru búnir að skella í uppskrift eru væntanlega í startholunum. Margir eru þó í tímaþröng á þessum tíma og þá getur verið freistandi að kippa með sér tilbúnu smákökudeigi í búðarferðinni. Samkvæmt Ásgeiri Sandholt bakara er þó hægt að fara milliveginn: hræra í uppskrift, baka eina plötu og frysta afganginn af deiginu.

„Það er ekkert mál, þannig er þetta unnið í flestum bakaríum. Deigið á ekki að tapa neinum gæðum,“ sagði hann. Ásgeir sagði best að frysta deigið hratt og ætti það þá að þola geymslu í mánuð eða svo. Ásgeir benti þó á að viðkvæmari kökur eins og vanilluhringir henti síður í frostið, en piparkökur og súkkulaðibitakökur hvers konar eru tilvaldar.

„Það er best að ganga frá deiginu í rúllu. Henni er svo vafið í poka og skellt í frysti. Deigið er svo tekið út nokkrum klukkutímum áður en það á að baka það, skorið niður og hent inn í ofn,“ sagði Ásgeir, sem sagðist ráðleggja fólki að nota þessa aðferð frekar en að kaupa tilbúin deig. Þannig má líka halda í gömlu fjölskylduuppskriftirnar en jafnframt njóta hagræðingarinnar sem hlýst af tilbúnu deigi.

- sun



**HAGRÆÐING Í SMÁKÖKUKBAKSTRI** Ef deigið er fryst ættu engar kökur að skemmast í boxum uppi á hillum, og svo er hægt að njóta þeirra glóðvolgra út allan desember.



**ÁSGEIR SANDHOLT BAKARI** Sagði ekkert mál að frysta smákökudeig til að nota síðar.







**ÆVINTÝRIÐ** Í ENGLABORG

**JÓLABLAÐIÐ** KOMIÐ ÚT!










LAGT Á **HÁTÍÐARBORÐIÐ**

MÁLUM BÆINN **RAUÐAN**



**100 HUGMYNDIR** FYRIR JÓLABÖRNIN

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5060 | WWW.VISIR.IS

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Aniston og Vaughn hætt saman

Leikararnir Jennifer Aniston og Vince Vaughn eru hætt saman. Ákváðu þau að binda enda á sambandið í sameiningu en ætla að halda áfram að vera góðir vinir.

Aniston, sem er 37 ára, og Vaughn, sem er ári yngri, kynntust við tökur á myndinni The Break-Up á síðasta ári. Fljótlega fór af stað orðrómur um að þau væru byrjuð saman en þau vildu ekki viðurkenna það og sögðu að þau væru einungis vinir.

Næstu mánuði á eftir sáust þau saman við hin ýmsu tækifæri. Vildu þau lítið tjá sig við fjölmiðla og neituðu fregnum um að þau væru trúlofuð. Í október síðastliðnum hótaði Vaughn að höfða mál gegn breskum og bandarískum slúðurblöðum sem sögðu að hann ætlaði að hætta með Aniston og að það hefði sést til hans kyssa aðra konu.

Vaughn er um þessar mundir að leika í myndinni Fred Claus. Hann er þekktur fyrir hlutverk í myndum á borð við Wedding Crashers og Starsky & Hutch. Aniston, sem skildi á sínum tíma við Brad Pitt, sló í gegn í þáttunum Friends. Hefur hún leikið í hinum ýmsu kvikmyndum síðan þættirnir luku göngu sinni.



**ANISTON OG VAUGHN** Leikaraparið er hætt saman. Þau kynntust við tökur á myndinni The Break-Up, eða Skilnaðurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**LINDSAY LOHAN** Reglulegur gestur á skemmtistöðum Hollywood í stað þess að mæta á AA-fundi vegna áfengis- og vímuefnavandamála sinna.

## AA ekki málið

Leikkonan unga Lindsay Lohan hefur verið mikið í fréttum vegna áfengis- og vímuefnavandamála sinna og nýlega sagðist hún vera gengin í AA-samtökin til að leita sér hjálpar. Móðir stúlkunnar flaug til Los Angeles til að styðja dóttur sína en nú virðist allt hafa farið á versta veg aftur. Samkvæmt slúðurblöðum vestanhafs er Lohan daglegur gestur á ölstofum englaborgarinnar og hefur hætt að mæta á AA-fundi, en er þó oftar en ekki í fylgd móður sinnar.



**ALL SAINTS** Sölutölur nýrrar plötu sveitarinnar eru arfaslakar og gætu þær þurft að fresta fyrirhugaðri hljómleikaferð að sökum þess.

## Endurfundirnir flopp

Stúlknasveitin All Saints kom saman á ný á þessu ári eftir margra ára hlé og gáfu út nýja breiðskífu fyrir stuttu. Skífan hefur fengið ágætis dóma en plötusalan stendur ekki undir væntingum. Skífan er þessa stundina í 41. sæti á topplistanum í Bretlandi sem gerir það að verkum að fresta gæti þurft væntanlegri hljómleikaferð sveitarinnar. All Saint var vinsæl fyrri part tíunda áratugarins en sökum rifrildis innan borðs ákváðu stúlkurnar að fara hver í sína áttina. Sólóferill söngkvennanna gekk ekki sem skyldi og þess vegna var stríðsöxin grafin fyrr á þessu ári.

# Rauði dregillinn á Billboard

**Billboard-tónlistarverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í byrjun vikunnar í glamúrborginni Las Vegas. Að sjálfsögðu var rauði dregillinn stjörnum prýddur og flestir skörtuðu sínu fínasta pússi.**

Síðkjólar voru þó á undanhaldi hjá kvenkyninu og eru kjólar með forvitnilegum sniðum greinilega að koma sterkir inn ásamt kvenleikanum sem er ávallt í hávegum hafður. Strákarnir voru í hversdagslegri fatnaði en jakkafötin góðu er augljóslega ekki jafn sterk á rauða dreglinum. Við skulum sjá hvað dregillinn hafði upp á að bjóða. - áp



**NAVARRO** Gítarleikarinn Dave Navarro var rokkaður með sólgleraugu, naglalakk og grifflur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**FLOTT PAR** Söngelsku hjónin Gwen Stefani og Gavin Rossdale vita hvað þau syngja í tískunni og tóku sig vel út.



**BLEIKUR** Pharrel Williams var að sjálfsögðu mættur en hann var hversdagslegur í klæðnaði með bleiku ívafi.



**GLÆSILEG ENDURKOMA** Fatastíll söngkonunnar Janet Jackson hefur ávallt verið umdeildur en hún tekur sig vel út í þessum svokallaða skyrtukjól sem sýnir nýju línur hennar mjög vel.



**HVÍTT OG GULL** Carmen Electra var í hvítum þröngum kjól með smekklega gullskartgripi.



**SKARTAÐI SÍNU FEGURSTA** Söngkonan Nelly Furtado var glæsileg í fínum kjól með skemmtilegu sniði.



**DAMON ALBARN** Ný hljómsveit Damons Albarn spilar í beinni á netinu.

# Tónleikar á Myspace

Ný hljómsveit Damons Albarn, The Good, The Bad and The Queen, heldur tónleika í beinni útsendingu á netinu hinn 12. desember.

Þetta verður í fyrsta sinn sem tónleikar eru sýndir beint í gegnum Myspace-síðuna. Tónleikarnir sjálfir verða haldnir í London og munu aðeins 300 aðdáendur fá aðgang. Aðrir þurfa að fylgjast með á myspace.com/thegoodthebadandthequeen. Fyrst þurfa þeir þó að svara spurningu á síðunni til að eiga möguleika á aðgangi.



**BEYONCE OG JAY Z** Fjölmiðlar vestanhafs herma að parið sé að ganga í það heilaga um helgina í laumi.

# Giftast í laumi

Fregnir herma að skötuhjúin Beyoncé og Jay Z séu að ganga í það heilaga um helgina fjarri kastljósi fjölmiðla. Þetta heldur blaðið US reports fram en Beyoncé hefur verið að skipuleggja fjögurra daga afmælisveislu fyrir spúsa sinn. Afmælisveislan á víst að vera yfirhylming fyrir brúðkaupinu sem mun að sögn blaðsins eiga sér stað á föstudaginn á snekkju fyrir utan St.Barts-ströndina. Ljósmyndarar eru farnir að flykkjast á ströndina til að ná myndum af parinu ef af brúðkaupinu verður. Beyoncé hefur látið hafa það eftir sér oftar en einu sinni að hún vilji stofna fjölskyldu og eignast börn í bráð.

# Ólétt í þriðja sinn

Athafnakonan Jordan á von á sínu þriðja barni með maka sínum Peter André. Skötuhjúin eru yfir sig ánægð yfir fregnunum en Jordan missti fóstur fyrr í sumar. „Ég var dauðhrædd um að ég myndi lenda í því sama í þetta skiptið en eftir að við heyrðum hjartsláttinn er ég farin að anda léttar,“ segir Jordan.

Peter og Jordan eiga saman 18 mánaða son og svo á hún fjögurra ára soninn Harvey úr fyrra sambandi við fótboltamanninn Dwight Yorke.



**BARN NÚMER ÞRJÚ** Jordan og Peter André eiga von á barni. Barnið verður númer þrjú í röðinni hjá fyrirsætunni.



**CLIFF RICHARD** Breski tónlistarmaðurinn Cliff Richard syngur í Höllinni 28. mars.

# Bekkjum bætt við

Vegna mikillar eftirspurnar í sæti á tónleika Sir Cliff Richard í Laugardalshöll 28. mars hefur verið ákveðið að draga fram bekkina sem eru niðri í sal.

Með tilkomu bekkjanna bætast rúm 200 sæti á tónleikana og fara þau í sölu mánudaginn 11. desember kl. 10.

Þegar miðasala hófst á tónleikana seldist upp í stúku á 20 mínútum.

Miðasala fer fram á midi.is, í Skífunni í Reykjavík og BT úti á landi. Miðaverð í bekkina er 9.900 krónur en 5.900 í stæði.



**PAMELA ANDERSON** Grunar eiginmann sinn um að hafa haldið framhjá.

# Grunar Rock um græsku

Pamelu Anderson sem nýlega skildi við eiginmann sinn, Kid Rock, grunar að rokkarinn hafi haldið framhjá sér. Kid Rock var í grunsamlega miklu sambandi við fyrrverandi kærustu sína, Conchitu Leeflang, að mati Pamelu. „Conchita er enn með myndir af sér og Kid saman á heimasíðu sinni og þau héldu góðu sambandi við hvort annað,“ segir vinkona Pamelu og heimildarmaður.




Áttu leið í bæinn?
– stæði fyrir alla

Á bíl í jólaösinni í miðborg Reykjavíkur. Hvað má bjóða þér? Miðastæði, stöðumæli eða bílahús. Viltu greiða með korti eða krónum, eða kannski gsm símanum þínum?

**Tímamiðar** úr miðamælum gilda áfram þegar lagt er við stöðumæli innan sama gjaldsvæðis.

**Ótakmarkaður tími** býðst á stöðumælum í miðborginni.

Í desember verða **bílahúsin opin klukkustund lengur en verslanir í miðborginni.** Gleðilega aðventu!



Nú er einnig hægt að greiða fyrir stæði við stöðu- og miðamæla í gegnum gsm-síma. Upplýsingar um skráningu á www.rvk.is/bilast

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður
... svo í borg sé leggjandi

# West Ham-lagið tilbúið

**Hlynur Áskelsson vakti athygli fyrir nokkrum árum þegar hann gerði lagið Stoke er djók undir listamannsnafni sínu, Ceres 4. Nú hafa Íslendingar fest kaup á öðru fótboltaliði á Englandi og að sjálfsögðu hefur Ceres samið nýtt lag. Þar að auki íhugar hann framboð til formanns KSÍ.**

„Hugmyndin og framkvæmdin að fara út þetta West Ham lag snýst bara um minn brennandi áhuga á fótbolta og öllu sem að honum snýr," segir Hlynur Áskelsson sem einnig er þekktur undir rokknafninu Ceres 4, en hann sendi meðal annars frá sér hið víðfræga Stoke er djók á sínum tíma. „Málið er að mér finnst þeir Eggert Magnússon og Björgólfur Guðmundsson bara það sniðugir strákar að vera að standa í þessu að auðvitað eigi þeir skilið að íslenskir fótboltaáhugamenn taki þátt í þessu með þeim, hver með sínu nefi ef svo má segja. Þess vegna fjallar lagið líka um þá og þetta ævintýri þeirra. Þetta er hugsað sem svona Nínu og Geira stemning, sögulag sem segir frá þessu spennandi ævintýri sem er rétt að byrja. Lag og texti eru tilbúin og ég er til í að leyfa þjóðinni að sjá textann. Svo þarf ég bara að finna mér tíma í jólaösinni til þess að fara í stúdíó og taka upp. Þetta verður svo smáskífa í janúar," segir Hlynur.

**Framtíð KSÍ liggur í grasrótinni**

Þessi áhugi er slíkur að Hlynur Áskelsson er nú að íhuga framboð til forseta KSÍ. „Fjölmargir hafa komið að máli við mig upp á síðkastið og hvatt mig til að gefa kost á mér í forsetastól KSÍ. Mér finnst starfið spennandi og gæti vel hugsað mér að stýra íslensku knattspyrnuskútunni inn í framtíðina og er því alvarlega að íhuga að taka slaginn á móti Geir Þorsteinssyni og öðrum sem munu blanda sér í baráttuna."

Í gegnum tíðina hefur Hlynur starfað á flestum sviðum fótboltans. Hann hefur spilað í gegnum alla flokka á Íslandi, ýtt úr vör stuðningsmannaklúbbi, verið vatnsberi, þvottakarl, liðsstjóri, dómari og þjálfari, auk þess að sitja í nefndum og ráðum. Eða eins og Hlynur segir sjálfur: „Þegar fótbolti og æskulýðsstörf eru annars vegar er ekkert starf of lítið og ekkert starf of stórt."

Margir fótboltaáhugamenn hafa einmitt haft á orði að það væri gaman að sjá grasrótina koma inn í framboð til forseta KSÍ og Hlynur bendir á að hann komi inn sem fulltrúi þessa hóps ótengdur stjórnarklíkum og stórfyrirtækjum. „Ég hef skýra stefnu varðandi mál sem ég kæmi til með að vinna að í þessu starfi og tel aðkallandi. Í fyrsta lagi vil ég rétta hlut kvenna sem leika fyrir Íslands hönd. Það er ekki líðandi að konur fái einungis greitt brot af því sem karlar fá fyrir sama starf og jafnlangan vinnutíma. Ég tel einnig nauðsynlegt að huga betur að málefnum litlu félaganna og á landsbyggðinni, sparkvellirnir eru frábært verk en það þarf einnig að huga að félögunum sjálfum. Þá er nauðsynlegt að taka á málefnum dómara, bæta kjör þeirra og virðingu starfsins en með því ætti að ganga betur að fá fleiri til starfans og þeir sem standa sig vel þurfa að eiga kost á lengri starfsævi. Það er synd að sjá dómara í toppformi þurfa að hætta á besta aldri. Ég vil einnig beita mér fyrir því að lækka aðgöngumiðaverð á leiki KSÍ. Það er óásættanlegt að reisa risastór mannvirki sem ekki eru nýtt nema að litlu leyti. Markmiðið á fyrst og fremst að vera að fá fleiri á völlinn og þannig meiri stuðning. Ekki veitir af þar sem ég vil stefna að því að koma Íslenska karlalandsliðinu á topp 50 listann hjá FIFA."

**Vill nýjan landsliðsbúning**

Hlynur er greinilega með fullt af spennandi hugmyndum fyrir KSÍ og skýra framtíðarsýn á hvaða verk bíði nýs formanns. „Það þarf að huga að heildarútliti landsliðsfólksins okkar. Þess vegna þarf m.a. að endurhanna landsliðsbúninginn því þessi barnablái glansgalli er hönnunarhörmung og tískuslys. Það skiptir miklu máli að landsliðsfólkið okkar sé glæsilegt innan vallar sem utan og til fyrirmyndar fyrir ungu kynslóðina vegna þess að fótbolti á að vera forvörn og heilbrigður lífsstíll. Mig óar við að þurfa að hlusta síendurtekið á misvitrar erlendar knattspyrnustjörnur vera að skandalísera utan vallar með drykkjuskap, lyfjanotkun og ofbeldi og rýra þannig orðspor íþróttarinnar. Ég vil ekki sjá þessa þróun reka hingað á land. Ég vil sjá afburða íþróttamenn, bæði heilbrigða og skynsama, í mínu liði."

magnusg@frettabladid.is



**ÍHUGAR FRAMBOÐ TIL FORMANNS KSÍ** Hlynur Áskelsson hefur samið lag og texta um West Ham-ævintýri Eggerts Magnússonar og félaga, rétt eins og hann gerði um Stoke um árið. Þar að auki íhugar hann að bjóða sig fram til formanns KSÍ.

## SAGAN AF BJÖGGA OG EGGERTI

Eggert seldi krónur og svissneska franka
Bjöggi mætti á staðinn með einkavæddan banka.
Bankinn kom í skiptum fyrir bjór og vín
með vottuðu leyfi frá Vladimír Pútín.

Þeir ætla að kaupa West Ham og Víetnam.
David Beckham og Ellert B. Schram.

Það er glam að eiga West Ham
Það er glam að eiga West Ham
Það er glam að eiga West Ham
glam, glam-úr, að eiga West Ham

Landsbankadeildin var of lítil fyrir þá.
Í London má græða bæði á fingri og tá.
Já, það er ekkert stuð að selja bjór og kex.
Fyrir það þú færð víst óskóp lítið sex.

Þeir mega ekki búsa
en verða bara að dúsa
uppi í stúku að hofa á
Bjögga taka Fúsa.

Það er glam að eiga West Ham
Það er glam að eiga West Ham
Það er glam að eiga West Ham
glam, glam-úr, að eiga West Ham

Þeir halda góðu sambandi
við Heineken í Hollandi.
Ljósin blikkuðu í Amsterdam
þegar það var ákveðið að kaupa
West Ham.

# Sögufrægur kjóll seldur

Svarti kjóllinn sem Audrey Hepburn klæddist í kvikmyndinni Breakfast at Tiffany's var seldur hæstbjóðanda á þriðjudagskvöldið fyrir rúmar 63 milljónir íslenskra króna.

Uppboðið var hjá Christie's í London og hringdi kaupandinn úr síma en talsmenn uppboðsins vildu ekki gefa upp nafnið. Öll upphæðin rennur til styrktar City of Joy góðgerðarstofnunarinnar sem franski rithöfundurinn Dominique Lapierre setti á fót. „Ég táraðist þegar upphæðin kom í ljós," sagði Lapierre við fjölmiðla skömmu eftir uppboðið. „Ég er algjörlega orðlaus yfir því að verðmæti kjóls sem eitt sinn var í eigu svona töfrandi leikkonu skuli vera notað til að byggja skóla handa fátækum börnum," bætti Lapierre við en hann fékk þennan fræga kjól að gjöf frá hönnuði hans, Hubert de Givenchy. Svarta kjólnum tókst hins vegar ekki að slá met kjólsins sem Marilyn Monroe klæddist þegar hún söng afmælissönginn fræga fyrir forseta Bandaríkjanna, John F. Kennedy, því hann var sleginn á tæpar áttatíu milljónir íslenskra króna árið 1999.

Breskir fjölmiðlar veltu sér mikið upp úr því hver gæti hafa keypt þennan fræga kjól en samkvæmt upplýsingum frá uppboðinu var kaupandinn staddur einhvers staðar í Evrópu. Daily Mail skellti því á forsíðu vefmiðils síns strax á þriðjudagskvöldinu að Victoria Beckham gæti hafa verið þessi dularfulla manneskja en hún hefur marg-oft lýst yfir ást sinni á leikkonunni og á þegar einn kjól úr fataskáp hennar. Þá greindi vefmiðillinn einnig frá því að unnusta knattspyrnukappans Wayne Rooney, Coleen McLoughlin, væri ástríðufullur aðdáandi leikkonunnar og hefði meðal annars innréttað sérstakt herbergi henni til heiðurs. Hún gæti því alveg eins hafa keypt sér flíkina. Svarti kjóllinn er einn sá þekktasti í kvikmyndasögunni og fékk kaupandinn svarta hanska og perlufesti í kaupbæti. Tvær endurgerðir eru til af kjólnum, önnur er vel varðveitt á Givenchy-safninu í París en hin er til sýnis á búningasafninu í Madríd.



**VICTORIA BECKHAM** Er mikill aðdáandi leikkonunnar og Daily Mail taldi hana líklegan kaupanda.



**AUDREY HEPBURN** Kjóllinn frægi var seldur hæstbjóðanda á 63 milljónir.

# Gefur Rocky-muni

Leikarinn Sylvester Stallone hefur gefið Smithsonian-safninu í Bandaríkjunum leikmuni úr Rocky-myndunum. Á meðal munanna er kaðall úr hnefaleikahring fyrstu myndarinnar og boxhanskar úr annarri myndinni. Einnig gaf hann m.a. rauðar, hvítar og bláar stuttbuxur úr Rocky III.

„Ég vissi að ég væri farinn að eldast en ég bjóst ekki við því að lenda svona snemma á meðal risaeðlnanna," sagði Stallone í léttum dúr þegar hann afhenti munina.

Fyrsta myndin í Rocky-seríunni var gefin út árið 1976 og fékk hún óskarsverðlaunin sem besta myndin. Fjallar hún um lítt þekktan hnefaleikakappa frá Fíladelfíu sem fær tækifæri til að vinna heimsmeistaratitilinn í þungavigt.

Sjötta og síðasta Rocky-myndin kemur út í Bandaríkjunum 20. desember og að sjálfsögðu verður Stallone í aðalhlutverkinu, auk þess sem hann leikstýrir myndinni.




**SYLVESTER STALLONE** Stallone gefur starfsmönnum Smithsoninan-safnsins einn utanundir eins og sönnum boxara sæmir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bætum nýjum vörum við daglega!

*Fylltu fataskápinn fyrir smápeninga!*

Barnafatnaður
Jakkaföt
Stakir jakkar
Frakkar
Buxur
Skyrtur
Bindi
Bolir
Peysur
Kápur
Blússur
Pils
Kjólar
Toppar
Sokkar
Hanskar
Treflar
Vettlingar
Húfur
Nærfatnaður



NÚ EINNIG LEIKFÖNG




Sængurfatnaður
og handklæði
á gjafverði!

HIN EINA SANNA

**RISA *lager* ÚTSALA**
**HÖFÐABAKKA 9**

**Opið virka daga 11-19 laugardaga og sunnudaga 12-18**



MEÐ HNÍF OG GAFFLI

Þráinn Bertelsson

# Ítalskur matur á íslensku verði

Á vefsíðu veitingastaðarins Galíleó stendur:

„Galíleó bíður upp á ítalskan mat eins og hann gerist bestur með skemmtilegum áhrifum frá botni Miðjarðarhafs. Ekkert var til sparað til að gera Galíleó að einum glæsilegasta veitingastað landsins og er lögð rík áhersla á ljúfa og suðræna stemningu.“

Af þessari metnaðarfullu fullyrðingu er hægt að staðfesta eftirfarandi:



„Galíleó býður upp á ítalskan mat.“

Hvað glæsileikann varðar er ofsagt að Galíleó sé einn glæsilegasti veitingastaður landsins – notalegur og óformlegur lítill fjölskyldustaður í miðbænum væri kannski nær lagi. Og kannski var það veðrinu úti fyrir að kenna að stemmingin var ekki sérlega suðræn.

Galíleó býður upp á heljarmikinn matseðil: 8 forrétti, 12 pitsutegundir, 16 pasta- eða rísottó-rétti, 5 fiskrétti, 7 kjötrétti og 5 eftirrétti, svo að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi á matseðlinum.

Við byrjuðum á sjávarréttasúpu (kr. 1.490) og mozzarella með ólífuolíu og basil (kr. 1.390). Súpan var rjómalöguð sem er sjaldgæft á Ítalíu og fremur bragðlítil, sjávarréttirnir voru mest smokkfiskbitar, krabbalíki (súrími) og smárækjur.

Mozzarella-osturinn var prýðilegur, sem og brauðið og meðfylgjandi pestó úr ólífum og þurrkuðum tómötum.

Þernan sem þjónaði til borðs var vingjarnleg og það var ekki henni að kenna að þjónustan gekk seint fyrir sig. Hún var ein um þjónustuna – og nýbyrjuð.

Aðalréttirnir sem við fengum okkur voru pastaréttur og kjötréttur, tagliatelle með humar og kirsuberjatómötum (kr. 2.890) og svo hinn frægi rómverski réttur „Saltimbocca“ (kr. 3.290).

„Saltimbocca“ þýðir orðrétt „stekkur-í-munn“ og vísar til þess hversu lystugur þessi réttur er þegar þurrkuð skinka og salvíublað er lagt milli þunnra kálfakjötssneiða sem síðan eru steiktar í smjöri eða ólífuolíu. Í stað kálfakjöts má að sjálfsögðu nota svínakjöt eða kjúkling og á Galíleó er notað svínakjöt. Þetta var borið fram með kartöflumús eins og vera ber og bragðaðist ágætlega. Kokkurinn mætti þó gjarna endurskoða grænmetið sem þessu fylgir, ofsteikt og löðrandi í feiti.

Pastað var eins gott og ofsoðið pasta getur orðið, fremur lítið um humar en þeim mun meira af kirsuberjatómötum.

Blandaður eftirréttur fyrir tvö að hætti kokksins (kr. 1.950) var ágætur og kaffið fyrirtaksgott.

**Galíleó**
**Hafnarstræti 1-3**
**101 Reykjavík**

Máltíð fyrir tvö (2 glös húsvín og vatn) kostaði 13.230 kr.
Plúsarnir eru vingjarnleg þjónusta, sæmileg „Saltimbocca“ og ágætur eftirréttur.
Mínusarnir eru að meiri metnaður er lagður í verðlagningu en eldamennsku og þjónustu við gesti.

# Ágætis stelpupopp

Nylon er þriðja plata Nylon, en um leið sú fyrsta fyrir erlendan markað. Á henni eru nýjar upptökur af nokkrum lögum af fyrstu tveimur Nylon-plötunum, 100% Nylon og Góðir hlutir, auk nokkurra nýrra laga, þ.á m. eru smáskífulögin tvö Losing a Friend og Closer og útgáfa af Eurythmics-slagaranum Sweet Dreams.

Útgáfu plötunnar í Bretlandi var frestað til þess að hún drukknaði ekki í jólaplötuflóðinu. Útgáfunni hér á landi var hins vegar haldið til streitu, enda engin hætta á því að stelpurnar dragist aftur úr í íslenska jólakapphlaupinu.

Nylon hefur að geyma þrettán lög. Tónlistin er miðjumiðað og mikið unnið stelpnasveitapopp. Mikið hefur verið lagt í hljóðvinnu og útsetningar og sú vinna hefur skilað sér í fyllri og þéttari hljómi en á fyrri plötunum. Stelpurnar hafa fyrir löngu sýnt að þær valda þessu stelpnasveitarhlutverki vel og syngja bara betur á nýju plötunni ef eitthvað er. Lögin eru misgóð, en platan byrjar með krafti á lögunum Closer, Only You, Losing a Friend, Play on, Summer's Gonna Come og Last Summer, en gæðin minnka á seinni hlutanum með lögum eins og You Are Not Alone, Everywhere og Good Things.

Þetta er reyndar ekki óalgengt í poppiðnaðinum. Ofuráhersla er lögð á nokkur lög sem eru hugsuð sem smáskífuefni og eiga að draga plötuna áfram, en minni vinna lögð í afganginn.

Á heildina litið er þetta ágætis poppplata. Ekki frábær, en samt nógu góð til þess að með smá heppni og mikilli vinnu ættu stelpurnar að geta heillað breska poppaðdáendur.




**TÓNLIST**
**Nylon**
Nylon
★★★

Þessi fyrsta plata Nylon fyrir erlendan markað er ágætlega heppnuð. Hljómurinn er þéttari og fyllri en á fyrri plötunum og bestu lögin eru fínt stelpnapopp.

Trausti Júlíusson

# Tíunda friðarmáltíðin

**Sigurþór Hallbjörnsson, betur þekktur sem Spessi ljósmyndari, stendur fyrir friðarmáltíð á veitingastaðnum Á næstu grösum á föstudag og laugardag. Þetta er í tíunda skiptið sem sá árlegi siður er í heiðri hafður.**

„Þetta byrjaði þegar Gunnhildur Emilsdóttir, sem rak Á næstu grösum fyrir tíu árum, spurði mig hvort ég væri til í að elda svona eitt kvöld. Ég var bæði fastakúnni á staðnum og vinur eigendanna og svo er ég líka ágætis kokkur,“ sagði Spessi, sem hefur verið grænmetisæta í 25 ár. „Hefðin erfðist svo bara yfir á næsta eiganda,“ útskýrir Spessi. Matseðill Friðarmáltíðarinnar er jólamatur Spessa. „Það eru allir með einhverja jólahefð, sumir elda alltaf rjúpur og ég er alltaf með hnetusteik,“ sagði Spessi.

Hljómsveitin Friður á jörðu hefur spilað á friðarmáltíðum síðastliðinna tíu ára, en hún er skipuð vinum Spessa. „Það er reyndar aldrei alveg sama skipan en hljómsveitin gengur nú samt allltaf undir sama nafni. Í ár verður þetta fimm manna band,“ sagði Spessi, sem segir stemninguna yfir friðarmáltíðinni alltaf verða mjög góða. „Það er einhver kærleiksstemning. Staðurinn fyllist alveg og fólk sest bara þar sem er pláss, þótt það þekki fólkið á borðinu ekki neitt. Þetta er eins og ein stór fjölskylda í einkapartíi,“ sagði hann. Nokkrir gestir koma þó án þess að hafa nokkra hugmynd um hvað er í gangi. „Í fyrra komu til dæmis Anthony and the Johnsons. Þeir höfðu þá verið á ferðalagi um Evrópu og ekki fengið almennilegan jurtamat í langan tíma. Þeir duttu þarna inn og voru voða hissa. En svo héngu þeir á staðnum allt kvöldið,“ sagði Spessi, sem tekur ekki fyrir að það verði dansað uppi á borðum. „Þetta er bara svaka skemmtilegt og voðalega góð stemning,“ sagði hann.

Hljómsveitin Friður á jörðu leikur undir borðhaldi á föstudagskvöld, en hljómsveit Ómars Einarssonar tekur við á laugardagskvöldinu.




**FRIÐUR Á JÖRÐU** Hljómsveitin sér um undirleik við friðarmáltíðina á föstudag en á myndina vantar Eyþór Gunnarsson píanóleikara.

# Ný og spennandi spil í jólaflóðinu

Á jólunum fá allir eitthvað fallegt. Þrátt fyrir að kerti séu ekki eins vinsæl jólagjöf og eitt sinn eru spilin alltaf jafn vinsæl. Fyrir þessi jól koma út mörg spennandi spil en þar ber hæst spilið Draumaeyjan, eftir Árna Stefánsson. Spilið er byggt á metsölubók Andra Snæs, Draumalandinu, og gengur út á að byggja upp landsvæði og móta framtíðina. Leikmenn setja sig í spor frumkvöðuls, stjórnmálamanns, umhverfissinna, útgerðarmanns eða auðjöfurs og sigrar sá sem setur mest mark sitt á landið.

Af öðrum nýjum íslenskum spilum eru spurningaspilið Meistarinn og Stjórinn talin líkleg til vinsælda, en eins og nafnið gefur til kynna er spilið Meistarinn gert upp úr samnefndum sjónvarpsþætti. Stjóranum hins vegar má líkja við tölvuleikinn Football Manager, nema í formi borðspils. Allt að sex geta keppt í einu og keppt er um meistaratitla. Alla helstu leikmenn fótboltans í dag má finna í spilinu, sem kemur skemmtilega á óvart.

Eins og fyrir öll jól er komin út ný útgáfa af spurningaleiknum Trivial Pursuit, Genus útgáfa, en spilið er alla jafna það söluhæsta hver jól. Í fyrra kom í tilefni af tuttugu ára afmæli spilsins sérstök fjölskylduútgáfa og í ár má búast við því að spurningar séu þyngri en í fyrra. Þau spil sem selst hafa mest undanfarin jól auk Trivial Pursuit eru líka á markaðnum fyrir jólin í ár en það eru Catan, Sequence og Partý og Co,




**DRAUMAEYJAN** Byggir á bókinni Draumalandinu og fjallar um mótun Íslands.




**STJÓRINN** Leikmenn stýra eigin knattspyrnuliði, byggja sterkan hóp og reyna við meistaratitla.




**TRIVIAL PURSUIT** Spurningarnar í ár verða þyngri en í fyrra.



**MEISTARINN** Nýtt spurningaspil gert eftir sjónvarpsþættinum vinsæla.

# Hjónaband & sambúð

„Þetta er … bók sem gott er að grípa til ef upp kemur stirðleiki í sambandinu … Hún er fín aflestrar, fræðandi og umfram allt gefur hún fólki góð ráð … hjón ættu hiklaust að fjárfesta í henni.“
Elín Albertsdóttir / Blaðið




# SPENNIÐ BELTIN

*til asíu með andreu róberts*

„Athugult auga hennar opnar manni hvað eftir annað óvæntar sýnir … Meginmálstextinn er röskur og afdráttarlaus, hraður og skemmtilegur … Úrvals fyrirmynd fyrir þær mörgu stúlkur sem þrá að skoða heiminn á eigin vegum.“
Silja Aðalsteinsdóttir / tmm.is

„Andrea sýnir að hún er skemmtilegur penni … [stíllinn] er leikandi og hún sýnir að hún er fullfær um að skrifa skemmtilegan texta.“
Óttar M. Norðfjörð / DV




JPV ÚTGÁFA
JPV.IS



# Lay Low með fjórar tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna

Tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2006 eru kynntar í dag. Verðlaunin verða afhent 31. janúar næstkomandi í Borgarleikhúsinu, en jafnframt verður sýnt beint frá verðlaunaafhendingunni í Ríkissjónvarpinu.

Nýliðar eru áberandi í fjölda tilnefninga að þessu sinni, til að mynda fær Lay Low fjórar tilnefningar og Pétur Ben þrjár. Baggalútur, Björgvin Halldórsson og Bubbi Morthens eru sömuleiðis áberandi.

Helstu breytingar á fyrirkomulagi verðlaunanna í ár eru þær að þrír eru tilnefndir í hverjum flokki í stað fimm áður. Þá ná tilnefningar um björtustu vonina til allra tegunda tónlistar. Fréttablaðið birtir hér tilnefningarnar í heild sinni en nánari upplýsingar og rökstuðning dómnefndar er að finna á heimasíðu Íslensku tónlistarverðlaunanna, Iston.is.

## FJÖLBREYTT TÓNLIST





### HLJÓMPLATA ÁRSINS - rokk & jaðar

Reykjavík!: Glacial Landscapes, Religion, Opression & Alcohol

Pétur Ben: Wine for My Weakness

Lay Low: Please Don´t Hate Me

### HLJÓMPLATA ÁRSINS - popp

Hafdís Huld: Dirty Paper Cup

Benni Hemm Hemm: Kajak

Sálin & Gospel: Lifandi í Laugardalshöll





### HLJÓMPLATA ÁRSINS - dægurtónlist

Ýmsir: Pældu í því sem pælandi er í

Bogomil Font og Flís: Bananalýðveldið

Baggalútur: Aparnir í Eden

### HLJÓMPLATA ÁRSINS - ýmis tónlist

Ghostigital: In Cod We Trust

Barði Jóhannsson: Haxan

Skúli Sverrisson: Sería

## ÝMIS VERÐLAUN



### LAG ÁRSINS

Baggalútur og Björgvin Halldórsson: Allt fyrir mig

Lay Low: Please Don´t Hate Me

Ghostigital: In Cod We Trust



### TÓNLISTARFLYTJANDI ÁRSINS

Baggalútur

Björgvin Halldórsson

Bubbi Morthens



### SÖNGVARI ÁRSINS

Bubbi Morthens

Friðrik Ómar

Pétur Ben



### SÖNGKONA ÁRSINS

Regína Ósk

Andrea Gylfadóttir

Lay Low

## SÍGILD OG SAMTÍMATÓNLIST

### HLJÓMPLATA ÁRSINS

Áshildur Haraldsdóttir, Anna Guðný Guðmundsdóttir, Atli Heimir Sveinsson og Kristinn H. Árnason: Tónamínútur. Flautuverk Atla Heimis Sveinssonar.

Ásgerður Júníusdóttir, Árni Heimir Ingólfsson og fleiri: Í rökkri. Sönglög Magnúsar Blöndals Jóhannssonar.

Voces Thules: Þorlákstíðir



### FLYTJENDUR ÁRSINS

Frank Aarnink slagverksleikari

Stefán Jón Bernharðsson hornleikari

Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari



### TÓNVERK ÁRSINS

Áskell Másson: Fiðlukonsert

Hugi Guðmundsson: Equilibrium IV

Karólína Eiríksdóttir: Skuggaleikur



## DJASS

### HLJÓMPLATA ÁRSINS

Atlantshaf: Atlantshaf

Jóel Pálsson: Varp

Tómas R. Einarsson: Romm Tomm Tomm



### FLYTJANDI ÁRSINS

Hilmar Jensson

Kristjana Stefánsdóttir og kvartett Sigurðar Flosasonar

Útlendingahersveitin



### LAG ÁRSINS

Ásgeir Ásgeirsson: Passing Through

Einar Valur Scheving: Líf

Jóel Pálsson: Innr



## ÖNNUR VERÐLAUN



### MYNDBAND ÁRSINS

Trabant: The One

Hafdís Huld: Tomoko

Ghostigital: Northern Lights



### PLÖTUUMSLAG ÁRSINS

Lay low: Please Don´t Hate Me

Ampop: Sail to the Moon

Toggi: Puppy



### BJARTASTA VONIN

Elfa Rún Kristinsdóttir

Jakobínarína

Pétur Ben








Brói verður skírður í hálfleik!

# Hann var ágætur, kallinn!

**Saga stráks af Skaganum sem heillaði íslensku þjóðina með snilli sinni í fótbolta. Sorg og mótlæti í æsku bugaði hann ekki. Valinn í landsliðið 16 ára, margfaldur Íslandsmeistari. Bauðst að fara í atvinnumennsku en lá við lömun eftir slys á æfingu hjá Arsenal. Hryggbrotnaði í úrslitaleik gegn KR. Landsliðsþjálfari. Málari að atvinnu og ábyrgur fimm barna faðir. Og svo er það pólitíkin.**





**Ríkharður Jónsson átti markametið með landsliðinu í 40 ár, 17 mörk í 33 leikjum; og enn á eftir að bæta það. Þá var spilaður fótbolti, sagði Siggi Sig.**

**Jón Birgir Pétursson, blaðamaður og rithöfundur, segir sögu Rikka.**





Tindur
Bókaútgáfa
Símar: 660 4753 • 534 6250
www.tindur.is •
tindur@internet.is • tindur@tindur.is




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | |
|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 5, 8 og 10.30 B.I. 14 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5 og 8 |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 3.40, 5.50 og 8 |
| PULSE | kl. 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL | kl. 4 |
| OPEN SEASON ENSKT TAL | kl. 3.50 |
| BORAT | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 5.40 og 8 B.I. 12 ÁRA |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | |
|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 5.50, 8, 10.10 |
| THE NATIVITY STORY | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| PULSE | kl. 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 6 og 8 B.I. 12 ÁRA |

| Borgarbíó SÍMI 462 3500 | |
|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 10 B.I. 14 ÁRA |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 6 og 8 |
| SAW III | kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 6 B.I. 12 ÁRA SÍÐASTA SÝNING |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Silli rekinn úr Sign



**SIGN** Silli, lengst til vinstri, er hættur í hljómsveitinni Sign.

Silli, bassaleikari Sign, hefur verið rekinn úr sveitinni. „Þeir sögðu mér í þarsíðustu viku að ég myndi ekki vera meira með. Þeir væru að fara að túra svo mikið og að ég myndi ekki vera með í því,“ segir Silli, sem segist ekki hafa fengið frekari skýringar á uppsögninni.

Hann viðurkennir að þetta hafi komið honum í opna skjöldu. „Ég vissi ekki betur en það væri búið að ganga vel. Undanfarin tvö ár sem ég er búinn að vera í bandinu hefur bandið þróast og gert mikið og gengið vel.“

Silli, sem heitir fullu nafni Sigurður Geirdal, ætlar þó ekki að leggja árar í bát því hann mun halda áfram í hljómsveitinni Dimmu, sem er að taka upp nýja plötu um þessar mundir. Er hún væntanleg til útgáfu á næsta ári. Einnig rekur hann sitt eigið hljóðver, sem ber nafnið Stúdíó september.

Hann viðurkennir að veran í Sign hafi verið skemmtileg. „Eitt það skemmtilegasta sem ég geri er að túra um heiminn. Ég er hljóðmaður og það lítur út fyrir að ég sé að fara að túra með Ampop, þannig að ég er ekki hættur að ferðast.“ **- fb**

# Dr. Spock í Köben



**DR. SPOCK** Rokksveitin Dr. Spock heldur tvenna tónleika í Kaupmannahöfn í dag.

Liðsmenn Dr. Spock gera víðreist í höfuðborg Danmerkur í dag. Hljómsveitin mun troða upp í útibúi 12 tóna þar í bæ klukkan hálfsex og halda tónleika um kvöldið á The Rock í miðbæ borgarinnar.

Franz Gunnarsson, gítarleikari Dr. Spock, lofar stórtónleikum að hætti hljómsveitarinnar með sprengingum og glysi. „Það er kominn tími til að flytja Doktorinn til Danmerkur og leyfa Dönum að smakka á lostætinu,“ segir Franz fullur tilhlökkunar enda hyggst sveitin flytja nýtt lag á tónleikunum sem kemur út á stuttskífu á næstunni.

Orðspor Dr. Spock sem litríkrar tónleikasveitar hefur greinilega skilað sér til Danmerkur því tónlistartímaritið Gaffa mælir sérstaklega með tónleikunum í nýjasta tölublaði sínu. Segir þar að lagasmíðar Dr. Spock séu einkennileg blanda af þungarokki og kabarett-tónlist og tónleikar sveitarinnar séu hin besta skemmtun.

# Jimi Tenor treður upp



**JIMI TENOR** Finninn Jimi Tenor heldur tónleika á Sirkus á föstudag.

Finnski tónlistarmaðurinn Jimi Tenor heldur tónleika á skemmtistaðnum Sirkus á föstudag á vegum Pineapple Records með stuðningi frá ReykjavíkMag og Reykjavik.com.

Fyrsta plata Jimi kom út árið 1989 en alls hefur hann gefið út ellefu plötur. Hefur hann alla tíð verið duglegur að prófa sig áfram í tónlistarsköpun sinni.

Tónleikarnir á Sirkus hefjast klukkan 21.00. President Bongo og Casanova sjá um að hita upp.

# Abbababb í undirbúningi

**Æfingar eru hafnar á barnasöngleiknum Abbababb eftir Dr. Gunna sem fer að sjálfsögðu sjálfur með hljómsveitarstjórn og hefur fjölda valinkunnra kappa með sér í sveit.**

Söngleikurinn Abbababb byggist á tónlistinni af samnefndri plötu Dr. Gunna og eru þar eflaust þekktust lögin um herra Rokk og Prumpulagið sem notið hafa mikilla vinsælda á meðal yngri kynslóða allt frá því þau komu út árið 1997.

Sagan segir frá þremur krökkum sem alast upp snemma á áttunda áratugnum og stofna leynifélagið Rauða hauskúpan. Leynifélagið hefur það að markmiði að upplýsa erfið sakamál til að komast á forsíður blaðanna. Eitthvað láta sakamálin þó standa á sér en krakkarnir kynnast þó ýmsum skemmtilegum furðufuglum í hverfinu á borð við herra Rokk og síprumpandi rússa sem þykja mikil ógn á þessum árum kalda stríðsins. Loks kemur þó að erfiðu sakamáli auk þess sem krakkarnir glíma við ógnina af stóru strákunum sem halda hverfinu í heljargreipum. Það verður því nóg um spennu, grín og flotta tónlist fyrir alla þegar Abbababb kemur á fjalirnar. Að sögn aðstandenda er Dr. Gunni búinn að semja nýtt lokalag í söngleikinn og ber það heitið Ástin er rokk og ról.

Sannkallað stórskotalið kemur að Abbababb en leikstjórn er í höndum Maríu Reyndal sem hefur gert garðinn frægan í Stelpunum og með uppfærslu sinni á Best í heimi, auk þess að hafa góða reynslu af barnaleikritum. Á meðal leikenda eru svo Sigurjón Kjartansson, sem fer með hlutverk herra Rokks, Jóhann G. Jóhannsson, Atli Þór Albertsson úr Strákunum, Álfrún Helga Örnólfsdóttir og fleiri snjallir leikarar. Frumsýning er fyrirhuguð í byrjun febrúar ásamt útgáfu á geislaplötu með tónlist úr söngleiknum. Á næstunni fer í loftið vefurinn abbababb.is þar sem hægt verður að fylgjast betur með framvindu sýningarinnar.

**magnusg@frettabladid.is**



**ÁLFRÚN HELGA ÖRNÓLFSDÓTTIR** Ein af stjörnunum sem koma til með að skína í söngleiknum Abbababb í Hafnarfirði.

**DR. GUNNI** Er óskrifað blað sem söngleikjasmiður en löngu þjóðþekktur fyrir tónsmíðarnar.

# Heiða í Unun og Ómar Ragnarsson í Eurovision

24 lög hafa verið valin í forkeppni Sjónvarpsins fyrir Eurovision-keppnina sem haldin verður í Finnlandi á næsta ári eftir glæsilegan sigur skrýmslasveitarinnar Lordi. Alls bárust 188 lög sem er aðeins minna en undanfarin ár en það helgast af því að lagahöfundar máttu einungis senda inn þrjú lög hver.

Nokkrir góðkunningjar keppninnar verða með að þessu sinni og nægir þar að nefna Roland Hartwell sem á þrjú lög auk þess sem Sveinn Rúnar Sigurðsson er einnig með þrjú lög. Þá er sjónvarpsmaðurinn góðkunni Ómar Ragnarsson með í keppninni en hann keppir með lagið Júnínótt. Þá vekur athygli að hljómsveitin Von er með lagið Ég hef fengið nóg sem sveitin samdi við texta Magnúsar Sigmundssonar. Jafnframt er lagið Ég og heilinn minn eftir Gunnar Lárus Hjálmarsson, betur þekktan sem Dr. Gunna, og Ragnheiði Eiríksdóttur einnig með í keppninni.

Undankvöldin þrjú verða í lok janúar og byrjun febrúar en líkt og í fyrra er það þjóðin sem kýs lagið með símakosningu. Lögin verða öll flutt á Rás 2 viku fyrir keppnisdag en Eurovisionlagið verður síðan valið við hátíðlega athöfn laugardaginn 17. febrúar.

**- fgg**



**HEIÐA Í UNUN** Samdi lagið Ég og heilinn minn eftir Dr. Gunna en það er meðal þeirra 24 laga sem komust í undankeppnina.

**ÓMAR RAGNARSSON** Verður með lagið Júnínótt þegar Eurovision-æðið hefst í lok janúar.





| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NATIVITY STORY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.6 | BÖRN | kl. 6 | B.i.12 |
| MÝRIN | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i. 12 | THE DEPARTED | kl. 6 - 9 | B.i. 16 |
| SCANNER DARKLY | kl. 10:10 | B.i.16 | | | |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SAW 3 | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | B.i.16 | THE GRUDGE 2 | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i. 16 |
| SAW 3 VIP | kl. 8 - 10:30 | | JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | FLY BOYS | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | THE DEPARTED VIP | kl. 5 | |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 4 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | Leyfð | DIGITAL |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 6 - 8:10 | Leyfð | |
| THE GRUDGE 2 | kl. 10:20 | B.i. 16 | |
| THE DEPARTED | kl. 8:10 | B.i. 16 | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HOLIDAY | kl. 8 | B.i. 6 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 8 | Leyfð |
| CASINO ROYALE | kl. 10 | B.i. 14 |
| ADRIFT | kl. 10:15 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STURTAÐ NIÐUR M/- Ísl | kl. 6 | Leyfð |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk | kl. 8 -10 | Leyfð |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 8 - 10 | Leyfð |
| NATIVITY STORY | kl. 6 | B.i. 6 |

Munið afsláttinn

www.sambioin.is 575 8900


# Uppgjör Ívars

Það er uppgjörsbragur á fyrstu sólóplötu Ívars Bjarklind. Ívar hefur hingað til verið kunnari fyrir árangur sinn á knattspyrnuvellinum en á tónlistarsviðinu, hann söng reyndar inn á plötu með hljómsveitinni Mír, en nú telur hann tíma til kominn að láta almennilega til sín taka. Og það verður ekki af Ívari tekið að hann gefur allt sitt í plötuna, í það minnsta textana sem eru afar opinskáir.

Í textum sínum fjallar Ívar meðal annars um horfnar ástir og líferni sem hann hefur sagt skilið við. Dapurlegur blær er yfir mörgum textanna: „Litlar hendur, liðað hár/loðnir bangsar og kollur klár/hér mótast þú og ég missi af því/marklaus eru öll mín tár,“ segir í Yfir hafið.

Lög Ívars eru hefðbundin popplög; gítar, bassi og trommur og píanó á stöku stað. Lögin færu eflaust algerlega fyrir ofan garð og neðan ef Ívar nyti ekki liðsinnis Orra Harðarsonar sem bæði spilar á flest hljóðfærin og tekur upp. Útsetningar Orra hæfa lögunum prýðilega og lágstemmd rödd Ívars fær að njóta sín. Strengir eru notaðir á smekklegan hátt og trommuleikur Birgis Baldurssonar er flottur.

Blóm eru smá rennur þægilega í gegn og á henni eru nokkur ágætis lög. Best tekst Ívari upp í Bara þú og titillagi plötunnar. Hann er hins vegar ekki nógu þroskaður lagasmiður til að Blóm eru smá geti talist góð plata. Smekkleg vinna Orra Harðarsonar hjálpar plötunni þó mikið og vonandi er að framhald verði á samstarfi þeirra.

**Höskuldur Daði Magnússon**




**TÓNLIST**

**Blóm eru smá**

Ívar Bjarklind

★★

Fyrsta sólóplata Ívars Bjarklind er þægileg áheyrnar en lögin eru flest fremur óeftirminnileg. Liðsinni Orra Harðarsonar gerir mikið fyrir plötuna.



**KK OG ELLEN** Systkinin halda tvenna jólatónleika í desember.

# Jólatónleikar í kvöld

KK og Ellen verða með tvenna jólatónleika í desember. Fyrri tónleikarnir verða í Fríkirkjunni í kvöld og þeir seinni í Hveragerðiskirkju 14. desember.

Systkinin munu flytja lög af plötu sinni „Jólin eru að koma“ sem kom út fyrir síðustu jól hjá 12 Tónum. Naut platan mikilla vinsælda og seldist upp á skömmum tíma. Einnig munu þau flytja glæný lög og nokkur eldri.

Á meðal nýju laganna eru lög sem verða á nýrri plötu KK sem kemur út næsta sumar. „Þetta er svolítið eins og framhald af Paradísarplötunni sem ég gerði 2002,“ segir KK um nýju lögin. „Ég nota mikið opna stillingu á plötunni og fæ þannig feitan hljóm.“ KK lofar þægilegri stemningu í Fríkirkjunni og hvetur alþýðu Íslands til að mæta.

Gítarleikarinn Guðmundur Pétursson verður þeim systkinum til halds og trausts.

Tónleikarnir hefjast í kvöld klukkan 20.30. Fer miðasala fram á midi.is, í verslunum Skífunnar og í BT á Selfossi, Akureyri og Egilsstöðum. Nánari upplýsingar má finna á www.kk.is.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fregnir herma að þau **Rachel Bilson** og **Adam Brody**, sem fara með hlutverk kærustuparsins Summer og Seth í þáttaröðinni sólríku The O.C., séu nú hætt saman eftir um tveggja ára samband. Ákvörðunin ku þó ekki hafa verið tekin í illu, sambandið hafi einfaldlega runnið sitt skeið. Brody virðist að minnsta kosti ekki hafa tekið sambandsslitin mjög nærri sér, því hann mun hafa verið mjög iðinn við að sækja skemmtistaði LA heim á síðustu vikum. Það á þó eftir að koma í ljós hvaða áhrif sambandsslitin munu hafa á stemninguna í The O.C.



**Courtney Love** heldur því fram að Vilhjálmur Bretaprins hafi bankað upp á hjá henni fyrir einhverju síðan í leit að stúlkum. Hún segir prinsinn hafa barið að dyrum hjá henni klukkan eitt um nótt í fylgd lífvarðar. Hann hafi verið kominn til Hollywood í stúlku- og partíleit. Talsmaður prinsins viðurkennir að Vilhjálmur hafi sótt Love heim en það hafi verið fyrir sex árum síðan og að stúlkur hafi ekki komið málinu við. Það er vonandi að talsmaðurinn segi dagsatt, því Vilhjálmur hefur verið í sambandi við Kate Middleton í fjögur ár. Samband þeirra skötuhjúa virðist líka vera orðið nokkuð alvarlegt, því fregnir herma að Middleton hafi verið boðið að verja jóladegi með konungsfjölskyldunni, sem þykir ekki lítill heiður.





## > Logi og félagar unnu

Logi Gunnarsson skoraði níu stig er lið hans, ToPo Helsinki, vann nauman sigur á Lappeenrannan í finnsku úrvalsdeildinni í gær, 72-71. ToPo er í fjórða sæti deildarinnar og hefur unnið tólf leiki í nítján umferðum. Logi hafði óvenju hægt um sig í gær en hann er meðal stigahæstu manna í finnsku deildinni.



# sport

sport@frettabladid.is

SIGURÐUR VALUR SVEINSSON: SEGIST EKKI HAFA ÁHUGA Á ÞVÍ AÐ ÞJÁLFA AFTUR EINS OG STAÐAN ER DAG

## *Hef ekki mikinn áhuga á þjálfun eins og stendur*



Sigurður Valur Sveinsson komst að samkomulagi við stjórn handknattleiksdeildar Fylkis um að hætta þjálfun meistaraflokks félagsins. Fréttablaðið hafði samband við Sigurð í gær og hann sagðist ekki búast við því að fara út í þjálfun á næstunni a.m.k.

„Ég er allavega hættur þetta árið. Ég á nú ekkert von á því að ég byrji aftur, það er a.m.k. ekki mikill áhugi á því eins og stendur," sagði Sigurður en ástæða afsagnarinnar var slakt gengi Fylkisliðsins undanfarið.

„Gengið hefur verið slæmt hjá okkur og stjórnin var ekki ánægð með það. Ég skil það mjög vel og við komumst að samkomulagi áður en þeir færu eitthvað lengra með þetta," sagði Sigurður sem var einn af þeim sem kom handknattleiksdeild félagsins á legg á sínum tíma.

„Auðvitað var leiðinlegt að svona skyldi fara. Ég er samt ekkert ósáttur við suma af þessum leikjum. Það eru þarna leikir eins og gegn Val og Fram á útivelli og líka Evrópuleikirnir þar sem við getum alveg sparkað í afturendann á okkur yfir og svo töpuðum við tveimur heimaleikjum sem við vorum nánast búnir að vinna. Það verður samt að segjast eins og er að við höfum ekki verið að spila vel undanfarið. Það virðist oft hjálpa til þegar þjálfaranum er hent til hliðar og ég vona bara fyrir hönd strákanna að þetta gangi upp. Þeir eru með betra lið en staðan segir til um í dag," sagði Sigurður og bætti við að hann hefði verið til í að vera lengur með liðið.

„Ég var alveg til í að vera lengur. Svona er þetta bara í þjálfarageiranum. Ég er ekkert svekktur eða neitt þannig." Sigurður sagði að Fylkisliðið ætti meira inni en það hafi sýnt að undanförnu.

„Maður er aðallega svekktur yfir varnarleiknum. Við förum úr því að vera besta varnarliðið í fyrra yfir í að vera næstversta varnarliðið í ár, þrátt fyrir að vera með besta markmann deildarinnar að mínu mati," sagði Sigurður og átti þar við Hlyn Morthens. Fylkismönnum hefur gengið illa frá því að þeir lánuðu Guðlaug Arnarsson til Gummersbach fyrr í vetur.

„Auðvitað var það stór biti en mér fannst við geta klárað þetta með þennan mannskap," sagði Sigurður.



**FERÐAFÉLAGAR** Njarðvíkingurinn Friðrik Stefánsson fer til Úkraínu ásamt Keflvíkingunum Sverri Þór Sverrissyni og Jóni Nordal. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Keflavík og Njarðvík:

## Samferða til Úkraínu

**KÖRFUBOLTI** Körfuboltalið Keflavíkur og Njarðvíkur verða í eldlínunni í Áskorendakeppni Evrópu í dag en erkifjendurnir voru samferða til Úkraínu á þriðjudag. Keflavík mætir Dnipro í sínum riðli en Njarðvík liði Cherkaski.

Þegar er ljóst að hvorugt liðið á möguleika á að komast upp úr sínum riðlum í keppninni og í 16 liða úrslit keppninnar. - esá

Tindastóll fær liðsstyrk:

## Nýr miðherji til Stólanna

**KÖRFUBOLTI** Tindastóll hefur fengið fjórða erlenda leikmanninn til liðs við liðið en um ræðir serbneskan miðherja að nafni Vladimir Vujcic. Hann er 31 árs gamall, 205 cm á hæð og lék síðast með Pussihukat í finnsku úrvalsdeildinni. Í sínum átta leikjum þar skoraði hann 2,6 stig að meðaltali og tók 2,3 fráköst.

Fyrir eru þeir Lamar Karim, Steve Parillon og Milojica Zekovic hjá Tindastóli, sem situr í botnsæti Iceland Express-deildarkarla ásamt fjórum öðrum liðum. - esá

# Draumurinn er að rætast

**Atvinnukylfingurinn Birgir Leifur úr GKG hefur leik á sínu fyrsta móti í Evrópumótaröðinni í dag. Ernie Els og Lee Westwood keppa einnig á mótinu.**

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson hefur leik á sínu fyrsta móti í Evrópumótaröðinni í golfi í dag þegar hann tekur þátt í Alfred Dunhill meistaramótinu í Suður-Afríku. Ernie Els fór með sigur af hólmi á þessu sama móti fyrir ári síðan og hann er einnig mættur til leiks að þessu sinni.

Birgir Leifur kom til Suður-Afríku á mánudaginn var og hefur verið við æfingar síðan en hann hefur keppni á tíunda teig klukkan 9.55 að íslenskum tíma. Mótið er í beinni útsendingu á sjónvarpstöðinni Sýn. Lítt þekktir einstaklingar eru með Birgi Leifi í ráshópi en Ernie Els hefur keppni 40 mínútum á eftir Birgi.

„Það eru alveg toppaðstæður hérna en kannski svolítið heitt samt. Það er svona 35 stiga hiti," sagði Birgir og bætti við að hann væri smátt og smátt að átta sig á því út í hvað hann væri kominn.

„Þetta síaðist aðeins inn þegar maður kom á svæðið en svo var ég að æfa við hliðina á Ernie Els í dag og þá hringdu nokkrar bjöllur. Þá áttaði maður sig á því að maður væri kominn í stóru deildina. Núna er bara draumurinn að rætast og það er bara gaman að því."

Ernie Els hefur alls þrisvar sinnum sigrað á þessu móti og takist honum að sigra að þessu sinni verður það í fyrsta sinn í sögunni sem sami kylfingurinn sigrar sama mótið fjórum sinnum í Evrópumótaröðinni. Annar þekktur kylfingur tekur þátt í mótinu að þessu sinni en það er Englendingurinn Lee Westwood en hann var í Ryderliði Evrópu sem vann öruggan sigur á Bandaríkjunum í september.

„Maður má nú ekkert hugsa sem svo að þessir menn séu eitthvað öðruvísi en við. Els er bara maður eins og ég en auðvitað verður þetta erfitt og maður þarf að spila vel til að standa sig. Maður hefur bara verið að átta sig á þessu undanfarnar tvær vikur og þetta verður bara betra og betra með hverju mótinu," sagði Birgir Leifur.

Alfred Dunhill meistaramótið er hluti af Evrópumótaröðinni árið 2007 en þrjú mót fara fram í Suður-Afríku á næstu vikum sem öll eru hluti af Evrópumótaröðinni. Í næstu viku mun Birgir Leifur taka þátt í Opna Airways mótinu í Suður-Afríku en þriðja mótið verður í Jóhannesarborg í byrjun janúar.

„Ég tek þessi tvö mót. Verð svo líklega bara í fríi í janúar og byrja svo aftur í febrúar. Ég þarf á smá hvíld að halda, ég er búinn að keyra mig frekar mikið út og þetta hefur verið mikil törn," sagði Birgir Leifur.

Það er að miklu að keppa á Alfred Dunhill mótinu en sigurvegarinn á mótinu fær rúmar 15 milljónir fyrir sinn hlut, annað sætið gefur rúmar 10 milljónir og þriðja sætið um 6 milljónir. Það verður þó að teljast harla ólíklegt að Birgir Leifur nái einu af þremur efstu sætunum en 70 efstu kylfingar mótsins fá verðlaunafé. Sá sem endar í 70. sæti á mótinu fær um 170 þúsund krónur í sinn hlut en keppendur á mótinu eru 156 talsins.

dagur@frettabladid.is



**BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON** Æfði við hlið Ernie Els í Suður-Afríku í gær og segist vera að átta sig á því að hann er kominn í stóru deildina. NORDIC PHOTOS/GETTY

Matt Garner hjá ÍBV:

## Spilar með PNE-Online FC

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Matt Garner er samningsbundinn ÍBV til loka næsta tímabils en hann mun engu að síður veita áhugamannaliðinu PNE-Online FC hjálparhönd í komandi átökum. Liðið er skipað stuðningsmönnum Preston North End.



**MATT GARNER** Hér í leik gegn FH síðastliðið sumar.

„Ég er sjálfur stuðningsmaður Preston og mun glaður spila fyrir liðið sé mín þörf. Þeir eru að spila frábæran fótbolta eins og stendur," sagði Garner en liðið hefur þótt gera góða hluti í sinni deild.

Hann er þó væntanlegur aftur til ÍBV aftur eftir áramót og fer fögrum orðum um dvöl sína þar í viðtalinu. „Þetta er góður stökkpallur fyrir mig því það er vel fylgst með íslenska boltanum á hinum Norðurlöndunum. Það er vonandi að eitthvað tækifæri skapast fyrir mig þar." - esá

HM í sundi fatlaðra:

## Sonja setti nýtt Íslandsmet

**SUND** Sonja Sigurðardóttir var eini íslenski keppnandinn sem synti á næstsíðasta keppnisdeginum á HM í sundi í gær þegar hún keppti í 50 metra baksundi en Sonja keppir í flokki S5.

Í undanrásunum synti Sonja á tímanum 54,12 sekúndum og setti nýtt Íslandsmet en þetta er fyrsta stórmótið sem hún tekur þátt í. Með þessum tíma komst Sonja í úrslit þar sem hún synti vegalengdina á 54,75 sekúndum og endaði í sjöunda sæti. - dsd




# SKÍFAN KYNNIR
# GLÆNÝJAR PLÖTUR
## OG DVD DISKA SEM KOMA ÚT Í DAG!




Inniheldur Dilana "Roxanne", Basshunter "Boten Anna", Snow Patrol "Chasing Cars" og 37 aðra stórsmelli.

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

2CD 2.499kr.




CD 2.199kr.

Gwen Stefani
The Sweet Escape




CD 2.199kr.

Eminem
The Re-Up




CD 2.199kr.

Il Divo
The Christmas Collection




CD 2.199kr.

Mary J. Blige
Reflections: A Retrospective
Greatest Hits



2DVD 2.799kr.

Slipknot
Voliminal: Inside The Nine




DVD 2.799kr.

Metallica
The Videos 1989-2004




DVD 2.799kr.

Il Divo
Live at the Greek Theater

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

Kvennalið Hauka:

## Mætir Montpellier í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið Hauka í körfubolta mun í kvöld mæta franska liðinu Montpellier í Evrópukeppni kvenna. Haukar eiga ekki möguleika á að fara áfram úr sínum riðli en liðið hefur tapað öllum fjórum leikjum sínum til þessa.

Það er athyglisvert við lið Montpellier að með því leika tvíburarnir Kelly og Colleen Miller en þær hafa leikið saman bæði í háskólaboltanum í Bandaríkjunum sem og í atvinnumennskunni í Evrópu. Þær hafa einnig leikið í mörg ár í WNBA-deildinni en aldrei með sama liðinu. - esá

Evrópukeppnin í handbolta:

## Evrópumeistararnir úr leik

**HANDBOLTI Evrópumeistarar Lemgo tóku í gær á móti franska liðinu Dunkerque í átta liða úrslitum í Evrópukeppni félagsliða í handbolta. Lemgo tapaði fyrri leiknum með fimm mörkum, 30-35, og þurfti því að vinna með a.m.k. fimm mörkum í gær.**

**Það gekk ekki eftir því lokatölur urðu 31-27 og Lemgo var því einu marki frá því að komast áfram.**

**Logi Geirsson lék með Lemgo í gær þrátt fyrir að hafa farið úr axlarlið fyrir ellefu dögum síðan og skoraði sjö mörk þrátt fyrir að spila nánast eingöngu síðari hálfleikinn. Ásgeir Örn Hallgrímsson náði sér engan veginn á strik hjá Lemgo og komst ekki á blað.** - dsd

SS-bikar karla í handbolta:

## Fram lagði Akureyri

**HANDBOLTI** Akureyringar tóku á móti Íslandsmeisturum Fram í SS-bikar karla í handknattleik í gær. Eftir mikið jafnræði kom góður kafli hjá Fram undir lokin sem tryggði liðinu sigur í leiknum, 30-31.

Mikið jafnræði var í leiknum og liðin skiptust á að hafa forystuna en Akureyri hafði yfir í hálfleik, 15-14.

Baráttan hélt áfram í síðari hálfleik en þegar rúmar tíu mínútur voru eftir af leiknum náði Fram undirtökunum og komst í 24-28. Akureyringar náðu þó að klóra í bakkann undir lokin og lokatölur urðu 30-31.

Jóhann Gunnar Einarsson var markahæstur í liði Fram með níu mörk en hjá Akureyri var Goran Gusic atkvæðamestur með 11 mörk. - dsd

Líkurnar á því að Eggert Magnússon geti keypt Shaun Wright-Phillips minnkuðu á þriðjudag:

# Wright-Phillips skoraði loksins og vill hvergi fara

**FÓTBOLTI** Enski knattspyrnumaðurinn Shaun Wright-Phillips skoraði loksins sitt fyrsta mark fyrir Chelsea gegn Levski Sofia í fyrrakvöld í sínum 52. leik fyrir félagið. Hann var keyptur frá Manchester City í júlí í fyrra fyrir 21 milljón punda og hefur undanfarið verið orðaður við önnur félög í ensku úrvalsdeildinni, einna helst West Ham sem er í eigu Íslendinga.

Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, hefur sagt að hann muni ræða við Peter Kenyon, framkvæmdastjóra Chelsea, um möguleg kaup. Líklegt kaupverð er talið vera um tíu milljónir punda.Sjálfur segir hann þó að hann vilji hvergi fara.

„Í sannleika sagt les ég ekki blöðin,“ sagði Wright-Phillips eftir leikinn í fyrrakvöld. „Það sem ég veit fyrir víst er að ég er ánægður hjá Chelsea og hér vilja allir halda mér hjá félaginu. Hvað aðrir segja er þeirra vandamál.“

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, lýsti ánægju sinni með leikmanninn knáa.

„Shaun er frábær leikmaður sem ég treysti enn. Hann er fagmaður fram í fingurgóma og vinnur mjög vel. Ég hef gefið honum sín tækifæri en það er erfitt að koma inn sem varamaður og ætla að sýna allt sitt besta þá. Kannski að markið í kvöld veiti honum aukið sjálfstraust. Allar vangaveltur um framtíð hans eru enn sem komið er aðeins vangaveltur. Ég vil að hann verði hér áfram, jafnvel þó hann skori ekki svona mörk í hverjum leik. Framtíð hans hjá félaginu veltur ekki á því.“

Mourinho segir að Chelsea sé með nítján útivallarleikmenn á sínum snærum og liðið þurfi á öllum þeim að halda í þeim fjórum mótum sem liðið er enn með í. - esá



**GRÍÐARLEGUR LÉTTIR** Shaun Wright-Phillips fagnar sínu fyrsta marki með Chelsea. NORDIC PHOTOS/AFP

# Man. Utd komst áfram

**Manchester United tryggði sér farseðilinn í sextán liða úrslit Meistaradeildarinnar eftir spennuleik gegn Benfica á Old Trafford. Það var einnig spenna í Portúgal þar sem Arsenal komst áfram eftir spennuþrunginn leik.**

**FÓTBOLTI** Lokaleikirnir í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu fóru fram í gær. Nokkuð var um spennandi leiki en ensku félögin Man. Utd og Arsenal voru ekki örugg um sæti í sextán liða úrslitum fyrir leiki gærkvöldsins og þurftu á hagstæðum úrslitum að halda. Arsenal komst áfram og Man. Utd einnig.

Leikurinn byrjaði mjög fjörlega og það var alveg ljóst að heimamenn í Manchester ætluðu sér að ganga frá leiknum hið fyrsta. Þeir keyrðu hratt og ákveðið að marki Portúgalanna og skall nokkrum sinnum hurð nærri hælum strax á fyrstu mínútunum. Gestirnir hristu þó af sér mestu pressuna í byrjun og unnu sig hægt og rólega inn í leikinn en lítið fór fyrir sóknartilburðunum.

Það var ekkert að gerast hjá Portúgölunum þegar bakvörðurinn Nelson kom Benfica yfir á 27.



**REIÐUR** Arsene Wenger, stjóri Arsenal, var líflegur á hliðarlínunni í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**MIKILVÆGT MARK** Nemanja Vidic fagnar hér marki sínu fyrir United í gær en það kom rétt fyrir leikhlé eftir mikla pressu United að marki Benfica. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

mínútu með stórkostlegu skoti utan teigs sem var óverjandi fyrir van der Sar markvörð. Benfica var því komið áfram í þessari stöðu og fór um áhorfendur á Old Trafford.

United sótti grimmt næstu mínútur og hefði átt að fá víti á 30. mínútu þegar boltinn fór í hönd markaskorarans Nelson en ekkert var dæmt. United gerði mjög harða hríð að marki Benfica allt til loka fyrri hálfleiks og í uppbótartíma brast loks stíflan þegar Nemanja Vidic skallaði boltann í netið eftir aukaspyrnu. Mikill léttir fyrir heimamenn og allt önnur staða fyrir United.

Heimamenn byrjuðu síðari hálfleikinn af sama krafti og þann fyrri og strax á fyrstu mínútu síðari hálfleiks mátti litlu muna að United kæmist yfir.

Þegar hálftími lifði leiks átti Ronaldo stórkostlega sendingu inn í teig Benfica. Ryan Giggs kom askvaðandi inn í teiginn ódekkaður og stangaði boltann í netið. 2-1 og Man. Utd svo gott sem komið áfram í sextán liða úrslit Meistaradeildarinnar. Saha bætti við þriðja markinu skömmu síðar og þar með var ballið búið.

henry@frettabladid.is

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Meistaradeild Evrópu:*

**E-RIÐILL:**

DYNAMO KIEV - REAL MADRID 2-2
1-0 Maxim Shatskikh (13.), 2-0 Maxim Shatskikh (27.), 2-1 Ronaldo (86.), 2-2 Ronaldo, víti (88.).

LYON - STEAUA BÚKAREST 1-1
0-1 Nicolae Dica (2.), 1-1 Alou Diarra (12.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **LYON** | **6** | **4** | **2** | **0** | **12-3** | **14** |
| REAL MADRID | 6 | 3 | 2 | 1 | 14-8 | 11 |
| **STEAUA** | **6** | **1** | **2** | **3** | **7-11** | **5** |
| DYNAMO KIEV | 6 | 0 | 2 | 4 | 5-16 | 2 |

**F-RIÐILL:**

MAN. UTD - BENFICA 3-1
0-1 Nelson (27.), 1-1 Nemanja Vidic (45.) 2-1 Ryan Giggs (60.), 3-1 Louis Saha (75.)

FC KÖBENHAVN - CELTIC 3-1
1-0 Atiba Hutchinson (2.), 2-0 Jesper Grönkjær (27.), 3-0 Marcus Allbäck (57.), 3-1 Jiri Jarosik (75.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| MAN. UNITED | 6 | 4 | 0 | 2 | 10-5 | 12 |
| **CELTIC** | **6** | **3** | **0** | **3** | **8-9** | **9** |
| **BENFICA** | **6** | **2** | **1** | **3** | **7-8** | **7** |
| FCK | 6 | 2 | 1 | 3 | 5-8 | 7 |

**G-RIÐILL:**

PORTO - ARSENAL 0-0

HSV - CSKA MOSKVA 3-2
0-1 Ivica Olic, víti (23.), 1-1 Besart Berisha (28.), 1-2 Yuri Zhirkov (65.), 2-2 Rafael van der Vaart (84.), 3-2 Sanogo (90.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ARSENAL** | **6** | **3** | **2** | **1** | **7-3** | **11** |
| FC PORTO | 6 | 3 | 2 | 1 | 9-4 | 11 |
| **CSKA MOSKVA** | **6** | **2** | **2** | **2** | **4-5** | **8** |
| HSV | 6 | 1 | 0 | 5 | 7-14 | 3 |

**H-RIÐILL:**

ANDERLECHT - AEK 2-2
1-0 Anthony Vanden Borre (37.), 2-0 Nicolas Frutos (63.), 2-1 Vassilis Lakis (75.), 2-2 Bruno Cirillo (81.)

AC MILAN - LILLE 0-2
0-1 Peter Odemwingie (7.), 0-2 A. Keita (67.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **AC MILAN** | **6** | **3** | **1** | **2** | **8-4** | **10** |
| **LILLE OSC** | **6** | **2** | **3** | **1** | **8-5** | **9** |
| AEK AÞENA | 6 | 2 | 2 | 2 | 6-9 | 8 |
| ANDERLECHT | 6 | 0 | 4 | 2 | 7-11 | 4 |







# MINNKAÐU HRAÐANN!

## ÞAÐ BORGAR SIG

**Þann 1. desember** næstkomandi tekur gildi breyting á reglugerð um sektir og viðurlög við umferðarlagabrotum. Helsta breytingin er að sektir vegna einstakra umferðarlagabrota hækka umtalsvert, eða um allt að 60%.

Vikmörk varðandi hámarkshraða hafa einnig verið lækkuð. Áður voru þau miðuð við 10 km/klst. yfir hámarkshraða án þess að fá sekt en með nýju reglugerðinni hafa mörkin verði lækkuð niður í 5 km/klst.

**Kynntu þér málið á www.us.is**

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ VEGAGERÐIN RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN UMFERÐARSTOFA



**LEIKURINN UMRÆDDI** Nedved kom mikið við sögu; hann skoraði mark og fékk rautt spjald. NORDIC PHOTOS/GETTY

Juventus:

## Nedved hótar að hætta

**FÓTBOLTI** Pavel Nedved, leikmaður Juventus, hefur hótað því að hætta að leika knattspyrnu frekar en að sætta sig við fimm leikja bann sem hann var dæmdur í á dögunum. Nedved var rekinn af velli í leik gegn Genoa á föstudaginn og er einnig sakaður um að móðga dómarann og stíga á fótinn á honum.

Nedved neitar hins vegar þessum ásökunum. „Zinedine Zidane fékk þriggja leikja bann fyrir að skalla leikmann. Hvað hef ég gert til að verðskulda fimm leikja bann? Ef þetta er stefnan í fótboltanum þá er ég hættur.“ Juventus hefur þegar ákveðið að áfrýja dómnum. - dsd

Kvennalið Blika í körfu:

## Yngvi tekinn við

**KÖRFUBOLTI Yngvi Gunnlaugsson hefur tekið að sér þjálfun meistaraflokks kvenna í körfubolta hjá Breiðabliki en Magnús Guðfinnsson sagði upp störfum fyrr í vikunni. Hann stýrði sinni fyrstu æfingu í fyrrakvöld og sínum fyrsta leik í gærkvöldi.**

**Yngvi hefur starfað hjá yngri flokkunum í Haukum, verið aðstoðarmaður Ágústs Björgvinssonar í meistaraflokki og er þjálfari U-16 landsliðs kvenna.** - esá



**TOMAS ROSICKY** Verður frá keppni næstu vikur vegna meiðsla. NORDIC PHOTOS/GETTY

Áfall fyrir Arsenal:

## Tomas Rosicky frá í þrjár vikur

**FÓTBOLTI** Arsenal varð fyrir áfalli í gær þegar í ljós kom að Tékkinn Tomas Rosicky verður frá keppni næstu þrjár vikurnar en fyrir er Thierry Henry á sjúkralista liðsins. Það þykir því ljóst að Rosicky mun missa af leik Arsenal og Chelsea á sunnudaginn og einnig tveimur til þremur leikjum til viðbótar.

„Þetta er mjög leiðinlegt fyrir hann því þetta eru þriðju meiðslin sem hann hlýtur á tímabilinu. Það sem er furðulegast við þetta allt saman er að þetta eru sömu meiðsli og hann átti við að etja fyrr á tímabilinu en núna á hinum fætinum. Það er rifinn vöðvi í lærinu á honum,“ sagði Arsene Wenger sem viðurkenndi að hann hefði ef til vill gert mistök í meiðslamálum leikmannsins.

„Kannski lét ég hann spila of snemma gegn Fulham,“ bætti Wenger við. - dsd



**EIÐUR SMÁRI** Fór oft illa með vörn Werder Bremen og sést hann hér skora mark sitt sem kom eftir snilldarundirbúning Ronaldinhos og Giulys. NORDIC PHOTOS/AFP

# Eiður Smári orðinn átrúnaðargoð hjá stuðningsmönnum Barcelona

**Eiður Smári Guðjohnsen vann sér fastan sess í hjörtum stuðningsmanna Barcelona á þriðjudag með stórbrotinni frammistöðu gegn Werder Bremen. Spænsku blöðin keppast við að hampa Eiði Smára.**

**FÓTBOLTI** Spænskir fjölmiðlar fara fögrum orðum um lið Barcelona eftir sigur þess á Werder Bremen í Meistaradeild Evrópu í fyrradag. Sér í lagi er Ronaldinho, Eiði Smára og Andrés Iniesta hampað fyrir frammistöðu sína og segir Marca meðal annars í fyrirsögn að þeir tveir síðastnefndu séu „nýju átrúnaðargoðin á Nývangi“.

Í grein blaðsins segir að Eiður Smári og Iniesta hafi verið hetjur liðsins.

„Ronaldinho gerði allt vitlaust með marki sínu en hinar hetjur kvöldsins voru Guðjohnsen og Iniesta sem voru hylltir að leik loknum fyrir frammistöðu sína.“

Í sama blaði segir að það hafi verið mesta synd að Eiður hafi ekki skorað á 35. mínútu eftir að hafa leikið vörn Bremen grátt.

Þá segir í myndatexta um sama atvik að taktar Eiðs Smára hafi minnt á Maradona en Giuly hafi þvælst fyrir honum eins og versti klaufabárður.

Mundo Deportivo segir að áðurgreindir sóknartilburðir geri Eið Smára að hinum „íslenska Ronaldinho“ og kallar hann að auki „slátrara“.

„Það er ekki látunum fyrir að fara hjá honum en hann getur svo slátrað andstæðingnum allt í einu.“ Pistlahöfundur blaðsins hælir honum mikið og segir leik Eiðs Smára hjálpa Ronaldinho.

„Fórnfýsi og vinnusemi Guðjohnsens gerði Ronaldinho kleift að láta ljós sitt skína,“ sagði í pistlinum.

Hvað einkunnir varðar fá Eiður og Ronaldinho hæstu einkunnir leikmanna liðsins, 8, rétt eins og hjá Sky Sports sem gefur reyndar Deco og Giuly sömu einkunn. Mundo gefur Puyol, Iniesta, Giuly og Eiði sjö í einkunn en Ronaldinho aðeins sex.

Á heimasíðu sama blaðs geta notendur kosið besta mann leiksins gegn Bremen og var Eiður langefstur í því kjöri með helming greiddra atkvæða.

Sjálfur sagðist hann eftir leikinn stoltur af að vera hluti af liði Barcelona. „Verst að við skyldum þó ekki ná að skora þriðja markið,“ sagði hann.

Eiður var gagnrýndur fyrir slæma frammistöðu gegn Levante í spænsku úrvalsdeildinni um helgina en lét það ekki á sig fá. „Ég stóð mig ekki vel gegn Levante en það þýðir ekkert að fara heim og gráta. Það er betra að svara fyrir sig á leikvellinum.“ - esá, jse



**KOMIÐI STRÁKAR** Eiður Smári kallar hér á félaga sína eftir að hafa komið boltanum í netið. Tim Wiese, markvörður Bremen, er ekki sérstaklega kátur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**ÁTRÚNAÐARGOÐ** Eiður Smári sneri sér að stuðningsmönnum eftir markið sem hylltu hann vel og lengi og einnig í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


JÓLATÓNLISTIN HLJÓMAR Á LÉTT BYLGJUNNI
OG KEMUR ÞÉR Í JÓLASKAPIÐ.
NJÓTTU UNDIRBÚNINGSINS MEÐ GÓÐRI TÓNLIST.
LÉTT BYLGJAN 967
- JÓLASTÖÐIN ÞÍN!



**PAUL JEWELL** Er með nokkuð sérstakar skoðanir á leikaraskap á vellinum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Paul Jewell, stjóri Wigan:

# Leyfum bara dýfingar

**FÓTBOLTI Paul Jewell, knattspyrnustjóri Wigan, telur að besta leiðin til að útrýma leikaraskap í fótboltanum er hreinlega að gera hinar svokölluðu „dýfingar“ leyfilegar.**

**„Þegar krám í Englandi var leyft að hafa opið allan sólarhringinn hélt fólk að það yrði meira um fyllibyttur á götunum en áður. Svo er ekki. Þannig að það á bara að leyfa þetta. Við eigum að hætta að tala um leikaraskap. Það myndi binda enda á þetta að mínu mati.“** - esá



**KRETZSCHMAR** Gæti fetað í fótspor Dags Sigurðssonar og spilað í Japan. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Stefan Kretzschmar:

# Með tilboð frá Japan

**HANDBOLTI** Þýski handboltakappinn Stefan Kretzschmar er með tilboð frá japönsku úrvalsdeildinni í handbolta um að koma til landsins og spila þar síðustu ár ferils síns.

Kretschmar er einn þekktasti handboltakappi heimsins og yrði það mikil lyftistöng fyrir japanskan handbolta að fá hann.

„Japanir vilja skáka Suður-Kóreu og komast á Ólympíuleikana í London 2012. Það er því mikið uppbyggingarstarf framundan,“ sagði Kretzschmar. Hann er samningsbundinn Magdeburg til 2008. - esá



**CARLO CUDICINI** Það er spurning hvort hann verður klár í slaginn gegn Arsenal á sunnudaginn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Markvarðamál Chelsea:

# Carlo Cudicini meiddur

**FÓTBOLTI Óvíst er hvort Carlo Cudicini getur leikið með Chelsea gegn Arsenal á sunnudaginn en hann missti af leik Chelsea og Levski Sofia á þriðjudaginn vegna meiðsla. Hilario stóð á milli stanganna á þriðjudaginn og þótti standa sig vel en það var enginn varamarkvörður á bekknum.**

**Magnus Hedman gekk í raðir Chelsea á dögunum og hann mun líklega vera á bekknum á sunnudaginn ef Cudicini verður ekki klár í slaginn. „Ef ég hef ekki Carlo þá er ég með Hilario og Hedman. Hedman hefur fengið leyfi hjá ensku úrvalsdeildinni til að spila. Cudicini meiddist í síðasta útsparkinu gegn Bolton á dögunum,“ sagði Jose Mourinho, stjóri Chelsea.** - dsd

Steve Nash átti 20 stoðsendingar í sigri Phoenix:

# Sjöundi sigurinn í röð

**NBA** Steve Nash gaf 20 stoðsendingar í sigri Phoenix Suns á Sacramento Kings, 127-102, í fyrrinótt en þetta var sjöundi sigur Phoenix í röð. Þetta voru jafnframt flestar stoðsendingar sem einn leikmaður hefur átt í einum leik á þessu tímabili. Leandro Barbosa var stigahæstur í liði Phoenix með 26 stig og Shawn Marion skoraði 23 stig.

Dallas komst aftur á sigurbraut þegar liðið lagði New Jersey í fyrrinótt, 92-75, þar sem Dirk Nowitzki fór fyrir sínu liði. Nowitzki skoraði 26 stig og hirti auk þess 13 fráköst fyrir Dallasliðið. Næstur honum í stigaskori hjá Dallas kom Josh Howard með 23 stig en hjá New Jersey skoraði Vince Carter 20 stig. Þetta var sjöunda tap New Jersey í síðustu níu leikjum.

Tracy McGrady skoraði 31 stig og Yao Ming bætti 27 stigum við þegar Houston Rockets valtaði yfir Golden State Warriors, 118-90, á heimavelli.

Zach Randolph fór fyrir liði Portland Trailblazers og skoraði 31 stig þegar liðið lagði Detroit Pistons, 88-85. - dsd

**STEVE NASH** Skoraði 11 stig í 127-102 sigri Phoenix á Sacramento í fyrrinótt. NORDIC PHOTOS/GETTY



# Fæ stundum að læða mér í sóknina

**Knattspyrnukonan Dóra Stefánsdóttir lék í sumar með Malmö í sænsku úrvalsdeildinni við góðan orðstír þrátt fyrir að missa af hálfu tímabilinu vegna meiðsla. Hún er við það að framlengja samning sinn við félagið.**

**FÓTBOLTI** Dóra Stefánsdóttir lauk í haust sínu fyrsta tímabili í sænsku úrvalsdeildinni þar sem hún lék með Malmö, við hlið Ásthildar Helgadóttur. Dóra, sem er 21 árs, hefur lengi þótt einn efnilegasti leikmaður landsins en nú hefur hún unnið sér sess sem einn sá besti. Hún varð þó fyrir erfiðum meiðslum í sumar sem þýddu að hún missti af helmingi tímabilsins þar en hefur nú náð sér að fullu.

„Í lok júní handleggsbrotnaði ég illa á æfingu,“ sagði Dóra við Fréttablaðið. „Tvö bein fóru alveg í sundur og stóð höndin hreinlega út í vitlausa átt ef það mætti lýsa því þannig. Ég spilaði ekki aftur með liðinu fyrr en í byrjun október en gat þó haldið mér í góðu formi í sumar með því að hlaupa og stunda annars konar líkamsrækt.“



**DÓRA STEFÁNSDÓTTIR** Lék vel með Malmö í sumar þegar hún var ekki fjarverandi vegna meiðsla. Hér er hún í leik gegn Gautaborg og í baráttu við Lottu Schelin, sem var kjörin leikmaður ársins í sænsku úrvalsdeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SYDSVENSKAN

**Með festingarnar til loka ferilsins**

Dóra gekkst undir aðgerð í Svíþjóð og er hún enn með festingar í handleggnum eftir hana. „Ég losna sennilega ekki við þær þar til ferlinum lýkur. En allar festingarnar eru úr plasti, sem er þó bót í máli. Fyrst og fremst reyndi þetta mikið á andlegu hliðina og er ég sterkari fyrir vikið. Það var auðvitað fúlt af missa svo mikið úr mínu fyrsta tímabili í Svíþjóð en það ætti að gera næsta tímabil enn skemmtilegra fyrir vikið.“

Dóru gekk vel að aðlagast sænskri knattspyrnu og vann sér strax sæti í byrjunarliði Malmö. „Ég lék alla leikina frá byrjun og fór svo beint í byrjunarliðið aftur í síðustu þremur leikjum tímabilsins gegn þremur sterkustu liðum í deildinni; Umeå, Djurgården og Gautaborg. Það var mjög gott að fá að spila þá leiki.“

**Nýr samningur væntanlegur**

Henni hefur gengið það vel að Malmö leggur ríka áherslu á að framlengja samninginn við hana. Fyrir tímabilið samdi hún aðeins til eins árs en segir að það þurfi eitthvað mikið að gerast ef hún eigi ekki að skrifa undir nýjan samning á næstu dögum.

„Það voru einhver félög byrjuð að spyrjast fyrir um mig þannig að það var gripið í taumana hjá Malmö. Það er gott fyrir mig og ég finn að þeir hafa trú á mér.“

Þessa lokaleiki tímabilsins spilaði hún með spelku á handleggnum en núna um helgina tók hún þátt í innanhússmóti þar sem hún skoraði eitt mark og var þá laus við spelkuna.

„Það var mjög gott að vera laus við spelkuna og ég fann að ég var ófeimin við að beita mér af fullum krafti. Það er gott að þetta situr ekki meira í mér en það.“

Þetta fyrsta ár sem hún hefur verið í Svíþjóð hefur hún getað einbeitt sér fyllilega að knattspyrnunni. „Ég hef unnið stöku sinnum hjá styrktaraðila liðsins en ég geri ráð fyrir því að ég fari síðar í nám til að hafa meira fyrir stafni,“ sagði Dóra, sem kláraði stúdentspróf vorið 2005. Hún hefur einnig notið góðs af því að Ásthildur spili með sama liði og segir Dóra að hún sé í miklum metum í sænskri kvennaknattspyrnu. „Hún er án efa meðal bestu framherja deildarinnar og er búin að standa sig afar vel hér.“

**Dórurnar í Val**

Dóra er uppalinn miðvallarleikmaður en hún lék í þeirri stöðu upp alla yngri flokkana hjá Val og í upphafi síns meistaraflokksferils. Síðustu ár hefur hún þó spilað meira í vörninni, bæði hjá Val og í landsliðinu, og það er sú staða sem hún spilar hjá Malmö. „Hér spila ég bæði sem vinstri bakvörður og miðvörður og mér líkar það mjög vel þó maður sakni þess vissulega að skora ekki jafnmikið og áður. En ég fæ að læða mér fram í sóknina af og til.“

Hjá Val var aldrei talað um Dóru í eintölu, heldur ávallt í fleirtölu eins og hún segir sjálf. Hún og Dóra María Lárusdóttir eru jafnöldrur og spiluðu saman í gegnum alla yngri flokkana hjá Val við góðan orðstír.

„Þessi tími hjá Val var auðvitað frábær enda gekk okkur mjög vel. Ég og Dóra María náum mjög vel saman inni á vellinum og auðvitað söknum maður þess að spila með henni. En við hittumst þegar við spilum með landsliðinu og verður það að duga í bili.“ Dóra María er núna í námi í Bandaríkjunum þar sem hún spilar með sínu háskólaliði.

**Verðum á stórmóti einn daginn**

Meiðsli Dóru þýddu að hún missti af mikilvægum leikjum landsliðsins gegn Tékklandi og Svíþjóð í haust. Fyrir leikina átti liðið möguleika á því að tryggja sér sæti í úrslitakeppni HM sem fer fram í Kína á næsta ári en leikirnir töpuðust og draumurinn því úti í bili.

„Þegar maður á möguleika á að fara til Kína til að spila í úrslitakeppni HM vill maður fyrst og fremst taka þátt sjálf í því verkefni en það stóð mér ekki til boða og það var auðvitað fúlt að þetta skyldi ekki ganga eftir. Það sýndi sig vel að við getum unnið hvaða lið sem er en líka tapað fyrir hverjum sem er. En markmiðið stendur enn og hef ég ekki trú á öðru en við verðum á stórmóti einn daginn.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Argentínumaðurinn Carlos Tévez segist allur vera að koma til:

# Líður betur með hverjum leik

**FÓTBOLTI** Argentínumaðurinn Carlos Tévez, leikmaður West Ham, segist allur vera að koma til og vera farinn að aðlagast enskri knattspyrnu betur. Hann hefur enn ekki náð að skora fyrir West Ham síðan hann kom til félagsins í haust en segist líða betur með hverjum leik sem hann spilar.

„Mér finnst að smám saman sé ég að komast á það stig í minni spilamennsku sem ég get verið sáttur við,“ sagði hann í samtali við dagblaðið Daily Star.

„En að sama skapi einkennir það góðan framherja að skora mörk og á ég enn eftir að gera mitt í þeim efnum.“

Hann segir það nokkur viðbrigði að koma í enska boltann úr þeim suður-ameríska og sé þá munurinn ekki síður í baráttunni inn á vellinum.

„Ég hef fengið nokkur högg inni á vellinum en mér skilst að það sé hluti af pakkanum sem fylgir ensku úrvalsdeildinni þannig að það er ekkert vandamál. Það gerir mig að betri leikmanni fyrir vikið.“ - esá

**CARLOS TÉVEZ** Hér í baráttu við Andy Johnson í leik Everton og West Ham um síðustu helgi. NORDIC PHOTOS/GETTY







# Hátíðablað Bístró er komið út!

NÝTT TÍMARIT UM MAT OG VÍN!

ÓMÓTSTÆÐILEGT
ÁSKRIFTARTILBOÐ
**650 KR. Á MÁNUÐI***
Fyrsta blaðið frítt og
tappatogari fylgir með!

**Við framlengjum áskriftartilboðið til 19. desember 2006!**

**Áskrift á www.bistro.is**
**eða í síma: 550 5060**

*Miðað við 12 mánaða áskrift.

FABRIKAN

> **James Gandolfini**

Fæddist í New Jersey árið 1961 og er þekktastur sem Tony Soprano í Sopranos-þáttinum sem Sjónvarpið sýnir í kvöld. James er einnig búinn að leika í kvikmyndum á borð við „The Mexican“, „Romance & Cigarettes“ og næst sjáum við hann í myndinni „All The Kings Men“ þar sem Sean Penn leikur á móti honum.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON BER SIG EFTIR ÚTVARPI

# *Lyfseðilsskyldar raddir*

Ég hef svo sem aldrei borið mig sérstaklega eftir að hlusta á útvarp um helgar en hver veit nema ég geri undantekningu héðan í frá eftir að hafa hlustað á Helgarútgáfu Rásar tvö á sunnudag.

Áður hef ég mært rödd og raddbeitingu Magnúsar R. Einarssonar útvarpsmanns á þessum vettvangi; í stuttu máli sagt er ég á því að hún sé að á barmi þess að vera lyfseðilsskyld sökum sefandi áhrifa (í bestu fáanlegu merkingu). Nú hefur Magnús fengið liðsauka í Þórhildi nokkurri Ólafsdóttur, sem gefur honum lítið eftir.

Annar frábær útvarpsmaður (og sjónvarps- ef út í það er farið) er Hjálmar Sveinsson. Hann er með fína þætti á laugardögum þar sem hann fjallar um íslenska menningu og pólitík með sínu nefi. Ég heyri þáttinn reyndar sjaldnast þegar hann er frumfluttur en guðiselof fyrir internetið.

Ísland í dag er komið með nýtt útlit. Full dökkblátt fyrir minn smekk. Ósjálfrátt fer ég alltaf að hugsa um umslagið á plötunni Time með Electric Light Orchestra (sem ég þoli ekki) þegar ég horfi á Þorstein Joð og félaga. Ísland í dag reynir sem betur fer að afla sér sérstöðu og apar ekki allt eftir Kastljósi, en ég sakna samt bókaumfjöllunar/gagnrýni í þættinum. Í Silfri Egils þykjast menn nú farnir að bjóða upp á eitthvað slíkt en hingað til hefur það verið í mýflugumynd.



## EKKI MISSA AF



▶ **19.40** **Búbbarnir** STÖÐ 2



▶ **22.00** **Chappelle Show** SIRKUS



▶ **22.00** **Manchurian Candidate** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** **The Office** SKJÁR EINN



▶ **22.25** **The Sopranos** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**7.55 EM í sundi**
**10.30 Hlé**
**16.05 Íþróttakvöld**
**16.25 EM í sundi**
**17.00 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**17.05 EM í sundi**
**18.10 Táknmálsfréttir**
**18.20 Stundin okkar**
**18.45 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.25 Martin læknir (6:8)** (Doc Martin II) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ. Meðal leikenda eru Martin Clunes, Caroline Catz, Stephanie Cole, Lucy Punch og Ian McNeice. Þættirnir hlutu bresku gamanþáttaverðlaunin, British Comedy Awards.
**21.15 Sporlaust (1:24)** (Without a Trace IV) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Soprano-fjölskyldan**
**23.20 Aðþrengdar eiginkonur** (44:47)
**0.05 Kastljós**
**0.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Pixel Perfect** (Fullkomið plat)
**8.00 Try Seventeen** (Bara sautján)
**10.00 Airheads** (Bilun í beinni)
**12.00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous**
**14.00 Pixel Perfect** (Fullkomið plat)
**16.00 Try Seventeen** (Bara sautján)
**18.00 Airheads** (Bilun í beinni)
**20.00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous**
▶**22.00 The Manchurian Candidate.** Stranglega bönnuð börnum.
**0.05 Picture Claire.** Stranglega bönnuð börnum.
**2.00 City of Ghosts**
**4.00 The Manchurian Candidate**

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Martha** Nýir spjallþættir með fjölmiðla- og athafnakonunni vinsælu Mörthu Stewart. Í þættinum fær Martha til sín góða gesti, gefur húsráð og sýnir sniðugar lausnir í eldhúsinu.
**10.20 Ísland í bítið** (e)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 Valentína**
**13.50 Valentína**
**14.35 William and Mary** (4:6)
**15.20 Two and a Half Men**
**15.50 Jimmy Neutron**
**16.13 Leðurblökumaðurinn**
**16.38 Ofurhundurinn**
**17.03 Myrkfælnu draugarnir.** e.
**17.18 Fífí**
**17.28 Bold and the Beautiful 17.53 Neighbours**
**18.18 Íþróttir og veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
▶**19.40 Búbbarnir (16:21)** Búbbarnir eru mættir til leiks og hafa sölsað íslenska fjölmiðla undir sig með látum. Hér eru á ferðinni fyrstu íslensku brúðugrínþættirnir, taumlaust fjör fyrir alla fjölskylduna. Búbbarnir eru kynlegar brúður og þættirnir gerast á sjónvarpsstöð þar sem skrautlegar uppá-komur eru daglegt brauð.
**20.05 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**21.10 The Closer - NÝTT (3:15)**
**21.55 Entourage (14:14)** (Viðhengi)
**22.25 Arrested Development** (Tómir asnar)
**22.50 Svæsnustu eyðsluseggir í Hollywood** (Extreme: Celebrity Debts)
**23.35 Grey's Anatomy** (23:36)
**0.20 King Arthur** (Stranglega bönnuð börnum)
**2.20 The Closer - NÝTT** (3:15) (Bönnuð börnum)
**3.05 Svæsnustu eyðsluseggir í Hollywood.**
**3.50 Ísland í bítið.** e.
**5.25 Fréttir og Ísland í dag**
**6.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**12.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**
**18.00 Insider** (e)
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**20.00 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og tekið einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**20.30 Four Kings - NÝTT** Drepfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York. Vinirnir eru allir á þrítugsaldrinum.
**21.00 The Player** Þrettán karlmenn berjast um hylli ofurskutlunnar Dawn Olivieri í þessum þáttum þar sem einn mun standa uppi sem sigurvegari.
▶**22.00 Chappelle´s Show** Grínþættir sem hafa gert allt vitlaust í Bandaríkjunum. Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft. Hvort sem það eru bíómyndir, leikarar, trúarhópar eða kynþættir þá hikar Chappelle ekki við að gera grín af því sem honum dettur í hug. Þátturinn samanstendur af mörgum grínatriðum sem sjálfur Chappelle hefur skapað með sínum djarfa húmor.
**22.30 X-Files** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.
**23.15 Insider**
**23.40 Vanished** (8:13) (e)
**0.25 Ghost Whisperer** (e) Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu. Sálirnar sem hún nær sambandi við þá eiga það sameiginlegt að þurfa á hjálp Melindu að halda.
**1.10 Seinfeld**
**1.35 Entertainment Tonight.** e.
**2.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö** (e)
**8.00 Rachael Ray** (e)
**8.50 Frægir í form** (e)
**15.55 Love, Inc.** (e)
**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Rachael Ray**
**18.00 6 til sjö**
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)** Bandarísk gaman-sería.
**19.30 Game tíví** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. Skemmtileg umfjöllun um nýjustu leikina og leikjatölvurnar.
▶**20.00 The Office** Bandarísk gamansería sem nýverið hlaut Emmy-verðlaunin sem besta gamanserían. Michael kemst að því að Jim er skotinn í Pam og getur ekki þagað yfir leyndarmálinu þrátt fyrir ákafar tilraunir Jims til að þagga niður í honum.
**20.30 Venni Páer** Ný, íslensk gamansería þar sem ýmsir kostulegir karakterar koma við sögu. Venni Páer er einkaþjálfari með háleit markmið. Hann ætlar að gera kennslumyndband fyrir aðra einkaþjálfara. Venni gefur Pálmari góð ráð til þess að verða sér úti um kúnna og segir honum söguna af því hvernig hann og Bjössi kynntust.
**21.00 The King of Queens** Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans.
**21.30 Sigtið**
**22.00 C.S.I: Miami**
**23.00 Everybody Loves Raymond**
**23.30 Jay Leno**
**0.15 America's Next Top Model VI** (e)
**1.15 Beverly Hills 90210** (e) **2.00 2006 World Pool Masters** (e)
**2.50 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Ítölsku mörkin** (e)
**14.00 Charlton - Blackburn** (frá 5. des)
**16.00 West Ham - Wigan** (frá 6. des)
**18.00 Arsenal - Tottenham** (frá 2. des)
**20.00 Liðið mitt** Böddi Bergs og gestir.
**21.00 Middlesbrough - Man. Utd. (frá 2. des)**
**23.00 Liðið mitt** (e)
**0.00 Að leikslokum** (e)




Glæný Línuýsa **890** kr.
Laksasteikur m/rauðvínspipar
Steinbítur í kryddhjúp
Plokkfiskur m/rúgbrauði
Fiskibollur að hætti Ömmu

Þorskur m/lauk, papriku og basil
Ýsa í sósu **1080** kr.
Saltfiskglás
Ýsuhnakkar í raspi
Humarsúpa **1080** kr. Lítrinn

*Stærsta og flottasta fiskborð landsins*

**HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?**

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
**Opið alla laugardaga 11-14**

## Í KVÖLD

### Sýn kl. 21.15

### KF NÖRD



Í kvöld rennur upp lokaorrustan hjá liðsmönnum fótboltaliðsins KF Nörd. Eftir langar og strangar æfingar í fjóra mánuði undir styrkri handleiðslu Loga Ólafssonar, fyrrverandi landsliðsþjálfara, er nú komið að sjálfri úrslitaþrautinni, mestu áskorun þeirra frá upphafi, þegar þeir eiga að mæta Íslandsmeisturum FH í stórleik á Laugardalsvelli. Eins og flestir vita fór umræddur leikur fram í októberbyrjun og sló rækilega í gegn. Aðdáendur nördanna og örfáir aðdáendur FH troðfylltu Laugardalsvöllinn og urðu svo sannarlega ekki fyrir vonbrigðum. Þessi stórleikur er hápunktur þáttaraðarinnar og verður sýndur á Sýn í kvöld.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Í SJÖUNDA HIMNI

### Á STÖÐ 2 KL. 20.05

Feðgar verða áberandi í skemmtiþætti Hemma Gunn í kvöld á Stöð 2. Aðalgestir þáttarins verða Pálmi Gunnarsson og sonur hans Sigurður en báðir hafa nýverið sent frá sér plötu. Aðrir tónlistarfeðgar sem mæta til Hemma í kvöld eru Guðmundur Benediktsson og Pétur Örn Guðmundsson, báðir kenndir við Jesú, eftir að hafa báðir sungið hlutverk Jésú í uppfærslum tveggja kynslóða á Jesus Christ Superstar. Fiðlusnillingurinn Lucia Micarelli kíkir á Hemma og einnig Björgvin Franz Gíslason sem mun leika á als oddi.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Réttvísin
**14.30** Leikhúsrottan
**15.00** Fréttir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.27** Óperukvöld Útvarpsins: Aida
eftir eftir Giuseppe Verdi Bein útsending frá opnunarsýningu Scala-óperunnar í Mílanó. Aida: Violeta Urmana. Radames: Roberto Alagna. Amneris: Irina Makarova.
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Happdrættisvinningurinn
**23.10** Hlaupanótan
**0.00** Fréttir **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**7.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs 15.40 Meistaradeild Evrópu - endurs. 17.35 Meistaradeildin með Guðna Bergs 18.20 Pro bull riding**

**19.15 Arnold Schwarzenegger mótið** Stærsti íþróttaviðburðinn í Bandaríkjunum og allra stærsta fitnessmót heims. Yfir ellefu þúsund keppendur eru á þessu móti sem keppa í fjölda greina.

**19.50 Race of Champions - 2005 Highlights** Fremstu ökuþórar heims mættu hver öðrum í Race of Champions.

**20.45 Kraftasport** (Sterkasti maður Íslands 2006) Svipmyndir frá keppninni um sterkasta mann Íslands árið 2006. Þessi keppni er orðinn fastur liður í íþróttaflórunni hérlendis og marga kraftakarla dreymir um að feta í fótspor Jóns Páls Sigmarssonar og Magnúsar Vers Magnússonar í aflraunum.

**21.15 KF Nörd (15:15)** (KF Nörd) Síðasti þátturinn um Knattspyrnufélagið Nörd þar sem Nördarnir fá að spreyta sig gegn Íslandsmeisturum FH frammi fyrir sjö þúsund áhorfendum á Laugardalsvellinum.

**22.00 World´s Strongest Man** (Sterkasti maður heims) Á tíunda áratugnum fóru nýir menn að koma fram á sjónarsviðið í aflraunum. Jón Páll Sigmarsson lést árið 1993 og fæstir bjuggust við að Íslendingum tækist að finna arftaka hans.

**22.55 Ameríski fótboltinn**

**23.25 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Urt **12.20** Mik Schacks Hjemmeservice **12.50** Hvad er det værd **13.20** Sporløs **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Liga DK **16.00** Frikvarter **16.20** Candy Floss **16.35** Lovens vogtere **17.00** Fandango med Rebecca **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Rabatten **19.00** Uventet besøg **19.30** Desperate boligdrømme **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Gnavne gamle mænd **22.40** Waking the Dead **0.20** Ørnen

## NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Lunsjtrav **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Östfold **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Zombie hotell **15.00** Siste nytt **15.03** Nødlanding **15.30** Dunder **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** V-cup **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Bosse **17.10** Gnottene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 80-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Ørnen **21.30** Norsk humor **22.00** Kveldsnytt **22.10** Kulturnytt **22.15** Urix **22.45** Presidenten **23.25** Casanova

## SVT 1

**11.05** Argument **13.55** Anslagstavlan **14.00** Mitt i naturen **14.30** Packat & klart **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Karamelli **16.45** Sagoträdet **17.00** Max och Ruby **17.25** Stora maskiner **17.30** Expedition vildmark **18.00** Lilla Aktuellt **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Landgång **19.30** Söderlund & Bie **20.00** Planeten **21.00** Oligarkernas uppgång **21.50** Rapport **22.00** Kulturnyheterna **22.10** Uppdrag Granskning **23.10** Entourage **23.40** Bingo Royale **0.25** Sändning från SVT24




## HRÓSIÐ ...



*...fær Alda Björk Ólafsdóttir, sem tekur þátt í Rockstarlottery með frumsaminni tónlist sinni og stendur sig með stakri prýði, en sjö hundruð og fimmtíu þátttakendur hafa nú helst úr lestinni.*

# Nýhil klagar Eddu til Neytendastofu

„Við teljum að það sé verið að villa um fyrir fólki,“ segir Viðar Þorsteinsson, útgáfustjóri Nýhil, sem hefur sent Neytendastofu erindi og kvartar þar yfir framferði Eddu útgáfu.

Á dögunum birti Edda auglýsingu í Fréttablaðinu þar sem nokkrar bækur voru kynntar og sæti þeirra á metsölulistum tíunduð. Hins vegar var ekki sagt frá því í hvaða sæti bókin Ljósið í djúpinu væri. „Mest selda bókin í flokki ævisagna samkvæmt metsölulistum.“



**VIÐAR ÞORSTEINSSON** Ekki sáttur við framferði Eddu.

Viðar gerir alvarlegar athugasemdir við þetta því samkvæmt opinberum metsölulistum er vinsælasta ævisagan Hannes – Nóttin er blá, mamma, sem er einblöðungur í A4 broti. Nýhil gefur ritið út og segir Viðar að frá sínum bæjardyrum séð sé um brot á lögum um eftirlit með ólögmætum viðskiptaháttum og gagnsæi að ræða. „Annaðhvort er verið að vitna til metsölulista sem ekki eru til eða viljandi farið rangt með niðurstöður þeirra metsölulista sem eru í umferð. Þess vegna sendum við erindi til Neytendastofu þar sem við óskum eftir áliti hennar.“

Sigurður Svavarsson, útgáfustjóri almennra rita hjá Eddu, segir að á metsölulistum verði að vera ljóst hvað sé verið að bera saman og í þessu tilfelli séu það epli og appelsínur. „Við auglýstum Ljósið í Djúpinu sem mest seldu *bókina* því fjölritað A4-blað stemmir ekki við þær skilgreiningar sem við þekkjum á bókum.“ Sigurður segir að sér finnist sérkennilegt að fjölrit sé sett í þennan flokk og bendir á að Félagsvísindastofnun Íslands hafi líka gert athugasemdir við það. „Ég býst líka við að Neytendastofa muni fallast á skýringar okkar,“ segir hann.

- bs



**SIGURÐUR SVAVARSSON** Verið að bera saman epli og appelsínur.



**LÁRÉTT** **2** fangi **6** í röð **8** gerast **9** örn **11** í röð **12** maka **14** gnægð **16** einnig **17** óhreinka **18** fát **20** á fæti **21** traðkaði.

**LÓÐRÉTT** **1** klæði **3** klaki **4** fjandi **5** prjónavarningur **7** erfiðleikar **10** starf **13** sefa **15** hnappur **16** margsinnis **19** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** gísl, **6** jk, **8** ske, **9** ari, **11** rs, **12** löðra, **14** gnótt, **16** og, **17** ata, **18** fum, **20** il, **21** tróð.

**LÓÐRÉTT:** **1** sjal, **3** ís, **4** skratti, **5** les, **7** kröggur, **10** iðn, **13** róa, **15** tala, **16** oft, **19** mó.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Bantz J. Craddock
2. Selma Björnsdóttir og Rúnar Freyr Gíslason
3. Dwayne Wade

FROSTRÓSIR Í LAUGARDALSHÖLL: SELT OFT Í SÖMU SÆTI

# Bilað hljóð og brjálaðir gestir

„Hljóðblöndun var afleit og hávær trommusláttur yfirgnæfði söng. Allt þetta jafnvægi sem átti að vera svo flott var í tómu drasli.“ Svona lýsti einn tónleikagestur sem Fréttablaðið ræddi við upplifun sinni af tónleikunum Frostroses: European Divas sem haldnir voru í Laugardalshöll á þriðjudagskvöld. Einhverrar óánægju hefur gætt meðal þeirra sem borguðu mörg þúsund krónur fyrir miða á þessa tónleika en gátu ekki notið tónlistarinnar vegna mistaka í hljóðkerfinu. Þá bárust fregnir af því að margir miðar hefðu verið seldir í sömu sætin og sökum seinkunar á fyrri tónleikunum rákust gestir þeirra og seinni tónleikanna hvor á aðra þannig að úr varð mikið öngþveiti á bílastæðinu.

Samúel Kristjánsson hjá fyrirtækinu Frost sem stóð fyrir tónleikunum hafði heyrt af óánægjuröddum. Tölvupóstum hefur rignt inn á skrifstofu hans, flestir jákvæðir í garð tónleikanna og þeim hrósað í hástert fyrir glæsilega umgjörð og tónlist. „Einhverjir hafa kvartað yfir hljóðinu en aðeins tveir beðið um endurgreiðslu. Við erum að skoða þessi mál og það verður fundur í dag þar sem þetta verður krufið til mergjar,“ segir Samúel, sem fannst blóðugt að halda upp á fimm ára afmæli þessara árlegu jólatónleika í þessu andrúmslofti.

Hann viðurkenndi að tvö vandamál hefðu komið upp, annars vegar hefðu orðið misbrestir í hljóðinu úti í sal og vandamál hefðu komið upp í miðasölu. „Á fyrri tónleikunum voru allt of margir hlutir að gerast í fyrsta skipti og sökum innviða Laugardalshallarinnar réð þetta risastóra hljóðkerfi ekki við þetta,“ útskýrir Samúel, sem vísaði þeim sögusögnum á bug að ekki hefði farið fram hljóðprufa. „Hún fór fram á hádegi,“ segir hann. Þessir misbrestir hefðu síðan verið lagfærðir að einhverju leyti fyrir seinni tónleikana. Hvað miðasöluna varðar útskýrir Samúel að teikningu af salnum sem fór í sölu hafi verið breytt í miðri miðasölu þegar auknar kröfur frá Brunaeftirlitinu bárust. „Þetta varð til þess að við urðum að flytja fólk til í salnum. Við höfðum vitneskju um þetta og gerðum ráðstafanir fyrir því. Hins vegar gátum við ekki séð fyrir að einhverjir miðar voru margbókaðir en það verður skoðað nánar,“ segir Samúel.

Hvað umferðaröngþveitið varðar segir Samúel að seinkunin á fyrri tónleikunum hafi orðið til þess að erfitt hafi verið að stjórna umferðinni. „Eitthvað verður gert í þessum málum en hvað það verður skýrist í dag,“ segir Samúel.

freyrgigja@frettabladid.is



**STJÖRNUR KVÖLDSINS** Þær Sissel Kyrkjebö og Eyvor Pálsdóttir voru stjörnur kvöldsins að margra mati. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SAMÚEL KRISTJÁNSSON** Tónleikahaldarinn segir að nokkrir þættir hafi farið úrskeiðis á fyrri tónleikunum en þeir verið lagfærðir á þeim síðari.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngvarinn **Tom Waits** var eins og frægt er orðið ráðinn á vordögum til að leika annað aðalhlutverkið í næstu mynd leikstjórans **Dags Kára,** The Good Heart. Í upphafi var áætlað að tökur hæfust í nóvember en þar sem Waits er maður önnum kafinn verður einhver töf á því. Hann er nýbúinn að senda frá sér þriggja diska lagasafnið Orphans: Brawlers, Bawlers and Bastards og hefur nóg að gera í tónlistinni. ZikZak framleiðir myndina og sýnir Waits þá tillitssemi að bíða með að fastsetja tökudaga á meðan hann hefur öðrum hnöppum að hneppa. **Þórir Snær Sigurjónsson** hjá ZikZak segir að Waits sé síður en svo að gera aðstandendum myndarinnar lífið leitt þó að þessi staða sé komin upp.



**Guðjón Pedersen** Borgarleikhússtjóri hefur tekið við hlutverki **Halldórs Gylfasonar** sem Von Strack, kammerherra keisarans, í leikritinu Amadeus. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu sleit Halldór hásin í knattspyrnuleik milli Borgarleikhússins og Þjóðleikhússins og verður frá fram að áramótum. Halldór sá yfirmann sinn á fyrstu sýningunni og sagði að sér hefði komið mest á óvart að Guðjón passaði í búninginn sinn. „Hann þarf engu að kvíða þegar hann hættir sem leikhússtjóri því hann getur alltaf farið að leika aftur,“ sagði Halldór.

- þþ/fgg







REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG


# Arnar málaður á húsvegg

„Þetta kemur náttúrlega í kjölfarið á þessu innslagi sem ég gerði með Ásgeiri Kolbeins,“ segir Arnar Gauti Sverrisson, sjónvarpsmaður í Innlit/útlit og framkvæmdastjóri GK. Vakið hefur athygli vegfarenda við Laugaveg að prentuð hefur verið stenslamynd af Arnari Gauta á vegginn við hlið Svarta kaffis. Undir myndinni stendur Viðbjóður. Ekki alls fyrir löngu mátti sjá samskonar myndir víða um Reykjavík af ráðamönnum þjóðarinnar, þeim Davíð Oddssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Valgerði Sverrisdóttur. Undir myndum af þeim voru svo rituð slagorð eða gagnrýni á þeirra störf.

Og nú hefur Arnar Gauti bæst í þeirra hóp. „Mér skilst að þessi mynd hafi komið upp fyrir tveimur vikum,“ segir Arnar sem tekur uppátækið ekki mjög nærri sér. Hann leggur áherslu á að þeir Ásgeir hafi verið að lýsa ástandi íbúðar í margfrægum þætti Innlits/útlits og þaðan sé slagorðið komið. Arnar hafi reyndar vonast til þess að umstangið í kringum þáttinn væri búið en hann hafi þó gaman af þessari mynd.

„Ég væri alveg til í að fá þessa mynd prentaða á stuttermabol. Þú mátt gjarnan koma þeim skilaboðum áleiðis til listamannsins að ég væri til í að fá myndina,“ segir Arnar hlæjandi.

- hdm




**ARNAR GAUTI Á HÚSVEGG** Stenslamynd af sjónvarpsmanninum hefur verið prentuð á Laugavegi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**ARNAR GAUTI** Tekur uppátækið ekki nærri sér.




Bíll á mynd er EXE útfærsla.

Dríföu núna

**Sláum 259.000 kr. af fjórhjóladrifnum CR-V**

Dríföu þig núna!







Fullbúinn **CR-V** rúmgóður
fyrir þig, þína og allt dótið
tilboðsverð frá aðeins:

**2.890.000** kr.
beinskiptur ES

**2.990.000** kr.
sjálfskiptur ES

honda.is

Þú brunar áfram á framúrskarandi fjórhjóladrifnum Honda CR-V sem kemur þér þangað sem þig langar hvort sem það er út í næstu verslun á snjóþungum vetrardegi eða upp í næstu skíðabrekku. Honda CR-V er hlaðinn búnaði og með akstурseiginleika eins og best verður á kosið. Honda CR-V er einstaklega rúmgóður fyrir þig, þína og allt dótið.
**Dríföu þig og kynntu þér CR-V á Honda góðu tilboði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga
milli 19:30 - 22:00 í síma 551-1012




**BAKÞANKAR**


DR. GUNNA


## *Tyrkir í Kringlunni*

Stundum lendi ég í því að trilla útlendingum um Reykjavík, kannski fólki sem hefur aldrei komið hingað áður og finnst allt nýstárlegt og framandi. Tyrkneskir kunningjar hafa verið hérna að undanförnu, aðallega til að tékka á iðandi listalífinu og miðbæjarstemmingunni. Þeim finnst öll „litlu húsin“ í miðbænum krúttleg og fólkið vingjarnlegt.

**ÉG** pældi nokkuð í því hvert ég ætti að fara með þau. Það er náttúrlega löngu búið að loka Naustinu og full langt að fara með þau í Eden. Svo hefðu þau kannski ekkert gaman að flúorperuræktuðum banönum. Því fór ég með þau í Perluna. Það var öskrandi skammdegi, súld og skítugur snjórinn hálfbráðnaður úti um allt. Ég sagði þeim að útsýnið væri miklu flottara í sól eða þegar snjór væri yfir öllu. Þeim fannst útsýnið samt alveg rosalega glæsilegt, tóku endalaust af myndum og ég var hreykinn eins og hani á haug.

**ÉG** sagði þeim að þau þyrftu að komast úr miðbænum. Þar héngi bara eitthvað artí fartí lið sem gæfi ekki nema takmarkaða mynd af landi og þjóð. Til að kynnast þjóðinni almennilega fór ég því með þau í Kringluna. Ég var búinn að upphugsa tvö skemmtiatriði til að fara með í Hagkaupum. Það fyrra var að sýna þeim sviðahaus í kælinum. Þeim fannst hausinn ekkert spes, komandi frá Istanbúl þar sem sviðahausar hanga víst uppi um alla veggi á krám.

**HITT** skemmtiatriðið var öllu meira sjokkerandi fyrir þau en sviðin. Það var eiginlega kvikindislegt af minni hálfu. Ég fór aftur í kælinn og sótti af handahófi frauðplastbakka með þremur kjúklingabringum. Ég benti glottandi á verðið – sjáiði: 1995 krónur! Tyrkirnir klóruðu sér í hausnum og notuðu reiknivélina í símunum sínum. 22 Evrur fyrir þrjár kjúklingabringur, getur það verið? spurðu þau varfærnislega og horfðu á mig eitt spurningarmerki. Ég kinkaði hægt kolli og dró annað augað í pung: jebbs, þetta er satt.

**NÚ** brast á með handapati og orðaflaumi á tyrknesku. Maðurinn náði vart andanum – já en… já en… kjúklingur er auðveldasta dýr í heimi í ræktun, æpti hann og starði á frauðplastbakkann í höndum sér. Hvert erum við eiginlega komin?

**TJA,** þetta er nú bara eins og það er, sagði ég rólega, yppti öxlum og fylltist stolti yfir því þjóðlega okri sem Tyrkirnir voru nú að tapa sér yfir. Þau muna örugglega miklu lengur eftir því en útsýninu af Perlunni. En gamanið var bara rétt að byrja. Næst fór ég með þau í Ríkið.





